



Bændablaðið

23. tölublað 2024 • Fimmtudagur 19. desember • Blað nr. 670 • 30 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is



Ritstjórn Bændablaðsins óskar lesendum um land allt gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári og þakkar góðar viðtökur á árinu sem er að líða.

Teikning / Hlynur Gauti Sigurðsson

Eftirmál riðuveiki:

Bjart er yfir Miðfirði

– Uppbygging fjárstofns hafin eftir síðustu allsherjar niðurskurðaraðgerðirnar

Bændurnir á bæjunum Bergsstöðum og Urriðaá í Miðfirði fengu heimild til að kaupa fé í haust. Þetta eru stór sauðfjárbú sem lentu í riðuniðurskurði á vordögum 2023.

Með nýjum aðferðum í baráttunni gegn riðu hafa yfirvöld fallið frá þeirri kröfu að bændurnir á Bergsstöðum og Urriðaá verði fjárlausir í tvo vetur.

Undanfarna áratugi hefur eina vopnið gegn útbreiðslu sjúkdómsins verið niðurskurður á öllum kindum á þeim bæjum þar sem sauðfjárríða greinist. Því hefur verið fylgt eftir með kröfu um að bændur rífi allar innréttingar úr fjárhúsunum hjá sér og sóttreinsi áður en þau eru byggð upp á ný og annað sauðfé kemur eftir minnst tvo fjárlausa vetur.

Á undanförunum árum hafa verið framkvæmdar erfðarannsóknir á íslensku

sauðfé sem hefur skilað sér í því að fundist hafa nokkrir erfðabreytileikar sem veita vörn gegn riðu.

Stjórnvöld hafa því breytt um stefnu í riðumálum, en í staðinn fyrir að ráðast í fþyngjandi aðgerðir á sauðfjárbúum þar sem smit eru staðfest er unnið að því að gera verndandi erfðabreytileika útbreidda í sauðfé og rækta upp almennt ónæmi.

Þegar riða greindist á Stórhóli í Vestur-Húnavatnssýslu haustið 2023 var í fyrsta skipti ekki gripið til allsherjar niðurskurðar á hjörðinni, heldur voru framkvæmdar erfðarannsóknir á öllum kindunum og þeim sem báru verndandi erfðaeiginleika hlíf. Bændunum stóð jafnframt til boða að fara strax í uppbyggingu hjarðarinnar án þess að þurfa að skipta um innréttingar í fjárhúsunum.

Vatnaskil í sögu riðu

Áðurmeind riðutilvik marka ákveðin vatnaskil í sögu sjúkdómsins, en sauðfjárhjarðirnar á Urriðaá og Bergsstöðum verða að öllum líkindum þær síðustu sem verða skornar niður í heild. Jafnframt má reikna með að bændurnir verði þeir síðustu sem þurfa að ganga í gegnum endurbyggingu á sínum útihúsum vegna sjúkdómavarna.

Í samtali við Bændablaðið segjast Elín Anna Skúladóttir og Ari G. Guðmundsson, bændur á Bergsstöðum, vera mjög ánægð með að fá að kaupa fé núna, ári fyrir en áætlað var. Niðurskurðurinn á sínum tíma hafi verið mikið áfall, en bændurnir á bæði Bergsstöðum og Urriðaá höfðu ræktað upp afurðaháar sauðfjárhjarðir.

Þegar ljóst var að heimild fengist fyrir bændurna á Stórhóli að byggja upp hjörð sína með kaupum á gripum með verndandi arfgæðir þrýstu bændurnir í Miðfirði á að sömu reglu giltu um þau, þótt þau hefðu ekki farið í gegnum tvo fjárlausa vetur.

Elín og Ari benda á að gífurleg vinna hafi farið í niðurrif og uppbyggingu á undanförunum misserum, en eins og áður segir voru þau skikkað til að grípa til þeirra aðgerða af stjórnvöldum. Þau fá allan efniskostnað endurgreiddan en gagnrýna harkalega að hið opinbera taki hvernig tillit til vinnuliðarins. Það er ekki sjálfsagt að bændur geti smíðað og því gætu þeir þurft að leggja sjálfir út fyrir aðkeyptri vinnu.

/ál

– Sjá nánar á síðum 38 og 40.

Fuglainflúensa:

Fólki stafar ekki hættu af neyslu fuglakjöts

Engin ný tilfelli af fuglainflúensu hafa greinst í alifuglum frá því að sýking með skæðu afbrigði veirunnar (H5N5) greindist í einu kalkúnaeldishúsi í Ólfusi í byrjun mánaðarins.

Öllum fuglum í því húsi, 1.300 talsins, var slátrað síðar sama dag og greining lá fyrir frá Tilraunastöð HÍ að Keldum og því unnt að stöðva smitdögnun samdægurs. Í kjölfarið var hræjum og öðrum sóttmengudum úrgangi fargað á tryggilegan hátt og farið í að þrifa og sótthreinsa búið.

Matvælastofnun (MAST) áréttar að fólki stafi ekki hættu af neyslu fuglakjöts.



Vonir er bundnar við að aflétta megi takmörkunum fyrir áramót.

Mynd / Pixabay

Minnst 21 dagur þarf að líða áður en nýir fuglar eru settir inn á búið, segir í upplýsingum MAST um neyðarstig.

Að öllu óbreyttu standa vonir til að smátt og smátt verði hægt að létta takmarkanir og afnema þær að fullu fyrir áramót.

Unnið að raðgreiningu

Þetta er í fyrsta skipti sem skæð fuglainflúensa greinist hér á landi á alifuglabúi og er það lítið mjög alvarlegum augum. Fram til þessa hafa greiningar verið einskorðaðar við villta fugla og einn lítinn hóp heimilishænsna árið 2022.

Ekki er vitað hvernig smitið barst inn á kalkúnabúið að Auðsholti en veiran sem um ræðir er af gerðinni H5N5, sem er það afbrigði veirunnar sem hefur greinst í villtum fuglum í haust.

Niðurstöður raðgreininga á veirunni sem greindist í kalkúnunum eru væntanlegar frá Keldum á næstu dögum og þá kemur í ljós hvort um nákvæmlega sama afbrigði er að ræða og það sem hefur fundist í villtum fuglum undanfarið. /s/

Áskrift að Bændablaðinu 2025

Gefin eru út 23 tölublöð af Bændablaðinu ár hvert. Upplagi þess er dreift um allt land og geta lesendur því nálgast eintak af blaðinu frítt. Dreifingarstaði blaðsins má nálgast á vefnum okkar, bbl.is.

Til þess að tryggja sér eintak af blaðinu mælum við með að gerast áskrifandi. Áskrifendur fá þá eintak af blaðinu sent heim að dyrum gegnum þjónustuaðila.

Hægt er að gerast áskrifandi gegnum vefsíðuna bbl.is eða með því að hringja til okkar í s. 563-0300. Árgjald áskriftar árið 2025 verður 18.500 kr. og er kostnaður þá 804 krónur fyrir hvert blað. Áskriftaverð fyrir eldri borgara og öryrkja er lægra, eða 14.800 krónur fyrir árið.

Þeim sem þykir ekki verra að lesa blöð á vefnum er bent á að PDF-áskrift Bændablaðsins er gjaldfrjál, en hægt er að skrá sig í áskrift á forsiðu Bændablaðsvefsins, bbl.is. Áskrifendur fá þá póst um leið og blaðið kemur út.

Fyrsta Bændablað ársins 2024 kemur út 9. janúar en útgáfudaga ársins má nálgast á vef okkar, bbl.is.



Uppfært kort yfir alla bæi þar sem erfðauðlind breytileikans T137 hefur fundist.

Breytileikinn T137 fannst á Grímsstöðum

– Mikilvæg erfðauðlind í baráttunni gegn riðuveiki í sauðfé

Á Grímsstöðum 4 í Mývatnssveit hafa nýlega fundist tveir gripir með arfgerðarbreytileikann T137 í sauðfé, sem talinn er vera verndandi gegn riðuveiki.

Að sögn Karólínu Elísabetardóttur í Hvammshlíð, sem hefur á undanförunum árum unnið að rannsóknunum á þessum breytileika hér á landi og hvatt til innleiðingar á honum í íslenska stofninn, segir að þar sé fundin ný erfðauðlind fyrir breytileikann. „Þetta eru mæðgur og mjög ólíklegt að um mistök við greiningu sé að ræða því þær voru arfgerðagreindar í sitthvoru lagi á árunum 2023 og 2024.

Við getum erfðafraðilega ekki rakið nein tengsl við aðra gripir með þennan breytileika. Því fögnum við þessu mjög, því hér er um alveg nýtt svæði að ræða og sérstaklega er það mikilvægt því Skjálíndahólf er ekki riðuhólf og flutningur á milli hjarða því alveg frjál. Um hyrnt fé er að ræða og móðirin er svartfleckkótt. Bóndinn ætlar núna að fjölga þessu markvísit, áhuginn er mikill á þeim bæ.“

Listi yfir sölubú

Að sögn Karólínu liggur nýr listi fyrir yfir sölubú með breytileikann T137 í sauðfé og er aðgengilegur á vefslóðinni riduvarnir.is, þar sem margvíslegan annan fróðleik er að finna um riðuvarnir með

verndandi arfgerðum. „Hugmyndin að listanum kom upp í kjölfar þess að einungis tveir T137-hrútar eru á sæðingastöðvunum, þannig að bændur ættu að nýta sér líflambakaup næsta haust til að fjölga þessum mikilvæga breytileika. Það má benda á að T137-bændur eru hvattir til að skrá búin sín – færslan á riduvarnir.is heitir „Kortleggjum T137“.

Það sem er sérstakt við listann er að hægt er að skrá upplýsingar um hvað er í boði, hvort um hyrnda eða kollotta gripir er að ræða eða ferhyrnda til dæmis, hvort það er bara hvítt í boði eða líka mislitt og með hvaða ræktunaráherslur viðkomandi bóndi er.“

Mikill áhugi á riðuvörnum

„Einnig er hægt að sjá í listanum erfðaupprunann sem T137-gripirnir á viðkomandi búi rekja ættir sínar til, sem voru bara átta fram til þessa. Þar kemur í ljós að gripirnir á Grímsstöðum 4 voru ekki tengdir neinum þeirra. Bóndinn á búinu er Elín Steingrimsdóttir, en Karen Líf Sigurðardóttir, frænka hennar, er með henni í öllu. Það eru um 70 vetrarfóðraðar kindur á bænum, nánar tiltekið 63 ær, fjórir hrútar og fjögur smálömb.


Áhuginn á riðuvörnum er mikill á þeim bæ þótt hann sé ekki á riðusvæði og margir gripir arfgerðagreindir.

Kindurnar tvær með T137 eru mæðgurnar Prinsessa, fædd 2019 og Glæða, fædd 2024. Að öllum líkindum kemur dýrmæti breytileikinn annaðhvort frá hrútnum 00-702 Valla eða ári 94-468 Dimmu sem var einnig frá Grímsstöðum 4,“ segir Karólína.

Beiðni um viðurkenningu á T137

„Það er langt síðan að nýir gripir fundust með breytileikann, síðast í Hróttatungu í Miðfirði, tengt Bergsstaðafénu. Við erum enn með beiðni í matvælaráðuneytinu um að fá formlega viðurkenningu á því að þessi breytileiki sé verndandi enda hefur verið sýnt fram á það með vinnu alþjóðlega rannsóknahópsins sem við Stefánía [Traustadóttir], Vilhjálmur [Svansson] og Eypór [Einarsson] höfum verið í samstarfi með hér á landi. Því miður virðist ekki eiga að afgreiða beiðnina fyrir áramót, en það breytir því ekki að erlendu riðusérfræðingarnir hvetja íslenska bændur til að nota T137 óspart samhliða ARR-breytileikanum í ræktunarstarfi sínu,“ segir Karólína enn fremur.

Hún skrifaði nýlega Facebook-færslu inn á síðu sauðfjárbænda þar sem birt er álit sérfræðinganna og segir að í kjölfarið á þeirri birtingu hafi hún frétt af því að notkun á T137-hrútnum Fastusi frá Möðruvöllum á sæðingastöð hafi stóraukist. /smh



Prinsessa frá Grímsstöðum (t.v.) og Glæða Prinsessadóttir frá Grímsstöðum (t.h.)

Mynd / Karen Líf

LÍFLAND

DESEMBERTILBOÐ

Á RÚLLUPLASTI

5% verðlækkun

Megastretch

Agrastretch

Skannaðu kóðann fyrir nánari upplýsingar

Leitaðu tilboða hjá söluþólki okkar í síma 540 1100 eða sala@lifland.is

Tilboðið gildir fyrir 1 bretti (40 kefli) eða meira, til og með 31. des 2024



LAND CRUISER 250

KOMDU OG REYNSLUAKTU **LAND CRUISER 250** HJÁ VIÐURKENNDUM SÖLUADILUM. SÖLURÁÐGJAFAR OKKAR TAKA VEL Á MÓTI ÞÉR.

Land Cruiser 250 er flaggskip Toyota sem beðið hefur verið eftir með mikilli eftirvæntingu. Útlitið er óður til fortíðar og undir kraftalegri yfirbyggingunni liggur ósigrandi torfærutæki.



Land Cruiser 250 er konungur jeppanna.



TOYOTA FÖRUM LENGRA

Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Billinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega þann búnað sem kann að vera tilgreindur. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. 12 mánaða vegaaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota bílum. Birt með fyrirvara um villur.



Húni frá Ragnheiðarstöðum er hæst dæmda hross sem hefur farið út á árinu. Knapi er Helga Una Björnsdóttir. Mynd / Óðinn Örn

Færri útflutt hross

Útflutningur íslenskra hrossa árið 2024 verður minni en í fyrra.

Samkvæmt tölum WorldFengs – upprunaættbókar íslenska hestsins, munu útflutt hross á árinu 2024 vera 1.318 hross talsins. Hrossin fóru til 19 landa. Árið 2023 voru útflutt hross alls 1.592 og árið 2022 voru þau 2.085 talsins.

Flest hross fóru til Þýskalands sem endranær, 596 talsins, en 154 hross voru flutt til Danmerkur, 125 til Austurríkis og 116 til Svíþjóðar.

Hross fóru einnig til Belgíu, Kanada, Sviss, Finnlands, Færeyja, Frakklands, Bretlands, Grænlands, Ungverjalands, Lúxemborgar, Hollands, Noregs, Póllands, Slóveníu og Bandaríkjana.

Hæst dæmda útflutta hross það sem af er árinu er Húni frá Ragnheiðarstöðum, efsti hestur í flokki 6 vetra stóðhesta á Landsmóti hestamanna, en hann hlaut þá 8,72 í aðaleinkunn. Hann fór til Danmerkur en eigendur hans eru Flemming Fast og Gitte Fast Lambertsen.

Af öðrum hátt dæmdum útfluttum hrossum hingað til eru Hilmir frá Árbæjarhjáleigu II, Hnokki frá Þóroddsstöðum, Flygill frá Stóra-Ási og Olga frá Lækjarmóti II.

Útflutningur á hrossum lá niðri um nokkurra vikna skeið í sumar vegna viðgerða á farmflugvél Icelandair Cargo sem sér um flutning hrossa frá Íslandi.

/ghp

Lækkað áburðarverð

Fyrsta áburðarverðskráin hefur verið gefin út fyrir næsta ár.

Sláturfélag Suðurlands (SS) gaf út verðskrá fyrir Yara-áburð 4. desember og er verðlækkun frá síðustu skrá fimm prósent yfir vörulínuna.

Alexander Áki Felixson, deildarstjóri búvörudeildar hjá SS, segir að áburðarverð hafi náð hámarki í apríl 2022, eftir að hafa hækkað hratt í kjölfar innrásar Rússlands í Úkraínu í byrjun árs 2022. „Síðan lækkaði áburðarverð allt fram í byrjun árs 2024 og hefur hin mikla verðhækkun í raun gengið til baka. Áburðarverð hefur síðan haldist nokkuð stöðugt á þessu ári,“ segir hann.

Að sögn Alexanders er SS með gott og traust viðskiptasamband við Yara, sem framleiðir sinn eigin áburð. „Áætlanir um framleiðslu áburðar og flutning til landsins í vor liggja fyrir. Við fáum áburð frá verksmiðjum Yara í Noregi, Finnlandi og Þýskalandi. Um er



Alexander Áki Felixson.

ad ræða einkorna áburð sniðinn að ræktunarþörf hér á landi.

SS flytur einnig inn kalk frá Noregi sem hefur reynst mjög hagkvæmur kalkgjafi en kölkun hefur mikil og jákvæð áhrif á áburðarnýtingu.

Með því að kalka og viðhalda réttu sýrustigi í jarðvegi næst að hámarka aðgengi og upptöku næringarefna sem myndar grundvöll fyrir gott gróffóður. Verð á kalki hefur verið óbreytt frá árinu 2021. /smh

Vænlegt lífgas- og áburðarver

– Ný viðskiptaáætlun gerir ráð fyrir rekstrarafgangi

Í uppfærðri viðskiptaáætlun Orkídeu fyrir lífgas- og áburðarver í uppsveitum Árnessýslu er gert ráð fyrir rekstrarafgangi sem þykir nægilegur til að mæta fjármagnskostnaði.

Grunnhugmyndin er að verksmiðjan taki við nautgripamykju frá kúabændum og garðyrkjuúrgangi ylræktar í Reykholti í Bláskógabyggð og nágrenni sem hráefni, sá efniviður er síðan settur í gegnum loftfirtra gerjun (e. anaerobic digestion).

Afurðirnar sem koma út úr því eru koltvísýringur til nota á ylræktarstöðvum og melta, sem er talin vera mun betri áburður en mykja. Stefnt er að stofnun rekstrarfélags á næstunni utan um starfseminna.

Koltvísýringur, áburður, rafmagn og hiti

Fyrra rekstrarlíkan gerði ráð fyrir um fimm prósent rekstrarafgangi sem þótti ekki nægilegt til að geta greitt vaxtakostnað eða laðað fjárfesta að verkefninu. Í nýju viðskiptaáætluninni er gert ráð fyrir að meginafurðir verksmiðjunnar verði koltvísýringur og áburður, auk rafmagns og hita. Ávinningur garðyrkjubænda af innleggi sínu er vistvæn gjaldfrjáls losun á sínum úrgangi og hagstæð kjör á rafmagni og sérstaklega koltvísýringi.

Ávinningur kúabænda er betri búfjáráburður, sem hefur verið tæmdur af gróðurhúsalofttegundum. Þar sem nánast engin áburðarefni tapast í ferlinu verður jafnmikið sem fæst til baka, auk þeirra næringarefna sem bætast við úr garðyrkjunni.

Fimmtú þúsund tonna hráefni

Í þeirri sviðsmynd sem nú er gengið



Ef verkefnið um lífgas- og áburðarver í uppsveitum Árnessýslu verður að veruleika mun það hafa fjölpættan ávinning í för með sér fyrir garðyrkjubændur í ylrækt og kúabændur. Kúamykjan mun víkja fyrir meltu, sem er afurð frá verinu og þykir vera betri áburður. Mynd / Bbl

út frá í viðskiptaáætlun Orkídeu verður úrganginum safnað saman frá garðyrkjustöðvum í Reykholti, Laugarási og á Flúðum og frá um 30 kúabúum að hámarki í um 35 kílómetra radiúsi frá verksmiðjunni.

Horfíð er frá þeirri sviðsmynd að framleiða metangas í verksmiðjunni en í staðinn verði koltvísýringur eina gastegundin sem út úr verksmiðjunni kemur sem markaðsvara, auk áburðarins. Áður hafði danska ráðgjafarfyrtækiað NIRAS unnið fýsileikaskýrslu um rekstrarhæfni slíkrar verksmiðju þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að rekstrartekjur myndu standa undir rekstrarkostnaði en ekki fjármagnskostnaði. Var þá gert ráð fyrir kostnaðarsamri metanvinnslu auk þess að reiknað var með minna hráefni í þeirri sviðsmynd.

Allt að 50 þúsund tonna af ylræktarúrgangi og kúamykju mun fara í gegnum verksmiðjuna á ári.

Þar af eru um þrjú þúsund tonn það sem fellur til á ylræktarstöðvum á Reykholti, Flúðum og í Laugarási.

Þjóðhagslega hagkvæmt verkefni

Orkídea er samstarfsvettvangur um nýsköpun á Suðurlandi á vegum Landsvirkjunar, Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, Landbúnaðarháskóla Íslands og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis.

„Við ætlum að senda þessa viðskiptaáætlun í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið til skoðunar og umræðu um mögulega þátttöku ríkisvaldsins í verkefni af þessu tagi, sem við teljum að geti orðið mjög þjóðhagslega hagkvæm,“ segir Sveinn Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri Orkídeu. /smh

– Sjá nánar um verkefnið í fréttaskýringu á síðum 20–22.

Mjólkurvinnsla:

Framtakssjóður kaupir meirihluta í Örnun

Í haust keypti samlagsfélagið SÍA IV, framtakssjóður í rekstri sjóðstýringarfyrirtækisins Stefnis, meirihlutaeign í mjólkurvinnslunni Örnun ehf. í Bolungarvík.

Þar að auki keypti framtakssjóðurinn nýtt hlutafé, sem styðja á við frekari vöxt þess. Hálfán Óskarsson, stofnandi og framkvæmdastjóri Örnun, er enn meðal stærstu hluthafa félagsins.

Í tilkynningu frá Örnun kemur fram að hlutafjárúkningin tryggi að félagið haldi áfram að vera brautryðjandi í vörubröun og nýsköpun í framleiðslu á mjólkur- og hafravörum. „Við hjá Örnun erum gríðarlega ánægð með að fá Stefni inn sem kjölfestufjárfesti í félaginu á þessum tímamarki og væntum við mikils af samstarfinu,“ er haft eftir Hálfáni.

Þreifingar um útrás

Arna hóf starfsemi árið 2013 en fyrirtækið sérhæfir sig í framleiðslu á mjólkurvörum án laktósa. „Mjólkurvörur Örnun eru framleiddar úr próteinbættu íslensku kúamjólk sem kemur frá bændum á Vestfjörðum,“ segir jafnframt í tilkynningunni.

Félagið framleiðir einnig hafravörur undir vörumerkinu Vera Örnudóttir. Arna hefur jafnframt verið í nokkurri útrás á liðnum árum. Árið 2022 fór skyr fyrirtækisins í dreifingu í verslanir í Frakklandi og þá var sagt frá þreifingum með útflutning hafravaranna innan Bretlands.

Fjárfesta í fjölbreyttum fyrirtækjum

Framtakssjóðurinn SÍA IV hóf starfsemi árið 2011 og hefur frá þeim tíma leitt fjárfestingar í íslensku atvinnulífi fyrir yfir 50 milljarða króna, að því er fram kemur í tilkynningu. „SÍA sjóðirnir hafa undanfarið áratug átt þátt í því að fjölga fjárfestingarkostum og snertiflötum fjárfesta við innlent atvinnulíf með fjárfestingum í fjölbreyttri flöru fyrirtækja. Þá hafa sjóðirnir tekið þátt í uppbyggingu skráðs hlutabréfamarkaðar hér á landi, bæði með nýskráningum félaga í eigu sjóðanna í kauphöll og sölu til skráðra fyrirtækja.“

Jón Stephenson von Tetzchner, frumkvöðull og stofnandi vafrans Vivaldi, var aðaleigandi Örnun



Hálfán Óskarsson, stofnandi og framkvæmdastjóri Örnun.

en hann átti 64 prósent hlut í fyrirtækinu í gegnum félög sín, Dvorzak Ísland og Vivaldi Ísland. Hann heldur enn hlut í félaginu. Hálfán var næststærsti hluthafinn með 16 prósent hlut í árslok 2023 samkvæmt ársreikningi.

Þáll Ólafsson, forstöðumaður sérhæfðra hlutabréfa hjá Stefni, er nú skráður 84,09 prósent eigandi Örnun ehf. /ghp

Gleðilega hátíð


Fóðurblandan óskar ykkur gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári, með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.

FB Reykjavík
Kornagarðar 12
570 9800

FB Selfoss
Austurvegur 64 a
570 9840

FB Hvolsvöllur
Duftþaksbraut 1
570 9850

www.fodur.is
fodur@fodur.is



Hátíð fer að höndum ein,
hana vér allir prýðum.
Lýðurinn tendri ljósin hrein,
líður að helgum tíðum.

Við óskum landsmönnum öllum
gleðilegrar hátíðar og farsældar á nýju ári.



Bændablaðið

Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári. Upplýsingar um dreifingarstaði er að finna á vef Bændablaðsins: [www.bbl.is](#) Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (23. tölublað) kostar kr. 17.500 með vsk. Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar kr. 13.900 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – Kt: 631294-2279
Útgefandi: Bændasamtök Íslands.

Ritstjóri: Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) [gudrunhulda@bondi.is](#) – Sími: 563 0300 – Blaðamenn: – Ástvaldur Lárusson [astvaldur@bondi.is](#) – Hulda Finnsdóttir [hulda@bondi.is](#)

Sigrún Pétursdóttir [sigrunpeturs@bondi.is](#) – Sigurður Már Harðarson [smh@bondi.is](#) – Steinunn Ásmundsdóttir [steinunn@bondi.is](#)

Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir [thordis@bondi.is](#) – Sími: 866 3855

Netfang auglýsinga: [thordis@bondi.is](#) – Vefur blaðsins: [www.bbl.is](#) – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er [bbl@bondi.is](#)

Frágangur fyrir prentun: Sigrún Pétursdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: 33.000 – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

Bændur, blaðið og skörungar

Lognmolla er eitthvað sem á sér aldrei stað í landbúnaði. Atvinnugreinin er hringiða mikilvægra málefna sem koma öllum við, því þau snúast um matinn sem við borðum, landið sem við byggjum og heiminn sem við búum í.

Í upphafi ársins 2024 bárust þær fregnir frá Gallup að Bændablaðið væri mest lesni prentmiðill landsins. Hafði lesturinn aukist sérstaklega meðal ungs fólks og innan höfuðborgarsvæðisins, sem var einstaklega ánægjulegt.

Bændur eru í forgrunni í Bændablaðinu og á árinu hleyptu 23 bændur, frá öllum búgreinum, landsmönnum inn til sín með því að sýna störf sín í gegnum samfélagsmiðla Bændablaðsins. Góður rómur hefur verið gerður að framtakinu. Fylgjendur blaðsins á Instagram hafa aukist um rúm sextíu prósent á árinu og yfir 1.500 manns fylgjast daglega með bændum. Enn er hægt að glöggva sig á sögum þeirra inni á miðlum okkar og fá þannig innsýn í íslensk landbúnaðarstörf í dag.

Á árinu 2024 hefur umræðan snúist um fjölbreytt kjarnamálefni; starfsumhverfi þeirra sem framleiða matvælin okkar, áhrif stefnumótandi ákvarðana á aðgang okkar að öruggri næringu á viðráðanlegu verði, áhrifin sem framleiðsla matvælnanna hafa bæði á okkur og næstu kynslóðir og afleiðingar átakanlegra tíma í heimsámum, svo eitthvað sé nefnt.

” Fjórir einstaklingar sátu í stól matvælaráðherra á árinu 2024 ...

hana með viðurkenndum aðferðum. Kornþurrkstöðvar risu fyrir tilstilli framtakssamra aðila og hvatningar í formi opinbers fjárstuðnings. Ýmis nýsköpun í matvælaframleiðslu á sér stað, þar sem meðal annars eru nýttir hliðarstráumar úr sjávarútvegi og landbúnaði, hráefni sem annars er sóað, sem og ný sem hægt er að framleiða hér vegna breyttra skilyrða.

Fjórir einstaklingar sátu í stól matvælaráðherra á árinu 2024. Ný manneskja tekur við hlutverkinu innan tíðar og mun spila lykilhlutverk í mótun starfsumhverfis bænda til framtíðar. Sú sem heldur á umboði til stjórnmálaráðgjafarinnar, Kristrún Frostadóttir, sagði í þriðja tölublaði ársins að áframhaldandi innlend matvælaframleiðsla væri öryggismál. Vert væri að skoða hvort hægt væri að breyta aðgengi bænda að fjármagni, hvort sem það væri í gegnum niðurgreiðslur eða sjóði. Hún sagði einnig að ekki væri rétt að bændur tækju á sig erfiðar efnahagsaðstæður til að halda niðri verði. „Þetta er starfsemi sem er sérstök af því að hún er niðurgreidd af ríkinu að hluta til, en það er öryggismál að það verði áfram matvælaframleiðsla í landinu,“ sagði hún. Í aðsentrí grein í apríl tók önnur öflug kona í framboði í svipaðan streng. Halla Tómasdóttir, forseti Íslands, minnti okkur á að bóndi er bústólpi og búið landstólpi: „Bændur yrkja landið og tryggja fæðuöryggi þjóðarinnar eins vel og aðstæður á norðurslóðum leyfa. Það eru bændur sem halda landinu í byggð. Getum við ímyndað okkur landið án býla og bújarða?“

Þetta er vert að hafa í huga í áframhaldandi umfjöllun um landbúnað. Við hjá Bændablaðinu óskum lesendum okkar gleðilegrar hátíðar með þökk fyrir frábærar viðtökur á árinu.

Guðrún Hulda Pálsdóttir ritstjóri.



Vænlegast þykir í nánustu framtíð að horfa til notkunar á verkuðu heyi til nýtingar á graspróteini hér á landi, fremur en vinnslu og einangrun á sjálfu próteini.

Framleiðsla graspróteins óhagstæð í náninni framtíð

Vænlegast þykir enn sem komið er að horfa til notkunar á verkuðu votheyi til nýtingar á graspróteini hér á landi, fremur en vinnslu á próteindufti úr fersku grasi.

Það er niðurstaða vísindamanna sem unnið hafa að samstarfsverkefni um möguleika á framleiðslu á graspróteini til fódunar búfjár.

Stuttur vaxtartími

Verkefnið er unnið í samvinnu Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarinnar (RML), Matís Landbúnaðarháskóla Íslands og Bændasamtaka Íslands en verkefnið er styrkt af Matvælasjóði. Hluti af verkefninu var að kynna sér vinnslu próteins úr grasi í Danmörku.

Ditte Clausen, ráðunautur hjá RML, er í teyminu sem kom að rannsóknunum og segir hún að verkefnið um grasprótein á Íslandi sé enn eingöngu á hugmyndastigi. Til að það geti orðið raunhæft þurfi að leysa ýmsar áskoranir, sérstaklega hvað varðar stutt vaxtartímabil grasa á Íslandi og mun styttra en í löndum eins og Danmörku. Ísland henti þó vel til grasræktar og hér sé talsvert mikið land sem ekki er nýtt til ræktunar.

„Þróun framleiðslu á graspróteini hefur verið hröð erlendis og ljóst er að mikill áhugi er fyrir því af ýmsum ástæðum. En vegna hins stutta vaxtartíma hér á Íslandi þá er ekki hægt að gera ráð fyrir að eiga slægt gras, eða sem getur flokkast sem mjólkurkúafóður, í nema 17–18 vikur á sumri, meðan erlendis er verið að miða við 30–35 vikur. Það hefur neikvæð áhrif á rekstur graspróteinverksmiðju ef hún stendur ónotuð í um 8 mánuði á ári. Því er lykilatriði að skoða kosti varðandi notkun slíkrar verksmiðju við aðra framleiðslu samhliða graspróteinframleiðslu. Einnig er mikilvægt að finna not fyrir allar hliðarafurðir sem falla til við framleiðslu graspróteins til að tryggja tekjustreymi,“ segir Ditte og vísar þar til brúna safans, sem hefur



Ditte Clausen.

ábúrdargildi, og hratsins sem fellur til við framleiðslu á graspróteini.

Próteinsafi fyrir svín

„Það er mikil þróun í gangi og margt sem er áhugavert að skoða,“ heldur Ditte áfram spurð um hversu raunhæft sé að á næstu árum verði komin alvöru graspróteinframleiðsla á Íslandi. „Það verður spennandi að fylgjast með rannsóknum í Finnlandi og Svíþjóð, á notkun verkaðs votheys í framleiðslunni en það gæti verið lausn sem myndi á endanum mögulega henta betur hérlendis í nánustu framtíð. Þar hafa verið gerðar rannsóknir á pressun verkaðs votheys og notkun á próteinsafa fyrir svín.“

Ditte segir að við verkun votheys verði hluti próteinsins óaðgengilegt og því ekki hægt að ná því úr vökvanum. „Þess vegna er hugmyndin að nota safann í blautfóður eins og hann kemur fyrir. Þá er framleiðslan kannski komin niður á minni skala og ekki í stórskala eins og í Danmörku. Safinn virðist hafa notagildi fyrir svín en geymsluþol og próteingæði eru áskoranir sem fylgja notkun á grænum safi beint í fóðrið, sem þarf að skoða betur.“

Ávinningur danskra svínabænda

Að sögn Ditte er framleiðslan erlendis ekki arðbær sem stendur, sé miðað við notkun annarra fódurefna. „Helst er að svínabændur í lífrænni ræktun í Danmörku hafi ávinning af því að nota graspróteinið vegna krafna um óerfðabreytt fóður og tiltölulega hás verðs á lífrænu soja.“

Erlendis er verið að þróa vinnsluferli fyrir grasprótein til manneldis, sem hluta af framleiðslu á fóðurpróteini. Það er hins vegar dýrt ferli og þörf fyrir auknið fjármagn til að gera það raunverulegt.“

Ýmis tækifæri á Íslandi

Ditte telur þó að ýmis tækifæri séu á Íslandi til lengri tíma lítið. „Nýjgt aðferðum og hugsunarhætti geta fylgt margvíslegar áskoranir. Hindranir sem snúa að vinnslu á graspróteini eru miserfiðar að fást við en eiga það sameiginlegt að til að komast yfir þær þarf tíma og peninga. Það er eitthvað sem þó gæti tekið tíma og fjármagn.“

Nægjanlegt ræktarland er til staðar hér á landi ef það er verndað fyrir annarri notkun en ræktun. Við höfum ódýra og sjálfbæra orku til þurrkunar og annarra hluta próteinframleiðslunnar ef slíkt er haft að leiðarljósi við staðsetningu. Mikilvægt er í því sambandi að velja stað einnig út frá nálægð við ræktarland og búfjárabúð (svínabú) til að hagkvæmnin verði sem mest.

Sjálfbær ræktun með bættari hringrás næringarefna sem um leið er skref í átt að fæðuöryggi og fæðu-sjálftæði þjóðarinnar verður að teljast jákvæð þróun og eitthvað sem mikilvægt er að stuðla að. Líklegt er að próteinframleiðsla úr grasi á Íslandi þurfi stuðning eða þolinmótt fjármagn á sínum fyrstu skrefum en tækifærin sem þessu fylgja eru þess eðlis að full ástæða er til að hvetja til þess að allir afleiddir þættir, svo sem umhverfislegir og þeir sem snúa að fæðuöryggi, séu metnir til tekna.“

/smh

Gleðileg jóla!

Við sendum þér og þínum okkar bestu óskir um gleðileg jóla og farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu.





„Þetta er alltaf hjá syni mínum og það er hamborgarhryggur. Hann er búinn að finna system til að elda þetta á grillinu. Þetta er svolítið bragðmeira.“
Sigrún Gísladóttir.



„Það er hreindýrakjöt af því ég er búinn að veiða hreindýr í mörg ár og það er vel við hæfi að borða það.“
Ásmundur Guðnason.



„Yfirleitt fæ ég mér bara svínahrygg af því að mamma og pabbi velja það.“
Bjarki Hrafn Ívarsson.

Vísnaðhornið

Vísur þessar birtust í almanaki Hins íslenska Þjóðvinafélags 1900. Höfundur er óþekktur.

*Hátíð jóla hygg þú að,
Hljóðar svo gamall texti:
Ársins gróða þýðir það,
ef þá er tungl í vexti.*

*En ef mánninn er þá skerð 'r
önnur fylgir gáta:
Árið nýja oftast verð 'r
í harðasta máta.*

Þegar þetta nú birtist dregur að jólahátíðinni. Margt hefur breyst varðandi þá gleði. **Jóhannes úr Kötllum** orti um jólasveina og líka um köttinn:

*Þið kannist við jólaköttinn,
-sá köttur var gríðarstór.
Fólk vissi ekki hvaðan 'ann kom
eða hvert hann fór.*

*Hann glennti upp glymurnar sínar
glóandi báðar tvær.
-Það var ekki heiglum hent,
að horfa í þær.*

Þetta kvæði Jóhannesar var auðvitað nokkuð pólitískt og endaði svona:

*Máske, að leitinn að þeim sem líða
af ljós-skorti heims um ból,
gefi ykkur góðan dag
og gleðileg jól.*

Kunn er vísa Jóhannesar með afdráttarhætti, þótt um annað sé:

*Drósir ganga, dreyrinn niðar
drjúpa skúrur.
Rósir anga, reyrrinn iðar
rjúpa kúrur.*

Afdráttarháttur er ekki á allra færi, **Gunnar Straumland** yrkir þessa á adventu:

*Gjóra, fannir, fársins trú
ferir hljóða kraftinn.
Jóla annir, ársins rú
ærir ljóða raftinn.*

Jón Atli Játvarðarson er úr Reykhólasveit og yrkir hér. Stuðlafall, afbrigði af braghendu.

*Þvörusleikir nálgast hratt þann
nýja tíma,
er með tölvu og takkasíma,
tekst á við, að stuðla og ríma.*

Einnig hefðbundna braghendu:

*Stampaðist við stóran pott
hjá stónni fínu,
glettist þar við Gunnu Stínu,
með gnýstuðla á valdi sínu.*

Stephan G. Stephansson flutti ungur í vesturheim. Hann orti til Jóns frá Sleðbrjóti.

*Jólaeldur innri þinn
út yfir kveld þitt logi.
Skuggaveldin aldrei inn,
að þér heldur vogi.*

Fyrir 112 árum á aðfangadegi sagði **Stefán frá Hvítadal**:

*Guð er eilíf ást,
engu hjarta 'er hætt.
Ríkir eilíf ást,
sérhvert böll skal bætt.
Lofíð Guð sem gaf,
þakkið hjálp og hlíf.
Tæmt er húmsins haf,
allt er ljós og líf.*



Umsjón: Magnús Halldórsson
mhalldorsson0610@gmail.com

Spurning dagsins:

Hvað er í jólamatinn og af hverju?



„Það verður humar og beef wellington. Af því ég er orðinn leiður á svínakjötinu.“
Árni Björn Ingvarsson.



„Forrétturinn er humarsúpa. Síðan er aðalrétturinn hamborgarhryggur. Svo erum við oftast með bollakökur í eftirrétt með heimagerðum ís. Þetta hefur alltaf verið borðað á mínu heimili.“
Ísak Pétursson.



„Hangikjöt og meðlæti. Í forrétt erum við með hreindýrapaté og í eftirrétt er oftast ís. Þetta er gömul hefð frá heimilum foreldra minna.“
Kristín Ósk Magnúsdóttir.



„Það er hamborgarhryggur, en það er hefð. Svo er hangikjöt á jóladag.“
Freydís Björk Sigvaldadóttir.



„Ég held að það sé hryggur. Mamma og pabbi velja það.“
Oskar Freyr Böðvarsson.



„Við borðum kjúkling í tómata sósu frá El Salvador, þaðan sem ég kem. Við gerum einnig brauð og berum fram salat, kúrbít og tómata.“
Sofía Galdamez.



„Ég er með purusteik að norskum sið. Það er af því að þegar ég byrjaði að búa bjó ég úti í Noregi og datt ekkert annað í hug.“
Sigurjón Hallgrímsson.



„Ég er mjög hrifinn af sveppasúpu sem er algeng í Póllandi. Mig langar líka í hamborgarhrygg, en ég hef aldrei prófað íslenskan jólamat.“
Matheus Krawczuk.



„Það er ekki alveg búið að ákveða það. Við erum alltaf með mismunandi. Líklega nautalund.“
Sesselía Dagbjört Gunnarsdóttir.



„Það verða sennilega rjúpur í jólamatinn. Það er gamall vani.“
Skúli Guðmundsson.

Smáforrit til að panta sæðingar

Smáforritið Fang, sem er notað fyrir pantanir á sæðingum og skráningar fyrir frjótekna, hefur verið tekið í notkun í Eyjafirði og Suður-Pingeyjarsýslu.



Í fréttatilkynningu segir að planið sé að byrja þar og sjá hvernig gengur. Í framhaldinu verður farið að taka það í notkun á fleiri svæðum. Markmiðið er að gera það notendavænt og auðvelda pantanir á sæðingum og skráningar fyrir frjótekna, minnka til dæmis allar handskriftir sem hafa fylgt núverandi kerfi síðustu áratuginna.

Markmiðið er einnig að fækka villum og koma alveg í veg fyrir villur í kerfinu, ásamt því að gera störf frjótekna skilvirkari. Pantanir og skráningar í forritinu eru tengdar við Huppu og uppfærast þar.

Smáforritið Fang er aðgengilegt fyrir Android, iPhone og Windows.

/smh



Miðgarður.

Mynd /Aðsend

Lækjarbakki flyst í Gunnarsholt

Ákveðið hefur verið að flytja meðferðarheimilið Lækjarbakka í Gunnarsholt á Rangárvöllum.

Meðferðarheimilið hefur verið starfrækt síðustu ár á Geldingalæk í Rangárfingi ytra en húsnæði þess er ónýtt. Lækjarbakki flytur í húsnæðið Miðgarð. Land og skógur eru með starfsemi í húsinu í dag en mun flytja þá starfsemi í önnur hús á staðnum, að því er fram kemur í tilkynningu frá mennta- og barnamálaráðuneytinu.

Þar kemur einnig fram að Lækjarbakki er eina heimili sinnar tegundar á Íslandi, sem býður upp á langtíma meðferð fyrir drengi á aldrinum 14 til 18 ára, sem glíma við alvarlegan vanda vegna til dæmis vímuefnaneyslu, ofbeldis, afbrota, skóla- og námserfiðleika eða sálfélagslegan vanda, þegar önnur úrræði duga ekki til.

Starfsemi Lækjarbakka er á vegum Barna- og fjölskyldustofu en á heimilinu dvelja allt að sex drengir hverju sinni í um sex mánuði í senn, stundum lengur ef ástæða þykir til.

/mhh

Nautgriparækt:

Kyngreining sæðis hafin

– Litið inn í færanlega rannsóknarstöð á Hesti í Borgarfirði


Við Nautastöð Bændasamtaka Íslands á Hesti í Borgarfirði hefur verið komið upp færanlegri rannsóknarstöð þar sem framkvæmd er í fyrsta skipti kyngreining á sæði úr íslenskum nautum.

Rannsóknarstöðin er í innréttuðum vörubílsvagni sem kom að Hesti þann 3. desember. Með honum kom sérþjálfað erlent starfsfólk sem byrjaði framleiðslu kyngreinda erfðaeftnisins þann 6. desember og mun vinna allan sólarhringinn til 20. desember.

Í staðinn fyrir að byggja upp rannsóknarstofu á Hesti var farin sú leið að semja við fyrirtækið Sexing Technologies, sem er dótturfyrirtæki alþjóðlegu samsteyppunar Inguran LCC. Að þessu sinni verða kyngreindir rúmlega tvö þúsund sæðisskammtar sem verða nýttir í tilraun til að skera úr um hvort þessi tækni virki fyrir erfðaeftni nauta af íslenska mjólkurkúastofninum.

Pláss eina málamíðlunin

Ronan Raftery, yfirmaður færanlegu rannsóknarstofunnar, segir að þrátt fyrir að rannsóknarstofan komist fyrir á vöruflytningavagni hafi ekki þurft að gera neinar málamíðlanir nema þegar kemur að plássi. Tveir til þrjár starfsmenn eru á vakt á hverjum tíma og segir hann oft geta verið þröng á þingi. „Rétt eins og hægt er að vera með fullbúið heimili í húsbíl getum við verið með alla aðstöðu. Það þarf bara að koma hlutunum fyrir,“ segir hann.



Kyngreint nautasæði fer í dreifingu á næstu mánuðum.



Fyrir utan nautastöðina á Hesti má sjá vörubíl þar sem fram fer fyrsta kyngreiningin á íslensku nautasæði. Myndir /ál

Mariska Bakker er aðstoðarmaður framleiðslustjóra Inguran Europe-samsteyppunar í höfuðstöðvunum í Hollandi. Hún segir að rannsóknarstofan geti framleitt allt að 600 kyngreinda sæðisskammta á sólarhring. Afköstin stjórnast að hluta til af því hversu öflug nautin eru í framleiðslu á erfðaeftni, en nauðsynlegt er að nota ferskt sæði. Af þeim sökum framkvæmir starfsfólk nautastöðvarinnar sæðistöku þrisvar á dag meðan á kyngreiningunni stendur, en venjan er að hún fari fram einu sinni til tvisvar í viku.


Ronan og Mariska vita ekki til þess að nokkur önnur færanleg aðstaða til kyngreininga á sæði hafi verið búin til. Hún mun breyta miklu fyrir afskekktar nautastöðvar eða minni kúakyn, enda skemmist sæðið ef það þarf að ferðast um langan veg. Næsti áfangastaður rannsóknarstöðvarinnar verður í Þýskalandi og segja Ronan og Mariska mikla eftirspurn vera eftir þjónustu hennar.

Sex kyngreiningartæki

Kyngreiningin byggist á því að nýta stærðarmun á X og Y litningunum. Með því að virkja rafsegulstraum við hlið hárfínar bunnar af sæði sem hefur verið undirbúið er hægt að beina kvenkyns sæðisfrumum í eina átt og karlkynsfrumum í aðra. Mariska segir fullunna vöru innihalda minnst 90 prósent af sæðisfrumum af því kyni sem greint er fyrir.

Í rannsóknarstofunni eru sex kyngreiningartæki. Ferlið frá því starfsfólk nautastöðvarinnar afhendir ferska sæðisskammta þangað til að starfsfólk rannsóknarstofunnar hefur gengið frá sæðisstráum í frysti eru um 16 klukkutímar. Þegar unnið er með erfðaeftni af mjólkurkúakyni er yfirleitt kyngreint fyrir kvenkynsfrumum og karlkynsfrumunum hent. Þessu er öfugt farið þegar holdanaut eiga í hlut.

Kyngreining sæðis er ekki ný tækni, en Mariska nefnir að í lok níunda áratugarins hafi fæðst folald með þessari tækni. Inguran-samsteypan fékk heimild til að kyngreina sæði árið 2004 í Bandaríkjunum og opnaði fyrstu rannsóknarstöðina í Evrópu árið 2007. Þessi tækni virkar best fyrir nautgripi, en gengur fyrir öll spendýr. Mariska nefnir að dýragarðar hafi



Ronan Raftery og Mariska Bakker frá Inguran LCC. Þau eru meðal starfsmanna sem vinna allan sólarhringinn við kyngreiningu sæðis.



Ferlið við kyngreininguna tekur sextán klukkutíma.

notað kyngreint sæði. Inguran-samsteypan er með starfsemi í sex heimsálfum og tólf rannsóknarstofur í Evrópu.

Fleiri kvígukálfar á ári

Sveinbjörn Eyjólfsson, forstöðumaður nautastöðvarinnar, segir Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins hafa lagt upp tilraun þar sem sæðisskammtar verða teknir úr fimm nautum og settir í dreifingu á næsta hálfu ári. Helmingurinn af skömmtnum frá hverju nauti verður kyngreindur fyrir kvenkyns sæðisfrumum á meðan hinn helmingurinn verður ókyngreindur. Hvorki frjóteknað né þeir bændur sem kjósa að taka þátt í tilrauninni

munu vita hvort er hvað meðan á henni stendur. Þetta segir hann vera langbestu leiðina til að fá úr því skorið hvort kyngreint sæði úr íslenskum nautum geti nýst.

Samhliða þessu er verið að útbúa kyngreinda sæðisskammta úr einu hreinræktuðu Aberdeen Angus-nauti. Þar er karlkyns frumum sérstaklega safnað og geta bændur óskað eftir því erfðaeftni án þess að taka þátt í tilraun.

„Ef þetta tekst stendur bændum til boða að fá kvígusæði á betri hluta kúnna og verða ekki fyrir vonbrigðum þegar það kemur tuddi undan bestu kúnni,“ segir Sveinbjörn. Þrátt fyrir að fanghlutfall sé lægra með kyngreindu sæði skilar það sér í fleiri kvígukálfum á ári. /ál



LR Lögfræðistofa Reykjavíkur

LÖGMANNSÞJÓNUSTA



Vönduð og fagleg lögmannsþjónusta með starfsstöðvar bæði í Reykjavík og á Hvolsvelli. Helstu réttarsvið: Félagaréttur, eignaréttur, samningaréttur, orkuréttur, erfðaréttur, gjaldprotaréttur stjórnsýsluréttur o.fl. Yfir 30 ára reynsla af lögmannsstörfum.

Helgi Jóhannesson, lögmaður • helgi@lr.is • Sími 849-0000
Borgartúni 25, Reykjavík • Austurvegi 4, Hvolsvelli • Sími 515-7400



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Þegar mest á reynir...



Njótum hátíðanna áhyggjulaus.



Kaupfélag Skagfirðinga keypti allt hlutafé í Kjarnafæði Norðlenska við undirritun kaupsamnings í september. Mynd /ghp

Búsæld seldi KS-hlutinn í heild

Búsæld seldi hlut sinn í Kjarnafæði Norðlenska (KN) í heild til Kaupfélags Skagfirðinga. Ágúst Torfi Hauksson, forstjóri KN, segir að ekki hafi komið til innköllunar á neinum hlut.

Bændablaðið og Ríkisútvarpið hafa greint frá því að Kaupfélag Skagfirðinga hefðu krafist innlausnar á grundvelli hlutafjálaga á hlutum nokkurra Búsældarbænda sem vildu halda sínum eignarhlut. Ágúst Torfi segir það ekki vera rétt.

Hann segir að samtöl hafi átt sér stað í sumar, eftir undirritun kaupsamnings í byrjun júlí og fram að kaupsamningi í september. „Það var ekki stefnan í upphafi að kaupa félagið í heild, m.v. samskipti milli aðila í upphafi, en þegar ljóst varð hve stór hluti hluthafa Búsældar vildi selja kom fram að kaupandi væri tilbúinn til og sæi fyrir sér að klára viðskiptin að fullu þar sem örhlutur væri eftir og ljóst að við þær aðstæður sem uppi voru væri það einfaldast fyrir Búsæld að selja í heild. Þetta var því sameiginleg niðurstaða í samtali aðila,“ segir Ágúst Torfi.

Búsæld átti um 43 prósent hlut í KN fyrir sölu en í lok síðasta árs voru 465 hluthafar, en enginn einn hluthafi átti meira en tíu prósent.

„Tilboð KS í hlut Búsældar í Kjarnafæði Norðlenska (KN) var með þeim hætti að Búsæld samþykkti að selja óbeinan hlut hluthafa í KN, sem þeir áttu í gegnum Búsæld, sem vildu selja sína hluti.“



Ágúst Torfi Hauksson.

Óskað var eftir afstöðu hluthafa til sölu nú í sumar. Eigendur um 93% hlutafjár gáfu upp að þeir vildu selja hluti sína, tæp 2% að þeir hygðust ekki selja en ekki fékkst afstaða hjá þeim sem út af stóðu, um 5%,“ segir Ágúst Torfi.

Þar sem meðeigendur Búsældar, bræðurnir Eiður og Hreinn Gunnlaugssynir, voru búnir að samþykkja sölu lá fyrir að að lágmarki 97 prósent hlutafjár myndu skipta um hendur. „Í ljósi þessarar afgerandi niðurstöðu hluthafa Búsældar til sölnunar ákvað stjórn Búsældar að selja hlutinn í heild. Ekki var um neina innköllun að ræða á neinum hlut, KS kaupir allt hlutafé í KN við undirritun kaupsamnings, sem var í september. Búsæld hefur svo komið þeim verðmætum sem félagið fékk fyrir hlut sinn til hluthafa í framhaldinu,“ segir Ágúst Torfi. /ghp



Óskum viðskiptavinum okkar
Gleðilegra Jóna og farsældar á nýju ári.
Með þökk fyrir viðskiptin á árinu.

Svansson ehf, björgunartæki og búnaður
Melabraut 19, 220 Hafnarfjörður
Sími : 697-4900

Sláturfélag Suðurlands:

Illa gekk að selja gærur á erlendum mörkuðum

Sala Sláturfélags Suðurlands (SS) á gærum sem féllu til í haust hefur gengið illa, þannig að henda hefur þurft tæplega helmingi allra þeirra.

Í 1. og 2. fréttabréfum SS var fjallað um þennan markaðsbrest. Í því fyrra, sem gefið var út 16. september, var talið að um 15 prósent af hvítum gærum af ám og gærum sem flokkist í annan flokk yrði að henda, vegna verðlækkana á mörkuðum frá fyrra ári. Í seinna fréttabréfinu, gefið út 5. desember, er kveðið fastar að orði og staðan sögð hörmuleg. Ekki hafi fundist kaupendur nema fyrir rúman helming gæranna og verð lækkað verulega milli ára. Af þessum sökum hafi félagið hent tæpum helmingi allra gæra sem óvissa var um sölu á, til að spara kostnað við geymslu á þeim.

Tugmilljóna tjón

Áætlað er að tjónið nemi um 30–35 milljónum króna miðað við markaðsvirði og sölu síðasta árs og kostnaðar við förgun á þeim.

Skýringarnar á markaðsbrestinum eru sagðar vera helstar að síðustu tveir vetur hafa verið óvenju hlýr í Evrópu og sala á gæruflikum því dregist saman. Stríð í Úkraínu hafi hamlað sölu frá Tyrklandi til



Tæplega helmingur allra gæra sem féll til í haust var hent. Mynd / smh

Rússlands sem var stór markaður. Loks er nefnt að vegna mjög slæms efnahagsástands í Tyrklandi hafi dregið úr starfsemi margra sítunarfyrirtækja þar í landi sem keyptu íslenskar gærur til vinnslu og sölu.

Ekki heimilt að afhenta hráar gærur

Steinþór Skúlason, forstjóri SS, segir í svari við fyrirspurn um hvort komið hafi til tals að leyfa fólki að hirða gæurnar sem átti að henda, að

umferð utanaðkomandi sé almennt ekki leyfð inn á lóð afurðastöðva og ekki sé heimilt að afhenda hráar gærur svo þetta hafi ekki komið til álita.

Hins vegar kæmi til álita að selja fólki saltaðar gærur þegar þær væru í boði og væri lágmarksmagnið þá væntanlega eitt bretti, eða 300 stykki.

Staðan núna væri hins vegar þannig að allar gæurnar væru seldar sem hirtar voru, svo þetta væri eitthvað sem þyrfti að skoða með öðrum afurðastöðvum. /smh

Loftslagsmál:

Kolefnismarkaðir fá lagalega umgjörð

Lagt er til að hugtakið kolefniseining verði skilgreint í lögum og að þær verði ekki heimilt að flytja úr landi í alþjóðlegum viðskiptum með neikvæðum áhrifum á Ísland.

Í skýrslu starfshóps umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra um viðskipti með kolefniseiningar er einnig lagt til að mótuð verði stefna um hvort kaupa eigi kolefniseiningar frá öðrum ríkjum til að uppfylla markmið um samdrátt í samfélagslosun og kolefnishlutleysi. Einnig að skattaleg umgjörð rekstrar við framleiðslu og kaup á kolefniseiningum verði skoðuð varðandi mögulegar ívilnanir og frádráttarbærni frá rekstrarkostnaði.

Í skýrslunni er mælt til þess að stjórnvöld hafi frumkvæðið að því að leiða saman hagskipti til að kanna áhuga á stofnun kolefnismarkaðar með kolefniseiningar. Samhliða því að kolefniseining sé skilgreind í lögum verði þar ákvæði um útgáfu á leiðbeiningum um gæði þeirra kolefniseininga sem ríkið kaupir og þær kolefniseiningar sem opinberir aðilar kaupir hafi fengið staðfestingu frá faggildum vottunaraðila, sem feli í sér raunverulegan loftslagsávinning.

Þá er lagt til að lagafrumvarp verði unnið sem setji almenna umgjörð utan um kolefnisskrár.

Stutt við þróun kolefnismarkaða

Tilgangur skýrslugerðarinnar var að greina stöðu kolefnismarkaða hér á landi, kanna tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki á þessum mörkuðum og meta hvort íslensk stjórnvöld gætu nýtt sér kolefnismarkaði til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar í loftslagsmálum.



Kolefnisbinding á sér stað í skógum og á þeim grundvelli myndast markaður með kolefniseiningar sem ganga kaupum og solum. Mynd / smh

Tillögum hópsins er ætlað að styðja við þróun kolefnismarkaða á Íslandi og auðvelda hagskiptum að nýta þau tækifæri sem kolefnismarkaðir bjóða upp á.

Valkvæði kolefnismarkaðurinn

Í skýrslunni er fjallað mest um það sem nefnt er „valkvæði kolefnismarkaður“, þar sem íslensk fyrirtæki framleiða og selja kolefniseiningar í dag, án lögbundinnar formgerðar. Veitt yfirlit yfir helstu vottunarkerfi, staðla og viðskiptaferli sem tengjast þessum mörkuðum. Þá er í skýrslunni fjallað um möguleika á að móta íslenskt regluverk til að tryggja áreiðanleika og gagnsæi í viðskiptum með kolefniseiningar, til að koma í veg fyrir vandamál eins og tvítalningu og grænþvott meðal annars.

Samráð til 4. janúar

Einnig er í skýrslunni fjallað nokkuð um skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum og tengsl við kolefnismarkaði, alþjóðlegt samstarf

og samannburð á stöðu mála hjá nágrannaþjóðum.

Skýrslan liggur í samráðsgátt stjórnvalda til 4. janúar þar sem hægt er að koma umsögnum og ábendingum á framfæri.

Í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga er bent á að í skýrslunni sé skortur á umfjöllun um mikilvægi þess að vernd líffræðilegrar fjölbreytni verði höfð að leiðarljósi í öllu sem viðkemur framleiðslu á og viðskiptum með kolefniseiningar. Einnig sé æskilegt að huga betur að náttúru- og minjavernd og áhrifum á jarðvegs- og vatnsauðlindir almennt í tengslum við slíka framleiðslu og þurfi varnaglar um þessi atriði að vera skýrir í regluverkinu.

Þar sem sveitarfélög séu lykilhagaðili í mörgu sem viðkemur framleiðslu á kolefniseiningum og þar sem lagt sé til að sveitarfélög taki þátt í að vera leiðandi að einhverju leyti við kaup á kolefniseiningum sem hluti af sínum loftslagsaðgerðum, sé mikilvægt að Sambandið sé haft með í öllu samráði við þessa stefnumótun sem fram undan sé. /smh



Knowledge grows

Örugg með Yara

Við óskum landsmönnum nær og fjær gleðilegrar hátíðar og þökkum samfylgdina og viðskiptin á árinu



SS var stofnað árið 1907 og er samvinnufélag búvöruframleiðanda. Það er markmið SS að selja bændum hágæða einkorna áburð á eins hagstæðu verði og mögulegt er. Með því stuðlum við að samkeppnishæfi innlendrar búvöruframleiðslu og úrvals afurðum neytendum til hagsbóta.

Sláturfélag Suðurlands
Fosshálsi 1, Reykjavík - 575 6070
yara@yara.is - www.yara.is

Verðskrá 2025

Upplýsingar á yara.is
og hjá sölumönnum.





Gunnubúð á Raufarhöfn fær styrk til endurbóta. Mynd / Gunnubúð

Dreifbýli:


Styrkir til verslana

Sex dagvöruverslanir í minni byggðarlögum kringum landið hlutu styrki frá innviðaráðherra á dögunum.

Ráðherra staðfesti tillögur valnefndar um verkefnastyrki til verslana í dreifbýli, sem veittir eru á grundvelli stefnumótandi byggðaaætlunar fyrir árin 2022–2036 að því er fram kemur á vef Stjórnarráðsins. Að þessu sinni var sautján milljónum kr. úthlutað til sex verslana í dreifbýli fyrir árið 2025.

„Markmiðið með styrkjumum er að styðja við dagvöruverslanir í minni byggðarlögum fjarri stórum byggðakjörnum á fámennum markaðssvæðum til að viðhalda mikilvægri grunnþjónustu. Ýmist eru veittir rekstrarstyrkir eða styrkir til endurbóta eða sjálfvirknivæðingar. Samtals bárust sex umsóknir fyrir samtals 41,8 m.kr.“ segir í tilkynningu frá Stjórnarráðinu. Eftirtaldir verslanir fengu styrki:

Bakka-Búðin ehf., Reykhólum: 5 m.kr. rekstrarstyrkur
Verzlunarfjelag Árneshrepps: 3 m.kr. rekstrarstyrkur
Hriseyjarbúðin: 2,5 m.kr. styrkur til endurbóta og sjálfvirknivæðingar
North East Travel ehf., Bakkafirði: 1,5 m.kr. rekstrarstyrkur
Gunnubúð ehf., Raufarhöfn: 3 m.kr. styrkur til endurbóta
Verslunarfélag Drangsness: 2 m.kr. rekstrarstyrkur. /ghp



Frá Verzlunarfjelagi Árneshrepps. Mynd / Verzlunarfjelag Árneshrepps

Vestmannaeyjar:

Fyrstu seiðin komin í Viðlagafjöru

– Landeldisfyrirtækið Laxey stefnir á slátrun í nóvember 2025

Frankvæmdir við uppbyggingu Laxeyjar á fiskeldi í Vestmannaeyjum hafa gengið samkvæmt áætlun. Landeldi gæti orðið umfangsmeira en sjóldi á næstu árum.

Laxey hefur lokið við gerð seiðahússins við Friðarhöfn og er það komið í fulla framleiðslu. Fyrstu hrognin voru tekin inn í nóvember í fyrra og síðan þá hefur verið tekið á móti þremur hópum. Nú eru um þrjár milljónir seiða í stöðinni í Friðarhöfn. Þetta segir Lárus Ásgeirsson, starfandi stjórnarformaður, í samtali við Bændablaðið.

Seiðin 150 grömm við flutning

Fyrsti seiðahópurinn taldi 230.000 einstaklinga og var fluttur með sérstökum tankbílum í áframeldið í Viðlagafjöru um miðjan nóvember. Þá voru seiðin að meðaltali 150 grömm að þyngd og í kringum 20–25 sentímetra löng. Í Friðarhöfn eru seiðin í fersku vatni, en í áframeldinu eru þau í saltvatni sem kemur úr borholum í Viðlagafjöru. Þegar kemur að slátrun í nóvember á næsta ári ættu fiskarnir að veða fimm kílógrömm að meðaltali.

Selja lifandi seiði

Uppbyggingin í Viðlagafjöru er í sex megináföngum. Fyrsta framkvæmdaeiningin er komin í gagnið, en hún samanstendur af sex 900 rúmmetra tönkum og átta 5.000 rúmmetra tönkum. Fimm jafnstórar einingar munu bæstast við og eru áætluð verklok árið 2030. Samhliða þessu hefur einnig risið fódurgeymsla, sláturhús og annað þjónustuhúsnæði. Fyrsta framkvæmdaeiningin getur framleitt um 5.000 tonn af lifandi fiski en þegar fullri framleiðslugetu



Athafnasvæði Laxeyjar í Viðlagafjöru. Fyrsti áfanginn er kominn í gagnið og munu fimm jafnstórar einingar rísa til ársins 2030. Myndir / Laxey

er náð mun landeldið í Viðlagafjöru geta framleitt um 27 þúsund tonn af slægðum laxi á ári.

Fyrirtækið hefur jafnframt áform um að selja stórseiði til annarra aðila í fiskeldi hérlendis, en í seiðaldinu í Friðarhöfn verður mjög mikil umframframleiðslugeta fyrstu árin. Þá eru seiðin afhent 300 til 1.000 gramma þung, en með því að afhenda seiðin svona stór er hægt að stytta vaxtartíma þeirra í sjóldi úr tveimur vetrum í einn.

Lárus segir laxeldisfisk í dag vera minna en eitt prósent af öllum framleiddum laxi í heiminum, en miðað við þau áform sem eru komin í farveg er gert ráð fyrir miklum vexti. Þegar öll fyrirtækin sem eru komin af stað á Íslandi verða komin í fulla virkni má gera ráð fyrir um 150 þúsund tonna framleiðslu á ári. „Þá verða Íslendingar stærstir í landeldi á laxi í heiminum,“ segir Lárus. Til samanburðar nefnir hann



Lárus Ásgeirsson er starfandi stjórnarformaður Laxeyjar.

að í dag séu framleidd á bilinu 40–50 þúsund tonn af laxi í sjóldi við

Íslandsstrendur, en það má jafnframt búast við talsverðum vexti þar á næstu árum.

Vilja fullnýta úrgang

Úr fiskeldi á landi fellur til mikill lífrænn áburður. Lárus segir að fyrirtækið áformi fyrst um sinn að dreifa honum á ógróid land, en langtímaáformin snúa að því að koma upp farvegi til að fullvinna áburðinn hérlendis.

„Við vorum kannski bjartsýnni fyrir ári síðan, en af þessu verður þegar landeldið er komið á fullan snúning.“

Þangað til munum við annars vegar dreifa úrgangi á sanda og hraun eða að við munum flytja þennan úrgang út,“ segir Lárus. Fyrirtækið hefur verið í samræðum við aðila sem flytja úrganginn með tankskipum og framleiða úr honum lífgas og áburð í Noregi. /ál

Borið níu kálfum í sex burðum

Kýrin Þruma á bænum Björgum í Köldukinn í Þingeyjarsveit er ansi mögnuð, en hún hefur borið níu kálfum í sex burðum, sem þýðir að hún hefur þrisvar sinnum verið tvíkelfd.

Þruma er í eigu bændanna Þóru Magneu Hlödversdóttur og Arnórs Orra Hermannssonar. Í öll þrjú skiptin voru tvíkelfingarnir kvíga og naut, sem þýðir því að það séu hverfandi líkur á að kvígan sé



Þruma er mögnuð kýr en hún hefur komið sex kvígum og þremur nautum í heiminum. Hér er hún með tvo af nýjustu kálfunum sínum, sem hún bar á átta ára afmælisdegi sínum, þann 8. desember. Myndir / Aðsendar

frjó. Þruma var tvíkelfd í sínum fyrsta burði árið 2019, svo aftur í fjórða burði árið 2022 og aftur nú í desember.

Þræta, Þrjóska og Þver

Þar á milli hefur hún borið kvígum sem allar hafa verið settar á. Það eru dæturnar Þræta, sem hefur sjálf verið tvíkelfd og er á þriðja mjaltaskeiði, Þrjóska, sem er á öðru mjaltaskeiði og svo er það kvígan Þver, sem miklar vonir eru bundnar við.

„Allir burðir Þrumu hafa gengið afar vel og hún borið öllum sínum kálfum sjálf. Tvíkelfingaburðirnir virðast ekki hafa haft nein áhrif á hana því hún hefur mjólkað afar

vel alla tíð, eða 43.193 lítra á fimm mjaltaskeiðum, eða 8.600 lítra að meðaltali á mjaltaskeiði,“ segir Þóra Magnea.

Á Björgum býr einnig systir Þóru, Jóna Björg, ásamt fjögurra ára syni sínum, Hlödveri Þóri. Systurnar eru fimmta kynslóð bænda úr sömu fjölskyldu á Björgum, en þar eru um 120 nautgripir, þar af um 50 mjólkurkúr. Einnig eru á bænum nokkrar kindur.

Draumurinn er að fá alsystur í mjaltir

„Það er gaman að fá tvíkelfinga en við höfum ekki enn fengið tvær lifandi kvígur. Við sækjumst alls

ekki eftir því að fá tvíkelfinga í burði því það er umtalsvert meira álag á kýrnar. Draumurinn væri þó að fá tvær alsystur í mjaltir, sérstaklega úr þessari öflugri fjölskyldu. Við notum sæðingar nær eingöngu en helst ekki heimanaut nema önnur úrræði dugi ekki til,“ segir Þóra Magnea og bætir við:

„Skemmtilegast við burðinn hjá Þrumu núna var að hann bar upp á átta ára afmælisdaginn hennar, þann 8. desember, og þar bar hún sínum áttunda og reyndar níunda kálfi líka. Það er líka gaman að segja frá því að allar kýrnar í fjölskyldu Þrumu bera nafni með Þ-i, en það er með ráðum gert og ekki síst til gamans.“ /mhh

TÖKUM AÐ OKKUR VERKEFNI OG VINNUM ÚR ÞEIM LAUSNIR



VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
 Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is

Gleðileg jól



Kæru bændur og búalið!

Okkar allra hlýjustu hátíðarkveðjur yfir hafið og heim. Þakkir fyrir varandi vináttu og skemmtilegar heimsóknir ykkar á tannlæknastofu okkar í Búdapest.

Hlökkum til að sjá ykkur á nýju ári!



Íslenska Klíníkin
Búdapest

www.islenskaklinikin.is



Með viðurkenningu Breta á því að „Íslenskt lambakjöt“ sé verndað afurðaheiti verður hægt að vísa sérstaklega til íslensks uppruna vörunnar á breskum mörkuðum.

Mynd / Aðsend

„Íslenskt lambakjöt“ verndað afurðaheiti

Gagnkvæm viðurkenning er nú á landfræðilegum afurðaheiti Íslands og Bretlands og er „Íslenskt lambakjöt“ þar með orðið verndað afurðaheiti í Bretlandi.

Þetta var samþykkt á fundi sameiginlegrar nefndar fríverslunarsamnings EES EFTA-ríkanna við Bretland. Með viðurkenningunni verður hægt að vísa sérstaklega til íslensks uppruna vörunnar þegar lambakjötið er selt á breskum markaði.

Hafliði Halldórsson, framkvæmdastjóri markaðsskrifstofunnar Icelandic lamb, segir að í þessu felist ekki stór tíðindi í sjálfu sér til skamms tíma lítið þar sem takmarkað magn lambakjöts sé til útflutnings. „Þetta skref er eðlilegt framhald af staðfestingu ESB á skráningunni í fyrri þar sem hún rúllar áfram til meðferðar í gegnum stjórnsýsluna hjá þeim þjóðum sem eru eins og við með gagnkvæman samning við ESB um vernduð afurðaheiti.“

Hann segir hins vegar rétt að áréttu að vernd afurðaheita skili merktum afurðum að meðaltali ríflega tvöföldu útsöluverði gagnvart staðgönguvörum í Evrópu. „Svo að hér er um dýrmætt skref að ræða og full ástæða til að hvetja fleiri íslenska framleiðendur til að leita leiða til að vernda sínar afurðir í gegnum kerfi



Hafliði Halldórsson.

verndaðra afurðaheita. Má þar nefna hin íslensku búfjárfyrirgjafur þeirra svo dæmi sé tekið,“ segir Hafliði og minnir á að enn séu lausir endar innan íslenskrar stjórnsýslu sem hamli fullri notkun á verndinni hérlendis.

Fríverslunarsamningur EES EFTA-ríkanna, það er Íslands, Lichtenstein og Noregs, við Bretland hefur verið virkur frá árinu 2022 og miðar að því að tryggja nán viðskiptatengsl samningsaðila í kjölfar útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu og Evrópska efnahagssvæðinu, en Bretland er meðal stærstu viðskiptalanda Íslands. /smh



LANDBÓTASJÓÐUR LANDS OG SKÓGAR

Styrkir eru veittir til verndar og endurheimtar gróðurs og jarðvegs.

Umsóknarfrestur er frá **2. janúar '25** til og með **30. janúar '25**

Umsóknarform og reglur sjóðsins eru á landogskogur.is. Einnig er hægt að fá nánari upplýsingar og ráðgjöf hjá héraðsfulltrúum.



Frekari upplýsingar veitir Garðar Þorfinnsson í tölvupósti: lbs@landogskogur.is

Land og skógar

Orkumál:

Hert á ferlunum

– Ráðherra orkumála spáir orkuskipti í vetur

Einfalda, hraða og stytta á ferli rammaáætlunar til að flýta fyrir orkuöflun í landinu. Átaksverkefni í smávirkjunum gætu skilað verulegri orku. Hitaveita er víða í vanda.

Starfshópur skilaði nýverið skýrslu um rammaáætlun til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra. Í skýrslunni eru lagðar til ýmsar breytingar á lögum og reglum um rammaáætlun (lögum 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun), sem miða að því að einfalda kerfið og auka skilvirkni. Leggur starfshópurinn m.a. til að farið verði í tímabundið átak í greiningu og forgangsröðun á landsvæðum með tilliti til verndar fyrir raforkuframleiðslu. Sömuleiðis voru unnin drög frumvarps og reglugerðar á sama grundvelli. Er þau nú í samráðsgátt stjórnvalda til umsagnar til 1. febrúar 2025 og bíða svo ákvörðunar nýs þings og nýrrar ríkisstjórnar.

Samkeppnishæfni svæða

Meðal þess sem finna má í skýrslunni eru tillögur um einföldun á regluverki, styttri málsmeðferðartíma og minni áhrif sveitarfélaga á virkjunarframkvæmdir til að flýta fyrir uppbyggingu orkumannvirka. Frestur sveitarstjórna til ákvörðunar um landnotkun verði stuttur.

Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra starfsstjórnar, sagði við kynningu á skýrslunni að þótt ýmis verkefni væru komin af stað væri tíminn naumur. Ekki gengi að sveitarfélög gætu haft virkjunarkosti sem búið væri að samþykkja á Alþingi til umfjöllunar í allt að fjórtán ár. Mjög vanti græna orku. „Það getur enginn lofað því að við lendum ekki í vanda í vetur og meiri líkur á því en ekki, af því að við höfum ekki hugað að framtíðinni,“ sagði hann enn fremur.

Guðlaugur Þór sagði einnig að líta yrði sérstaklega til ákveðinna svæða varðandi orkuöflun. „Það eru ákveðin svæði sem verður að líta til sérstaklega: Vestfirðir, Dalabyggð, Langanes og Vestmannaeyjar. Ef þau ætla að vera samkeppnishæf og byggja sig upp verða þau að hafa aðgang að grænni orku,“ sagði ráðherra.



Fljótaldalsstöð í Fljótaldal. Lagt er til í nýrri skýrslu um raforkumál að endurmetin aðgerðaáætlun um orkuskipti verði samþætt innlendra aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.

Mynd / Sá

Einfaldað, hraðað og stytt

Tillaga er um að almennt ferli rammaáætlunar taki ekki lengri tíma en tvö ár og skilvirkni hennar verði aukin, með fastákveðnum tímastrestum.

Þannig líði ekki meira en 24 mánuðir frá því að virkjunarhugmynd fer inn til Orkuskiptisráðs þar til þingsályktunartillaga er komin inn til Alþingis. Rammaáætlun verði sömuleiðis samfelluverkefni en eigi sér ekki einungis stað á fjögurra ára fresti og samráðsferli verkefnastjórnar verði eitt í stað tveggja.

Þá er gert ráð fyrir að ráðherra verði heimilt á grundvelli skilyrða að veita undanþágu til matsskyldra rannsóknna á virkjunarhugmyndum fyrir virkjunarkosti í biðflokki en kallað hefur verið eftir slíku úrræði til að unnt sé að þróa jarðhitakosti sem komir eru í biðflokk.

Einnig að heimild og skylda verkefnisstjórnar rammaáætlunar til að afmarka verndarsvæði í áætluninni verði skýr og ótvíræð.

Möguleikar í smávirkjunum fjölmargir

Jafnframt var kynnt ný skýrsla um raforkumál. Þar er m.a. lagt til að endurmetin aðgerðaáætlun um orkuskipti verði samþætt innlendra

aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.

Í skýrslunni er yfirlit um sölu og notkun raforku sl. fjögur ár, þróun raforkuverðs, raforkuþörf og yfirlit yfir líklega þróun til lengri tíma.

Farið er yfir rannsóknir orkulinda og undirbúning þeirra fyrir raforkuvinnslu, styrkingu flutningskerfisins, gæði raforku m.t.t. afhendingaröryggis og möguleg áhrif áætlaðra framkvæmda á sviði raforkumála á atvinnulíf og byggð í landinu.

Fram kom hjá ráðherra að síðan átaksverkefni um smávirkanir var sett í gang er Orkuskipti komin með um 2.500 möguleika á smávirkjunum inn á borð til sín, samtals um 700 MW, eða 20% meira en nemur allri raforkuframleiðslu á Íslandi. Þó sé margt þar ekki gerlegt. Ný Umhverfis- og orkuskipti muni halda utan um verkefnið. Vekja beri athygli fólks sem hafi möguleika á gerð smávirkjana og hjálpa því í gegnum kerfið.

Hitaveita í slæmum málum

Ráðherra minnti á vonda stöðu hitaveitu á Íslandi og að þjóðin hefði flotið sofandi að feigðarósi í þeim efnunum. ISOR hafi loks vakið athygli á ástandinu og unnið úttekt sem leiddi í ljós að tveir þriðju af hitaveitum á Íslandi eigi í vanda.

/sá

Haukur er nýr formaður Gæðingadómarafélagsins

Haukur Bjarnason, bóndi á hrossaræktarúinu Skáney í Reykholtaldal, er nýr formaður Gæðingadómarafélags Íslands.

Hann var kjörinn á aðalfundi félagsins í Borgarnesi á dögunum. Haukur tekur við embættinu af Jóni Þorbergi Steindórssyni.

„Ég er mjög spenntur fyrir komandi árum hjá félaginu. Tel að það sé uppgangur og aukinn áhugi á gæðingakeppni almennt, bæði hér heima og erlendis. Sáum góða þátttöku síðastliðið sumar og frábærar sýningar á Landsmóti og Norðurlandamóti auk allra félagsmóta og úrtökur um allt land. Það er einnig gaman að sjá gæðingakeppni í auknum mæli á vetrarmótum hjá hestamannafélögum um allt land,“ segir Haukur.

Félagar Gæðingadómarafélagsins eru um 60 talsins og annan eins fjölda gæðingadómara má finna erlendis. Markmið félagsins er að vera málsvári félagsmanna, gæta sameiginlegra hagsmuna þeirra og koma fram fyrir þeirra hönd gagnvart viðsejendum. Auk þess að stuðla að góðri menntun og hjálfun dómara og að stuðla að bættum gæðum í vinnu dómara, m.a. með endurmenntun og eftirliti með störfum þeirra, t.d. að sjá til þess að dómurum sé ávallt tryggð sem best starfsaðstaða.

„Það eru mikil tækifæri fram undan hjá félaginu þar sem gæðingakeppni er frábært form á keppnisvælinum fyrir alla á öllum aldri og margar ólíkar hestgerðir.



Nýr formaður Gæðingadómarafélags Íslands, Haukur Bjarnason (t.h.), og fráfarandi formaður, Jón Þorberg Steindórsson, takast hér í hendur á aðalfundinum í Borgarnesi.

Mynd / Aðsend

Félagið mun halda áfram að leggja áherslu á að mennta sína dómara ásamt því að miðla til hestamanna almennt jákvæðri og hestvænni hestamennsku á okkar frábæra hestakyni um allan heim,“ segir Haukur. /mhh

can-am®

OUTLANDER 650 MAX XU+ SEXHJÓL KLÁR TIL AFGREIÐSLU FYRIR ÁRAMÓT

UPPFÆRÐ OG REISTARI
TWIN-TUBE FJÖÐRUN

T3B
GÖTUSKRÁNING



NÝ TERRACROSS
26" DEKK

NÝJI 4-LOK 100%
FRAMLÁSINN

VERÐ: 3.215.000 KR. + VSK

ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is

Innflutningur:

Heildverslanir og fyrirtæki í landbúnaði handhafar tollkvóta

Innnes, Aðföng, Mata, LL42 og Háihólmi eru helstu handhafar tollkvóta á landbúnaðarvörum en matvælaráðuneytið tilkynnti um úthlutun í síðustu viku.

Matvælaráðuneytið tilkynnti um úthlutun á tollkvótum á landbúnaðarvörum sem taka gildi 1. janúar næstkomandi. Tollkvótarnir veita heimild til innflutnings á kjöti, unnum kjötvörum, ostum og plöntum án tolla eða á lægri tollum en tollskrá segir til um. Í tilkynningu frá Stjórnarráðinu kemur fram að í nær öllum tilvikum hafi eftirspurn eftir tollkvótum verið umfram framboð og var þeim því úthlutað með útboði. Alls fengu 24 fyrirtæki úthlutað tollkvótum og geta þau nýtt tollkvótana í innflutningi á vörum ymist í sex eða tólf mánuði á næsta ári.

Heildverslanir fengu mest

Heildverslunin Innnes fékk úthlutað tollkvótum fyrir innflutningi á nær 300 tonnum af landbúnaðarvörum og rúm 240 tonn fóru til Aðfanga, innkaupa- og dreifingarmiðstöðvar Haga, sem rekur m.a. Bónus og Hagkaup.

Mata hf. fékk úthlutað um 217 tonnum af kjöti og ostum, þar af 144 tonn af svínakjöti. Síld og fiskur ehf. er systurfélag Mata en það framleiðir matvæli úr svínakjöti og öðrum kjötvörum og rekur m.a. þrjú svínabú á landinu. Matflugl er einnig systurfélag Mata en starfsemi þess felst í ræktun, slátrun og vinnslu alifuglakjöts og er einn stærsti framleiðandi kjúklungaafurða á Íslandi.



Innnes fékk m.a. úthlutað tollkvótum fyrir innflutningi á 100 tonnum af unnum kjötvörum og 50 tonnum af ostum frá ESB.

Mynd / Petar Lazarevic

Fyrirtækið LL42 ehf., sem er í eigu Stjórnugriss, fékk um 192 tonnum úthlutað. Háihólmi ehf. fékk einnig úthlutað tollkvótum fyrir innflutningi á um 192 tonnum af kjöti og osti, þar af um 70 tonn af nautakjöti. Félagið er í eigu Birgis Karls Ólafssonar en hann er, samkvæmt Vísi, innkaupastjóri Esju gæðafæðis, dótturfélags Kaupfélags Skagfirðinga.

Önnur fyrirtæki sem fengu úthlutað tollkvótum voru m.a. Krónan, Ekran, Garri, Kjötmarkaðurinn ehf., Sláturfélag Suðurlands og Mjólkursamsalan.

Þrjú fyrirtæki sem ekki hafa fengið úthlutað tollkvótum áður eru á listanum, Matarbúrið, Salvía og SRX hf., en það síðastnefnda er heildverslun, aðallega með rafvörur, á forræði Finns Arnasonar,

fyrirverandi forstjóra Haga.

Sem fyrr fékk heildverslunin Samasem langmest úthlutað af tollkvótum fyrir plöntur og blóm, 141.000 stykki af þeim 177.250 stk. sem í boði voru.

Ókeypiss innflutningur á sérostum

Útboðsgjald tollkvóta ræðst af jafnvægisverði, þ.e. lægsta samþykka tilboði í hverjum vörulið. Tilboð fyrirtækjanna eru svo samþykkt frá hæsta boði til þess lægsta innan þess magns tollkvóta sem í boði er. Jafnvægisverð á tollkvóta fyrir innflutning á nautakjöti frá ESB reyndist 597 kr/kg, fyrir svínakjöt reyndist það 420 kr/kg. Fyrir alifuglakjöt var það 50 kr/kg.

Jafnvægisverð á tollkvótum fyrir

innflutning á 115 tonnum af sérostum frá ESB og 11 tonnum af sérostum frá Bretlandi reyndist 0 krónur, og var þeim úthlutað með hlutkesti. Eins reyndist jafnvægisverð fyrir innflutning á 13 tonnum af smurosti frá Noregi 1 kr/kg.

Lífleg umræða í aðsendum greinum

Í kjölfar úthlutunarinnar kom Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda (FA), fram í viðtali við Vísi þar sem hann sagðist telja innlenda framleiðendur stunda samkeppnishindranir með því að bjóða hátt í tollkvóta. Hann kallaði eftir því að úthlutun tollkvóta yrði án endurgjalds.

Reimar Marteinson, rekstrarstjóri hjá KS, birti í framhaldi aðsenda grein í Morgunblaðinu þar sem hann svaraði málfutningi Ólafs. Hann benti á að ekki sé gefið upp hvaða fyrirtæki bjóði hvaða verð í tollkvóta og að í öllum flokkum væri mikill munur á hæsta og lægsta verði. Hann nefndi að verð á tollkvótum fyrir unnum kjötvörum, sem hann segir innflutningsaðila innan FA sitja einir á, hafi einnig hækkað.

Þessu svaraði Ólafur á sama vettvangi og sagði að innflutningsfyrirtæki og verslanir skili lækun tolla og annarra gjalda til neytenda. Hann benti á tengsl fyrirtækisins Háahólma við KS. „Nú þegar KS er opinberlega orðið eindreginn talsmaður kjötinnflutnings afurðastöðva, er þá ekki rétt að hætta þessum feluleik?“

Margrét Ágústa Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Bændasamtaka

Aðili	Úthlutaður kvóti (kg)
Innnes	293.695
Aðföng	240.862
Mata	216.685
LL42	192.491
Háihólmi	192.487
Krónan	190.688
Ekran	188.978

Stærstu handhafar tollkvóta á landbúnaðarvörum við síðustu úthlutun.

Íslands, blandaði sér í umræðuna með aðsendri grein á Vísi. Hún sagði málfutning um tolla villandi, „þar sem FA er látið líta út sem talsmaður neytenda. Raunveruleikinn er hins vegar sá að FA er að gæta sérhagsmuna örfárra eigenda innflutningsfyrirtækja.“

Hún benti á að landbúnaður skapi 10–12 þúsund bein og óbein störf og væri lykilþáttur í að viðhalda byggðafestu og fjölbreyttri atvinnu um allt land. Hún sagði að með auknum tollkvótum eða niðurfellingu á tollum væri verið að flytja störf úr landi, hætta væri á að landbúnaður á Íslandi dragist saman og tiltekna búgreinar leggist af.

Steinþór Skúlason, forstjóri SS, lagði einnig til málanna í grein í Morgunblaðinu sl. þriðjudag. Hann sagði að heildsalar sem gefa kjötkvóta væru ekki til. „Stóri munurinn á innflutningi afurðastöðva og heildsala er að afurðastöðvar flytja fyrst og fremst inn hráefni til vinnslu sem skapar virðisauka og störf innanlands en heildsalar flytja inn fullunna og pakkaða vöru sem skilar engum nema þeim ávinningi.“

/ghp

Segðu BLESS við óværuna!

YKKAR

BANINN SEM VIRKAR

-fæst í öllum betri landbúnaðar- og byggingavöruslunum

Kjöt af kornfóðruðum holdablendingum kom best út

Í neytendakönnun, sem Mátis stóð fyrir á kjötgæðum nautakjöts, líkaði neytendum best við nautakjöt af kornfóðruðum holdablendingum.

Enginn bragðmunur var en marktækur munur var á áferð á milli samanburðarhópa. Til grundvallar voru fóðurtílaunir með fjóra nautahópa, þar sem skoðuð eru áhrif á kjötgæði út frá annars vegar hlutfalli korns í fóðri og hins vegar nautgripakyni.

Áhrif mismunandi hlutfalls korns í heildarfóðri

Verkefnið heitir Áhrif fóðrunar á gæði kjöts af íslenskum holdanautum. Eva Margrét Jónudóttir, verkefnisstjóri hjá Mátis, segir að tólf naut hafi verið í hverjum hópi og öll alin á sama bæ við sömu aðstæður, eða nánar til tekið í Hofstaðseli í Skagafirði. Verkefnið eigi að svara því hvaða áhrif mismunandi hlutfall korns af heildarfóðri holdablendinga hafi á kjötgæði og markaðsstöðu þessa kjöts í samanburði við kjöt af unneytum af íslenska kúakyninu. Hún segir að bráðabirgðaniðurstöður liggi fyrir en opin lokaskýrsla sé væntanleg í janúar á næsta ári. Gripirnir voru aldri þar til þeir náðu um 620–630 kílóum og þá slátrað. Eftir slátrun lágu þá fyrir upplýsingar um áhrif fóðrunar á vaxtarhraða, sláturaldur og kjötmat.

Kornfóður virtist koma betur út

Einn hópurinn var holdablendingshópur sem fékk ekkert korn, annar holdablendingshópurinn fékk 20% hlutfall korns í heildar þurfnisáti, þriðji holdablendingshópurinn fékk 40% hlutfall korns í heildar þurfnisáti og loks var hópur af nautum af íslenska kúakyninu sem fékk 20% kornhlutfall í heildar þurfnisáti.

Eva segir að hópurinn af nautum af íslenska kúakyninu, sem fékk 20% kornhlutfall, hafi eingöngu verið borinn saman við holdablendingshópinn sem fékk 20% kornhlutfall. Holdablendingshópurinn hafi svo innbyrðis verið bornir saman. „Mest geðjaðist neytendum að áferð kjötsins af holdablendingunum sem



Eva Margrét Jónudóttir, verkefnisstjóri hjá Mátis, að störfum.

Myndir / Aðsendar

fengu 20% og 40% hlutfalls korns og var marktækur munur á milli hópa.

Greindu neytendur mun á milli allra hópa nema á milli 20% og 40% hópa holdablendinga.

Meiri einstaklingsbreytileiki var greindur innan hóps íslenska kúakynsins heldur en hjá holdablendingum. Það kemur ekki á óvart þar sem erfðafjölbreytileiki er meiri hjá íslenska kúakyninu,“ segir Eva.

Mesta fitusprengingin hjá kornfóðruðum holdablendingum

Að sögn Evu kom í ljós að hlutfall fitu jókst með vaxandi korngjöf hjá holdablendingum, sem sé í takti við aðrar rannsóknir. Fitusýrugreining var einnig í takt við aðrar rannsóknir en þar mátti sjá örlítið herra hlutfall af mettudum fitusýrum með aukinni korngjöf og þá sömuleiðis herra hlutfall af fjölmottuðum fitusýrum hjá þeim hópi sem aðeins fékk gröffóður. „Fitusprenging með sjónmati var sambærileg hjá 20% og 40% holdablendingahópnum en aðeins minni hjá 0% hópnum og íslensku nautunum sem fengu 20% korn.“

Samstarfsaðilar verkefnisins eru Sel ehf., Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Íslandsnaut frá ferskum kjötvörum, Kjötafurðastöð KS og Landbúnaðarháskóli Íslands. Verkefnið er styrkt af Matvælasjóði. /smh

Þú finnur Bændablaðið á www.bbl.is, Facebook & Instagram

Traustur félagi yfir hátíðirnar

Skeljungur óskar viðskiptavinum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs. Skeljungur þakkar ánægjulegt samstarf á árinu sem er að líða.





Svartárvatn upp af Bárðardal. Myndin tengist efni greinarinnar ekki beint. Mynd / sá

Matur:

Bleikjuharðfiskur úr heimilisbakarofninum

– Ef grisja þarf ofsetið fjallavatn

Auðvelt er að gera sinn eigin „harðfisk“ heima í eldhúsi úr flökum smáfisks. Flökuð, smá bleikja er tilvalin til að prófa sig áfram.

Harðfiskur smakkast mörgum vel og á almannavitorði að fiskþurrkun er algeng meðal þjóða. Færri vita kannski að unnt er að gera eigin afbragðsgóða „harðfisk“ heima í eldhúsi. Þetta kom í ljós í samtali við ágætan mann á Austurlandi fyrir allnokkrum árum. Hann fór af og til og grisjaði fjallavatn nokkurt, grunnt bleikjuvatn, með félögum sínum svo það yrði ekki ofsetið og allur fiskur þar með smár. Smábleikjuna sem veiddist flakaði hann svo, lagði í þækil og þurrkaði heima hjá sér eftir kúnstarinnar reglum og varð úr bragðgóður harðfiskur sem hann bar jafnan á sér í poka og bauð þeim að smakka sem á vegi hans urðu, við góðar undirtektir.

Aðferð:

- Smá og þunn, snyrt fiskflök eru lögð í 6% saltþækil í tæpan hálf tíma í ísskáp.
- Flökum raðað á ofngrindur í einföldu lagi, með bili á milli.
- Sett í heimilisofninn á 30 °C, blástur, í 24–48 klst. eða uns fiskurinn er orðinn gegnþurr. Gott er að hafa ofurlitla rifju á ofninum.

Saltþækil:

• Saltþækil fyrir þunn smáflök er búinn til með því að leysa salt upp í vatni (ca 70 g salt í 1 lítra af vatni). Gæta þarf að því að þækillinn umlyki flökin vel og a.m.k. sé rúmlega sama magn af þækli og fiski.

• Gera má ráð fyrir að eftir því sem flökin eru þykkri þurfi því sterkari saltþækil og sömuleiðis lengri söltunartíma. Saltþækilsupplýsingar finnast á veraldarvefnum.

Geymið heimaþurrkaðan fisk í lokuðum umbúðum í ísskáp uns hans er neytt og geymið ekki of lengi.

Austfirðingurinn sem áður var um getið s a g ð i s t líka hafa þ u r r k a ð þækilfisk á ofninum heima hjá sér, en heimilisbakarofninn er áreiðanlega hentugri, að ekki sé talað um sérstaka þurrkofna sem fást hérlendis.

Greinarhöfundur brá undir sig betri fætinum eitt árið og þæklaði og þurrkaði grisjunarbleikju úr austfirsku fjallavatni. Þetta var m.a. borið fyrir gesti í hádegisveislu á aðfangadag og vakti hrifningu, jafnt hjá ungum sem eldri matgæðingum. Rifíð var úr roðinu uns allt var upp urið.

/sá

Grænland:

Jólatrjáalundur hreindýrabóndans

– Greni og lerki spjarar sig vel á 61° norðlægrar breiddar

Stefán Hrafn Magnússon, hreindýrabóndi í Grænlandi, hefur gróðursett tré á landi sínu í Isortoq á Grænlandi og er búinn að koma upp allmyndarlegum jólatrjáalundi.

Stefán hefur lengi verið í Grænlandi. Hann fór þangað fyrst, til Qaqortoq, aðeins fimmtán ára gamall eftir að hafa verið í sveit fyrir vestan öll sumur. Áhugi hans beindist enda snemma að landkönnun og pólförum og hann drakk í sig bókmenntir um Inúíta og lifnaðarhætti þeirra. Hann varð búfræðingur frá Bændaskólanum á Hvanneyri árið 1974, lærði umhirðu hreindýra hjá Sömum í Noregi, lærði hreindýrarækt við hreindýrabraut Menntaskólans í Gellivare í Norður-Svíþjóð, kenndi hana í Alaska og tók flugmannspróf í Kanada. Sömuleiðis vann hann um skeið á norskum rækjutogara sem einnig var útbúinn á selveiðar í Hvítahafinu.

Heima á Íslandi yfir veturinn

Stefán stofnaði hreindýrabúíð Isortoq Reindeer Station árið 1989 og hefur í 35 ár verið hreindýrabóndi á jörðinni Isortoq á Suður-Grænlandi. Fyrirverandi samstarfsmaður Stefáns, Ole Kristiansen frumkvöðull (1947–2021), flutti fyrstu hreindýrin til Suður-Grænlands árið 1973.

Stefán býr í Grænlandi með uppkomnum börnum sínum, þeim Manitsiaq John og Freyju Aþenu, en dvelur yfirleitt um háveturinn á Íslandi. Þá ganga hreindýrin á víðavangi og sjá um sig sjálf. Í mars fer hann til Grænlands að huga að hjörðinni. Loftslagsbreytingar orsaka að hreindýrabændur/hjarðmenn á norðurslóðum þurfa að huga að fóðrun hreindýra á vetrum og hefur svo verið um nokkur ár í Skandinavíu, þörfin fyrir þetta er einnig á Grænlandi og eru



Jólatrjáalundur sem Stefán Hrafn Magnússon hefur ræktað upp í Isortoq á Suður-Grænlandi. Hann ræktar m.a. greni og lerki og hyggur á uppgræðslu sanda á svæðinu. Myndir / Aðsendar

átlanir um það fyrir áframhaldandi hreindýrarækt á Grænlandi.

„Við vorum í miklu samstarfi við rússneska hreindýrahjarðmenn og bændur; Nenetsa, Evenka, Evena, Chuktsja og Búrjata. En eftir stríðið hefur lokast á allar ferðir og ég sakna þessa vina minna. Þeir eru mjög jólalegir og lifandi ímynd jólasveinsins með hreindýrasleða sína,“ segir Stefán.

Hann skipuleggur ásamt börnum sínum m.a. veiðiferðir og gönguferðir fyrir ferðafólk.

Trjárákt og landgræðsla

Stefán hefur gróðursett nokkur tré í Isortoq og hyggur á frekari landgræðslu, segir þar vera mikla sanda sem græða þurfi upp. Rauðgreni og sitkagreni sem hann gróðursetti fyrir allnokkru dafnar vel og nefnir hann það jólatrjáalund sinn. „Þetta er svo sem ekkert merkilegt hjá mér, nokkur tré á stangli,“ segir hann sposkur. „Og ég hefði betur átt að setja niður 2.000–5.000 tré strax frá byrjun, þá ætti ég nógan eldivið í dag, en það er huggulegt að sitja að snarkandi báli við arininn að kveldi dags.“

„Lerki spjarar sig einnig mjög vel þar sem við búum, á 61° norðlægrar breiddar. Sunnar en Ísland,“ bætir Stefán við. Skógrækt á Grænlandi byrjaði kringum 1953. „Þar var einn frumkvöðull, Poul Bjerge heitinn. Grænlenka Arboratið, eða

Skógrækt Grænlands, var stofnað af danska skógræktarmanninum Søren Ødum um 1988 og er staðsett í Narsarsuaq. Eftir dauða Søren 1999 hefur Skógræktin verið í samstarfi með Skógræktinni í Hörsholm, Danmörku, og Búnaðarfélagi Grænlands. Einn af aðalvatamönnum skógræktar á Grænlandi hefur verið Kenneth Höegh,“ útskýrir Stefán. Hann telur að í kringum 100.000 tré vaxi hjá skógræktinni við flugvöllinn í Narsarsuaq, og spretti ágætlega. „Loftslag þar einkennist af fjarðarbotnsloftslagi, með góðum sumarhita, meðalhiti er 11 °C í júlí,“ segir hann enn fremur.

Tilraunir hafa sýnt að unnt er að rækta ýmsar trjátegundir á sunnanverðu Grænlandi en best hafa þrífist hægvoxta tegundir frá norðurlægum skógarmörkum, svo sem skógarfura, fjallapínur, hvítgreni, ilmbjörk og balsamösp. Náttúrulega birkiskóga, sömu tegundar og vex á Íslandi, má finna í afskekktum fjörðum á sunnanverðu Grænlandi. Innan um má finna reynivið, grænöl og ýmsar víðitegundir.

Stefán segir Grænland hafa breyst talsvert á þeim tíma sem hann hefur verið þar. Það sé á hraðleið inn í nútímann og gamlir hættir láti undan síga. Þó eru matarhefðir Grænlandinga enn hafðar í heiðri, svipað og þorramatur Íslendinga, en þó oftar notaðar á tyllidögum. /sá



Stefán Hrafn Magnússon, hreindýrabóndi á Grænlandi, ásamt dóttur sinni og syni, þeim Freyju Aþenu og Manitsiaq John.



Páska- & vorferðir Bændaferða

Áhyggjulaus ferðaupplifun á ógleymanlegum áfangastöðum!

Að venju er úrvalið glæsilegt og býðst nú að njóta páskahátíðarinnar í Alsace & Svartaskógi, í Róm & á Amalfiströndinni, í Lissabon og í Loire dalnum & París. Einnig bjóðum við upp á spennandi vorferðir til Madrid & Valencia, Prag & Brno og Flórens & Gardavatns.

bænda
FERÐIR

Bókaðu núna á baendaferdir.is

Sími 570 2790 • bokun@baendaferdir.is • Síðumúla 2 • 108 Reykjavík



11 góðar ástæður til að velja CLAAS ARION 400 dráttarvél



Allt í einni hendi:

ELECTROPILOT stjórnstöngin er ekki bara fyrir ámoksturstækjavinnuna, þú stýrir einnig vökvaskerfnum og einnig eru fimm forritanlegir hnappar til taks.

Loftfjaðrandi sæti:

Grammer Dual Motion-sætið er með loftfjöðrun, sætishitara, fram/aftur fjöðrun og höfuðpúða sem færir til hliðar þegar ökumaður þarf að sjá aftur fyrir sig.



Kraftmikill mótör:

Fjögurra strokka FPT-mótörinn allt að 155 hestöfl – meira en nokkur önnur vél í þessum stærðarflokki.



Frábært útsýni:

Með PANORAMIC öikumannshúsinu er full yfirsýn yfir vinnuumhverfi og ámoksturstæki.



Lýsing:

Með allt að átta LED vinnuljósum breytist vinna í skammdegi í bjartan dag.



Auðvelt viðhald:

Öllum kælum er hægt að halla fram svo að auðvelt sé að komast að til að sinna þrifum og viðhaldi.




Kúplingsfrí gírskipting:

Hvort sem þú velur QUADRISHIFT (16+16) eða HEXASHIFT (24+24) getur þú skipt um gír án þess að kúpla eða þá haft vélinu sjálfskipta með QUADRACTIV/HEXACTIV.



Snjall akstur:

Með SMART STOP virkar bremsan einnig sem kúpling, mjög gagnlegt við allar aðstæður.



CLAAS = Þægindi:

Eins og alltaf bíður CLAAS upp á frammúrskarandi þægindi. Húsfjöðrun er staðalbúnaður og fjaðrandi framhásing valbúnaður.



Öflugt vökvakerfi:

Með allt að 4 vökváúttökum og með stærstu vökvadælunni allt að 150 l/min flæði tiltækt!

Kælihölf:

Undir farþegasætinu er kælihölf með rými fyrir 1,5 lítra flösku og snarl.



Hringrásarhagkerfið:

Betri rekstrargrundvöllur fyrir lífgasver

– Hráefnið verður nautgripamykja og garðyrkjuúrgangur en afurðirnar áburður, koltvísýringur, rafmagn og hiti

Sigurður Már
Harðarson
smh@bondi.is



Stefnt er að stofnun rekstrarfélags á næstunni utan um starfsemi á lífgas- og áburðarverri í uppsveitum Árnessýslu. Grunnhugmyndin er sú að verksmiðjan taki við nautgripamykju frá kúabændum og garðyrkjuúrgangi ylræktar frá Reykholti og nágrenni, sem síðan fer í loftfirrða gerjun [e. anaerobic digestion] og afurðirnar sem verða til eru meðal annars koltvísýringur og áburður.

Í nýrri viðskiptaáætlun Orkídeu fyrir slíka verksmiðju er gert ráð fyrir að horfið sé frá því að framleiða metangas sem afurð úr verksmiðjunni en í staðinn verði koltvísýringur eina gastegundin sem út úr verksmiðjunni kemur sem markaðsvara, auk áburðar, hita og rafmagns.

Áður hafði danska ráðgjafar-fyrirtækið NIRAS unnið fýsileikaskýrslu um rekstrarhæfni slíkrar verksmiðju þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að rekstrartekjur myndu standa undir rekstrarkostnaði en ekki fjármagnskostnaði. Var þá gert ráð fyrir kostnaðarsamri metanvinnslu auk þess að reiknað var með minna hráefni í þeirri sviðsmynd.

Því var farin sú leið að kanna annan rekstrargrundvöll og í nýju rekstrarlíkani er gert ráð fyrir stækkun verksmiðjunnar, úr tæpum 35 þúsund tonna hráefni af sem samanstendur af ylræktarúrgangi, sauðataði og kúamykju í allt að 50 þúsund tonn af ylræktarúrgangi og kúamykju. Þar af væru um þrjú þúsund tonn það sem fellur til á ylræktarstöðvum.

Möguleg þátttaka ríkisvaldsins

Orkídea er samstarfsvettvangur um nýsköpun á Suðurlandi á vegum Landsvirkjunar, Samtaka sunnleiskra sveitarfélaga, Landbúnaðarháskóla Íslands og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis.



Í lífgas- og áburðarverinu er gert ráð fyrir að kúamykju sé breytt í meltu, sem verður betri áburður.

Mynd / AP

„Við ætlum að senda þessa viðskiptaáætlun í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið til skoðunar og umræðu um mögulega þátttöku ríkisvaldsins í verkefni af þessu tagi, sem við teljum að ýmsu leyti geta orðið mjög þjódhagslega hagkvæm,“ segir Sveinn Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri Orkídeu.

Hringrásarhagkerfi landbúnaðarins

„Ef verkefnið verður að veruleika er ljóst að dregið verður úr samfélagslosun Íslands á gróðurhúsalofttegundum,“ heldur Sveinn áfram. „Við erum þá að breyta metani, sem annars færi út í loftið með hefðbundinni geymslu og dreifingu á mykjunni, í koltvísýring

sem ylræktarstöðvarnar nota til ræktunar á nytjaplöntum sínum sem taka hann upp.

Við vitum að ráðuneytið hefur áhuga á þessu og verkefnið er þar til skoðunar, enda teljum við okkur vera búin að finna leið sem skilar arðsemi þó hún sé ekki mikil. Það myndi hins vegar breyta miklu fyrir verkefnið ef það fengist stuðningur við það, til dæmis úr nýja loftslags- og orkusjóðnum sem myndi þá niðurgreiða stofnkostnaðinn að einhverju leyti en við ætlum að stofnkostnaður verði á bilinu sjö til átta hundruð milljónir króna,“ segir Sveinn.

Hann telur að verðmæti slíkrar verksmiðju fælist ekki síst í því að með starfsemi hennar væri verið að

stíga ákveðið skref í átt að hringrásarhagkerfi í landbúnaði. „Það er vitað mál að möguleg áburðarefni sem falla til í afskurði í ylrækt og öðrum úrgangi frá landbúnaði til dæmis hafa ekki farið til beinnar endurnýtingar þó þau ættu að gera það.“

Sveinn vísar þar til þess að lög tóku gildi í byrjun árs 2023 þar sem kveðið er á um að bannað sé að urða lífrænan úrgang.

Betri áburður


Í þeirri sviðsmynd sem nú er gengið út frá í viðskiptaáætlun Orkídeu verður úrganginum safnað saman frá garðyrkjustöðvum í Reykholti, Laugarási og á Flúðum og frá allt að 30 kúabúum í um það bil 30 til 35 kílómetra radiusi frá verksmiðjunni. Í framleiðsluferli gerjunarinnar verður hráefnið að meltu sem nýtist sem lífrænn áburður.

„Þetta verður nýjung fyrir kúabændur að fá auðleysanlegri og -dreifanlegri áburð til að bera á sín tún. Þetta samræmist líka gildum hringrásarhagkerfisins, þar sem við erum að fá þarna inn áburðarefni frá ylræktinni sem fara í raun til spillis í dag en geta nýst kúabændum og sparað þeim tugi milljóna króna í innkaupum á tilbúnum áburði.“

Nánast engin áburðarefni tapast

Í áætlunum Orkídeu, sem kynntar hafa verið kúabændum á svæðinu, er gert ráð fyrir að hvert kúabú fái út úr verksmiðjunni að minnsta kosti jafnmikið af áburðarefnum og það lagði inn. Þar sem nánast engin áburðarefni tapast í ferlinu verður jafnmikið sem fæst til baka, auk þeirra næringarefna sem bætast við úr garðyrkjunni.

Eftir að hráefnið hefur farið í gegnum gerjunarferlið hefur köfnunarefnið (N) að mestu leyti (80%) færst yfir á fljótandi form og kalí (K) líka (80%). Fosfórinn (P) er hins vegar að mestu leyti (80%) í fastefnahluta meltunnar, en um 20% er að finna á vökvahlutanum. Meltan, sem bændur fá, er blanda af föstu efni (um 10%) og fljótandi (um 85%) auk gastegunda og vatns. Að sögn Sveins er hins vegar ekki reiknað með frekari aðgreiningu eða vinnslu áburðarefnanna á þessu stigi, en vissulega sé möguleiki á að gera það síðar ef það verður talið hagkvæmt.



Forsíða fýsileikaskýrslunnar sem danska ráðgjafar-fyrirtækið NIRAS gaf út fyrir Orkídeu og deild garðyrkjubænda hjá Bændasamtökum Íslands.

Innihaldsrík mykja

Í skýrslu sem Matís gaf út árið 2022 er veitt yfirlit yfir heildarmagn áburðarefna í lífrænum úrgangi á Íslandi árið 2019. Reyndist svipað heildarmagn áburðarefnanna N, P og K vera í lífræna úrganginum og í innfluttum áburði það ár. Langmest er af áburðarefnum í nautgripamykju af þeim úrgangsflokkum sem yfirlit Matís náði yfir, en þar voru allar búgreinar undir nema garðyrkja. Í þeim rúmlega 731 þúsund tonni af mykju sem féll til árið 2019 var heildarmagn af N tæp 2.600 tonn, 583 tonn af P og rúmlega 2.100 tonn af K. Innflutningur á tilbúnum áburði það ár innihélt 10.600 tonn af N, 1.480 tonn af P og 2.380 tonn af K, en langmest af þeim innflutningi var ætlaður til jarðræktar.

Á vef Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins eru gögn aðgengileg, ætluð bændum vegna áburðaáætlana þeirra. Þar kemur fram að áætlað nýtanlegt magn af köfnunarefni úr kúamykju sé á bilinu 1,4 til 1,8 kíló á hvert tonn við góð skilyrði, nýtanlegt magn fosfór sé 0,5 kíló á tonn og af kalí sé magnið á bilinu 1,2 til 1,6 kíló á hvert tonn. „Okkar upplýsingar benda til þess að nýtnin á áburðarefnum verði mun betri með því að dreifa meltunni fremur en mykju. Við höfum ekki enn farið út í að reyna að reikna út nákvæmlega

Savage Mark II
FV-SR Cal: 22

Kr. 79.900

Savage Mark II FVXP
Cal: 22 LR

Kr. 89.900

Henry Lever Action
H 001 Cal: 22 LR

Kr. 84.900

SAVAGE 93 XP EVO
NEXT CAMO 17 HMR

Kr. 119.000

Savage 93R17
BVXP 17 HMR

Kr. 119.000

Henry Big Boy
cal 38/357

Kr. 199.000

Sérverslun veiðimanna - Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturröst.is

Þjóðum heimsins ber siðferðilega að vernda vistkerfi jarðarinnar...

Hversu mikið betri nýtingin er, enda nokkuð flókið miðað við íslenskar aðstæður. En reynsla færeyskra bænda segir okkur að meltan gefi auðleysanlegri áburð sem er mun fljótvirkari en mykjan, eins konar millistig milli mykju og tilbúins áburðar hvað varðar leysanleika. En meltan gefur samt betri langtímaáhrif en tilbúinn áburður, samkvæmt okkar heimildum.

Mikill sparnaður

Sveinn segir að reiknað hafi verið út að fyrir þessi 30 bú gæti sparnaðurinn numið 50 til 80 milljónum króna árlega samanlagt og þá er eingöngu tekið tillit til þeirrar viðbótar sem fengist úr garðyrkjuúrganginum en ekki til dæmis möguleg áhrif af betri nýtingu á áburðarefnum.

Meltunni yrði dreift með slöngukerfi á traktor eða með mykjudreifara. Í áætlunum Orkídeu hefur verið reiknað út að viðbætur af áburðarefnum úr þrjú þúsund tonna garðyrkjuúrgangi geti numið 120 tonnum af köfnunarefni, 18 tonnum af fosfór og 90 tonnum af kalí á ári. Þar sem ekki voru til gögn var magnið áætlað út frá mælingum nokkurra garðyrkjustöðva í þéttbýliskjörmunum í uppsveitum Árnassýslu, en þar er langmesta ylræktarframleiðsla á Íslandi.


Með loftfirðri gerjun á mykjunni minnkar kolefnisspor landbúnaðar, því minna metan leysist úr læðingi úr hauggeymslum og frá áborinni mykju á ræktarlönd.

Jákvætt hljóð í kúabændum

Rafn Bergsson, formaður deildar nautgripabænda hjá Bændasamtökum Íslands, segir að ekki hafi verið haft formlegt samráð við hans deild í undirbúning fyrir verkefnið. Honum sýnist hins vegar af þeim upplýsingum sem hann hafi séð að um mjög spennandi verkefni sé að ræða. Það sé gert ráð fyrir að nýting áburðarefnanna úr mykjunni verði enn betri, sem gefi vonir um að hægt verði að spara kaup á tilbúnum áburði. Slíkt verkefni gæti styrkt hringrásarkerfið og það sé mjög jákvætt ef hægt sé að nýta gasið úr mykjunni til að selja grænmetisbændum sem koltvísýring á góðum kjörum. Hann segir það væntanlega misjafnt eftir svæðum hvort þessar lausnir séu raunhæfar, en trúlega passi þetta vel á þessu svæði þar sem frekar þéttbýlt er og mikil grænmetisræktun.

Kynningarfundur var haldinn í byrjun október í Aratungu í Reykholti þar sem kúabændum í uppsveitum Árnassýslu voru kynnt áform um uppbyggingu á lífgas- og áburðarveri. Þar voru þrjár sviðsmyndir kynntar; fyrsta útgáfan, þar sem metangas var enn ein af afurðunum, síðan smærri útgáfan af verinu en einkum var sjónum þó beint að uppfærðri viðskiptaáætlun sem hér hefur verið til umfjöllunar. Sveinn segir að hljóðið í bændum hafi verið mjög jákvætt á fundinum og mikil stemning hafi verið fyrir því að skoða verkefnið áfram í endurbættri útgáfu.

Sú sviðsmynd geri ráð fyrir sjö til átta prósentu rekstrarafgangi í tekjur af heildarstarfsemi versins, til að mæta fjármagnskostnaði. Fyrri rekstrarlíkan gerði ráð fyrir um fimm prósentu rekstrarafgangi sem þótti ekki nægilegt til að geta greitt



Þolmörk ýmissa vistkerfa hafa verið skilgreind gagnvart inngrípi mannsins til dæmis. Hér sést hvernig röskun á náttúrulegum hringrásum köfnunarefnis (N) og fosfórs (P) er talin á síðasta ári vera komin langt út fyrir þolmörkin og eru rauðlitaðir tveir neðstu geirarnir. Mynd / Stockholm Resilience Centre

vaxtakostnað eða laðað fjárfesta að verkefninu.

Hagstæð kjör á koltvísýringi

Sem fyrr segir er í nýrri viðskiptaáætlun gert ráð fyrir að meginafurðir verksmiðjunnar verði koltvísýringur og áburður, auk rafmagns og hita. Ávinningur garðyrkjubænda af innleggi sínu er vistvæn gjaldfrjáls losun á sínum úrgangi og hagstæð kjör á rafmagni og koltvísýringi.

„Nákvæmlega hversu góð kjör það verða er ekki alveg vitað ennþá, en við erum að reikna með um 25 prósent betra verði og lægri flutningskostnaði á koltvísýringi. Það er meiri óvissa með raforkuverðið enda er flutningskostnaður raforku að hluta til niðurgreiddur. Miðað við spár um hækkandi raforkuverð er þó líklegt að hagstæðari kjör verði í boði frá rekstrarfélagi verksmiðjunnar. Það hefur ekki verið gert ráð fyrir að garðyrkjubændur fá áburð til baka þar sem áburður í ylrækt er sértækur og þyrfti að vinna þá meltuna frekar, sem er dýrt,“ segir Sveinn.

Nytsamlegar lausnir fyrir garðyrkjuúrgang

Axel Sæland, formaður deildar garðyrkjubænda hjá Bændasamtökum Íslands, segir að hans deild hafi komið að því að yta verkefninu úr vör. Deild garðyrkjubænda var formlegur útgefandi fýsileikaskýrslu NIRAS, ásamt Orkídeu, sem gefin var út í desember 2023.

„Þetta verkefni var styrkt í gegnum verkefni um kolefnishlutleysi garðyrkjunnar á sínum tíma, rúmar sjö milljónir króna. Garðyrkjustöðvarnar Friðheimar, Gufuhlíð og Espiflöt tóku þátt, sem og sveitarfélagið Bláskógabyggð, en Orkídea hefur alveg haldið utan um verkefnið.

Upphaflega markmiðið var að finna nytsamlegar lausnir fyrir garðyrkjuúrgang, það er annað en að urða hann. Skoðun á lífgasveri varð ofan á og hefur verkefnið þróast í þá átt síðan,“ segir Axel.


Hann telur að óvissa sé með ávinninginn af raforkuhlutanum og þar séu ýmis tæknileg úrlausnarefni líka. Líklega þurfi rafmagnið að fara inn á dreifikerfi RARIK og síðan þurfi að finna út úr söluhlutanum til garðyrkjubænda þaðan.

Hins vegar væri mikill ávinningur af því að fá hagstæð kjör af koltvísýringi, sem sé mikið notað á garðyrkjustöðvunum.

„Verkefnið er vissulega orðið fýsilegra en í upphafi og það var virkilega gaman að sjá áhuga kúabænda á þessu verkefni hér í uppsveitum,“ bætir Axel við.

Endurnýting áburðarefna

Hvort sem verkefni Orkídeu verður að veruleika eða ekki, er aðkallandi fyrir Ísland að finna lausnir í þróun landbúnaðar í átt að hringrásarhagkerfi. Lífrænn úrgangur er auðlind sem ætti ekki að fara til spillis. Ástand úrgangsmála er enn á frekar frumstæðu stigi, þannig að landið stendur tæpast undir skuldbindingum sínum, hvorki siðferðilegum né lagalegum hvað þau mál varðar.



Skýringarmynd fyrir sviðsmyndina sem stefnt er að fyrir rekstur á lífgasverinu í uppsveitum Árnassýslu. Mynd / Orkídea

Mikið magn af tilbúnum áburði er flutt til landsins árlega, en engir skipulagðir ferlar eru til á Íslandi um einangrun og endurnýtingu á áburðarefnum svo minnka megi innflutningsmagnið. Aðallega felst endurvinnsla þessara efna hér á landi í notkun bænda á búfjárúrgangi, auk þess sem kjötmjöl sem áburðargjafi hefur verið framleitt úr sláturuðgangi.

Stöðugleika vistkerfa verði raskað

Hefðbundin notkun á búfjárúrgangi er ekki skilvirk leið á nýtingu áburðar efna, auk þess sem hún er óumhverfisvæn að ýmsu leyti. Hún losar bæði

gróðurhúsalofttegundir og getur skapað ójafnvægi í vistkerfum vatna þegar áburðarefni skolest út úr búfjárúrgangi, sérstaklega þegar mykja er borin á utan vaxtartíma nytjaplantna, til dæmis á vorin og eða að hausti. Það er víða þekkt vandamál og kallast þörungablómi og getur orðið með stöðugri útskolun á bæði köfnunarefni og fosfór.

Þjóðum heimsins ber siðferðilega að vernda vistkerfi jarðarinnar sem sjá okkur fyrir lífsnauðsynlegum næringarefnum fyrir plöntur, sem eru undirstaða fæðuöflunar. Það er hægt með því að stefna í átt að virkri hringrás áburðarefna, með hringrásarhagkerfi í

landbúnaði. Stöðugleika náttúrulegra ferla köfnunarefnis og fosfórs hefur verið alvarlega raskað á síðustu árum með inngrípum mannsins vegna framleiðslu á tilbúnum áburði. Nýting margra þjóða á þessum áburðarefnum er ósjálfbær og er talin geta haft skaðleg og mögulega hörmungaráhrif á mannkynið.

Á vef Stockholm Resilience Centre (stockholmresilience.org) er fylgst með stöðu vistkerfa og þolmörk þeirra (planetary boundaries) gagnvart inngrípi mannsins til dæmis, eins og þau voru skilgreind í grein nokkurra vísindamanna í Nature árið 2009.

Framhald á næstu síðu.



Átt þú orlofseign sem þú vilt leigja?

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga óskar eftir að leigja vönduð sumarhús eða orlofsíbúðir fyrir félagsmenn sína sumarið 2025.

Leitað er eftir húsnæði víðs vegar um landið. Eignirnar þurfa að vera snyrtilegar, fullbúnar húsgögnum og öðrum viðeigandi búnaði.

Áhugasamir sendi upplýsingar á hjukrun@hjukrun.is eða hafi samband við skrifstofu í síma 540 6400.



Langmest er af áburðarefnum í nautgripamykju af þeim úrgangsflokkum sem yfirlit Matis náði yfir. Við umbreytingunni yfir í meltu opnast möguleikar á að dreifa áburðinum á sumrin. Mynd / smh



Um það bil sama magn áburðarefna er í innfluttum tilbúnum áburði og fellur árlega til í lífrænum úrgangi. Mynd / Bbl

Þar má sjá á stöðumynd frá síðasta ári að fosfór og köfnunarefni er komið langt út fyrir þölmörkin og inn á rautt hættusvæði. Þróunin hefur verið hröð í þá átt allar götur frá 2009 þegar farið var að meta stöðuna. Þá þegar var talið að óumhverfisvæn framleiðsla á köfnunarefni úr andrúmsloftinu hefði valdið því farið var út fyrir

þölmörk vistkerfisins, með röskun á náttúrulegri hringrás. Síðan hafa ógnirnar af námuvinnslu fosfórs einnig vaxið jafnt og þétt, enda framleiðsla á tilbúnum áburði vaxið jafnt og þétt á undanförunum árum. Fosfór er takmörkuð auðlind í heiminum en það á sér mjög hægfara náttúrulega hringrás.

Lagalegar skyldur Íslands

Lagalega hefur Ísland líka skyldur, sem beinlínis snerta úrgang frá búgreinum landbúnaðarins; alþjóðlegar skuldbindingar eru um samdrátt í losun á gróðurhúsalofttegundum og í byrjun árs 2023 tóku lög gildi sem kveða á um að bannað sé að urða „lífrúgang“ eða veita honum út í sjó.

Lífrúgangur er til dæmis úrgangur frá garðyrkjustöðvum og fiskeldisseyra.

Markmið skuldbindinganna eru því tvíþætt. Annars vegar að Ísland leggi sitt af mörkum í sameiginlegu átaki þjóða heimsins í baráttunni gegn hnattrænni hlýnum og hins vegar varðveisla á verðmætum næringarefnum með innleiðingu á hringrásarhagkerfi. Hið síðarnefnda snýst meðal annars um hagræn rök og verðmætasköpun sem hægt er að ná fram með því að draga mjög úr innflutningi á tilbúnum áburði.

Nægilegur rekstrarafgangur

Í sviðsmyndinni sem nú er horft til hjá Orkídeu er gengið út frá að einfalt miðlægt lífgasver verði að ræða. Hráefnið verður sótt á býlin og kúamykjan sótt á kúabúin á sérstökum tankbíl. Gerjunartankar yrðu staðsettir í um eins til þriggja kílómetra fjarlægð frá Reykholti. Lífgasið yrði leitt eftir plastpípum í sérstaka rafstöð sem yrði staðsett í Reykholti. Rafstöðin verður keyrð á CHP-kerfi (Combined Heat and Power), sem knúð er með lífgasi og þar er metangasið brennt sem gefur hreinan koltvísýringnum, hita og rafmagn. Það eru svo afurðirnar sem verða til sölu og eiga að standa straum af stofn- og rekstrarkostnaðinum og í þessari sviðsmynd er gert ráð fyrir nægilegum rekstrarafgangi til þess.

„Í okkar áætlunum gerum við ráð fyrir að meginhluti teknanna muni koma af sölu á koltvísýringnum sem myndi standa undir kostnaðinum að mestu leyti. Auðvitað vonumst við eftir stuðningi við verkefnið og grænum lánnum, til dæmis frá Bygðastofnun, sem myndi gera það fýsilegra. Þá ætlum við líka að kynna það fyrir fjárfestum í heimabyggingu og við finnum áhuga á að halda verinu í eigu heimamanna.

„Ég er ólæknandi bjartsýnn á verkefnið og held að það væri hægt að vinna hratt í undirbúningi verkefnisins. En við erum núna að gera okkur vonir um að innan árs, eftir að öll leyfi eru fengin, að þá verði verksmiðjan komin í fulla starfsemi.

Um leið erum við að skoða útfærslur á svipuðum líkönum en bara á mun smærri skala, jafnvel bara á einum bæ. Um væri að ræða staðbundna einfalda vinnslu sem byggir á söfnun á mykju á einu eða tveimur nálægum kúabúum með viðbót af öðrum lífrænum úrgangi, til dæmis heyfyrningum. Slík ver gætu verið mjög hagstæð á köldum svæðum,“ segir Sveinn.

Næringarrík en blaut og sölt fiskeldisseyra

Skýrsla Matis, sem áður er nefnd, var hluti af stærra samstarfsverkefni um sjálfbæra áburðargjafa sem lauk formlega um mitt síðasta ár. Í skýrslunni er tiltekið að þó svipað magn áburðarefna falli til í lífrænum úrgangi ár hvert og er í innfluttum tilbúnum áburði beri að athuga það að uppruni áburðarefnanna sé einmitt að mestu leyti úr innflutta tilbúna áburðinum.

Undantekningin er þó fiskeldisseyra þar sem áburðarefnin koma úr fódri. Með stórvaxandi grein landeldis á Íslandi má búast



Upphæflegt markmið verkefnis Orkídeu var að finna nýtsamlegar lausnir fyrir garðyrkjuúrgang í stað þess að urða hann. Mynd / smh

við að fiskeldisseyra verði mjög mikilvægt hráefni til áburðargarðar í framtíðinni, hvernig sem hún verður svo unnin á endanum. Tæknilega er þó erfðara að einangra áburðarefnin úr henni, gera hana hæfa til notkunar sem áburðargjafa, en til dæmis úr nautgripamykju. Hún er vatnsmikil, inniheldur mikið magn af salti og gæti orðið kostnaðarsöm í flutningi.

Hún kom hins vegar vel út í uppgreðslutilraunum verkefnisins um sjálfbæra áburðargjafa og var á pari við kjúklingaskít og kjötmjöl, en hún er sérstaklega auðug af fosfór. Nokkur nýsköpunarverkefni eru nú í gangi sem ganga út á að nýta fiskeldisseyruna til framleiðslu á lífkolum og varðveita áburðarefni með þeim hætti. Það er ferli sem felst í hitun á lífrænu efni án súrefnis, en lífkol má síðan nota til að bæta jarðvegsgæði og draga úr þörf fyrir tilbúnum áburði.

Hringrásinni lokað

Í umfjöllun Bændablaðsins í júní 2023 um verkefnið var rætt við Jónas Baldursson, verkefnisstjóra hjá Matis. Þar sagði hann að nýsköpunarfyrirtækið Atmonia hefði náð að þróa umhverfisvæna leið til að framleiða köfnunarefni úr andrúmsloftinu og þar sé unnið að því að skala hana upp. Fyrirtækið hafi verið samstarfsaðili í verkefninu og í áburðartilraunum þess.

Af niðurstöðum skýrslu Matis um áburðarefni í lífrænum úrgangi var ljóst að nóg fellur til af fosfór og kalí á Íslandi, en dálítið vantar upp á magn köfnunarefnis. Jónas segir að með viðbót af umhverfisvænu köfnunarefni frá Atmonia verði fræðilega hægt að loka hringrásinni.

Jólatilboð

 <p>20% afsláttur</p> <p>DeWALT laser mælir</p> <p>Afsláttarverð: 7.911</p> <p>Fullt verð: 9.889</p>	 <p>30% afsláttur</p> <p>JCB borvél hleðslu 18V 1x2.0Ah rafhl 45Nm</p> <p>Afsláttarverð: 14.880</p> <p>Fullt verð: 21.257</p>	 <p>20% afsláttur</p> <p>USAG skrúfjárn rafdrifið</p> <p>Afsláttarverð: 17.360</p> <p>Fullt verð: 21.700</p>
 <p>20% afsláttur</p> <p>SKIL höggborvél hleðslu Kolalaus mótör 12V</p> <p>rafhlöður + hleðslutæki</p> <p>Afsláttarverð: 18.352</p> <p>Fullt verð: 22.940</p>	 <p>20% afsláttur</p> <p>VARTA rafhlöður AAA</p> <p>Afsláttarverð: 1.339</p> <p>Fullt verð: 1.674</p>	 <p>20% afsláttur</p> <p>KAPRO verkfærasett</p> <p>Afsláttarverð: 13.867</p> <p>Fullt verð: 19.809</p>



VERKFÆRA LAUSNIR

verkfæralausnir.is

Skútuvogi 1E - Opið mán.-fim. 8-18, fös. 8-17 og lau. 11-15.



EINFALDEGA HLUTI AF JÓLUNUM

VELJUM AÐEINS ÞAÐ BESTA UM HÁTÍÐARNAR

Íslenska lambakjöttið á sérstakan stað í hjörtum þjóðarinnar um jólin, enda hefur það leikið aðalhlutverkið á hátíðarborðum landsmanna lengur en elstu menn muna. Það er órjúfanlegur hluti af hverju einasta jólahlaðborði og í hugum margra algjörlega ómissandi á aðfangadagskvöld.

Skoðaðu hátíðlegar lambauppskriftir á islensklambakjot.is





Nýju garðyrkjubændurnir í Reykási. Þorleifur Þorri Ingvarsson og Oddný Ýr Sigurðardóttir ásamt börnunum Sólva Þór og Helgu Hrönn.

Myndir / Aðsendar

Garðyrkja:

Draumur að rætast

Hulda Finnsdóttir
hulda@bondi.is



Nýir garðyrkjubændur tóku við rekstri garðyrkjustöðvarinnar Reykás í Brekkuhlíð fyrr á árinu. Þau Oddný Ýr Sigurðardóttir og Þorleifur Þorri Ingvarsson hyggja á samspil grænmetisframleiðslu og hestamennsku.

Þorleifur er menntaður garðyrkjufraeðingur og Oddný Ýr Sigurðardóttir er búfræðingur, þroskaþjálfari og reiðkennari frá Hólum að mennt, auk þess að vera í kennaranámi við Háskóla Íslands. Þau fluttu í Skeiða- og Gnúpverjahrepp fyrir nokkrum árum með þá stefnu að kaupa sér jörð og hefja búskap.

„Ég var í Garðyrkjuskólanum þegar við fluttum hingað austur með það að leiðarljósi að fara út í þetta. Ég hef alltaf haft gaman af garðyrkju, var mikið í skógrækt með afa mínum þegar ég var yngri og hef síðan alltaf verið með annan fótinn í skrúðgarðyrkju og hinu og þessu. Mamma mín hefur verið að tala um

Garðyrkjuskólann við mig í tuttugu ár svo ég ákváð að prófa. Það byrjaði ekki vel, skólinn hrundi, svo kom Covid en þetta hafðist þó að lokum,“ segir Þorleifur.

Hesthús og gróðrarstöð

Þorleifur sér um daglegan rekstur á stöðinni en Oddný sér um launamál og annað sem við kemur rekstrinum en auk þess starfar hún sem kennari við Þjórsárskóla. Draumur hennar er að byggja íbúðarhús og hesthús á jörðinni. „Þorleifur plataði mig hingað til að skoða stöðina. Ég var nú bara að skoða en hann var að fara til að kaupa hana. Hér erum við og getum látið drauma okkar beggja rætast. Þegar við fluttum austur var það stefnan að eignast jörð og vera okkar eigin herrar; vera með hross og gróðrarstöð, en ég bjóst nú kannski ekki alveg við svona stórrí stöð. Þetta hefur gengið vonum framam en það var hér rosalega góður rekstur og við búum vel að fyrri eigendum.“

Garðyrkjustöðin Reykás var stofnuð árið 1998 af þeim Sólveigu Sigfúsdóttur og Reyni Jónssyni en þá

voru þau aðallega með útiræktun. Árið 2006 að var byggt 2.016 fm gróðurhús fyrir gúrkur og árið 2011 var reist 1.440 fm gróðurhús fyrir tómatrækt og 2016 var byggt annað 1.440 fm gróðurhús með þökkunaraðstöðu. Þá bættist salatræktun við starfsemina árið 2018. Reynir rekur einnig fyrirtækið NPK, ásamt Gunnari Th. Gunnarssyni, en það fyrirtæki er leiðandi í sölu á rekstrarvörum og í þjónustu við garðyrkjubændur.

„Við þekktum Sólveigu og Reyni ekki en ég hafði fyrst samband til að fá vinnu en síðan kom þetta tækifæri og ákváðum við að slá til,“ segir Þorleifur en vistaskiptin hafa gengið vel. „Þau standa við bakið á okkur og ég get alltaf fengið ráðleggingar og aðstoð frá þeim. Ég var búinn að vera hér í viku áður en við tókum við 1. júní. Þann 3. júní fóru þau út á ráðstefnu þannig ég fékk eldskím í nokkra daga. Ég heyrir alltaf í Reyni af og til en það er margt sem maður þarf að læra því hver stöð er sérstök. Hann er alltaf við símann og tilbúinn að koma og leiðbeina manni sem er ómetanlegt. Annars væri þetta ekki hægt,“ segir Þorleifur.

Rækta alla salatskálina

Í dag er fyrst og fremst framleitt salat, gúrkur og tómatar í Reykási en í framtíðinni sjá þau Þorleifur og Oddný fyrir sér að stækka og bæta við ræktunina.

„Við erum líka með grænkál og steinseljú í einhverju magni. Í kaupunum fengum við 2.500 fermetra í viðbót sem við getum farið að rækta í. Ég er svolítið spenntur fyrir heilsárs ræktun á papriku en þá er maður kominn með alla salatskálina. Við eigum líka tún herna sem við getum verið með útiræktun,“ segir Þorleifur en Oddný segist þó ætla að fá að nota hluta túna fyrir hrossin og fái kannski 500 fermetra sem uppistöður fyrir hesthús.

Raforkuverðið galið

Hingað til hefur rekstur gengið vel og engin stór skakkaföll orðið á vegi þeirra. Þeim blóskrar hins vegar raforkuverðið og hefur Oddný birt nokkra pistla um málið á samfélagsmiðlum sínum. Að þeirra sögn hefur raforkuverðið hækkað um fjórðung á aðeins hálfu ári.

„Raforkuverðið er stærsta áskorunin í rekstrinum. Þegar við tókum við þá göngum við ekki inn í neinn samning. Það var munnlegt samkomulag að við myndum gera það en það var ekki staðið við það. Í tvo mánuði stuttu eftir að við tókum við vorum við að borga krónu meira fyrir hverja kílóvattstund af þessari 5.000 fermetra stöð en við gerðum heima hjá okkur í 124 fermetra húsi. Það var smá biti,“ segir Þorleifur.

Oddný segir að þau hafi fengið örllitla leiðréttingu á því en segir þó að raforkuverðið sé galið. „Öllum samningum við garðyrkjubændur verður sagt upp nú um áramótin og á það eftir að hafa afleiðingar. Þetta er orðið þannig að raforkuverð á mánuði er orðið rúmlega launakostnaðurinn, við erum ekki að tala um einhverja hundrað þúsund kalla heldur milljónir. Ef þetta heldur svona áfram verður minna framboð á íslensku grænmeti, verð til neytenda mun hækka og engin nýliðin í greininni. Við erum eyja úti í ballarhafi og ættum að geta verið sjálfbær með allt en með svona áframhaldi verðum við það ekki. Maður getur alveg orðið klikkaður á að tala um þetta. Þetta er svo mikil bilun.“

Þau vilja sjá garðyrkjubændur flokkaða sem stórnotendur á raforku og samið verði við þá þannig. „Stóriðjan er að fá lægsta verðið. Það er enginn að segja mér það að allir grænmetisbændur á Íslandi flokkist ekki undir stóriðju. Þetta er eitthvað sem þarf að berjast fyrir. Við munum aldrei gefast upp og höldum áfram með hnefann á lofti og látum heyrja í okkur hvað þetta varðar á meðan hlutimur eru óbreyttir.“

Þau eru farin að leita annarra leiða í raforkuframleiðslu en Þorleifur hefur verið að kynna sér sólar- og vindorku. „Ég er búinn að vera í viðræðum við sólarcellu- og vindmyllufyrirtæki í Þýskalandi til að koma fyrir herna. Átta mánuði á ári gæti þetta létt vel undir. Við búum það vel herna, öfugt við marga aðra, að við höfum mikið land í kringum okkur að hægt væri að setja slatta undir sólarcellur. Á meðan ástandið er svona þarf maður að skoða alla möguleika. Ég er alveg

tilbúinn að skoða vindorkuna líka en erfiðara yrði að fá það samþykkt hjá nágrönnum og öðrum.“

Ekkert frí

Í garðyrkjustöðinni vinna átta manns með Þorleifi og segjast þau vera heppin með starfsmenn. Öll hafi þau unnið lengi í Reykási en þeir starfsmenn hafi starfað þar í um 20 ár. Unnið er á hverjum degi enda tekur grænmeti sér ekki helgarfrí.

„Hér er unnið á hverjum degi, á virkum dögum er þetta frá átta til rúmlega fjögur og síðan er það misjafnt um helgar, allt frá tveimur tímum og upp í sex. Fer bara eftir því hvað þarf að gera mikið og hvað náðist að gera í vikunni á undan. Við verðum að skera gúrkur á hverjum degi og nýtum helgarnar í að pakka. Tómatarirnir eru síðan þrisvar í viku en mesta vinnan er í kringum gúrkurnar, þær vaxa svo hratt.“


Þetta er kunnulegt stef í eyrum bænda en þeir þekkja það flestir að frítími er af skornum skammti og orðið veikindadagur jafnvel ekki til í þeirra orðabók. „Abyrgðin er líka öll á manni sjálfum svo þú getur ekkert mætt illa fyrir kallaður eða verið veikur heima. Maður verður bara að mæta. Ég var hér brjóstbeinsbrotinn í fimm vikur. Það var mjög erfitt en það gekk. Hefði alveg verið til í að vera að gera eitthvað annað ákkurat þá en þurfti bara að mæta. Maður þarf að vera svolítið galinn til að vera í þessu,“ segir Þorleifur.

Oddný hnýtir því við að ef Þorleifur fengi að ráða væri hann í garðyrkjustöðinni allan sólarhringinn. „Það er staðreynd – hann myndi vera herna alltaf. Þess vegna held ég að sé sniðugast fyrir okkur að deiliskipuleggja fyrir húsi og hesthúsi og flytja hingað sem fyrst.“

Öðruvísi jól

Nú eru jólin fram undan og munu þau Oddný og Þorleifur eyða þeim að mestu leyti í gróðurhúsinu. Eru þetta fyrstu jólin þeirra sem garðyrkjubændur og munu nýjar jólahæfir myndast.

„Við verðum að vinna öll jólin. Þurfum aðeins að skipuleggja hvernig við ætlum að hafa þetta. Mamma mín verður hjá okkur um jólin og bróðir minn kemur líka eitthvað. Við ætlum að halda eitt jólaboð á jóladag. Það góða við það er að mamma verður þá heima á meðan við förum að vinna og dóttir okkar verður þá ekki ein um jólin,“ segir Oddný. Þorleifur er strax kominn með lausn á jólaboðinu og bendir á borðið í kaffistofunni í garðyrkjustöðinni. „Tilvalinn staður fyrir jólaboðið.“



Fallegir tómatar í ræktun.



Salatræktun bættist við starfsemina árið 2018.

SÚLUR
STÁLGRINDARHÚS

**ALLT FRÁ
FYRSTU
HUGMYND AÐ
FULLBÚNU HÚSI**

- ▶ Hönnun og ráðgjöf
- ▶ Framleiðsla
- ▶ Uppsetning
- ▶ Verkefna- / byggingastjórn

✉ kristjan@sulurehf.is

🌐 www.sulurehf.is

☎ 669 0803

Súlur
stálgrindarhús
fyrir atvinnu-, iðnaðar- og
íbúðarverkefni

Husqvarna - finndu kraftinn



Snjóblásari ST424T
8,6 HP, vinnslubreidd 61cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, belti, rafstart.



Snjóblásari ST330
11,1 HP, vinnslubreidd 76cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, extra stór dekk, rafstart.



Snjóblásari ST327
9 HP, vinnslubreidd 69cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, extra stór dekk, rafstart.



Snjóblásari ST224
7 HP, vinnslubreidd 61cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, rafstart.



Husqvarna K770
Steinsög
Sögunardýpt 12,5cm



Husqvarna K970
Steinsög
Sögunardýpt 15,5cm



Husqvarna AM310 MK II
Slátturóbot
1000m² - 40% halli



Husqvarna AM415X
Slátturóbot
1500m² - 40% halli




Husqvarna CEORA 546
Slátturóbot
50.000m² - 20% halli



Husqvarna AM550 EPOS
Slátturóbot
10.000m² - 45% halli



Husqvarna 550XP MKII
Keðjusög - 4,2 hestöfl/3kW
Bensín (tvígens)



Husqvarna 450e
Keðjusög - 2,4kW
Bensín (tvígens)



Helixx 12140
Salt- og sanddreifari.
Tekur 535 lítra og allt að 915 lítra með upphækkun.



Helixx 11790
Salt- og sanddreifari.
Tekur allt að 1400 lítra.



Helixx 11780
Salt- og sanddreifari.
Tekur allt að 1100 lítra.

SNOWEX[✓] Amerískur vetrarbúnaður sem endist



jarðvegsþjoppur - þýsk gæði



Bomag BT 60 e
Jarðvegsþjappa - 71 kg



Bomag BT 65
Jarðvegsþjappa - 68 kg



Bomag BR 95
Jarðvegsþjappa - 92 kg



Bomag BVP 10/30
Jarðvegsþjappa - 46 kg



Bomag BP 10/35
Jarðvegsþjappa - 65 kg



Bomag BVP 18/45
Jarðvegsþjappa - 91 kg



Bomag BPR 25/50
Jarðvegsþjappa - 140 kg



Bomag BPR 35/60 H
Jarðvegsþjappa - 228 kg



Bomag BPR 45/45
Jarðvegsþjappa - 340 kg



Bomag BPR 60/65 D/E
Jarðvegsþjappa - 460 kg



Bomag BPR 100/80
Jarðvegsþjappa - 695 kg



kjarnaborvélar - gólf- og veggsagir - kjarnaborar - steinsagarblöð



Tyrolit DME33UW
kjarnaborvél - 450mm



Tyrolit DME20PU
kjarnaborvél - 180mm



Tyrolit steinsagarblöð



Tyrolit kjarnaborar



Tyrolit WSE1621
veggisög 20kW - Sögunardýpt 70cm



Tyrolit FSG513P
gólfisög - Sögunardýpt 19,5cm

Skagafjörður:

Arkar fram í eyðidal með forystuhrút í bandi

Forystuhrúturinn Frakkur hefur reynt gulls ígildi. Í haust hefur hann aðstoðað eiganda sinn, Eysteinn Steingrímsson á Laufhóli í Skagafirði, við eftirleitir og heldur betur haft erindi sem erfiði.

Guðrún Hulda Pálsdóttir
gudrunhulda@bondi.is



Holdgervingur Fjalla-Bensa

Í bókinni Forystufé og fólk í landinu eftir Daniel Hansen og Guðjón Ragnar Jónasson er sagt frá forystufjarræktinni í Laufhóli sem rekja má til ársins 1961. Einnig er samvinna forystuhrútsins Móra og Eysteins gerð góð skil, meðal annars með skemtilegum brag Gunnars Rögnvaldssonar en hér fylgja þrjú erindi:

Í Kolbeinsdalnum haustsins hret háði gangnamönnum. En Eysteinn skjátur ekki lét eftir sitja í bönnun.

Lögðu af stað í ferð til fjár fram í eyðidalinn. Traustur hestur, hundur knár hrúturinn og smalinn.

Í brunagaddi, birtu van, brota og þæfingsfæri. Var þar eins og Aðventan endurskrifuð væri.

Eysteinn rataði í fréttirnar árið 2022 þegar til hans sást ríðandi um sveitir með forystuhrút í taumi. „Móri var upphafið að þessari vitleysu og hefur þessi fíflangur undið upp á sig. Það er ekkert grín að vera svona sérvitur,“ segir hann og á þá við þá iðju sína að ganga lengra í tamningum hrúta en menn yfirleitt gera.

Móri er því miður allur, en fjölástir urðu honum líklegast að aldurtíla. Frakkur er náskyldur Móra.

„Frakkur er að sumu leyti skemmtilegri en Móri var. Frakkur er enn þá næmari gagnvart því að kenna honum. Ég gerði hann strax bandvandan á fyrsta vetri. Hann var mjög fljótur að tileinka sér það. Ég notaði hann við að finna blæsmur og tók fljótt eftir því þá hvað þægilegt er að eiga við hann,“ segir Eysteinn. Þegar kind er blæsma er hún eðlunarfús, og þá er æskilegur tími til að sæða.

Dýrin eru vinir

Eysteinn gekk þá lengra við tamningu Frakks. „Ég þjálfá aðeins hunda líka og hef haft hann með mér þar, því hann kemur alltaf til mín ef það er hundur nálægt. Því hann veit að hann er öruggur hjá mér.“

Hann segir tamningu forystuhrúta í sjálfu sér ekki ólíka þjálfun annarra nytjadyra.

„Það hefur verið heilmikil vakning með að viðhalda hreinu forystufjarkyni en svo bölvá þessu margir líka, því þær geta verið mjög óþekkar. En það er með forystuféð eins og hunda og hross, það þarf að

gera féð að vinum sínum. Þá fyrst getur maður farið að temja það og þá getur maður nýtt sér dýrin eins og í þessu tilfelli.“

Svo vel fór á með þeim Frakki að Eysteini datt í hug að láta reyna á notagildi forystuhrútsins við eftirleitir.

„Byrjunin á þessu var þegar ég missti kind, sem ekki náðist, fram af Skálum upp í Kolbeinsdal sem er upprekstrarsvæðið okkar. Það var kominn snjór og ég keyrði Frakk áleiðis og teymdi hann að Tungnahrygg, fremst í dalnum, og skildi hann eftir þar. Nokkrum dögum seinna skilaði hann sér niður á láglandi, að gangnamannakofanum,



Eysteinn Steingrímsson og forystuhrúturinn Frakkur ásamt hestinum Létti og hundinum Kjarki.

Mynd / Aðsend

með þessa kind,“ segir Eysteinn hróðugur.

Síðan þá hefur hann þrammað aftur fram í dal í eftirleitir með forystuhrútinum í bandi, rétt eins og Fjalla-Bensi og förunautar hans, Eitill og Leó, í hinni dáu nýllu Gunnars Gunnarssonar, Aðventu.

Dýrmeitt bataferli

„Það sem er frábærost við Frakk er að hann tekur aldrei í taum. Hann fylgir manni bara eftir og maður veit varla af honum. Það er snjór og leiðindi þarna framfrá og ég hefði ekki getað farið með hann öðruvísi, enda hef ég ekki náð upp fyrri styrk eftir krabbameinsmeðferðir,“ segir Eysteinn en hann hefur verið að berjast við þann vágast í nokkur ár.

„Þetta hefur verið liður í mínu bataferli að standa í þessu því ég nennti ekki að fara í líkamsrækt. Ég þarf að hafa einhvern tilgang með að fara út og labba – brasa eitthvað. Þetta er sérvíska í hnotskurn. En það er dásamlegt að fara til fjalla, vera einn þarna með hund, hest og hrút og engan til að segja manni fyrir verkum.“

Eysteinn hefur deilt ferðum sínum með myndum af feður Kolbeinsdals um haust og að vetrarlagi og bjölluskreyttur Frakkur í forgrunni vekur hrifningu. „Þetta er bara þjátur,“ segir Eysteinn um tilgang bjöllunnar.



Frakkur í essinu sínu.



Eysteinn fór með Frakk upp á Heljardal í Kolbeinsdal í þeim tilgangi að finna eftirlegukindur. Reyndist það ferð til fjár.



Jupo Íslandi ehf.
Kt. 630615-1270
774 - 4344
@jupo@jupo.is

Verð með VSK		
Brunndæla 2" með hnífum  19.321 kr.	Slökkvidæla 2" bensín  90.706 kr.	Slökkvidæla 3" dísel  228.160 kr.
Bensínrafstöð 2.8 kW  61.445 kr.	Díselrafstöð 8 kW 10 kVA  282.596 kr.	Díselrafstöð 33 kW 30 kVA  2.523.400 kr.
Gashitari 4.2 kW  11.929 kr.	Rafmagnsofn 2000 W með WIFI og barnalæsingu  19.270 kr.	EasyMIG 210LED einfasa suðuvél, líka TiG  85.503 kr.

Margt fleira á
www.jupo.is

Við fjármögnum landbúnaðartæki





Birkir Þrastarson snyrtir klaufir á sex þúsund kúm á hverju ári. Starfssvæði hans nær frá Ölfusi austur að Kirkjubæjarklaustri.

Myndir / ál



Búnaðarsamband Suðurlands festi nýlega kaup á klaufsnyrtibás sem tryggir öryggi og þægindi kúa. Hérna nýtir Samúel Eyjólfsson, bóndi í Bryðjuholti, tækifærið og snyrtir hár á nokkrum stöðum á kúnum, eins og á júgra, eyrum og hala.

Nautgriparækt:

Velferð tryggð með snyrtingu klaufa

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Ofvaxnar klaufir geta orðið til þess að mjólkurkúr beita fótunum vitlaust og líður illa. Þá mjólka þær minna, liggja oftar, gefa sér minni tíma til að éta fóður og verða latari við að mæta í mjaltþjóninn.

Birkir Þrastarson er verktaki í kúaklaufskurði hjá Búnaðarsambandi Suðurlands. Hann segir

þumalputtaregluna erlendis vera að klippa klaufirnar á fjögur þúsund lítra fresti. „Eins og hérna á Íslandi ættir þú að klippa á átta mánaða fresti ef meðalnytin í kúnum er í kringum sex þúsund lítra á ári,“ segir hann.

Búnaðarsamband Suðurlands festi nýlega kaup á nýjum klaufsnyrtibás. Hann er smíðaður í Danmörku og miðast hönnun hans að öllu leyti að því að tryggja öryggi og þægindi bæði kúa og klaufsnyrta. Hann er glussadrifinn og hljóðlátur í allri notkun.

Í þægilegri vinnuhæð

Um leið og kýrnar ganga inn í básinn lokast hlið utan um hálsinn á þeim. Þá er kúnum lyft upp með tveimur þykkum borðum sem fara undir kviðinn. Hægt er að skorða hverja löpp í sérstakri festingu sem er í þægilegri vinnuhæð fyrir klaufsnyrtinn. Birkir bendir á að það séu öryggisventlar á glussadælunum sem tryggja að ekki sé hætta á að meiða kýrnar.

Klaufsnyrtibásinn er með áfastan hitaskáp þar sem geymt er hóflím og gúmmíklössar.



Við klaufsnyrtingar er notaður slípirokkur með tenntu hjóli.



Til að sinna kúnum sem best er miðað við að snyrta klaufirnar á átta mánaða fresti. Þær eru því orðnar vanar meðferðinni og fylgjast forvitnar með.

„Ef það er sár í klaufbotni eða brotin klauf þá lími ég klössu undir heilbrigðu klaufina til þess að léttu á þrýstingnum,“ segir Birkir, en þar sem límið er volgt er það fljótt að þorna.

af þeim sem var að klippa þá,“ segir hann. Hann hefur jafnframt bætt við sig menntun í nýrri klaufsnyrtiaðferð sem hefur minnkað holti kúa í Danmörku umtalsvert.

Upphaflega járnningamaður

Skilar sér í meiri mjólk

Birkir segir að það sé ekki endilega bændunum að kenna ef klaufirnar á kúnum eru ekki snyrtar nógu oft, heldur eigi klaufsnyrtarnir oft sök á því líka. Hjá flestum sé þetta aukastarf þar sem erfitt sé að hafa þetta að fullu starfi.

Á hverju ári snyrtir Birkir í kringum sex þúsund kúr, en hann telur að hann gæti snyrt klaufirnar á tíu þúsund kúm ef hann væri í þessu í fullu starfi. Hann sinnir bændum á öllu Suðurlandi allt austur að Kirkjubæjarklaustri.

Birkir er með járnningar hesta að aðalstarfi og segir margt líkt með því og klaufsnyrtingu. „Ég byrjaði þetta í rólegheitum fyrir einhverjum tíu árum og lærði

Þegar vel gengur getur Birkir snyrt í kringum tuttugu kúr á klukkutímann, en afköstin fara niður í fimmtán kúr ef klaufirnar eru mjög vaxnar. „Ef flórinn er sleipur þá ganga þær útskeifar eins og við á svelli og þá slitna þær vitlaust. Þá snýst upp á lappirnar og önnur klaufin getur vaxið yfir hina.“

Algengt verð fyrir klaufsnyrtingu á Suðurlandinu í dag er í kringum 2.500 krónur fyrir hverja kú sem Birkir telur að sé fljótt að borga sig til baka fyrir bændur, en honum skilst að það sé aðeins hærra annars staðar. „Þessi vinna kemur beint til baka í mjólkurtankinn.“

HEFUR ÞÚ SKOÐAÐ VEFVERSLUN KB?

Þar finnur þú úrval af vörum fyrir bændur í borgum og sveitum!







**FÓÐUR
LEIKFÖNG
GÆLUDÝRAVÖRUR
MÁLNING
FATNAÐUR & SKÓR
SPIL & PÚSL
BÚREKSTRARVÖRUR
VERKFÆRI
OLÍUR
...OG MARGT FLEIRA!**







Mikið úrval af hinum sívinsælu Bruder leikföngum - fyrir framtíðar bændur!







Sjá nánar á **WWW.KB.IS**



KAUFFÉLAG BORGIRÐINGA
120 ÁRA
1904 - 2024



Vetrartilboð



Uppsetning á höfuðborgarsvæði og Norðurlandi innifalin.
Sendum frítt um allt land. Geymum steina ef óskað er.



TILBOÐ 1 (ljósmynd)
Svartur, grár eða paradiso.
Sett eins og á mynd
585.000
án blómarammans
485.000

TILBOÐ 2

Demantur - passar líka á duftleiði
149.000 (199.000 með lukt)



TILBOÐ 3

Sett eins og á mynd - **380.000**
Svartur, grár eða paradiso



Rúmar tvö nöfn

VIÐHALDSFRÍR GRANÍTBEEKKUR

Svartur, grár eða paradiso.
Hægt að fá áletrun gegn aukagjaldi.
130cm - 150kg
frí sending um allt land.
230.000 kr



s: 466 2800 / 899 9370

sala@minnismerki.is

steinsmidjaakureyrar.is



Sé pantað fyrir 3. janúar 2025 bjóðum við

- 5% afslátt af samstæðum og vögnum
- 8% afslátt af rúllu- og pökkunarvélum
- 15% afslátt af sláttuvélum, snúningsvélum og rakstrarvélum
- 20% afslátt af sláttuvélum með knosara og fiðrildum (sambyggðum sláttuvélum)

Áramótatilboð 2025

Allir sem panta fyrir 3. janúar 2025 fá vélarnar **afhentar samsettar heim á hlað án aukakostnaðar.**

Öll verð miða við gengi EUR = 145 ISK. og eru birt án vsk.

Gleðilega hátíð kæru vinir og
takk fyrir viðskiptin á árinu.

Við hlökkum til samstarfsins á því næsta!

Þetta er aðeins brot af úrvalinu frá Krone.

Verðlistann í heild sinni finnur þú á vefsíðunni okkar

hesja.is

Síminn er
546-0415

Þú getur líka haft samband
við okkur með tölvupósti á
hesja@hesja.is

ActiveMow hliðartengdar sláttuvélar

- ActiveMow R200 - vbr. 2,05 m - 5 diskar
- ActiveMow R240 - vbr. 2,44 m - 6 diskar
- ActiveMow R280 - vbr. 2,83 m - 7 diskar
- ActiveMow R320 - vbr. 3,22 m - 8 diskar
- ActiveMow R360 - vbr. 3,61 m - 9 diskar

Listaverð

- 1.649.000
- 1.799.000
- 1.999.000
- 2.149.000
- 2.399.000

Tilboðsverð

- 1.401.650
- 1.529.150
- 1.699.150
- 1.826.650
- 2.039.150



EasyCut R miðjuhengdar sláttuvélar

- EasyCut R280 - vbr. 2,73 m - 6 diskar
- EasyCut R280 með knosara - vbr. 2,73 m - 6 diskar
- EasyCut R320 - vbr. 3,17 m - 7 diskar
- EasyCut R320 með knosara - vbr. 3,17 m - 7 diskar
- EasyCut R360 - vbr. 3,60 m - 8 diskar
- EasyCut R400 - vbr. 4,04 m - 9 diskar
- EasyCut R450 - vbr. 4,50 m - 10 diskar

- 2.099.000
- 3.299.000
- 2.399.000
- 3.749.000
- 2.749.000
- 2.849.000
- 3.599.000

- 1.784.150
- 2.639.200
- 2.039.150
- 2.999.200
- 2.336.650
- 2.421.650
- 3.059.150



EasyCut F framsláttuvélar

- EasyCut F320M - vbr. 3,17 m - 7 diskar
- EasyCut F320 með knosara - vbr. 3,17 m - 7 diskar
- EasyCut F360M - vbr. 3,60 m - 8 diskar
- EasyCut F360 með knosara - vbr. 3,60 m - 8 diskar
- EasyCut F400 Fold - vbr. 4,04 m - 9 diskar
- EasyCut F400 Fold með knosara - vbr. 4,04 m - 9 diskar

- 2.549.000
- 3.949.000
- 2.899.000
- 4.199.000
- 5.599.000
- 5.999.000

- 2.166.650
- 3.159.200
- 2.464.150
- 3.359.200
- 4.844.150
- 4.799.200



Allar 320 og 360 framvélar er hægt að fá í **dreginni útfærslu** fyrir 249.900 + vsk. aukalega

EasyCut B fiðrildi - sláttuvélatvænna

- EasyCut B870 - vbr. 8.62 m - 2x7 diskar
- EasyCut B870 með knosara - vbr. 8,70 m - 2x7 diskar
- EasyCut B1000 - vbr. 10,00 m - 2x8 diskar
- EasyCut B1050 með knosara - vbr. 10,10 m - 2x8 diskar
- EasyCut B950 - vbr. 9,45 m - 2x8 diskar - safnar að miðju

- 5.949.000
- 8.049.000
- 6.749.000
- 9.399.000
- 9.999.990

- 4.759.200
- 6.439.200
- 5.399.200
- 7.519.200
- 7.999.992



Við bjóðum **10% auka afslátt** af framvélum með keyptu fiðrildi.



Vendro lyftutengdar snúningsvélar

Vendro 470 - vbr. 4,63 m - 4 stjórnur x 6 armar
Vendro 560 - vbr. 5,54 m - 4 stjórnur x 7 armar
Vendro 620 - vbr. 6,16 m - 6 stjórnur x 5 armar
Vendro 680 - vbr. 6,77 m - 6 stjórnur x 6 armar
Vendro 790 - vbr. 7,82 m - 6 stjórnur x 7 armar
Vendro 820 - vbr. 8,14 m - 8 stjórnur x 5 armar
Vendro 900 - vbr. 8,96 m - 8 stjórnur x 6 armar
Vendro 1020 - vbr. 10,14 m - 10 stjórnur x 5 armar
Vendro 1120 - vbr. 11,15 m - 10 stjórnur x 6 armar

Listaverð

1.449.000
1.799.000
2.099.000
2.199.000
2.649.000
2.899.000
3.099.000
3.899.000
4.499.000

Tilboðsverð

1.231.650
1.529.150
1.784.150
1.869.150
2.251.650
2.464.150
2.634.150
3.314.150
3.824.150

Vendro T / KWT dragtengdar snúningsvélar

Vendro T900 - vbr. 8,80 m - 8 stjórnur x 6 armar
Vendro T1020 - vbr. 10,33 m - 10 stjórnur x 5 armar
Vendro T1120 - vbr. 10,95 m - 10 stjórnur x 6 armar
KWT1300 - vbr. 13,10 m - 12 stjórnur x 6 armar
KWT1600 - vbr. 15,27 m - 14 stjórnur x 6 armar
KWT2000 - vbr. 19,6 m - 18 stjórnur x 6 armar

3.749.000
4.399.000
4.749.000
5.449.000
6.999.000
9.999.000

3.186.650
3.739.150
4.036.650
4.631.650
5.949.150
8.499.150

Swadro S einnar stjörnu rakstrarvélar

Swadro S 380 - vbr. 3,80 m - 10 armar x 4 tindar
Swadro S 420 - vbr. 4,20 m - 13 armar x 4 tindar
Swadro S 460 - vbr. 4,60 m - 13 armar x 4 tindar
Swadro S 460 dragt. - vbr. 4,60 m - 13 armar x 4 tindar

1.249.000
1.699.000
1.799.000
2.049.000

1.061.650
1.444.150
1.529.150
1.741.650

Swadro TS 2-3 stjörnu hliðarrakstrarvélar

Swadro 710/26T - vbr. 6,80 m - 2x13 armar x 3/4 tindar
Swadro TS620 * - vbr. 6,20 m - 10/13 armar x 4 tindar
Swadro TS680 * - vbr. 6,80 m - 2x13 armar x 4 tindar
Swadro TS740 * - vbr. 7,40 m - 2x13 armar x 4 tindar
Swadro TS970 - vbr. 9,70 m - 10/13/13 armar

3.999.000
3.899.000
4.599.000
4.999.000
8.999.000

3.399.150
3.314.150
3.909.150
4.249.150
7.649.150

Swadro TC miðjurakstrarvélar

Swadro TC640 - vbr. 5,70-6,40 m - 2x10 armar x 3 tindar
Swadro TC680 - vbr. 6,80 m - 2x10 armar x 4 tindar
Swadro TC760 - vbr. 6,80-7,60 m - 2x13 armar x 4 tindar
Swadro TC880 - vbr. 7,60-8,80 m - 2x13 armar x 4 tindar
Swadro TC930 - vbr. 8,10-9,30 m - 2x15 armar x 4 tindar
Swadro TC1000 - vbr. 8,90-10 m - 2x15 armar x 4 tindar

3.449.000
3.749.000
4.099.000
4.999.000
6.299.000
6.999.000

2.931.650
3.186.650
3.484.150
4.249.150
5.354.150
5.949.150

Öll verð eru birt án vsk. og með fyrirvara um villur.

Comprima CF155XC samstæða

Ein mest selda samstæða á Íslandi síðustu ár, með mikla og góða reynslu.

Listaverð: 14.499.000 + vsk.

Tilboðsverð: 13.774.050 + vsk.

Plast- og netbinding: 799.200 + vsk. aukalega



Vélar merktar með * er hægt að fá í Twin útgáfu fyrir 249.900 + vsk. aukalega.



Bíldudalur:

„Það er ekki allt með slaufu“

Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is

Einsemd er víða og einsemd er val þykir mörgum, þar á meðal höfðingja einum vestan á Bíldudal sem gerir sitt besta til þess að líta dagana ljósi.

Nafnið Jón Kr. Ólafsson er mörgum kunnugt en hann er einn ástsælasti söngvari þjóðarinnar. Jón hóf feril sinn með hljómsveitinni Facon frá Bíldudal, en stóð á sviði með samferðafólki sínu, Ragnari Bjarnasyni, Hauki Morthens og Ellý Vilhjálms svo einhver séu nefnd.

Jón býr í einbýlishúsi sínu á Bíldudal og hefur rekið tónlistarsafnið Melódíur minninganna þar innan húss í um það bil fjórðung aldar. Það er hreint hugsjónastarf Jóns sem hefur yfir árin safnað munum og heimildum íslenskrar tónlistarsögu svo unun er á að líta. Ljósmyndir, auglýsingaplaköt, klæðnaður á borð við hinn fræga rauða jakka Hauks Morthens, hljóðfæri og annað setja taktinn fyrir því hvernig einstaklingur getur upp á sitt einsdæmi gætt mikilvægra menningarverðmæta án opinbers fjárstuðnings, þó ekki vafi hann í seðlum sjálfur.

Einsemd er val

Jón talar um hvernig einsemdin er víða, þá ekki síst um jólaeytið. Þetta er val, segir Jón sem þykir samfélagið á Bíldudal í smærri lagi, en þar búa rétt rúmlega tvö hundruð manns og áberandi flestir undir fimmtugu. Maður þarf að reyna að klóra í bakkann og vera sósíal.

„Ég tala íslensku og er ekki að fegra hlutina. Ég reyni sjálfur að vera í sambandi við fólk því ég tel einangrun óholla. Það gengur ekkert öðruvísi því fólk er orðið svo sjálfhvert í dag, situr bara heima og skoðar samfélagsmiðla í stað þess



Þau eru reffileg þrenningin á fimmtugsafmæli Jóns, Haukur Morthens, Jón Kr. og Vigdís Finnbogadóttir. Mynd / Hannes Pálsson.

ad stíga út úr þægindarammanum og hitta aðra í persónu, eða slá á þráðinn.

Svo velta allir því fyrir sér hvaðan hún kemur, öll þessi einsemd í þjóðfélaginu í dag? Hvers vegna ber fólk sig ekki eftir félagslegum samskiptum? Við vitum það að fjölmiðlageggjunin hefur orðið til þess að fólk liggur í samfélagsmiðlum og er sífellt að bera sig saman við aðra. Þetta er orðinn vítahringur því fólk situr svo heima morgun, kvöld og miðjan dag. Finnur fyrir einsemd en enginn gerir neitt róttækt í þessum málum.

Fólk hengir hvert hausinn framan í annað því það er nefnilega svo auðvelt að sitja og koðna heima hjá sér.

Miklu auðveldara en að gera eitthvað og líta sér nær. Þarna þarf að verða breyting á,“ segir Jón með snúð.

Hann hefur rétt fyrir sér í þessum efnunum, en samkvæmt nýlegum rannsóknum telst einmanaleiki til alvarlegrar heilbrigðis- og samfélagsvárs sem kunnir að vaxa

enn frekar á tækniöld. Má þar nefna rannsókn Aðalbjargar S. Helgadóttur, *Einmana. Tengsl og tilgangur í heimi vaxandi einsemdar* – sem má ma. finna á vefsíðu stjórnarráðsins.

Maður gerir sitt besta

Sjálfur reynir Jón eftir bestu getu að lifa lífinu til fulls þótt hann sé alleinangraður á Bíldudal.

„Ég þarf að komast til útlanda nú á næsta ári, það er svo gott fyrir andann að upplifa og sjá aðra menningu,“ segir Jón.

Stuttu áður en hann hætti öllu almennu tónleikahaldi hélt hann ásamt hljómsveit ferna tónleika í Jónshúsi í Kaupmannahöfn.



Jón hér í rauðum jakka söng ásamt öðrum listamönnum á minningartónleikum Hauks Morthens, vinar síns, vorið 1994. Myndir / Einkaeign

„Það var frábær loka-hnykkur á mínum ferli, útúrtróðið, mikil stemning og frábærir hljóðfæraleikarar.“

Hann minnst sérstaklega þjóðhátíðardagsins árið 2022 þar sem hann stóð á sviði Jónshúss ásamt Ingimar Oddssyni, félag sínum, og léttisveit fyrir fullu húsi. Jón, sem er fagurkeri og listunandi fram í fingurgóma, er dyggur talsmaður þess að upplifa heiminn á nærandi

hátt, menningu og fólk, lýkur samtalinu: „Það er ekki allt með slaufu, Sigrún mín. En maður gerir sitt besta.“

Þess má geta að á komandi ári verður Tónlistarsafnið 25 ára og Jón sjálfur fagnar stórafmæli. Í tilefni þess verður að sjálfsögðu blásið til hátíðahalda, enda segir Jón nauðsynlegt að hafa eitthvað á dagskránni til að hlakka til. Hann áætla því tónleikahald í september að öllu óbreyttu, eitthvað „intimate“ en að sama skapi vandað og elegant.

Hægt er að sækja tónlistarsafnið heim að Tjarnarbraut, Reynimel, á Bíldudal, alla daga og til viðbótar má ná í Jón í sínum 4562186 og 8472542.

2024

Við óskum landsmönnum öllum til sjávar og sveita gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári

Kveðja frá starfsfólki
Vatnajökulsþjóðgarðs



Vatnajökulsþjóðgarður
National park

unesco
World Heritage site



Þeir stóðu ósjaldan saman á sviðinu í gegnum árin, félagarnir Ragnar Bjarnason og Jón Kr. Ólafsson.



Frá einum þeirra tónleika í Jónshúsi þar sem Jón söng fyrir fullu húsi ásamt léttisveit sinni.



Hrein íslensk fæðubót frá Eylíf

Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup, Krónunni, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum og Nettó

Ókeypis sending á Dropp stað ef keypt er fyrir 7500 kr eða meira



ÓLAFÍA INGÓLFSSDÓTTIR
Ég mæli 100% með Active JOINTS, allra besta bætiefni sem ég hef kynnst



MARGRÉT ÁGÚSTSDÓTTIR
Ég elska íþróttina mína og er ánægð með Active JOINTS



HRAFNHILDUR JÓNSDÓTTIR
Finn mikinn mun á liðleika mínum



ÁRNI PÉTUR AÐALSTEINSSON
Ég er sannfærður um að Active JOINTS er að gera mikið gagn fyrir mig



HARTMANN K. GUÐMUNDSSON
Ég skipti yfir í Active JOINTS og fljótlega fann ég mikinn mun



FRÍÐRIK BENEDIKTSSON
Meiri orka og betri líðan með Active JOINTS



SIGRÚN KJARTANSDÓTTIR
Active JOINTS hefur reynst mér einstaklega vel



Vestfirðir:

Ólst upp í skógi

– Sigríður Júlía Brynleifsdóttir er nýr bæjarstjóri á Ísafirði

Magnús Hlynur
Hreiðarsson
magnushlynurh@gmail.com



Sigríður Júlía Brynleifsdóttir er nýr bæjarstjóri á Ísafirði en hún tekur við starfinu af Örnú Láru Jónsdóttur, sem er að setjast á Alþingi Íslendinga.

Sigríður er fædd á Akureyri 18. febrúar 1974 og er dóttir hjónanna Önnu Arnínu Stefánsdóttur leikskólakennara og Brynleifs Gísla Siglaugssonar ketil- og plötusmiðs. Hún er elst í fjögurra systkina hópi en systkini hennar eru Sigurlaug Rún, Guðrún Ólafía og Árni Gísli.

Fyrstu ár Sigríðar bjó fjölskyldan á Akureyri, síðar í Fnjóskadal en þegar Sigríður var 14 ára fluttu þau í Skagafjörð. Grunnskólaganga nýja bæjarstjórans var í Stórutjarnaskóla og Varmahlíðarskóla.

„Ég byrjaði á heimavist þegar ég var 10 ára. Framhaldsskólaárin voru leiðinlegur tími að mínu mati og fann ég mig ekki í því umhverfi. Þannig að ég er ekki ein af þeim sem sé það tímabil ævinnar í rósröðum bjarna,“ segir Sigríður og hlær.

Hún er búfræðingur frá Hvanneyri og fór einnig í háskólanám þar þegar hún kláraði Bs-gráðu í landnýtingu. „Ég fór síðan í skógfræðinám til Noregs. Eftir það starfaði ég í landgræðslu- og skógræktarbransanum, lengst af með skrifstofu á Hvanneyri, síðan Ísafirði, þar til fyrir tveimur árum að ég fór að vinna í Lýðskólanum á Flateyri,“ segir Sigríður.

Ólst upp í skógi

Sigríður hefur alltaf haft mikið dálæti á skógrækt en skýringin á því er augljós. „Ég naut þeirra forréttinda að fá að alast upp í Vaglaskógi. Skógurinn er stór hluti af mér og ég held að það hafi mótað mig mikið. Ég fór fyrst að



Sigríður Júlía Brynleifsdóttir tekur við sem bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar á nýju ári. Hún verður á Spáni um jólin með fjölskyldu sinni. Hún segist vera mikið jólabarn.

Mynd / Aðsend

vinna hjá Skógrækt ríkisins þegar ég var fjórtán ára og þar með var teningunum kastað. Ræktun ýmiss konar heillar mig og ég fæ heilmikið út úr því að garfa í gróðri.

Ég get svo sem ekkert útskýrt það betur. Þegar ég var í háskólanámi fór ég að vinna við skógræktarráðgjöf, það fannst mér skemmtilegt og svo leiddi eitt af öðru og ég varð stjórnandi. Að vera stjórnandi í meðalstórrí, dreifðri stofnun var mjög lærdómsríkt og ég tek með mér dýrmæta reynslu þaðan.

Skógrækt er ekki bara að rækta og höggva tré, skógfræði er margþætt og það sem ég lærði

í Noregi er meira tengt hagfræði, auðlindanýtingu og sjálfbærni. Ég brenn fyrir því,“ segir Sigríður.

Ræktaði fólk í stað skóga

Eftir um tuttugu ára starf í skógræktargeiranum ákvað Sigríður að prófa eitthvað nýtt og réði sig til Lýðskólans á Flateyri en þar hóf hún störf í desember 2022.

„Það var stór ákvörðun að taka að skipta algjörlega um gír, og rækta fólk í stað skóga. Fyrst sinni ég starfi kennslustjóra og síðar skólustjóra. Í litlum skóla virka hlutirnir þannig að þú þarft að grípa þá bolta sem eru á



Ísafjarðarbær að vetri til.

Mynd / Bjarki Sigursveinsson – Wikipedia

lofti, vera fljót að hugsa, redda málum ef eitthvað er, vera lausnamiðuð. Að vinna að nýjum hugmyndum, þróa verkefni, vinna með samfélaginu. Í svona aðstæðum þrífst ég vel.“

Tekur við 7. janúar

Sigríður Júlía tekur við bæjarstjórastarfinu strax á nýju ári. „Ég mun taka við starfinu þann 7. janúar og tilfinningin er góð. Þetta er ekki þannig starf að maður stökkvi fullmótaður inn í það en ég hef það með mér að hafa setið í bæjarstjórn og verið forseti bæjarstjórnar þetta kjörtímabil og er inni í flestum málum sem snúa að pólitíkinni. Einnig var ég í sveitarstjórn Borgarbyggðar áður en ég flutti vestur og öðlaðist þannig reynslu sem hefur reynst mér vel í störfum mínum í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar. Ég held að hver og einn bæjarstjóri marki sér sitt sérsvið, engir tveir eru eins, bæði hvað varðar sýn á hluti og stjórnarstíl.

Mér finnst gaman að stjórna og ég held ég sé alveg ágæt í því. Það verður eflaust sjaldnast þannig að „venjulegur“ dagur fari eins og ég hef gert áætlanir um. Það er nefnilega þetta mannlega í starfinu sem verður til þess að maður verður að vera sveigjanlegur en samt halda sig innan ramma. Það er mikilvægt að stjórnendur séu til staðar, vera tilbúinn til að hlusta, eiga samtál,“ segir Sigríður.

Mikil uppbygging fram undan

Sigríðar bíður fjöldi spennandi verkefna sem endurspeglast í nýsamþykkttri fjárhags- og framkvæmdaáætlun Ísafjarðarbæjar. Hún segir umhverfismál fyrirferðarmikil og vinna við stórt Evrópuverkefni á sviði fráveitumála er fyrirhuguð í Skutulsfirði. Þá er unnið að hreinsistöðvarverkefnum

á Flateyri, Suðureyri og Þingeyri og er vonast til að hreinsistöðvarnar verði komnar í fulla virkni næsta sumar. „Svo höldum við áfram með vinnu við ofanflóðavarnir á Flateyri, grunnur lagður að byggingu nýrrar slökkvistöðvar á Ísafirði, endurbætur og viðhald skólahúsnæðis. Þá verður unnið að úrbótum á leikskólalóð, fjárfest verður í leiktækjum og unnið að úrbótum á leikvöllum. Einnig verða stór verkefni á höfninni á Ísafirði en þar ber hæst hönnun og undirbúningur vegna byggingar móttökuhúss fyrir farþega skemmtiferðaskipa, nýtt gámaplan, göngustígar, stækkun skútubryggju, endurbygging innri hafnargarðs á Þingeyri, ný flotbryggja á Suðureyri svo fátt eitt sé nefnt,“ segir Sigríður.

Grænbaunasúpa með harðsoðnum eggjum

Sigríður er að lokum spurð út í jólin og jólahaldið á hennar heimili. „Aðalhefðin mín á aðfangadag er að í forrétt er ég með grænbaunasúpu með harðsoðnum eggjum. Þetta er hefð sem ég ólst upp við en upphaflega kemur þetta frá föðurömmu minni. Sonum mínum finnst jólin ekki koma nema þessi súpa sé og nú er sá eldri farinn að halda sín jól og þá er þessi súpa alltaf í forrétt. Síðustu ár höfum við dundað okkur við að salta svínslæri á sænska vísu og haft í aðalrétt, alls konar meðlæti og svo dásamlega sósu, þar sem meginuppistaða eru sveppir, brúnostur, rjómi og rósmarín.

Jólin í ár verða reyndar frábrugðin því við verðum á Spáni og ætli við eldum ekki einhverja skinku. Það er ekkert planað svo sem nema við förum örugglega á ströndina eins og Spánverjar gera gjarnan á aðfangadag og svo stefnum við á að fara í miðnæturmessu.“



Sigríður Júlía segist nota hvert tækifæri sem gefst til að fara í íslenska þjóðbúninginn. Hvort hún mæti í honum fyrsta vinnudaginn sem bæjarstjóri er ekki vitað enn.



LOFT & RAFTAÆKI



Vatnsorka

Hjallabrekka 1 - Dalbrekkumegin | 200 Kópavogur | S: 564 3000

vfs.is

Gleðilega hátíð

Óskum viðskiptavinum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu.

Starfsfólk
Verkfærasöluunnar

**VERKFÆRA
SALAN**

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • FITJABRAUT 2, REYKJANESBÆ • ÓSEYRI 4 AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is

Desembertilboð á FK Machinery tækjum

 H. HAUKSSON

Rúllugreip

með keflum og spjótum



Verð kr. 200.000 + vsk
Tilboð kr. 189.000 + vsk

Faðmgreip



Verð kr. 190.000 + vsk
Tilboð kr. 179.000 + vsk

Stórbagggreip



Verð kr. 280.000 + vsk
Tilboð kr. 265.000 + vsk

Rúllugreip

á þrítengi



Verð kr. 80.000 + vsk
Tilboð kr. 75.000 + vsk

Brettagafflar

með glussafærslu
2,5 tonn



Verð kr. 215.000 + vsk
Tilboð kr. 199.000 + vsk

Flaghefill

300cm breiður

Með vökvatjakkni og stuðningshjólum



Verð kr. 685.000 + vsk
Tilboð kr. 620.000 + vsk

Rúlluskeri


með plastgrípara



Verð kr. 610.000 + vsk
Tilboð kr. 554.000 + vsk

Taðkvísl

140cm breið



Verð kr. 102.000 + vsk
Tilboð kr. 95.000 + vsk

Taðkló

140cm breið



Verð kr. 250.000 + vsk
Tilboð kr. 238.000 + vsk



Það er svo sannarlega líf og fjör hjá Kvenfélagi Ólafsvíkur sem gengur þó rösklega til verka þegar það á við. Hér standa þær stöllur við líkan af útilistaverkinu „Gleði/Framtíð“ eftir Sigurð Guðmundsson listamann, sem var reist skammt frá leikskólanum Kríflakoti til að minnast stofnun hans.

Myndir / Aðsendar

Kvenfélög:


Ungfrúr Snæfells- og Hnappadalssýslu

Á seinni hluta nítjándu aldar hófu kvenfélög að stinga upp kollinum hérlendis, samtök kvenna sem vildu láta gott af sér leiða á tímum mikillar fátæktar.

Félögin lögðu einnig áherslu á að auka réttindi kvenna, menntun, kosningarétt og annað sem gat létt þeim lífið. Í dag eru hérlendis sautján héraðssambönd og kvenfélög og innan þeirra eru aðildarfélögin ótalmörg.

Kvenfélagasamband Snæfellsness og Hnappadalssýslu (KSH) er eitt héraðssambandanna, stofnað árið 1965 og starfar í Snæfells- og Hnappadalssýslu. Innan KSH starfa um 205 konur innan aðildarfélaganna sem hvert um sig lætur sitt ekki eftir liggja þegar kemur að hinum ýmsu verkefnum.

Stóðu að stofnun fyrsta leikskólans á Ólafsvík



Sóley Jónsdóttir.

Kvenfélag Ólafsvíkur er eitt þeirra. Árið 1969 beittu þær sér fyrir byggingu fyrsta leikskólans í Ólafsvík og að settur yrði upp gæsluvöllur, ekki síst til þess að auðvelda konum þátttöku á vinnumarkaðnum. Eftir þriggja ára fjáröflun var leikskólinn opnaður. Kvenfélagið stóð fyrir rekstri hans fyrstu tvö árin en svo tók Ólafsvíkurhreppur við. Gaman er að segja frá því að nú í haust létu þær setja upp útilistaverkið „Gleði/Framtíð“ eftir Sigurð Guðmundsson,

við Gilið, skammt frá leikskólanum Kríflakoti, til þess að minnast stofnun hans.

Sóley Jónsdóttir, formaður félagsins, segir þær ætíð hafa nóg fyrir stafni í desember. Árlegur jólafundur þeirra hefur þegar verið haldinn, nú í ár á Gilsbakka þar sem þær borðuðu góðan mat, skiptust á gjöfum og nutu samverustundar við mikil hlátrasköll.

„Við í Kvenfélagi Ólafsvíkur höfum nóg að gera á þessum tíma árs, stöndum til dæmis fyrir adventukvöldi í kirkjunni okkar fyrsta sunnudag í adventu og það heppnaðist vel eins og alltaf. Þar söng skólakórinn og tónlistarkennarar fluttu tónlist, lesin var jólasaga og við fengum að heyra af jólaundirbúningi og hefðum einnar kvenfélagskonu



Kvenfélag Ólafsvíkur naut sín vel á árlegum jólafundi.



Farið var í liðakeppni á jólafundi Kvenfélags Hellissands sem vakti óhemju kátínu en sú árlega undanþága var gerð að makar fengu að sitja fundinn.

sem er af pólsku bergi brotin. Við ásamt fleiri félögum á svæðinu stöndum svo fyrir jólaballi á milli jóla og nýárs. Það er alltaf mikið um að vera hjá okkur, enda njótum við þess að vinna saman að þessum skemmtilegu verkefnum,“ segir Sóley.

Gleym mér ei í Grundarfirði

Annað aðildarfélag KSH er Kvenfélagið Gleym mér ei í Grundarfirði. Jóhanna Hallbergsdóttir, formaður þess, segir þær frúnar einnig hafa haldið árlegan jólafund nýlega þar sem þær gæddu sér á dýrindis hangikjöti og yndislegum eftirrétti áður en skipst var á gjöfum. Jólasmningin var allsráðandi og við mikla gleði fundarkvenna trúðu upp tvær ungar dömur, þær Emelía og Telma, sem sungu jólalög af mikilli list, en þær eru að læra söng í grunnskólanum.

Kvenfélagið Gleym mér ei var stofnað 10. júlí árið 1932 og líkt og stöllur þeirra í Ólafsvík stóðu þær fyrir opnun gæsluvallar árið 1966 auk þess að hafa staðið reglulega fyrir styrkveitingum og almennum líknar- og mannúðarmálum gegnum árin.

Gott að tilheyra öflugum hópi kvenna

Jólafundur Kvenfélags Hellissands var einnig á döfinni, í samræmi við hefðbundinn fundartíma fyrsta mánuðs á mánuði og var sú árlega undanþága gerð að mökum var boðið með á fund. Í þetta skiptið var styrktarmálefni tekið fyrir, valin var



Þær Emelía og Telma sungu jólalög af mikilli list, á jólafundi Kvenfélagsins Gleym mér ei.

kona kvöldsins auk þess sem farið var í liðakeppni sem vakti mikla gleði og hlátur svo ætlaði um koll að keyra. Ef til vill í takt við óveðrið sem úti geisadi á sama tíma. Formaður Kvenfélags Hellissands, Adela Marcela Tuloiu, segir að þó varla hafi verið stætt hefði hún verið með bros á vör og gleði í hjarta yfir að tilheyra svona flottum og öflugum hópi af konum.

Má segja að það séu falleg lokaorð, flottar og öflugar konur geta nefnilega allt.

Auk ofantalinna kvenfélaga eru nefnd aðildarfélög KSH; Kvenfélagið Björk, Helgafellssveit, Kvenfélagið Hringurinn, Stykkishólmi og Kvenfélagið Liljan, Eyja- og Miklaholtshreppi. Mikil starfsemi fer alla jafna fram í kvenfélögum og þessar mætu konur Snæfells- og Hnappadalssýslu eru allar hluti af bættem hag samfélagsins – eins og kvenfélagskonur allar. /sp

SLITSTERK OG SÉRSAUMUÐ

SÆTISÁKLÆÐI



SÆTISÁKLÆÐI ERU EINFÖLD LEIÐ TIL ÞESS AÐ HALDA Í VIRÐI BÍLSINS OG LENGJA LÍFTÍMA SÆTANNA

pebe

☎ 779 1886
✉ skralli@skralli.is





Þær skemmtu sér vel, frúnar í Kvenfélaginu Gleym mér ei.

Gleðileg Jól og ævintýraríkt nýtt ár!



LONCIN

AODES



AFLVÉLAR

GARÐABÆ | AKUREYRI | SELFOSSI sími 480 0000 | www.aflvelar.is



MODULUS



FRÁ VERKSMIÐJU Í ÍSLENSKA NÁTTÚRU

Stöðluð hús með ótal
aukahlutum í boði

Verðreiknivél

Skannaðu kóðann eða
kíktu á modulus.is

36 m² frá 13.890.000 kr. án vsk

58 m² frá 19.890.000 kr. án vsk



Bergsstaðir í Miðfirði:

Komin með sauðfé á ný

– Nýjar aðferðir í baráttunni gegn sauðfjárriðu milda viðbrögð gegn veikinni

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Bændurnir á Bergsstöðum í Miðfirði fengu sauðfé aftur í haust eftir að hafa þurft að skera niður vegna riðu sem greindist vorið 2023.

Samkvæmt venju hafa bæir þurft að vera fjárlausir í minnst tvo vetur eftir að upp kemur sauðfjárriða. Vegna breyttrar stefnu í baráttunni gegn sjúkdómnum var bændunum á Bergsstöðum og Urriðaa í Miðfirði boðið að kaupa fé með verndandi arfgerðir gegn riðu í haust, ári fyrir en upphaflega stóð til.

Áður en riðan greindist í apríl 2023 voru 700 kindur á Bergsstöðum og var hjörðin meðal þeirra afurðahæstu á landinu. Sauðfjárhjarðirnar á Bergsstöðum og Urriðaa verða sennilega þær síðustu sem hljóta þau örlög að vera dreppar í heild. Nú felst stefna stjórnvalda í að rækta upp verndandi erfðaeiginleika í íslensku sauðfé og ef sjúkdómurinn greinist er eingöngu skorðið niður það fé sem hefur ekki meðfædda vörn.

Tóku við 1997

Elín Anna Skúladóttir og Ari G. Guðmundsson hafa stundað sauðfjárbúskap á Bergsstöðum í Miðfirði frá árinu 1997. Þau urðu fimmtug í byrjun þessa árs en voru 23 ára þegar þau tóku við búinu. „Ég er langyngst af mínum systkinum og það var farið að halla undan fæti hjá foreldrum mínum. Þá var annaðhvort að stökkva til og taka við eða að jörðin færi í aðrar hendur. Ég gat ekki hugsað mér það af því ég vildi hvergi annars staðar vera,“ segir Elín sem ólst upp á Bergsstöðum.

Í haust keyptu Elín og Ari 370 lömb af hátt í tuttugu bændum víða um land, en lengst fóru þau í Öræfasveit. Þau reikna með að það muni taka þrjú ár að ná sömu stofnstærð og var áður. „Við áttum ekki von á að ná svona mörgum gripum í haust, en það var miklu meira úrval en við gerðum ráð fyrir,“ segir Ari.

Verndandi arfgerðir

Hið opinbera gerir kröfu um að gripirnir sem þau kaupa beri ýmist verndandi eða svokallaðar mögulega verndandi arfgerðir gegn sauðfjárriðu. Mikil áttak hefur verið í dreifingu slíks erfðafnis með sæðingum, en einnig hafa fundist margir gripir í gegnum erfðarannsóknir.



Elín Anna Skúladóttir og Ari G. Guðmundsson á Bergsstöðum í Miðfirði eru komin með sauðfé á ný. Í haust keyptu þau 370 lömb frá tuttugu bæjum sem þau sóttu sjálf. Lengst fóru þau í Öræfasveit. Myndir / Al

Áður en verndandi arfgerðir gegn riðu fundust í íslensku sauðfé var eina verkfærið í baráttunni við sjúkdóminn að drepa allar kindur á sýktum bæjum, rífa allar innréttingar úr fjárhúsum, sóthreinsa allar

byggingar, skipta um jarðveg og halda bæjunum fjárlausum í minnst tvo vetur. Elín og Ari hafa þurft að ganga í gegnum allt þetta, en fá að endurnýja sinn sauðfjárstofn fyrir en áætlað var.

Ný lömb í lok september

Elín segir að boltinn hafi byrjað að rúlla síðasta haust, en þá kom upp riða á bænum Stórhóli í Vestur-Húnavatnssýslu. Þá var í

„Ég er ótrúlega þakklát fyrir þessi 370 lömb sem við fengum frá þessum tuttugu fyrirmyndar-sauðfjárbúum ...“

fyrsta skipti gripið til svokallaðs hlutaniðurskurðar þar sem eingöngu var slátrað sauðfé sem ekki bar verndandi arfgerðir. Bændunum á Stórhóli var jafnframt gefin heimild til að hefja uppbyggingu á sínum stofni með kaupum á sauðfé með meðfædda vörn gegn riðu. Elín og Ari ákváðu að láta reyna á hvort þau gætu endurnýjað sinn stofn með svipuðum skilyrðum.

Matvælastofnun (MAST) samþykkti í lok síðasta árs beiðni bændanna á Bergsstöðum. „Þá fórum við í símann og hringjum í bændur víðs vegar um landið til þess að biðja þá um að búa til lömb fyrir okkur,“ segir Ari. Þetta var í tæka tíð fyrir fengitímamann og gátu bændurnir sem hjónin höfðu samband við gert ráð fyrir þeim við sæðingar. „Það voru ótrúlega góð viðbrögð hjá bændum. Þeir tóku rosalega vel í að koma okkur á lappirnar aftur,“ segir Ari.

Fyrstu nýju lömbin komu að Bergsstöðum 24. september síðastliðinn og einkenndust næstu tvær vikur af stanslausum fjárflutningum, en hjónin sóttu öll lömbin sjálf. Elín segir að það muni ekki koma strax í ljós hvernig þessi ný stofn er í samanburði við þann sem þau höfðu byggt upp áður. „Það er öðruvísi að vera bara með gemlinga í húsunum,“ segir hún og reiknar með að því muni fylgja ákveðnar áskoranir í sauðburði í vor. „Ég er ótrúlega þakklát fyrir þessi 370 lömb sem við fengum frá þessum tuttugu fyrirmyndar sauðfjárbúum,“ segir Elín.

Framhald á síðu 40.



Nú eru eingöngu gemlingar og lambhrútar í fjárhúsunum og ætla hjónin að taka sér þrjú ár í að koma stofninum aftur upp í 700 gripir.



Elín segir að núna sé hægt að vera spennt fyrir því að byrja daginn uppi í fjárhúsum.

Gleðilega hátíð

Við óskum þér og þínum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Kubota



Sláttuvélar

	Fullt verð	Tilboðsverð
DM2032 - 3,2 m hliðhengd -	1.780.000	1.691.000 +vsk
DM3036 - 3,6 m miðjuhengd -	2.410.000	2.290.000 +vsk
DM3040 - 4,0 m miðjuhengd -	2.620.000	2.490.000 +vsk
DM4032 - 3,2 m framsláttuvél -	2.200.000	2.090.000 +vsk



Rakstrarvélar

RA1039 - 1 stjarna, 3,9 m -	1.275.000	1.210.000 +vsk
RA2064 - 2 stjörnur, 6,4 m -	2.600.000	2.450.000 +vsk
RA2076 - 2 stjörnur 7,0 - 7,8 m -	4.010.000	3.799.000 +vsk
RA2584 - 2 stjörnur 7,6 - 8,4 m -	5.320.000	4.950.000 +vsk
RA4513 - 4 stjörnur 10,0 - 12,5 m -	10.280.000	9.750.000 +vsk



Snúningsvélar

TE6568 - 6,8 m lyftutengd -	2.105.000	1.999.000 +vsk
TE6576 - 7,6 m lyftutengd -	2.495.000	2.370.000 +vsk
TE8590C - 9,0 m dragtengd -	3.605.000	3.425.000 +vsk
TE1415C - 15,6 m dragtengd -	6.720.000	6.385.000 +vsk

Öll verð eru birt án vsk. Verð miðast við gengi EUR = 149 ISK

Áramótatilboð á hevvinnuvélum

Þjóðum nú þeim sem staðfesta þöntun á hevvinnuvélum fyrir lok árs sérstök tilboðsverð ásamt því að keyra vélina samsetta heim á hlað.



Þessar vélar og allar hinar

PÓR#

Reykjavík, Akureyri og Selfossi thor.is velasvid@thor.is s 568-1500

Husqvarna®

HÁ Verslun er með umboð fyrir Husqvarna Construction á Íslandi.

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar

Þjónustuverkstæði og varahlutir



Husqvarna K970
Sögunardýpt 15,5 cm



Husqvarna K770 14"
Steinsög/Hellusög
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna K4000
Steinsög
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna K3600
Vökvasög
Sögunardýpt 27 cm



Husqvarna FS 500
E rafmagns gólfisög
Sögunardýpt 19 cm



Husqvarna LF75
Jarðvegsþjappa
97kg, 500 mm Plata



Husqvarna FS400
LV gólfisög
Sögunardýpt 16,2 cm



Husqvarna K7000
Ring
Sögunardýpt 32,5 cm



Husqvarna DM230
Kjarnaborvél
150 mm Max



Husqvarna Rammer
Hopperi LT6005
230mm Plata, 69 kg



Husqvarna K7000
Pre Cut
Sögunardýpt 14,5 cm



Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opð mán. - fös. kl. 9-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

Endurbyggðu nýleg fjárhús

„Ari er búinn að vera í fjárhúsunum síðan 10. apríl 2023 við að rífa niður og byggja upp,“ segir Elín.

Þegar búið var að fjarlægja úr húsunum alla gólfbita, grindur, garða og fleira þurfti að smúla frá haugkjallara upp í rjáfur. Að því loknu kom fulltrúi frá MAST sem úðaði allt með klór.

Eftir það hafi byggingarnar verið fokheldar, sem þau segja ansi sárt. Hluti húsanna var nýbygging sem var ekki orðin tveggja ára gömul og voru ekki liðin meira en þrjú ár frá því eldri hluti húsanna var tekinn í gegn. Hjónin vonast til þess að verða síðustu bændurnir sem þurfi að ganga í gegnum þetta.

Hið opinbera borgar efniskostnaðinn við uppbyggingu sem Ari segir þakkarvert. „En það er eins og vinnan eigi að detta af himnum ofan,“ bætir hann við og bendir á að vinnuliðurinn sé ekki tekinn til greina. „Það eru ekki allir sem geta smíðað,“ segir Ari en hann sé heppinn að kunna til verka. Elín bendir á samanburðinn við vatnstjón á heimilum, en þá sé bæði efniskostnaðurinn og vinnan bæt með tryggingum.

MAST vanti mannlega þáttinn

Hjónin segja að þau hafi þurft að standa í miklu stappi við hið opinbera eftir að riðan greindist. „Það vantar alveg mannlega þáttinn í þetta. Við erum fólk,“ segir Ari. Viðbrögð MAST hafi verið of vélræn þótt margt starfsfólk stofnunarinnar hafi reynst þeim vel.

Elín er jafnframt gagnrýnin á að MAST hafi upphaflega ætlað að farga öllum kindunum á bæjarhláðinu á Bergsstöðum vorið 2023, en það hefur tíðkast við riðuniðurskurð áður. „Það er svo galið að ætla að slátra hér og láta blóðið renna út í skurð,“ segir Elín, en hún ótaðist að það yki hættuna á því að riðusmítefnið yrði áfram á bænum. Hjónin gripu til þess ráðs að semja sjálf við slátruhúsið á Hvammstanga og settu fulltrúar MAST sig ekki upp á móti því.

„Karólína [Elísabetardóttir í Hvammshlíð] á allan heiður skilið fyrir að þetta sé komið á þann



Á Bergsstöðum í Miðfirði var öllu fé slátrað í apríl árið 2023 þegar upp kom sauðfjárriða. Í september á þessu ári fengu bændurnir að kaupa nýtt fé þar sem gerð var krafa um að allir gripir bæru verndandi eða mögulega verndandi arfgerðir gegn riðu.

stað sem þetta er í dag. Ef hún hefði ekki flutt til landsins væri þetta á sama stað og við værum ekki komin með fé í dag,“ segir Elín. Hún hefur verið einn helsti drifkrafturinn í erfðarannsóknum á íslensku sauðfé, en þær hafa skilað sér í því að ómetandi verndandi arfgerðir hafa fundist hér á landi.

„Menn gátu ekkert annað en breytt um vinnubrögð. Hitt hafði greinilega ekki virkað,“ segir Ari og bendir á að riða hafi oft komið upp á sömu bæjunum þrátt fyrir harðar aðgerðir.



Núna stendur fengitíðin yfir sem þýðir að hjónin þurfa að velja hrúta fyrir næstu kynslóð.



Elín Anna Skúladóttir og Ari G. Guðmundsson eru þakklát fyrir nýjar aðferðir í baráttunni gegn riðu. Þau vona að hér eftir verði engar sauðfjárhjarðir skornar niður í heild.

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir



- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli

- Iðnaðarhurðir
- Iðnaðarhurðir með gönguhurð
- Bílskúrshurðir
- Hurðir í trékarma
- Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf



Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is



Fjósavélin og gjafavagninn eru meðal þeirra tækja sem hjónin segjast ekki geta verið án við dagleg störf á búinu.



Öll fjárhúsin hafa verið endurnýjuð hátt og lágt og er uppbyggingin á lokametrunum. Ari hefur séð um stærstan hluta smíðavinnunnar sjálfur með aðstoð sonar síns. Hjónin eru gagnrýnin á að ekki sé gert ráð fyrir vinnuliðnum í bótum hins opinbera vegna riðuniðurskurðar.



*Óskum viðskiptavinum okkar
og landsmönnum öllum
gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári*

 **VÉLFANG** – VERKIN TALA



Schäffer

FENDT

CLAAS

 **Kverneland**



Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 8 • 603 Akureyri



RML
RÁÐGJAFARMIDSTÖÐ
LANDBÚNAÐARINS

Við sérhæfum okkur í þinni starfsemi
og saman finnum við lausnir.

Gleðilega hátíð

Stjórn og starfsfólk Ráðgjafarmiðstöðvar
landbúnaðarins sendir bændum og landsmönnum
öllum hugheilar óskir um gleðileg jól og farsælt
komandi ár með kærum þökkum fyrir góð
samskipti og samstarf á árinu sem er að líða.



Loftmynd af landbúnaðarlandi í Illinois-ríki í Bandaríkjunum, en alls eru 96 prósent býla fjölskyldubú.

Mynd / We Are The 96 Campaign

” Samkvæmt nýjustu rannsókn á bandarískum landbúnaðarstarfsmönnum eru næstum helmingur þeirra óskráðir innflytjendur án atvinnuleysis ...

Bandaríkin:

Bændur standa frammi fyrir mikilli óvissu undir stjórn Trumps

– Bandarískur landbúnaður frá sjónarhóli landbúnaðarblaðamanns

Bandarískir bændur glíma við svipaðar áskoranir og starfssystkini þeirra annars staðar, svo sem loftslagsbreytingar, óstöðuga markaði, áskoranir á sviði sjálfbærni og neytendamála. En það sem skilur þá frá öðrum er verðandi forseti þeirra, Donald Trump, og sú mikla óvissa sem kjör hans skapar í bandarískum landbúnaði.

Þann 6. nóvember sl. sigraði Trump andstæðing sinn, varaforsetann Kamölu Harris, með óvæntum yfirburðum. Margir spáðu því að yfirgengileg framgangur Trumps og ákærur á hendur honum myndu fæla kjósendur. Á móti var Harris lýst í fjölmiðlum sem „skemmtilegu frækunni“ sem boðaði einhvers lags eðlileika sem margir Bandaríkjamenn þráðu.

Hins vegar var kosningabaráttan

Harris sett saman í flýti og skorti dýpt, aðallega vegna óvæntrar ákvörðunar Joe Bidens forseta um að draga sig úr framboði eftir að baráttan hófst. Kjósendur refsðu Harris fyrir að takast ekki á við reiði þjóðarinnar gagnvart málum



Owen Roberts.

sem höfðu kraumað á hennar vakt, sérstaklega hvað varðar ólöglega innflytjendur og háan kostnað heimilanna.

Mikilvægt vinnuafli

Bæði þessi mál tengjast landbúnaði. Samkvæmt nýjustu rannsókn á bandarískum landbúnaðarstarfsmönnum eru næstum helmingur þeirra óskráðir innflytjendur án atvinnuleysis. Sú tala er líklega vanmetin vegna ótta svarenda slíkra kannana við að viðurkenna ólöglega stöðu sína.

Á kosningaferðum tengdi Trump, að hluta til, háan framfærslukostnað



Nautgriparækt er ein helsta tekjulind bandaríks landbúnaðar. Mynd / Kaleb Reid

Í BYKO færðu timbur, ál, ál-timbur og aldamóttaglugga í allskonar verkefni, stór sem smál
Heyrðu í sérfræðingum okkar og við aðstoðum þig við að finna rétta gluggann í verkefnið.



SKANNADU
KÓÐANN

**ALLS KONAR
GLUGGAR Í
ALLS KONAR
VERKEFNI**

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

(sérstaklega húsnæðiskostnað) við fjölda innflytjenda í Bandaríkjunum sem ykju álag á húsnæðismarkaðinn. Hann hélt því einnig fram að þeir bæru óeðlilega mikla ábyrgð á glæpum og lofaði kjósendum sínum fjöldabrottvísunum.

Ef af slíkum brottvísunum verður vekur það spurningar innan landbúnaðargeirans. Hverjir munu þá uppskera bandarískar afurðir, sérstaklega í afkastamiklum hlýjum ríkjum eins og Kaliforníu sem venjulega sjá þjóðinni fyrir megninu af vetrargrænmeti, ávöxtum og mjólkurvörum? Hverjir munu þá vinna þau láglaunastörf í þjónustugeiranum sem nýir innflytjendur sinna svo oft?

Þetta mun hafa áhrif á framfærslukostnað. Þrátt fyrir að verð á matvælum í Bandaríkjunum hækki hægar nú eru þau þó hærri en Bandaríkjamenn eru vanir. Verðið gæti hækkað enn meir ef skortur verður á vinnuafli.

Tapaðar útflutningstekjur vegna tollverndar

Á sama tíma eru Bandaríkin að upplifa versnandi viðskiptahalla. Trump kennir ódýrum innflutningi um – þar á meðal á landbúnaðarvörum – sem skapar óhagkvæmni fyrir bandaríska framleiðslu, sem aftur leiðir til atvinnumissis. Hann telur því bandarískan iðnað þurfa vernd. Í kosningabaráttunni lofaði Trump því að leggja tolla á allan

innflutning: 10-20 prósent yfir heildina og 60 prósent á innflutning frá Kína. Trump beitti svipaðri aðferð í fyrri forsetatíð sinni árið 2018. Það leiddi til viðskiptastríðs við Kína, sem er venjulega stór kaupandi bandarískra sojabauða og maíss. Kína fann sér hins vegar önnur viðskiptalönd, eins og Brasilíu. Samkvæmt landbúnaðarráðuneyti Bandaríkjanna kostuðu tollar bandaríska framleiðendur 27 milljarða dollara í tapaðan útflutning á árunum 2018-2019, sem leiddi til þess að stjórnvöld þurftu að grípa framleiðendur með neyðaraðstoð. Viðskiptalönd Bandaríkjanna segja að ekki sé lengur hægt að treysta á stöðugleika bandarískrar framleiðslu, sem vekur spurningar um útflutningsmarkaði til framtíðar.

Versnandi afkoma

Afkoma bænda hefur versnað þrjú ár í röð, hún er sérstaklega áberandi hjá kornframleiðendum. Spáð er sjö prósent framleiðsluaukningu á sojabauðum í ár miðað við í fyrra og maífframleiðsla verður lítillega minni.

Góð uppskera í ár þýðir að markaðurinn er mettaður og korn því ódýrt. Aðföng, svo sem áburður og fræ, eru þó enn dýr. Samtals hafa hreinar tekjur kornbænda dregist saman um 23 prósent síðan árið 2022.

Framhald á síðu 44.



*Feliz
navidad*

Frohe Weihnachten

Glædelig jul / Joyeux Noël

God jul / Buon Natale / Veselé Vánoce

Hyvää joulua / God jul / Merry Christmas

Śubha baradina / Nollaig Chrídeil

Gleðileg

Jól



Landbúnaðarháskóli Íslands sendir öllum sínar bestu óskir um gleðileg jól og gæfuríkt nýtt ár, með þakklæti fyrir samstarfið á árinu sem er að líða.



GIANT®

HEIL FJÖLSKYLDA AF LIÐLÉTTINGUM



GT5048



G3500



G1200



AFLMIKLIR | STÖÐUGIR | MIKIL LYFTIGETA



📍 Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
☎ 480 5600

📍 Lyngási 11, 700 Egilsstöðum
☎ 480 5610

🌐 www.landstolpi.is
✉ landstolpi@landstolpi.is





Kornuppskera í Illinois. Afkoma bænda hefur versnað þrjú ár í röð, sérstaklega hjá kornframleiðendum.

Mynd / We Are The 96 Campaign

Samkvæmt bandarísku bændasamtökunum veldur kostnaður vegna vinnuafis, vextir og skattar ásamt samdrætti í ríkisstyrkjum verulegum vandræðum fyrir bandaríska bændur. Samtökin segja framleiðendur „fjárhagslega viðkvæma nú þegar þeir horfa fram á annað erfitt ár“. Framleiðendur eru því að halda aftur af fjárfestingum, til dæmis hefur vélasala dregist saman um 14 prósent í október 2024 miðað við árið áður, og samanlagt hefur salan dregist saman um 35 prósent.

Ef horft er til jákvæðari fregna um bandarískan landbúnað þá gengur vel í nautgriparækt. Verð á nautakjöti er í hæstu hæðum vegna mikillar eftirspurnar og töluverður framboðsskortur hefur verið á markaði. Þurrkar í vestri skertu beitiland svo bændur þurftu að minnka hjarðir sínar. Bandarískt nautakjöt er þó mjög eftirsótt vara og heldur áfram að seljast þrátt fyrir hækkandi verð. Því er búist við aukinni framleiðslu.

Ný lagaumgjörð og nýir ráðherrar

Í farvatninu er einnig ný lagaumgjörð um landbúnað. Landbúnaðarlögin (e. Farm Bill) er mikilvægasta lagasetning bandarísku landbúnaðar, en lögin hafa

verið á bið í meira en ár. Lögin, sem eru venjulega endurskoðuð á fimm ára fresti, fjalla bæði um afkomu bænda, taka á hlutum eins og tryggingarvernd, en er einnig víðari lagaumgjörð sem fjallar t.d. um tilhögun skólamál tíða og mataraðstoð fyrir lágtekjufjölskyldur. Lagaumgjörðin er talin vera allt að billjón dollara virði.

Rétt er að geta þess að Robert F. Kennedy jr., meðlimur hinnar þekktu Kennedy-ættar, hefur nú stigið inn á landbúnaðarsviðið með afgerandi hætti. Kennedy, sem er t.d. þekktur andstæðingur notkunar plöntuvarnarefna og baráttumaður fyrir bættri heilsu, var ráðgjafi Trumps í kosningunum og líklegur til að fá áhrifaríka stöðu innan nýrrar ríkisstjórnar. Kennedy hefur sagt að hann telji bandarísku þjóðina veika, sem er erfitt að mótmæla, enda 40 prósent Bandaríkjamanna of feitir. Hann hefur boðað að „gera Bandaríkin heilbrigð að nýju“ með því að taka á stórum framleiðslubúum og notkun þeirra á plöntuvarnarefnum, sem hann segir skaða þjóðina.

Þá vona bandarískir bændur að nýr landbúnaðarráðherra, Brooke Rollins, vegi að einhverju leyti upp almenna fáfræði Trumps á málefnum landbúnaðar. Rollins er

fædd í Texas, með gráðu í leiðtoga- og þróunarmálum, auk þess að vera lögfræðingur – og afar dyggur stuðningsmaður Trumps.

Rollins mun hafa yfirumsjón með landbúnaðarráðuneytinu sem samanstendur af 29 stofnunum með um 100.000 starfsmönnum á meira en 4.500 stöðum víða um Bandaríkin og utan þess. Þekking hennar á landbúnaðargeiranum er hins vegar takmörkuð. Hún gegndi forystuhlutverki innan nýsköpunar í fyrri ríkisstjórn Trumps, sem gæti reynst mikilvægur akkur fyrir rannsóknir og þróun í matvælaframleiðslu.

Árið 2025 verður án efa ár aðlögunar fyrir Bandaríkin og bandaríska bændur. Með loforðum Trumps um breytingar, um betri tíð og betra líf með Bandaríkin í forgrunni, er ljóst að framtíðin verður allt annað en fyrirsjáanleg. Hver veit nema eitthvað batni, vafalaust mun margt breytast – og kannski fyrir fullt og allt.

Höfundur er kennari í landbúnaðarsamskiptum við Háskólann í Illinois og fyrrverandi forseti Alþjóðasamtaka landbúnaðarbláðamanna. Greinin er lauslega þýdd á íslensku af Guðrínu Huldu Pálsdóttur.



Stórtæk jarðvinnsla á bandarískum akri.

Mynd / Kaleb Reid

Nokkrar tölur um bandarískan landbúnað:

- Landbúnaður skapaði 526 milljarða dala í tekjur árið 2023, helmingur tekna er reiknaður sem afkoma vegna búfjárræktar og helmingur í hvers konar jarðrækt.
- Helstu tekjulindir bandarísku landbúnaðar eru: nautgripir, maís, sojabauur, mjólkurvörur og kjúklingar.
- Landbúnaður, matur og tengdar greinar lögðu fram 1,53 trilljónir dala í landsframleiðslu árið 2013, eða 5,6% af heildarlandsframleiðslu þjóðarinnar.
- Mestu framleiðsluríkin eru Kalifornía, Iowa, Nebraska, Texas og Illinois.
- Flestir bændur (97%) eiga fjölskyldubýli og teljast ekki til stórfyrirtækja.
- Talið er að 14% þjóðarinnar eigi erfitt með að útvega nægan mat fyrir fjölskyldur sínar.
- Viðskiptahalli er talinn hafa verið 198 milljarðar dala í innflutningi og 196 milljarðar í útflutningi árið 2022.



Duroc-grísir á spena.

Mynd / Spencer Jack

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra



Samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi breyting á deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.

Hlíðarvegur 17, Sýslumannstún – breyting á deiliskipulagi

Deiliskipulagsbreytingin gerir ráð fyrir auknu byggingarmagni við núverandi íbúðarhús ásamt aukahúsi á byggingarreit E2. Mænishæð verður óbreytt en heimilt verður að gera kjallara. Skipulagsmörk breytast við gatnamót Nýbýlavegs og Hlíðarvegs.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst breyting á aðalskipulagi Rangárþings eystra.

Miðeyjarhólmur – breyting á aðalskipulagi

Með aðalskipulagsbreytingunni er verið að taka um 150 ha landbúnaðarlandi (L1 og L2) í skógræktarsvæði (SL).

Breyttir skilmálar í dreifbýli – breyting á aðalskipulagi

Um er að ræða breytingu á skilmálum aðalskipulags Rangárþings eystra um áfangaskiptingu framkvæmda.

Hægt að nálgast skipulagstillögurnar á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar frá 13. desember 2024 með athugasemdarfræst til og með 29. janúar 2024. Einnig er hægt að kynna sér tillögurnar á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa þriðjudaginn 7. janúar 2025 frá kl. 8:30 til 10:00.

Athugasemdum skal skila í gegnum Skipulagsgáttina eða skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, að Austurvegi 4, 860 Hvalsvellir.

F.h. Rangárþings eystra

Póra Björg Ragnarsdóttir

Fulltrúi skipulags- og byggingarsviðs Rangárþings eystra



Pygmy-geitur í góðu yfirlæti.

Mynd / Faith Schwoerer



Hátíðarstraumar um allt land

Starfsfólk RARIK óskar viðskiptavinum, samstarfsaðilum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og gæfu á nýju ári. Við strengjum þess heit að verða áfram traust undirstaða orkuskipta framtíðarinnar.

Gleðilega hátíð

RARIK ehf | www.rarik.is



Garðyrkja

Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna



**Allt frá
fræjum til
afurða**

Frjó umbúðasalan, hluti af Samhentum síðan 2016

Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ, 5758000
www.samhentir.is sala@samhentir.is



Samhentir

Jólahald:

Sinn er síður í landi hverju

– Ýmis blæbrigði í Færeyjum og á Grænlandi

Líkt og Íslendingar eiga Grænlandingar og Færeyingar sér sterkar jólahæfir sem eiga rætur í menningu þjóðanna, með sterku ívafi af dönskum áhrifum.

Við skulum líta á helstu drætti jólahalds hjá þessum vinabjóðum okkar.

Gleðilig jól!

Færeyingar eru ekki fjarri okkur Íslendingum í sínu jólahaldi. Þeir skreyta til dæmis hús sín í hölf og gólf og heilu byggðarlögin taka sig jafnvel saman um skreytingar.

Skerpukjöt er einn á matseðlinum en áður fyrr var algengt að snæða gerjaðan fisk á aðfangadagskvöld. Það hefur þó vikið að mestu fyrir t.d. önd og gæs, gerjuðu kindakjöti og ristudum lambarifjum. Allt eru þetta hefðbundnir færeyskir réttir, ef undan er skilin öndin sem er innflutt hefð frá Danmörku. Yngri fólk setur mögulega malt-grís með kóksósu á borðið á aðfangadagskvöld, með brúnuðum kartöflum, rauðkáli, baunum og salati.

Konfekt er gjarnan búíð til í höndum og smákökur eru á pari við það sem gerist í íslenskum eldhúsum, þ.á m. sörur. Þá er heitt súkkulaði alsíða. Færeyska sjónvarpið sendir út færeyskt „Jóladagatal“ líkt og hér er gert.

Þórshafnartréð íslenskt

Í Þórshöfn eru, í byrjun adventu, tendruð ljós á bæjarjólátrénu sem gefið er frá Reykjavík, enda eru þetta vinabæir. Stærsta verslanamiðstöð eyjanna, SMS, byggir heila jólaborg með álfum, dýrum, jólatrjám og jólaskrauti og er sú ein stærsta sinnar tegundar á Norðurlöndum. Skautasvell er í miðbæ Þórshafnar og lokkar gesti til sín á adventunni.

Það má kannski segja að fyrir utan hefðbundna færeyska jólamatinn séu svokallaðir klifurnissar eitthvað sem við þekkjum ekki sérstaklega hér heima. Þeir eru þó nokkuð í ætt við



Jólahald í Færeyjum er ekki ósvipað því íslenska en þó er breytileiki í jólaréttunum. Annar dagur jóla er þar sérlegur dans- og veisludagur. Mynd / Visit Færøerne

„Elf on the shelf“, sem hefur smokrað sér inn á allmörg íslensk heimili upp á síðkastið, og eru hengdir úti um allt í klifurstellingum. Færeyingar eiga sér jólakött og vilja síður lenda í honum, t.d. með því að vera í gömlum fötum um hátíðina.

Kirkjuhald ríkur þáttur

Gjarnan er farið til kirkju í jólamessu síðdegis á aðfangadag og gjafir eru opnaðar um kvöldið í kjölfar ríkulegs hátíðarmálsverðar, þar sem venjan er að fjölskyldur hópi sig saman. Gjafir eru yfirleitt margar, ekki síst til barna sem eiga sér tíðum gjafmilda guðforeldra auk ættingja og vina.

Á jóladag er lífinu tekið rólega en þó farið í kirkju um hádegisbil og aldrei eins fjölmennt og í þeim messum. Eftir það er hádegisverður og síðar, um kvöldið, önnur jólamáltíð.

Annar dagur jóla er í Færeyjum almennur frídagur og er sérstakur og hátíðlegur dans- og veisludagur. Í gamla daga gekk fólk hús úr húsi til að heimsækja hvað annað. Víða var boðið upp á jólamat sem gestir



Mynd / NuukYorkCity

hvaðanæva að voru velkomnir að borða. Þá var algengt að fólk ferðaðist til annarra þorpa til að dansa og njóta félagskapar hvað annars. Enn er annar dagur jóla einn stærsti veisludagur ársins í Færeyjum.

Juullimi Pilluarit!

Jólahald er víða mjög hátíðlegt í Grænlandi, Kalaallit Nunaat. Mikið er notað af kertum til að lýsa upp langvinnt myrkrið og áberandi jólaskraut er rauðgul pappírs-jólastjarna. Á hverju heimili í öllu landinu er kveikt á slíkri stjörnu og er það gömul hefð. Í flestum bæjum eru sett upp útjólátré sem hafa komið frá Danmörku.



Söngur, leikir, kaffiboð og kirkjuhald einkenna grænlandsku hátíðina og hátíðarmatseðillinn er nokkuð ólíkur okkar. Mynd / Visit Grønland

Jólatré heima við eru skreytt með kertum, björtu skrauti og stundum litlum útgáfum af selskinnsbuxum sem kallast kamiks. Trén eru vanalega skreytt á kvöldi 23. desember. Fólk sem notar ekki innflutt tré er gjarnan með hefðbundið rekaviðartré skreytt með lyngi.

Grænland er heimkynni jóla-sveinsins, að sögn ferðamálayfirvalda, eða hið minnsta sumardvalarstaður hans. Hann er sagður eiga heimili í norðurhluta landsins, í Spraglebugten, nálægt bænum Uummanaq.

Sungid fyrir bæjarhúsum

Lúsíuskrúðganga, í m.a. skólum og á frístundaheimilum, er 13. desember, þegar börn með kransa á höfði halda á kertum og syngja um heilaga Lúsíu.

Jólin eru haldin hátíðleg 24. desember með dansi í kringum jólatréð en sum börnin hafa þegar fengið gjafirnar sínar snemma um morguninn. Fólk klæðir sig upp fyrir hátíðina.

Síður er að börn og ungmenni í hverri byggð syngi fyrir bæjarhúsum á aðfangadagskvöld og þau fá síðan sönginn ríkulega verðlaunaðan með jólasælgæti frá íbúum.

Kristni er mikilvæg fyrir marga Grænlandinga og fara margir í kirkju alla sunnudaga á adventunni. Á aðfangadagskvöld eru guðspjónustur og fara flestir til þeirra, margir í þjóðbúningi. Karlar klæðast margir hverjir hvítum anorakk sem er notaður við sérstök tækifæri. Hefð er fyrir að setja ljós á leiði í kirkjugörðum.

Samsöngur og kórsöngur er mikilvægur um grænlandsk jól, hvort sem er í kirkjum, heimahúsum eða í útvarpi og sjónvarpi. Í kirkjum heyrast gjarnan tví- eða þríradadír söngvar úr kirkjubekkjum þar sem allmargir Grænlandingar eru tíðir kirkjugestir og söngvarar.

Hefð er fyrir því á jólanótt að karlarnir sjái um konurnar, beri fram mat og kaffi og undirbúi matinn. Leikir fylgja jólamáltíðinni, þar á meðal þar sem hlutur er færður undir dúknum milli manna í kringum langborð. Hluturinn skal helst vera fráhrindandi, t.d. frosið egg, vafið inn í strimla af blautu refaskinni.

Ýmislegt girnilegt

Á sumum heimilum er jólamatseðillinn steikt svínakjöt og önd en önnur kjósa frekar grænlandskt lambakjöt, moskusnaut, hreindýr, rjúpu eða krú, allt eftir því hvar á Grænlandi fólk er. Oft er lambakjöt í suðri en hreindýr í norðri.

Þá er hefðbundinn réttur svokallað mattak, sem er hvalskinn með spiklagi. Það á að bragðast eins og ferskur kókos en er oft of sterkt til að tyggja og er venjulega gleyp. Annar jólamatur er kivial. Þetta er hrátt kjöt heimskautasnáfugla sem hafa verið grafnir heilir í selskinni í nokkra mánuði og þykir lostæti.

Af öðrum vinsælum réttum á Grænlandi má nefna suaasat sem er plockfiskur eða nokkurs konar súpa, grillað hreindýrskjöt, lambakjöt, rjúpur og fiskur annaðhvort sem hrátt sushi eða soðinn. Vinsælir eftirréttir eru ber og epli með stökkuðum hjúp og jólagrautur borinn fram með smjöri, sykri og kanil. Einnig er borðað mikið af dönsku bakkelsi og jólakökum.

Kaffiboð í hverjum krók og kima

Jóladögum er varið með fjölskyldu og vinum. Auk matarboða eru haldin mörg lítill „kaffemikk“ eða kaffisamsæti með gestum og gangandi, hér og hvar í húsum, og þá allir velkomnir. Í þorpum Inúíta, ekki síður en annars staðar, finnst fjölskyldum gaman að heimsækja hver aðra og halda veislur. Þá er drukkið kaffi, borðaðar kökur og skipst á litríkum pökkum. Hefðbundnar gjafir eru módelstær, þór af faguðum rostungstönnum eða selskinnsveittlingar.

Hinn 6. janúar er Mitaartut, hefð sem er blendingur af síðum Inúíta og Dana. Mitaartut eru þöglar grímu- og búningakleddar verur sem heimsækja fjölskyldur í bæjum og byggðum. Þær eiga samskipti án orða og nota gamansamar athafnir og hreyfingar sem samsvara dulbúningum þeirra. Í lok heimsóknar eru dulbúnu verurnar verðlaunaðar með góðgæti og jafnvel tóbaki.

/sá



VARAHLUTIR Í KERRUR



Bílabúðin Stál og stansar

Vagnhöfða 7, 110 Reykjavík | Sími 517 5000 | stalogstansar.is





Sendum okkar bestu óskir um gleði og frið um jólin og farsæld á komandi ári.

ORKURANNSÓKNASJÓÐUR

Deilum við framtíðarsýn?

Við hjá Landsvirkjun eigum okkur framtíðarsýn um sjálfbæran heim, knúinn endurnýjanlegri orku. Við viljum vera stolt af þeirri jörð sem við afhendum komandi kynslóðum. Þessi framtíðarsýn verður að veruleika ef við leggjum öll hönd á plóg. Rannsóknarverkefni sem tengjast orku- og umhverfismálum geta skipt þar sköpum.

Orkurannsóknasjóður Landsvirkjunar auglýsir eftir umsóknum um styrki til rannsókna á sviði umhverfis- og orkumála, þar með eru taldar rannsóknir á sviði umhverfisáhrifa, orkuskipta og loftslagsmála.

Umsóknarfrestur er út mánudaginn 13. janúar 2025.

Allar nánari upplýsingar og umsóknareyðublað er að finna á vefsíðunni landsvirkjun.is/orkurannsaknasjodur





Keldur eru eini vettvangurinn í landinu þar sem rannsóknir fara fram á dýrasjúkdómum á mörgum fræðasviðum og eru í raun dýraheilbrigðisstofnun landsins.

Mynd / Keldur



Charlotta Oddsdóttir, dýralæknir og deildarstjóri bakteríu- og meinafræðideildar, Zophonias O. Jónsson, stjórnarformaður Keldna og próffessor í sameindaerfðafræði, og Kristín Kalmansdóttir, framkvæmdastjóri Keldna og viðskiptafræðingur. Á innfeldu myndinni er Sigurður Ingvarsson, próffessor og forstöðumaður Keldna.

Myndir / sá



Á sýkladeildinni er unnið alla daga ársins. Þar er m.a. vöktun á salmonellu og kampýlóbakter í alifuglum sem slátra á. Jafnframt er deildin tilvísunarrannsóknastofa fyrir kampýlóbakter og sýklalyfjaónæmi. Einnig er unnin almenn sýklarækt úr sýnum frá dýralæknum, t.d. úr gæludýrum, hrossum eða saursýni nautgripa. Unnið er sermi til að skima fyrir sjúkdómum sem ekki þekkjast á Íslandi. Á bólufræðideild er svo m.a. framleitt blandaða bólufræði og mótefnablóðvökvur gegn clostridium sem orsakar ýmsa sauðfjársjúkdóma, og lungnapestarbólufræði fyrir sauðfé. Hér má sjá Kristbjörgu Sölvadóttur við smásjargreiningu.



Veiru-, sameindalíffræði- og snikjudýradeild leiðir Vilhjálmur Svansson. Undir deildina heyrir sameindalíffræði, veirufræði, snikjudýrafræði, ónæmisfræði og prionfræði, auk þess sem deildin hefur yfir að ráða öryggisrannsóknastofu af BSL-3 staðli. Þar er unnið með smitefni sem teljast hættuleg fyrir heilbrigði manna og/eða dýra. Fuglaflensuveirun hefur m.a. verið fyrirferðarmikil í starfsemi öryggisrannsóknarstofunnar undanfarið.



Máney Dögg Hjaltadóttir á prionrannsóknastofunni er hér að skera heilasýni. Mikíð kemur af þeim frá slátruhúsum á haustin, í gegnum Matvælastofnun. Máney sker mænukylfuna þar sem mestar líkur eru á að finna riðusmítefni. Sýninu er svo breytt í heilasúpu með því að hakka það. Hún er sett í mótefnaprófabakka sem sýna litabreytingar fyrir jákvæða svörum. Einnig er rannsóknastofan í Evrópuverkefni þar sem rannsakadír eru íslenskir riðustofnar og arferðir í gömlum riðuhjörðum.

Dýrasjúkdómar:

Keldur skipta sköpum

– Grundvöllur dýraheilbrigðis á Íslandi

Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is



Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum er vísinda- og rannsóknastofnun þar sem fram fara rannsóknir og greiningar á dýrasjúkdómum.

Keldur eru eini vettvangurinn í landinu þar sem rannsóknir fara fram á dýrasjúkdómum og eru í raun dýraheilbrigðisstofnun landsins. Sjúkdómar í flestum spendýrategundum Íslands og allmörgum fugla- og fiskategundum eru rannsakadír. Starfsemi er mjög fjölbætt og aðferðum margra fræðigreina er beitt í grunn- og þjónusturannsóknunum, þ.e. líffærameinafræði, örverufræði, ónæmisfræði, snikjudýrafræði, meinafræði og sameindalíffræði.

Rannsóknarstarfsemi hófst á Tilraunastöðinni fyrir hartær áttatíu árum, m.a. fyrir tilstuðlan Rockefeller Foundation – styrks í kjölfar seinni heimsstyrjaldar. Ríkið keypti jörðina Keldur í Mosfellssveit með öllum mannvirkjum, ásamt eyðibýlinu Keldnakoti árið 1941.

Í fyrstu var aðstaðan á Keldum nýtt til dýrahalds en fyrsta rannsóknastofuhúsið reist árið 1948 og varð stofnunin á komandi árum einhver öflugasta vísindastofnun Evrópu.

Rannsóknir Björns Sigurðssonar forstöðumanns og samstarfsmanna hans á Keldum á mæðivísni í sauðfé lögðu grunninn að þekkingu vísindanna á sjúkdómsvöldum lentiveira sem er ættkvísl í fjölskyldu retroveira. Til lentiveira heyrir m.a., auk mæði-visuveirunnar, einnig eyðniveiran (HIV) sem veldur eyðni (AIDS) í mönnum. Þegar síðan eyðniveiran uppgötvaðist í mönnum um 1982 var sá þekkingarsjóður sem til hafði orðið á Keldum við rannsóknir á mæði-visnu í sauðfé enn mikilvægari.

Keldur standa enn mjög föstum fótum akademískt en líða að einhverju marki hin seinni ár

fyrir fjárskort til uppbyggingar starfseminnar. Í dag fer starfsemi fram í u.þ.b. 5.000 m² af sérhæfðu rannsóknahúsnæði, í þremur meginbyggingum, auk öryggisrannsóknastofuhúss, krufningarhúss og gripahúsa, þ.m.t. einangrunarhúsa, í fallettu dalverpi þar sem tún teygja sig til sjávar og gróskumiklar hæðir eru ofan við.

Dýraheilbrigði forsenda

Tilgangur rannsókna á Keldum er að efla skilning á eðli sjúkdóma og skapa nýja þekkingu. Heilbrigði dýra eru enda forsenda arðvænlegs landbúnaðar og fiskeldis. Einnig er mikilvægi heilbrigðra dýra sem bera ekki sjúkdóma í menn, hvatí að hagnýtingu rannsókna, að sögn forstöðumanns Keldna, Sigurðar Ingvarssonar próffessors.

Tilraunastöðin er í nánú samstarfi við atvinnulíf, má þar nefna landbúnað, fiskeldi, matvælaframleiðslu og líftækniiðnað. Starfið er rótróid og gott dæmi um samlegðaráhrif vísindastarfs og atvinnulífs.

Keldur tengjast læknadeild HÍ en stofnunin er sjálfstæð A-hluta ríkisstofnun með sérlæg, stjórn og sjálfstæðan fjárhag. Um fimmtíu manns starfa þar að jafnaði og nú eru stöðugildin 47, samkvæmt Kristínu Kalmansdóttur framkvæmdastjóra. Keldur heyrir undir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið. Um helmingur af rekstrarfé kemur af fjárlögum og hinn helmingurinn eru greiðslur fyrir þjónusturannsóknir, en er þó breytilegt. Þá fær stofnunin á hverjum tíma þó nokkra styrki úr samkeppnissjóðum til grunnrannsókna.

Aform um nýtt blandað íbúða- og atvinnu- hverfi í Keldnalandi munu, að sögn Kristínar, ekki hafa mikil áhrif á núverandi starfsemi, heldur þvert á móti bjóða upp á ýms ný tækifæri. Keldur verði áfram á sínum stað en væntingar eru um að stækka megi og byggja frekar upp aðstöðu, sem vaxandi þörf er fyrir.

Grundvallarrannsóknir

Á Keldum er fagleg forysta á ýmsum fræðasviðum og mikil þekking og reynsla. Helstu fræðasviðin eru prionfræði (prótínsýklar), veirufræði, bakteríufræði, snikjudýrafræði, meinafræði, ónæmisfræði, sameindalíffræði og tilraunadýrafræði.

Yfirgripsmikil rannsóknarverkefni síðustu ára eru fjölmörg, m.a. ónæmis- og sjúkdómafræði fiska, sýklalyfjanæmi, sumarexem í hestum og veirur í sauðfé, nautgripum og hestum, sauðfjárríða og skyldir sjúkdómar, frjósemisrannsóknir og rannsóknir á erfðum. Dæmi um verkefni á borði Keldna nýverið er greining fuglaínflúensu í kalkúnunum. Þegar sýni eru jákvæð, þ.e. smit staðfest, tekur Matvælastofnun við boltanum og skipuleggur eftirlit og aðgerðir. Samvinna er við Hafrannsóknastofnun og einnig Matis, sem einbeitir sér þó fremur að matvælum, en Keldur að dýraheilbrigði.

Deildaskipt starfsemi

Á Keldum eru þrjár meginfagdeildir og landsbundnar tilvísunarrannsóknarstofur á sjö fagsviðum, sem eru í samstarfi við tilvísunarrannsóknarstofur í Evrópu, hver á sínu sviði. Unnið er eftir vottuðu gæðakerfi og faggilding er á völdum prófunaraðferðum samkvæmt alþjóðlegum staðli.

Kristín útskýrir að stofnunin sinni þjónusturannsóknunum þar sem send eru inn sýni og greitt er fyrir greiningu, síðan eru grunnrannsóknir og þá frumkvæðisrannsóknir. Hún leggur áherslu á mikilvægi þess að sem flest sýni berist Keldum til að unnt sé að hafa yfirsýn yfir sjúkdómastöðu í landinu.

Tilraunastöðin hefur þjónustuskyldu við greiningar á dýrasjúkdómum og smitefnum, en þær eru unnar í nánú tengslum við grunnrannsóknirnar til að samlegðaráhrif

Dýraheilbrigðisstofnun

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum er leiðandi stofnun í rannsóknum á sjúkdómum og sjúkdómavörnum dýra.

verði sem mest. Auknar kröfur eru í eftirliti og gæðamálum, m.a. vegna útflutnings og því hafa skimanir fyrir smitefnum, sem ekki hafa greint í landinu, aukist á síðustu árum.

Fæstir gera sér líklega grein fyrir að t.d. kjúklingum er ekki slátrað fyrr en komið er grænt ljós frá Keldum um að þeir séu hæfir til neyslu. Öll fuglaínflúensu sýni eru sömuleiðis greind á PCR-rannsóknastofnunni og voru höfð snör handtök þegar rökstuddur grunur var um slíkt á kalkúnabúi nýverið og því unnt að stöðva smitmógnun samdægurs.

Zophonias O. Jónsson, stjórnarformaður Keldna, segir þá sem yfir fjármagninu ráða ekki gera sér fulla grein fyrir mikilvægi tilvísunarrannsóknarstofanna og huga mætti betur að því að tryggja vöxt þeirra og viðgang í vaxandi verkefnum. Dæmin hafi sannað hversu áriðandi sé að þær hafi mannafla og tæki til að bregðast hratt við.

Þau benda á að séu sýni send erlendis geti greining dregist um marga daga, auk þess sem ekki sé víst að þau hljóti forgang umfram önnur í þeim hafsjó sýna sem verið sé að afgreiða.

Stjórnsýsludeild annast auk fjármála og reksturs búsjúslu og dýrahald. Um 45 hross og 20 kindur eru haldin á Keldum um þessar mundir. Þá eru oft á tíðum fiskar í kerjum til rannsókna þótt svo sé ekki í augnablikinu. Keldur eiga skv. lögum að ala og halda tilraunadýr fyrir rannsóknastofur landsins, s.s. mýs, rottur og marsvín, og er aðstaða fyrir þau dýr.

Framhald á síðu 50.



Á krufningastofu Keldna er tekið við hræjum eða líffærum til krufningar. Þar starfa dýrameinafræðingarnir Ólöf G. Sigurðardóttir og Anna K. Sigurðardóttir sem taka sýni og senda áfram til greiningar innan stofnunarinnar. Hræ eru brennd í Kólku eins og annar sóttmengaður úrgangur. Krufið er allt frá krium til hrossa, skepnur frá bændum og gæludyr. Bóndi sem vill fá krufið hefur samband við dýralækni sem hefur milligöngu um að koma hræi til krufningar og tekur við niðurstöðum. Slíkt tekur að jafnaði um tvær vikur.



Bakteríu- og meinafræðideild er stjórnað af Charlottu Oddsdóttur. Meginviðfangsefni deildarinnar eru bakteríufræði, sýklalyfjaögnami, bóluefni, sýklaæti og meinafræði.



Á meinafræðideildinni er Hanna K. Jónsdóttir að skera sniglasýni í leit að snikjudýri. Sýni koma frá krufningarstofunni í formalindollum, þau eru skorin og snyrt og sett í kassettur. Þá eru þau steypt í parafínvax og enn skorin til. Sömu leiðis er tekið við sýnum frá dýralæknum, t.d. úr æxlum í lifandi dýrum sem þarfnast greiningar, og frá rannsóknaaðilum innan háskólasamfélagsins. Einnig eru framkvæmdar sértækar blóðgreiningar.



Safn vefjasýna í glerplötum sem ástæða þykir til að geyma, eru áhugaverð, sjaldgæf, tengjast ákveðnum verkefnum eða nýtast sem samanburður fyrir ýmsa vefi.



Fullkornasta öryggiskrufninga- og rannsóknastofa á Íslandi. Byggingin, sem er í raun hús (rannsóknastofa) inni í öðru húsi, með stýringu á loftflæði, er tilkomin vegna yfirvofandi alheimsfaraldurs fuglaflensu. Í öryggisrannsóknastofunni hafa m.a. verið rannsökuð grunuð miltisbrands- og kúariðutilfelli, leðurblökur og þvottabirnir m.a. með tilliti til hundaeðis, sem aldrei hefur þó greinst á Íslandi. Landið er eitt af fáum sem eru laus við þann alvarlega sjúkdóm sem þúsundir lást af árlega. Öll meint fuglaflensu sýni eru t.d. tekin hér. Allur úrgangur fer í gegnum autoklava, loftið fer í gegnum tvöfaldar hepa-siur sem síðan er brennt. Allt affall fer í kjallara, í tank sem sýður það. Starfsfólkið viðhefur ströngustu öryggisráðstafanir. Öryggisrannsóknastofan var tekin í notkun árið 2009.



Heldur óskemmtilegur baukur úr geymslu snikju-dýræðidar, stúf fullur af spóluormum sem fundust í folaldi í Skagafirði. 677 spóluormar fundust í görninni og líklega drapst folaldið úr stíflu.

JÓLAHREINGERNING

Barnahús · Garðhús · Gestahús · Gróðurhús

Allt að 40% afsláttur | Allt á að seljast, fyrstur kemur fyrstur fær | Ekki missa af þessu!



25%

GESTAHÚS án fylgihluta



40%

BARNAHÚS án fylgihluta



30%

GARÐHÚS án fylgihluta



15%

GRÓÐURHÚS

45% afsláttur af **FLUTNINGI** á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

HÚSIN eru sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **HÚS** á tilboði á heimasíðunni volundarhus.is

Erum komin í jólaskap og gilda því tilboðin áfram núna í

desember

eða á meðan birgðir endast.

Afsláttarverð reiknast af verðum á heimasíðunni okkar.

Nánari upplýsingar á heimasíðu og í síma 864 2400.



Vel valið fyrir húsið þitt


www.volundarhus.is



Staðgreiðslu Lán






HAGSTEDAR AFBOGANIE



Stefanía Þorgeirsdóttir á rannsóknastofu þríónfræða vinnur að riðu-rannsóknnum. Hún leitar að umbreyttu príónpróteini, próteini sem hefur breytt um byggingu, og keyrir m.a. samanburð frá Evrópuráðuneyðisrannsóknastofunni. Framan við rannsóknastofuna eru allmargar frystikistur sem geyma lífsýni stofnunarinnar, við allt frá -20 til -80 °C þar sem jákvæð sýni lenda.



Á snikjudýradeildinni hafa öll þekkt íslensk snikjudýr smám saman verið kortlögð og þar að auki eru hér rannsókuð þau óþekktu snikjudýr sem finnast í landinu. Guðný Rut Pálsdóttir sýnir hér í viðsjá nýfundinn hundamítill. Hann getur lifað og fjölgað sér innandryra og borið bakteríu- og veirusjúkdóma, þráðorma og frumdyr í hýsla sína, þ.á m. menn. Hér eru snikjudýr í dýrum, og í sumum tilfellum mönnum, rannsókuð. Keldur eru landsbundin tilvísunarrannsóknarstofa m.a. fyrir trikinur. Sýni frá einangrunarstöðvum fyrir hunda og ketti eru rannsókuð, um 600 dýr á ári. Þá eru rannsókuð sýni frá sláturhúsum og úr hrossum. Annað nýtt snikjudýr sem fannst hér á landi nýverið er lungnaormur í ketti.



Árni Kristmundsson fer fyrir rannsóknadeild fisksjúkdóma þar sem fengist er við bakteríu-, veiru- og snikjudýrafræði fiska og skeldýra. Undir sama þaki og fiskadeild er einnig rannsóknastofa veiru- og sameindalíffræði. M.a. er þar P-2 aðstaða þar sem m.a. fuglaflensuýni eru forunnin fyrir rannsóknir. Obbinn af því sem rannsakað er á fiskadeild eru fiskar, þjónusta er við fiskeldisfyrirtæki, heilmikið um rannsóknarverkefni og eitthvað um skeldýrarannsóknir. Á ári hverju eru gerðar upp undir 50 þúsund greiningar og órt vaxandi fiskeldi stækkar verkefnið ódfluga.

Þá er á torfunni aðgerðastofa þar sem lækna á Landspítalanum geta gert aðgerðir á kindum, sem eru svæfðar og sofna svo svefninum langa. Þar geta m.a. fæðinga-, bæklunar- og bráðalækna æft og viðhaldið handtökum í aðgerðum sem sjaldan eða aldrei eru framkvæmdar á fólki og er gríðarlega mikilvæg þjálfun fyrir þá.

Viðbragðssjóðs er þörf

Forsvarsmenn Keldna telja vanta nokkurs konar viðbragðssjóð. Undanfarin tvö til þrjú ár hafi komið upp hið minnsta ein krísa á ári tengd ögn við dýraheilbrigði, eitrannir, sjúkdóma o.fl. Matvælastofnun stýrir aðgerðum og sendir rannsóknabeidnir til Keldna, sem



rukkar Matvælastofnun fyrir, en stofnunin þarf svo að herja á matvæla ráðuneytið í kjölfarið um aukafjármagn til að greiða fyrir vinnuna. Viðbragðssjóður myndi leysa þann hnút og fjármagnsskortur í viðbragði getur haft áhrif á ákvarðanir, t.d. um hversu langt sé gengið.

Mest þúður hafi farið í riðuna, sem sé þó ekki eina né endilega stærsta ógnin. Meinvirk gerð fuglaflensu sé t.a.m. búin að vera í villtum fuglum sl. þrjú ár en nú hafi hún stungið sér niður á alifuglabúi, sem sé verulegt áhyggjuefni. Smitandi hósti í hrossum hafði gríðarleg áhrif á þá grein og influensa eða alvarlegar herpesveirur megi alls ekki berast í íslenska hestinn. Faraldur hitasóttar í hrossum 1998

hafi valdið kórónuveiru sem á þeim tíma var óþekkt í hrossum. Einnig má geta caliciveirusmits í kaninum sem drápuð ungvörpum. Afrísk svínapest grasseri erlendis, fari frá villisvínum inn á svínabúin og geti borist með matarúrgangi. Þannig sé margt að varast.

Sérstaða landsins

Á Íslandi eru einstakar aðstæður fyrir ýmis rannsóknar-, vöktunar- og skimunarverkefni. Aðstæðurnar hafa skapast vegna landfræðilegrar legu landsins og stærðar þess. Einnig skiptir máli að vöktun, eftirlit og skráning dýrasjúkdóma er sívaxandi. Vegna einangrunar hafa húsdýr á Íslandi ekki verið útsett fyrir mjög mörgum smitefnum og/ eða mismunandi stofnum þeirra í sama mæli og víðast erlendis. Vegna þess getur fjöldi þekktar og lítt þekktar smitefna valdið faraldrum hérlendis í dýrum. Einnig fyrirfinnst tegundafæð í íslenskri náttúru. Rannsóknir á slíkum efnivið hafa gefið Keldum sérstöðu, að sögn forsvarsmanna. Vaxandi lífsýnasöfn gefi jafnframt aukna möguleika á nýjum samanburðarrannsóknnum af ýmsum toga.

Stöðug þróun er á fræðasviðum sjúkdómálíffræðinnar varðandi þekkingu og aðferðir. Nýjar aðferðir sem auka greiningarhæfni, afkastagetu og afkastahraða eru teknar í notkun. Sjálfvirkni og tölvuvæðing mælingatækja, auk tengsla þeirra við myndgreiningar, eru í hraðri þróun. Flókin úrvinnsla gagna er tölvuvædd í auknum mæli.

Aðstaða til að halda fiska er orðin lítil en vonir standa til að það breytist innan tíðar með nýrri byggingu. Með auknu eldi verða fisksjúkdómar tíðari. Þeir finnast í villtum fiskum en valda þeim sjaldnast skaða. Með þéttleikanum sem er í eldi, og að jafnaði minni vatnsgæðum, þá magnast sjúkdómarnir upp. Rannsóknir eru einnig stundaðar á villtum fiski og samstarf er við Hafrannsóknastofnun þar sem samlegð er talsverð. Veiru- og bakteríugerðir í fiskum eru oft náskyldar slíkum gerðum í öðrum dýrum, s.s. herpes-, influensu- og kórónaveirur.

Mæta þarf breytingum

Ýmsar áskoranir eru fram undan, að sögn forsvarsmanna. Má þar nefna aukna hnattvæðingu með ferðalögum og vöruflytningi sem skapar ný viðmið í allri hugsun um dreifingu smitsjúkdóma í mönnum, dýrum og plöntum. Með auknum innflutningi ferskra landbúnaðarvara og aukinni ferðamennsku, er einstakri smitsjúkdómastöðu íslenskra búfjárfstofna ógnað. Hætta er á að ný smitefni, sem munu hafa áhrif á heilsu manna og dýra, berist út í lífríkið. Sýklalyfjaónæmar bakteríur valda auknum heilsufarsvandamálum. Aðstæður í umhverfi geta haft áhrif á dreifingu sjúkdóma, s.s. loftslagshlýnun og breytingar á vistkerfum (t.d. skóglendi og votlendi). Fiskeldi er stundað í auknum mæli. Vinna þarf eftir nýjum tilskipunum Evrópusambandsins og innleiðingu löggjafar.

„Framtíðarsýnin er skýr m.t.t. þess hvernig efla má fræðasviðin,“ segir Sigurður. „Breytingar eru fram undan á loftslagi, ferðamannastraumi, flutningi fæðis, matvæla og dýraafurða, vexti í fiskeldi, inngripum mannsins í vistkerfi o.fl. Þetta kallar á uppbyggingu innviða og aukinn viðbúnað og viðbragðsþjónustu. Mikilvægt er að við rannsóknnum hvaða þýðingu þessar breytingar hafa fyrir dýrasjúkdómastöðuna á Íslandi,“ segir hann.

Tilraunastöðin er í öflugtu tengslaneti vísindastarfs á alþjóðavísu.

Hlutverk Keldna skv. lögum er m.a.:

- Að stunda grunnrannsóknir í líf- og læknisfræði dýra og manna.
- Að annast rannsóknir og þjónustu í þágu heilbrigðiseftirlits, sjúkdómsgreininga og sjúkdómavarna fyrir búfé og önnur dýr í samstarfi við yfirdýralækni og þróa aðferðir í því skyni. Enn fremur að vera yfirdýralækni til ráðuneytis um allt er varðar sjúkdóma í dýrum og varnir gegn þeim.
- Að þróa, framleiða, flytja inn og dreifa bóluefni og lyfjum gegn sjúkdómum í búfé og öðrum dýrum.
- Að veita háskólakennurum og öðrum sérfræðingum, sem ráðnir eru til kennslu og rannsókna á sviði stofnunarinnar, aðstöðu til rannsókna eftir því sem við verður komið.
- Að annast endurmenntun dýralækna, eftir því sem aðstæður leyfa, og miðlun upplýsinga til þeirra í samvinnu við yfirdýralækni.
- Að annast eldi á tilraunadýrum fyrir vísindalegar rannsóknir í landinu.
- Að taka þátt í rannsóknum og þróunarvinnu í þágu líftækniöðnaðar í landinu.
- Að auki er Keldum ætlað sérstakt hlutverk við rannsóknir á fisksjúkdómum, skv. lögum nr. 50 frá 1986.



STÖÐLUD STÁLGRINDARHÚS

Stærðir: 80m², 150m², 250m² og 350m²

Stálgrindin er heitgalvaniseruð og er sérsmíðuð fyrir íslenskar aðstæður. Húsin standast mestu snjó- og vindálagskröfur sem gerðar eru í byggð á Íslandi og henta því sem geymslu- og vélaskemmur í öllum landshlutum. Húsunum fylgja allar nauðsynlegar teikningar til að fá byggingarleyfi ásamt teikningum af grunni og vinnuteikningum.

Hafðu samband: bondi@byko.is

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Gleðtileg jól

OG FARSÆLT KOMANDI ÁR

Bændasamtök Íslands senda sínar allra bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Þegar við stöldrum við á þessum tíma árs, þökkum við bændum fyrir þeirra ómetanlega framlag til samfélagsins. Með vinnu og eljusemi tryggja bændur ekki einungis mat á borð landsmanna heldur líka líf í byggðum landsins.

Megi nýtt ár færa bændum og samfélaginu öllu gleði og gæfu.



BÆNDASAMTÖK
ÍSLANDS

Hús tekið á þýskum bændum

Eins og fram kom í síðustu tveimur tölublöðum Bændablaðsins var hin heimsfræga EuroTier landbúnaðarsýning haldin í nóvember og af því tilefni var fjöldi Íslendinga staddir á sýningunni, m.a. 53 manna hópur sem sótti sýninguna heim tvo af fjórum sýningardögum hennar, auk þess að heimsækja tvö þýsk bú, annars vegar bú í mjólkurframleiðslu og -vinnslu og hins vegar bú í kartöflu-, kjöt- og hauggasframleiðslu.

Snorri Sigurðsson

snorri.sigurdsson@outlook.com



Fyrri heimsóknin var á lífræna kúabúíð Hofmolkerei Dehlwes í Wümmeland-héraðinu, en þar er bæði rekið kúabú og afurðastöð af hjónunum Thomas og Mareike Dehlwes. Mjólkurframleiðsla hefur verið rekin á búinu óslitið síðan 1896 og eru þau nú sjötta kynslóð ábúenda á staðnum. Á búinu eru 285 mjólkurkúr auk þess sem þau hjónin eru með litla eggjaframleiðslu einnig, þá eru þau með 275 hektara lands fyrir fódurframleiðslu búinsins.

Stofnuðu eigin afurðastöð

Árið 1999, þegar lágt afurðastöðvaverð til bænda í Þýskalandi var raunin, ákváðu þau að söðla um og fara í lífrænt vottaða mjólkurframleiðslu. Samhliða stofnuðu þau eigin mjólkurvinnslu sem þau nefndu Bio Hofmolkerei Dehlwes þar sem lítið var um möguleika á að selja lífrænt vottaðar mjólkurvörur. Síðan hefur fyrirtæki þeirra hjóna vaxið og dafnað og í dag framleiða þau 35 mismunandi mjólkurvörur og vinna úr mjólk frá öðrum lífrænt vottuðum kúabúum einnig. Umfang starfseminnar er í dag það mikið að þau ráða ekki lengur við að framleiða allar mjólkurvörurnar sjálf enda er innvegin mjólk um 8 milljón lítrar. Þau hafa því samið við aðra afurðastöð, sem er í um 80 km fjarlægð, um að vinna og pakka hluta af framleiðslu fyrirtækisins.

Um 83 krónur fyrir lítrann

Thomas sýndi hópnum bæði afurðastöðina og kúabúíð og aðspurður kvað hann afurðastöðvaverðið núna vera um 57 evrusent, eða um 83 krónur fyrir

lítrann. Til samanburðar fá bændur í hefðbundinni mjólkurframleiðslu um 51 evrusent, eða um 75 krónur fyrir lítrann. Sagði Thomas muninn í dag vera orðinn of lítinn til þess að borga þann aukakostnað sem fylgir því að vera í lífrænni mjólkurframleiðslu, en sem kunnugt er gilda töluvert aðrar reglur um slíka mjólkurframleiðslu s.s. bann við notkun á tilbúnum áburði svo dæmi sé tekið.

Litlir styrkir í dag

Að sögn Thomas hefur styrkjakerfi Evrópusambandsins tekið miklum breytingum á undanföllum tveimur áratugum og nú er svo komið að styrkirmir vega tiltölulega lítið í heildarveltu búanna. Aðspurður um hve hátt hlutfall ársveltu kúabúsins kæmi frá mjólk og kjöti sagði hann það vera um 92%, þ.e. 8% heildarveltunnar væru opinberir styrkir og þá einungis svokallaðir hektarastyrkir, en það eru stuðningsgreiðslur sem bændur fá út á ræktun. Hann benti þó á að Evrópusambandið hefði styrkt byggingu afurðastöðvarinnar um 20%, en hann sagði einnig að hann myndi ekki sækja um slíkan styrk ef hann væri að byggja nýja afurðastöð núna. Ástæðan var sú að til að fá styrkinn þurfti afurðastöðin að uppfylla miklu strangari kröfur en ella, svo það í raun borgaði sig alls ekki.

Hægt uppeldi

Á kúabúinu eru Holstein kúr og er meðalnytin nú 10.500 lítrar en hann tók nýverið í notkun 4 Fullwood mjaltþjóna. Sagði hann að nytin hefði hækkað, við það að fara í mjaltþjóna, um 1.500 lítra á kúna á ári. Þau hjónin rækta nánast allt fódur í kúrarnar en kaupna þó sérstakt lífrænt vottað kjarnfóður þar sem aðal próteingjafinn eru hörfræmjöl



Íslenski hópurinn á EuroTier 2024.

Mynd / DLG



í stað sojamjöls eins og oft er.

Thomas sæddi áður kúrarnar sjálfur og var þá að nota 3,2 strá á hvert staðfest fang. Hann var eðlilega ekki ánægður með það og sagði að sæðingafjöldinn á þessu búí væri of lítill á hverju ári, til þess að ná nógu góðum árangri. Hann kaupir því þessa þjónustu að í dag og hefur sæðingum snarfækkað fyrir vikið. Vegna kostnaðar við aðkeypt fódur er hann ekki að ala kvígurnar hratt og byrjar ekki að sæða þær fyrr en við 16 mánaða aldur svo þær bera frekar seint miðað við það sem almennt gerist meðal bænda með Holstein kúr.



Dehlwes-fjölskyldan á góðri stundu.

Mynd / Mareike Dehlwes.

Blikkandi kúr

Á kúabúum með margar kúr getur verið erfitt að finna einstaka gripi sem þarf að sinna og þar sem horfa þarf í hvert verk og lágmarka tímanotkun eru þau Thomas og Mareike með ansi sniðugan búnað. Búnaðurinn, sem er hægt að virkja með fjóstölvunni eða snjallsíma, sendir einfaldlega skilaboð í hálsól þeirrar kúr sem þarf að sinna og þá fer rautt ljós að blikka á ólinni. Fyrir vikið tekur nánast enga stund að finna kú sem t.d. þarf að yta við til að fara í mjaltir, sæða eða meðhöndla með einhverjum hætti.

Með naut, svín, hauggas og rafmagnsframleiðslu

Síðari heimsókn Íslendingahópsins var til hans Christoph Renken, sem rekur myndarlegt bú með 300 holdanautum, 1.400 eldisgrísum auk þess sem hann framleiðir kartöflur. Hann nýtir svo skítinn og moðið frá bæði nautunum og svínunum í hauggasvinnslu, sem svo fer til rafmagnsframleiðslu á búinu. Christoph sagði m.a. að við búíð störfuðu 9 manns auk hans sjálfs og að aðeins einn þeirra sinnti hauggasorkuverinu. Hinir sæju um hirðingu á skepnum og/eða ökrum búins. Tilgangur heimsóknarinnar var fyrst og fremst að fræðast um holdanautabúskap Christoph og því var hvorki svínabúíð né hauggasorkuverið skoðað.

Kaupir nautin árgömul

Það sem er sérstakt við holdanauteldi Christoph er að hann kaupir að hálfstálpaða gripi, árgömul Fleckvieh-naut, en þetta kyn er tvínytja og á uppruna sinn að rekja



Hér má sjá dæmi um framleiðslu Bio Hofmolkerei Dehlwes.

Mynd / SS

til mið-evrópsks mjólkurkúakyns og Simmental-kúakynsins. Margir mjólkurframleiðendur eru með Fleckvieh-kúr bæði í Þýskalandi og Austurríki svo dæmi sé tekið og er töluvert frambod af nautkálfum af þessu kyni. Þessi árgömlu naut fær hann því víða að, en kaupir þau þó af einum aðila sem sér um að safna saman gripum af mörgum búum og selja áfram til bænda í kjötframleiðslu. Í Þýskalandi er nefnilega markaður fyrir svokallað lokaelði á nautum, líkt og í mörgum öðrum löndum, og því eru sumir bændur eingöngu í því að framleiða naut upp að ákveðnum aldri og láta svo öðrum eftir að klára eldið. Ástæðan fyrir þessu getur verið margvísleg, svo sem plássleysi eða einfaldlega sérhæfing. Hann sagðist hafa keypt síðasta skammt af nautum á 1.000 evrus stykkið, um 146.000 íslenskar krónur, en hann kaupir alltaf öll nautin 300 á einu bretti.

Með nautin á hálmi

Fjósíð er afar einfalt hjá Christoph, með fóðurgangi í miðju og stíum til beggja handa. Það vakti athygli hve hrein nautin voru, en skýringin var sú að stúrnar eru hálmstúrnar sem halda nautunum bæði þurrum og hreinum. Stúrnar eru þannig

TÚNFÍFILL GUESTHOUSE



Frábær aðstaða fyrir fjölskyldur og litla vinahópa, 230 fm., allt á einni hæð.

Á pallinum er grill, heitur pottur og sauna.

Upplýsingar: Hörður s. 8691526 - Pálína s. 8677159 - netfang. tunfifill@tunfifill.is

Staðsetning: Teigagrund 6 á Laugarbakki/Hvammstangi

Erum mitt á milli Akureyrar og Reykjavíkur



Thomas kveikti á ljósi þessarar kýr með símanum sínum, til að sýna hópnum hvernig kerfið virkar.

Mynd / SS



Þegar Íslendingahópin bar að garði voru nautin orðin býsna stór enda stutt í slátrun.

útbúnar að legusvæði nautanna er með 3% hallandi gólfi, en átsvæðið lárétt slétt og aðeins neðar en legusvæðið. Tvisvar í viku er hálmur blásið upp í legusvæðið og nautin sjá svo um að ýta hálmnum hægt og bítandi niður á slétta svæðið fyrir framan átgrindina. Fyrir vikið hleðst hálmurinn ekki upp á legusvæðinu og er yfirleitt í kringum 20 cm þykkur að sögn Christoph. Hann mokrar svo flórin við átsvæðið tvisvar í viku og þegar það er gert, lokar hann nautin inni á legusvæðinu sjálfu og getur því athafnað sig auðveldlega á mokstursvél. Fram kom að hann notar 1.200 hálmrúllur, 180 cm stórar, á ári undir nautin.

Fóðrar á fjögurra tíma fresti

Á búinu er alsjálfvirkt fóðrunarkerfi frá fyrirtækinu Trioliet, en kerfið byggir á því að geta keyrt út fóður í nautin allan sólarhringinn, enda verið að stríðala þau. Christoph er með möguleika á að setja sex mismunandi fóðurefni í fóðurblandarann og setur hann efnin í sérstök geymsluhólf sem sjálfkeyrandi fóðurblandari keyrir svo undir og tekur við fyllingu sjálfkrafa. Þau fóðurefni sem hann notar eru maís, hálmur, kartöfluskrael, korn, kjarnfóður og vatn. Þessum eignum sér svo hinn

sjálfkeyrandi fóðurblandari um að blanda vel saman og svo ekur hann einfaldlega út á fóðurgang og gefur nautunum alsjálfvirkt og án aðkomu mannshandar. Kerfið keyrir svo allan sólarhringinn, á fjögurra tíma fresti.

Slátrar þegar nautin eru 8–900 kg

Þegar nautin hafa náð nægum vexti, þ.e. tilskildum þunga, sendir hann þau í slátruhús í nokkrum sendingum og slátrar út úr hópnum á 2–3 mánuðum. Í árslok er fjósið orðið tómt á ný og þá er allt hreinsað í hólf og gólf, sóttreinsað og svo settur inn nýr hálmur og byrjað upp á nýtt með 300 árgömul naut í byrjun næsta árs. Christoph sagðist miða við að senda nautin frá sér þegar þau ná 8–900 kg þunga á fæti en þá er meðalfallið, um 480–540 kg, að leggja sig á um 2.800 evrur, eða um 410.000 íslenskar krónur. Aðspurður um það hvort þetta væri góður rekstur þá sagði hann það svo vera, sérstaklega með rafmagnsframleiðsluna sem viðbótargreini.

Rafmagnsframleiðslan óhemju mikilvæg

Eins og áður segir er mokað frá nautunum tvisvar í viku og fer þá hálmblandaður skíturinn í sérstakan

tank þar sem honum er blandað við svínaskítinn sem fellur til af hinni framleiðslu búins. Þetta eru tvö megin hráefnin til hauggasframleiðslunnar og telur um 80% af hráefninu sem þarf til framleiðslunnar. Síðustu 20% eru svo maísvothey sem hann blandar saman við, en það er nauðsynlegt til að fá rétt orkustig í hráefnið sem á að afgasa. Ut úr þessu öllu fær hann að jafnaði mikið af gasi sem er svo notað til að knýja rafal sem hann svo selur rafmagnnið úr út á netið.

Fyrir hverja kílóvattstund fær hann 25 evrusent, eða um 37 íslenskar krónur, og er skýringin á þessu háa orkuverði hinn innri markaður Evrópu, þar sem græn orka er gríðarlega eftirsóknarverð og sér í lagi eftir að Rússar réðust inn í Úkraínu með tilheyrandi áhrifum á snarminnkandi kaup Evrópulanda á rússnesku gasi. Aðspurður um kostnaðinn við að setja upp hauggasvinnsluna og rafalinn sagði hann að ef þetta væri byggt í dag myndi kostnaðurinn við fjárfestinguna líklega vera um 5 milljónir evra, um 890 milljónir íslenskra króna. Þó svo að það sé vissulega mikil fjárfesting sagði hann að endugreiðslutíminn væri innan við 5 ár, svo þetta væri afar góð búgrein og raunar sú sem skilaði mestum hagnaði þegar allt væri talið.

VIÐ ÓSKUM ÞÉR
GLEÐILEGRA JÓLA
OG FARSÆLDAR
Á KOMANDI ÁRI

TAKK FYRIR
VIÐSKIPTIN
Á ÁRINU

FÁLKINN ÍSMAR
IDNVELAR

DALVEGI 10-14 | 201 KÓPAVOGUR
SÍMI: 510 5100 | FALKINNISMAR.IS
IDNVELAR.IS

GLEÐILEG JÓL!

MASSEY FERGUSON

BÚVELAR

Gagnheiði 35, Selfossi Sími 4800080 www.buvelar.is



Kokkurinn að elda hvalahjarta.

sem fólk gat keypt á staðnum og tekið með sér heim.

Hrátt hvalkjöt, sashimi

Hvalkjötíð var aðallega borið fram hrátt, sem japanskt sashimi. Fyrstu þrjú réttirnir voru hrá lund með hrárrí eggjarauðu, hrá síða (beikon) og hrá tunga. Með öllu þessu kjöti var borin fram sojasósa ásamt wasabi kryddi, hvítlauk og ferskum kryddjurtum. Lundin var einstaklega mjúk og bragðgóð og fór vel með hrárrí eggjarauðu. Einfaldleikinn er bestur, að mínu mati. Kinnin var vel fitusprengd og örlítið seigari undir tönn. Samt var hún mjúk og góð, dýft í sojasósu með wasabi. Síðan var síst af réttunum. Hún var að sjálfsögðu feit en frekar seig undir tönn og ekki eins og ég reiknaði með.

Næstu réttir voru hrátt hjarta með hrárrí eggjarauðu, létsteyktur hryggjarbiti og hrátt skinn. Hjartað var frábært og alveg eins og ég reiknaði með, ekki ósvipað bit og í íslensku lambahjarta, sem ég borða oft, létsteykt. Þjónninn mælti með að við myndum krydda hjartað með krömdum hráum hvítlauk. Það var frábær lystauki. Létsteykti hryggurinn var eins og ég hafði fengið áður, lungamjúkur og afar bragðgóður. Hvort heldur í safanum af sjálfum sér eða með örlitilli sojasósu og wasabi.

Hvalkjötssúpa og garnir

Við gátum ekki setið á okkur að panta hvalagarnir. Þær voru soðnar og þverskornar. Ekki voru þær bragðmiklar en eins og við mátti

búast, alls ekki ólíkar lambagörnum eða vömbum utan af slátri. Mjög góðar fyrir þann sem hefur alist upp við slíkan mat.

Síðast var borin fram hvalkjötssúpa, „hot pot“ eins og Japanir kalla hana. Munurinn á íslenskrí kjötssúpu og hvalkjötssúpunni er aðallega fólgin í að grænmetið og kjötið er lítið soðið. Oft fær maður kjötið þunnskorið á diskum og stingur því ofan í pottinn með grænmetinu og veiðir það svo upp og borðar. Að síðustu er súpan og grænmetið borðað. Bragðið af hvalkjötssúpunni var afar milt en samt bragðmikið. Það var augljóst að soðið í súpunni hafði verið látið malla lengi með beinum eða einhverjum parti af hvalnum til að ná fram fyllingunni í bragðinu. Þetta var réttur sem, að mínu mati, öllum íslenskum sveitamaönnum hefði líkað.

Niðurstaðan

En hver var svo niðurstaðan af þessu öllu? Jú, að hvalkjöt er afar eftirsótt í Japan og samofið matarmenningu þjóðarinnar og hluti af fjölbreytileika mannkyns. Augljóst er að að baki nýtingu hvala er mikil þekking sem nú á undir högg að sækja sökum skorts á hvalkjöti. Það sem eftir stendur, og kom algerlega í opna skjöldu, var að Japanir nýta hvalinn eins og Íslendingar gerðu með sauðkindina og þorsinn þar sem hver partur var nýttur til hins ýtrasta.

Höfundur er búfræðingur og framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum.

PGV framtíðarform
óskar landsmönnum öllum
gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Við þökkum samfylgdina á árinu
sem er að líða.

**Framúrskarandi
fyrirtæki með
framúrskarandi
pvc glugga**



PGV
FRAMTÍÐARFORM EHF
PLASTGLUGGAVERKSMÍÐJA

www.pgv.is - sími: 510 9700

**VINNUVÉL, VINNUBÍLL, VÖRUBÍLL, SÉRHÆFT IÐNAÐARTÆKI?
VIÐ FINNUM RÉTTA TÆKIÐ EÐA KAUPANDANN FYRIR ÞIG.**



**UMBOÐSAÐILI LIDER VAGNA
OG LARK HÚSA Á ÍSLANDI**



Scanice
www.scanice.is



Við færum þér **öruggar
lausnir** á aðventunni.



VINNUPALLAR

Vinnupallar ehf. - Vagnhöfða 7 - s. 787 9933 - vpallar@vpallar.is - www.vpallar.is

Hvernig kom haustið út?

– Af niðurstöðum lambadóma 2024



Toppur 24-974 frá Hófgerði.

Hvernig ætli lömbin reynist í haust? Þessi spurning er alltaf jafnforvitnileg. Í ár var ekki undantekning á því enda nokkrir stórir áhrifaþættir sem gátu haft töluverð áhrif á niðurstöður.



Eyþór Einarsson.

Fyrst má nefna að þátttaka í sæðingum tók mikinn kipp á síðasta ári en þá jukust sæðingar um 55% milli ára. Viðbúð var að það myndi ýta undir þátttöku í lambskoðunum. Hversu vel lukkaðir kynbótagripir hinir óreyndu lambhrútar myndu reynast sem á stöðvunum stöðu í fyrra var hins vegar spennandi að fá dóm á. Annar stór áhrifaþáttur var þetta óvenjulega tíðarfar á liðnu sumri. Það var mikil áskorun fyrir margan sauðfjárbóndann að passa upp á lambféð í u.þ.b. vikuhreti í júníþyrjun. Þá var víða sem haustbeit brást sökum kulda og bleytutíðar.

Hvernig kom þetta út?

Umfang skoðanna reyndist svipað og haustið áður, nú voru skráðir dómur á 60.384 lömb (Fjársýslu 12.12.2024) sem er örlitil aukning milli ára. Skoðun á lambhrútum jókst talsvert, en stigaðir voru 13.669 hrútlömb. Hefur hrútaskoðun ekki verið meiri síðan 2014 en þá voru skoðaðir rúmlega 15 þúsund lambhrútar.

Heilt yfir var vænleiki lamba ótrúlega góður og reyndist fallþungi lamba samkvæmt niðurstöðum afurðastöðvanna vera 16,9 kg, sem er þriðji mesti fallþungi sem verið hefur á landinu, og gerð sláturlamba var 9,45, sem er sú næsthæsta frá því EUROP-matið var tekið upp. Greinilegt er að fjallagróðurinn hefur verið kjarngóður og því hafa lömb sem sluppu við miklar hremmingar í vor víða komið væn úr sumarhögum. Breytileiki í þroska lamba var mikill milli bæja en ekki síður milli svæða. Hrútlömb í A-Húnavatnssýslu voru 1,8 kg léttari í ár en árið áður og í Skagafirði voru skoðaðir lambhrútar 1,5 kg léttari milli ára. Hins vegar var mest þyngdaraukning í Arnassýslu þar sem hrútlömbin í ár voru 1,1 kg þyngri en í fyrra. Í þessum þrem sýslum var jafnframt mest breyting á skoðuðum lömbum þar sem í Arnassýslu jukust dómur á gimbrum og hrútum um 700 lömb en í Austur-Húnavatnssýslu fækkaði skoðuðum lömbum, aðallega gimbrum, um 860 og í Skagafirði um 520.

Efstu lambhrútarinnir

Efsti lambhrútur landsins reyndist vera Toppur 24-974 frá Hófgerði sem jafnframt er efsti hrúturinn í Arnassýslu. Toppur er einn af þeim úrvalslambhrútum sem jafnframt ber verndandi arfgerð og sauðfjárbændur fá að nýta í gegnum sæðingar nú í vetur. Hann er því vel kynntur í hrútaskrá. Næstir að stigum koma

fjórir hrútar með 91,5 stig. Í annað sætið raðast Darwin 24-181 frá Hreiðri í Rangárvallasýslu sem er sonur Káts 20-905. Þriðji er hrútur númer 24-713 frá Bræðratungu í Biskupstungum en hann er líkt og efsti hrúturinn sonur Atlasar 23-924 frá Hofi. Fjórði hrúturinn er einnig frá Bræðratungu, FFF hans er Fálki 17-821 frá Bassastöðum. Fimmti hrúturinn er síðan Svanur 24-516 frá Saurbæ á Vatnnesi. Hann er einnig útaf Fálka en föðurfaðir hans er Glæsir 19-887 frá Litlu-Ávík.

Auk Toppur eru fjórir hrútar á úrvalslistanum sem fóru inn á stöð og bera allir ARR. Það eru Dufgus 24-967 frá Sauðafelli sem stóð efstur í Dalasýslu, Gunnsteinn 24-975 frá Hólábæ sem er efsti hrúturinn í A-Húnavatnssýslu, Ósmann 24-968 frá Ríp sem stóð efstur í Skagafirði og Pálmi 24-946 frá Kíðafelli sem er fimmti hæsti hrúturinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Þeir stöðvahrútar sem eiga flesta syni á listanum í ár eru þeir Steinn 23-926 frá Kaldbak sem á 8 syni, Moli 23-919 frá Miðdalsgröf sem á 7 syni og Kátur 20-905 frá Efstu-Grund sem á 6 syni. Þykkasti bakvöðvi sem mældist í ár var 45 mm, en bakvöðvameistararnir eru þeir Mæjó 24-669 frá Efri-Fitjum og 24-303 frá Teigi. Nánar má skoða upplýsingar um þá á meðfylgjandi yfirliti yfir úrvalslambhrúta landsins.

Áhrif innleiðingar verndandi arfgerða á niðurstöðu dóma

Áhugavert er að velta fyrir sér hvort og hvaða breytingar megi greina í kjölfar þess að innleiðing verndandi arfgerða hófst með breytingu áherslunnar í vali hrúta inn á sæðingastöðvarnar. Það má m.a. gera með því að bera saman dómagögn frá því í haust við árin 2022 og 2021, sem eru árin áður en innleiðing verndandi arfgerða hófst.

Skýrasta breytingin í dómaniðurstöðum er lækun hauseinkunnar. Nú fengu 14% lambhrútanu 7,5 eða lægra fyrir haus en að jafnaði voru þetta um 6% haustin 2021 og 2022. Lág hauseinkunn er yfirleitt vegna þess að hrútlömb eru hnífloft eða sívalhyrind og er þetta afleiðing aukinnar blöndunar á hyrnda og kollótta fénu. Tíðni bitgalla virðist ekki hafa aukist.

Ef horft er til fótagalla þá virðist heldur algengara að lambhrútar sýni frávik frá rétttri fótstöðu í dómum haustsins en sem betur fer er aukningin ekki veruleg. Á árunum 2021 til 2022 var 1,5% hrútlamba dæmdir niður vegna fótagalla en í haust voru það 1,9%. Ef skoðað er hlutfall hrútlamba sem fær 7 eða lægra fyrir samræmi, sem í flestum tilfellum er vegna eistnagalla, þá er það hlutfall nokkuð óbreytt. Er nú 0,6% en var 0,7% að jafnaði þessi tvö viðmiðunarár.

Fyrir liggur að eitthvað var um naflaslit í haust en a.m.k. 4 synir Steins 23-926 hafa fundist með þennan galla og eins eru dæmi um slíkt bæði út af öðrum hrútum af

Uppruni	Gripur	Faðir	Þungi (kg)	Ömvöðvi	Ómfita	Fótleggur	Háls-herðar	Bringa-útlöngur	Bak	Malir	Læri	Ull	Samræmi	Stig alls	Arfgerð
Gullbringu- og Kjósarsýsla															
1 Kíðafell	24-002 Steini	23-926 Steinn	68	39	3,8	110	9,0	9,5	9,5	9,5	19,0	8,0	9,0	89,5	ARR/ARQ
2 Kíðafell	24-001 Falur	23-919 Moli	49	38	4,0	105	9,5	9,5	9,5	9,0	19,0	8,5	8,0	89,0	ARR/N138
3 Kíðafell	24-161 Björgvin	23-926 Steinn	53	36	3,6	107	9,0	9,5	9,5	9,0	18,5	9,0	8,5	89,0	ARQ/ARQ
4 Miðdalur	24-014 Askur	23-926 Steinn	53	36	4,8	106	9,0	9,0	9,5	9,0	18,5	8,5	9,0	88,5	ARR/ARQ
5 Kíðafell	24-946 Pálmi	23-930 Styrmir	54	39	3,4	104	8,5	9,0	9,5	9,0	19,0	8,5	8,5	88,0	ARR/ARQ
Borgarfjarðarsýsla															
1 Hægindi	24-112	23-103 Hamall	52	36	2,1	106	9,0	9,5	9,5	9,5	19,5	9,0	9,0	91,0	ARQ/ARQ
2 Hægindi	24-113 Þórshamar	23-103 Hamall	57	40	2,7	110	9,0	9,5	10,0	9,5	19,0	8,5	9,0	90,5	ARQ/ARQ
3 Múlakot	L279	23-002 Tígull	46	40	3,4	105	9,0	9,0	10,0	9,5	19,5	8,0	9,0	90,0	
4 Hrafnabjörg	24-560 Keilir	20-308 Þorbjörn	56	35	6,1	107	9,0	9,5	9,0	9,5	19,0	9,0	9,0	90,0	
5 Giljahlíð	24-363	21-501 Sv.-Folinn	51	36	3,7	108	9,0	9,0	9,5	9,5	19,5	8,0	9,0	89,5	
Mýrasýsla															
1 Krossnes	24-201 Sprettur	21-202 Fantur	56	39	3,6	107	9,0	9,5	10,0	9,5	19,5	8,0	9,0	90,5	
2 Krossnes	24-453 Helgi	21-202 Fantur	53	36	3,6	106	9,5	9,0	9,5	9,5	19,0	8,0	8,5	89,0	
3 Krossnes	L4008	21-202 Fantur	57	34	4,0	110	9,5	9,0	9,0	9,5	19,0	8,0	9,0	89,0	
4 Stafholtssveggir	24-040 Þrjótur	23-045 Þorpari	52	38	3,2	110	9,0	9,0	9,5	9,0	19,0	8,5	9,0	89,0	
5 Brekka	24-619 Múli	23-919 Moli	71	34	4,5	112	9,0	9,5	9,0	9,0	19,0	8,5	9,0	89,0	N138/ARQ
Snæfells- og Hnappadalssýsla															
1 Stakkhamar 2	24-498 Stakkur	23-002 Bessi	59	40	4,1	113	9,5	9,5	10,0	9,5	19,0	8,0	9,5	91,0	ARQ/ARQ
2 Hofún	24-232	22-914 Úlli	61	37	3,5	111	9,5	9,5	9,5	9,5	19,0	8,5	9,5	91,0	ARQ/ARQ
3 Stakkhamar 2	L87	20-723 Valur	53	38	3,3	113	9,5	9,0	9,5	9,5	19,0	8,5	9,0	90,0	
4 Stakkhamar 2	24-402	20-723 Valur	60	38	3,7	115	9,0	9,0	9,5	9,5	19,5	8,5	9,0	90,0	
5 Foss	24-612 Sleipnir	22-608 Sími	56	36	4,4	108	9,5	9,5	9,5	9,5	19,5	7,5	8,5	89,5	ARQ/ARQ
Dalassýsla															
1 Sauðafell	24-967 Dufgus	23-919 Moli	49	36	3,2	109	9,0	9,5	9,5	9,0	19,0	8,5	9,0	89,5	ARR/AHQ
2 Stóra-Vatnshorn	24-046 Óðinn	22-914 Úlli	51	38	2,9	110	9,0	9,0	9,5	9,5	19,0	8,0	9,0	89,0	C151/ARQ
3 Skörð	24-054	23-919 Moli	53	36	4,5	109	9,0	9,0	9,5	9,5	19,0	8,5	8,5	89,0	ARR/ARQ
4 Stóra-Vatnshorn	24-043 Þór	23-039 Jónsi	54	36	4,5	110	9,0	9,5	9,5	9,0	19,0	8,0	8,5	88,5	
5 Sauðafell	24-357 Demantur	23-926 Steinn	65	34	3,8	108	9,5	9,5	9,0	9,5	18,5	8,0	8,5	88,5	ARR/ARQ
Barðastrandarsýslur															
1 Kambur	24-288	20-292 Bósi	52	36	3,8	112	9,0	9,0	9,5	9,5	19,0	9,0	9,0	90,0	AHQ/ARQ
2 Innri-Múli	24-308 Jökull	20-325 Hreggur	56	32	3,2	113	9,0	9,0	9,0	9,5	19,0	9,0	9,0	89,5	N138/ARQ
3 Brjánslækur 1	24-214 Illi	21-239 Flokkur	53	40	4,0	110	9,0	9,0	10,0	9,0	19,0	8,0	9,0	89,0	ARQ/ARQ
4 Árbaer	24-027 Blær	21-038 Sónn	53	38	3,2	113	9,0	8,5	9,5	10,0	19,0	8,0	9,0	89,0	ARQ/ARQ
5 Kambur	24-125 kambur	23-281 Snær	54	36	3,7	111	9,0	9,0	9,5	9,5	19,0	8,5	8,5	89,0	N138/ARQ
Isafjarðarsýslur															
1 Gemlufall 1	L4083	21-054 Laukur	52	37	3,5	106	9,0	9,5	9,5	9,0	19,0	8,5	8,5	89,0	
2 Auðkúla 1	24-266 Starri	22-902 Gullmoli	67	35	3,3	110	9,0	9,5	9,0	9,0	19,0	8,5	8,0	88,0	ARQ/ARQ
3 Ketilseyri	24-063 Þjakkur	20-061 Fálki	56	32	4,8	108	9,0	9,0	9,0	9,0	18,5	9,0	8,5	87,5	ARQ/ARQ
4 Ketilseyri	24-064 Eldur	22-061 Neisti	61	33	3,0	114	8,5	9,0	9,0	9,0	18,5	9,0	8,5	87,5	ARR/VRQ
5 Auðkúla 1	L254	22-245 Ósar	51	38	6,3	106	9,0	9,0	9,5	9,0	18,5	8,5	8,5	87,0	ARQ/ARQ
Strandasýsla															
1 Melar 1	24-378	23-351 Glámur	59	37	4,6	110	9,0	9,5	9,5	9,5	19,0	8,5	9,5	90,5	ARQ/ARQ
2 Heydalsá 1	L215	23-107 Arrgrímur	49	39	3,0	104	9,5	9,5	9,5	9,5	19,0	9,0	8,5	90,0	AHQ/ARQ
3 Laxárdalur 3	24-394 Birkir	23-927 Birkiland	51	38	2,4	108	9,0	9,5	9,5	9,5	19,0	8,0	9,5	90,0	AHQ/ARQ
4 Heydalsá 1	24-138 Stinningur	23-919 Moli	55	38	4,4	110	9,5	9,5	9,0	9,5	19,0	8,5	9,0	90,0	ARQ/ARQ
5 Heydalsá 1	24-130 Vindur	23-924 Atlas	55	36	2,9	108	9,5	9,0	9,5	9,5	19,0	8,5	9,0	90,0	ARR/ARQ
Vestur-Húnavatnssýsla															
1 Saurbær	24-516 Svanur	23-514 Naggur	55	36	3,5	109	9,5	9,5	9,5	9,5	19,5	8,5	9,5	91,5	AHQ/ARQ
2 Svöðra-Kolugil	24-502	23-920 Hreinn	50	38	5,5	110	10,0	9,5	9,5	9,5	19,0	8,0	9,5	91,0	ARR/N138
3 Miðhöp	24-179 Toppur	23-919 Moli	69	42	3,7	111	9,5	9,5	10,0	9,0	19,0	8,5	9,5	91,0	ARR/ARQ
4 Efri-Fitjar	24-678 Brúsi	23-917 Kristall	63	40	5,4	110	9,5	9,5	10,0	9,0	19,0	8,5	9,5	91,0	ARR/ARQ
5 Efri-Fitjar	24-669 Mæjó	19-903 Laxi	68	45	4,2	110	9,5	9,5	10,0	9,5	19,0	7,5	9,5	90,5	AHQ/AHQ
Austur-Húnavatnssýsla															
1 Hólábær	24-975 Gunnsteinn	23-591 Stjánalíngur	50	36	3,1	110	9,0	9,0	9,5	9,5	19,0	8,5	9,0	89,5	ARR/ARQ
2 Stekkjardalur	24-684	23-920 Hreinn	52	33	2,6	110	9,0	9,5	9,0	9,5	19,0	8,5	9,0	89,5	ARR/ARQ
3 Skriðuland	24-309	22-902 Gullmoli	61	38	4,6	106	9,5	9,0	9,5	9,0	18,5	9,0	9,0	89,5	ARQ/ARQ
4 Fagranes	24-106 Dreki	23-926 Steinn	67	37	5,2	110	9,0	9,5	9,5	9,5	18,5	8,5	9,0	89,0	ARR/ARQ
5 Steinnes	24-138 Röskur	21-133 Vaskur	51	36	2,8	102	9,0	9,5	9,5	9,0	19,0	8,0	9,0	89,0	
Skagafjarðarsýsla															
1 Ríp 1	24-968 Ósmann	23-919 Moli	54	37	2,9	108	9,0	9,5	9,5	9,5	19,0	9,0	9,0	90,5	ARR/N138
2 Ytri-Hofdalir	24-522 Kútur	20-905 Kátur	60	41	3,6	109	9,0	9,0	10,0	9,5	19,0	8,0	9,5	90,0	ARR/ARQ
3 Djúpidalur	24-624 Salómon	23-926 Steinn	59	38	4,4	112	9,0	9,5	9,5	9,0	19,0	9,0	9,0	90,0	ARR/ARQ
4 Ytri-Hofdalir	24-524	21-521 Þróttur	55	38	3,0	108	9,0	9,5							

Af bókhaldsbrellum og Bovaer

Það var ánægjulegt að sjá umfjöllun í síðasta tölublaði Bændablaðsins, m.a. greinargóðan pistil frá Ara Teitssyni, fyrrum formanni Bændasamtakanna, um ýmsa þætti loftslagsbókhaldsins.

Eins og vill vera með bókhald þá fylgja því ýmsar bókhaldskúntir sem verðugt verkefni er að setja sig inn í. Góður maður hafði á orði að það væri álíka slæmt fyrir heilsuna að reyna að skilja loftslagsbókhaldið og að drekka maurusýru í morgunmat. Þrátt fyrir þann augljósa annmarka þá hafa Bændasamtökin lagt umtalsverða vinnu í það síðustu misserin að skilja til fulls hvaða forsendur liggja að baki útreikningum í loftslagsbókhaldinu.

Tilgangurinn með þessari vinnu er að geta gætt hagsmuna bænda í allri umræðu um loftslagsmál og vegna tengdra aðgerða.

Í vinnunni hafa komið upp margar spurningar og vangaveltur. Sem dæmi hafa samtökin rekið sig á að orðið „mólendi“ er notað sem einhvers konar samheiti yfir beitarendi í bókhaldinu. Slík orðnotkun er nokkuð augljóslega röng eða í besta falli villandi og hafa fulltrúar samtakanna fundað með Náttúrufræðistofnun vegna þessa til að undirbúa athugasemdir við þetta atriði. Hluti af vandanum er að okkur vantar betri landupplýsingar. Þó mikið verk hafi verið unnið í þeim efnum er enn langt í land að við eigum nákvæm gögn um jarðvegsgerð og gróðurfar á afmörkuðum svæðum sem notuð eru til ræktunar og beitar. Enn lengra er í að við þekkjum með öyggjandi hætti hver er raunlosun mismunandi landgerða, en þangað til verðum við að nota leiðbeinandi gildi samkvæmt bókhaldsreglum til að meta losun. Til þess að laga þessa vankanta þarf umtalsverða fjármuni og langtímarannsóknir, en allt er þetta hægt ef viljinn er fyrir hendi.

Tillaga að Loftslagsvegvisi bænda setur þau skilyrði að margir þættir séu metnir samhliða. Þannig dugir ekki að skoða eingöngu loftslagsávinning af aðgerðum sem innleiddar verða í landbúnaði. Samhliða þarf að skoða efnahagslegan ávinning fyrir bændur og tryggja að aðgerðir hafi ekki neikvæð fjárhagsleg áhrif. Enda væri það ekki í samræmi við stefnur stjórnvalda að hafa neikvæð áhrif á afkomu bænda og þar með framleiðslugetu þeirra, þvert á móti er fjöldinn allan af markmiðum að finna í stefnum stjórnvalda um að innlenda landbúnað eigi að efla.

Loftslagsvegvisir bænda gerir einnig ráð fyrir að grundvallarþættir eins og matvælaöryggi séu hafðir að leiðarljósi. Umtalsverð



Unnsteinn Snorri Snorrason.



Hilmar Vilberg Gylfason.

umræða hefur verið erlendis um íblöndunarefnið Bovaer sem hefur verið notað í tilraunaferli hjá Landbúnaðarháskólanum.

Efnið dregur úr metanlosun frá jörturdýrum og snýr tilraun háskólans að áhrifum þess á metanlosun frá mjólkurkúm.

Fulltrúar Bændasamtakanna fengu kynningu á frumniðurstöðum þessarar tilraunar fyrir stuttu og eru íslensku kýrnar að sýna svipaðar niðurstöður í samdrætti á metanlosun og hafa komið fram erlendis. Áhugavert er að samhliða er Landbúnaðarháskólinn að skoða hvaða áhrif gott gróffóður og rétt samsetning fódurs hefur á metanlosun mjólkurkúa, frumniðurstöður benda til þess að áhrifin geti verið svipuð og af því að nota íblöndunarefni. Eitt útilokar þó ekki annað í þessu. En varðandi efnið Bovaer þá hafa sumir lýst yfir áhyggjum af öryggi þess og áhrifum á heilsu manna. Jafnframt að það skorti langtímarannsóknir á áhrifum þess. Á móti fullyrða framleiðendur efnisins og þeir sem hafa talað fyrir notkun þess að efnið sé öruggt fyrir menn og dýr. Það brotni hratt niður í meltingarkerfi kúa og komist því ekki í mjólk eða kjöt. Ljóst er að verði óæskileg áhrif af notkun Bovaer staðfest þá fellur notkun þess ekki að leiðarljósi Loftslagsvegvisis bænda um matvælaöryggi.

Bændur hafa síðustu áratugi með skilvirkum aðgerðum skilað miklum árangri í loftslagsmálum. Þar að baki liggja þrautreyndar aðferðir sem við eigum að standa vörð um, eins og öflugt kynbótastarf og áherslur á góðar aðferðir við alla jarðvinnslu og gróffóðuröflun. Ótal tækifæri felast í því fyrir bændur að halda áfram að innleiða og nýta sér skynsamlegar aðgerðir í loftslagsmálum, enda líklega fáar atvinnugreinar sem hafa byggt upp jafnöfluga innviði eins og skýrsluhald og ráðgjöf en landbúnaðurinn. Með því að treysta enn frekar þessa innviði getum við tryggt að aðgerðir sem tengjast loftslagsmálum séu raunverulegar og skili árangri bæði loftslagi og bændum til góða.

Höfundar eru sérfræðingar hjá BÍ.

Gleðilega Hátíð



Stórkaup sendir sínar bestu óskir um gleðileg jól og gæfuríkt nýtt ár

Með þökkum fyrir samstarfið á árinu sem er að líða

STÓR KAUP

storkaup.is

...Gæði þegar að er gáð




Rafstilling



REKI

Donaldson
FILTRATION SOLUTIONS



Rafstilling S: 581-4991 Netfang: Rafstilling@rafstilling.is

Reki S: 562-2950 Netfang: Reki@reki.is

Skemmuvegur 46, Kópavogur

Gleðilega hátíð og gæfuríkt komandi ár með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.

Starfsfólk A.Wendel ehf.

Tangarhöfða 1 - 110 Reykjavík - 551-5464 - www.wendel.is - wendel@wendel.is

Hryssur með heiðursverðlaun fyrir afkvæmi 2024

RML Alls hlutu fjórtán hryssur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi á árinu en til að hljóta verðlaunin þarf hryssan að eiga að lágmarki fimm dæmd afkvæmi og vera með 116 stig í aðaleinkunn kynbótamatsins eða aðaleinkunn án skeiðs.

Hérna fyrir neðan má lesa um þær hryssur sem náðu þessum merka áfanga á árinu, aðaleinkunn þeirra í kynbótamatinu, ásamt umsögn um afkvæmin. Þar sem hryssur er jafnar að stigum voru það aukastafir sem skildu þær að.



Þorvaldur Kristjánsson.



Tíbrá frá Auðsholtshjáleigu.

Tíbrá frá Auðsholtshjáleigu – 120 stig

Faðir: Gári frá Auðsholtshjáleigu
Móðir: Trú frá Auðsholtshjáleigu

Umsögn um afkvæmi: Tíbrá frá Auðsholtshjáleigu gefur hross í rúmu meðallagi að stærð, þau eru reist með sterka yfirlínu, hlutfallarétt og myndarleg, með úrvals hófa. Afkvæmin eru fjölhæf á gangi, með virkjamikið skref og góðar hreyfingar en á meðal afkvæmanna er bæði úrvals alhliða gæðingur og úrtöku klárhryssa með tölti. Tíbrá er framúrskarandi ræktunarhryssa, hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og fyrsta sætið.

Prýði frá Auðsholtshjáleigu – 120 stig

Faðir: Kvistur frá Skagaströnd
Móðir: Perla frá Óvaldsstöðum

Umsögn um afkvæmi: Prýði frá Auðsholtshjáleigu gefur svipfalleg hross með langan og hátt settan háls, jafnan fótahá og hlutfallagóð. Þau eru léttstígg og hágeng, viljug og þjál, alhliða hrossin skeiða fallega og sniðfast og þá er úrvals klárhestur á meðal afkvæmanna. Prýði hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og annað sætið.

Vár frá Auðsholtshjáleigu – 120 stig

Faðir: Spuni frá Miðstju
Móðir: Vordís frá Auðsholtshjáleigu

Umsögn um afkvæmi: Vár frá Auðsholtshjáleigu gefur skarpleit hross með mjúkan háls og skásetta bóga. Þau eru myndarleg og fótahá með trausta fætur. Afkvæmin eru viljug, rúm og skrefmikil með fallegar hreyfingar og þá er yfirburða gæðingur á meðal afkvæmanna. Vár hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og þriðja sætið.

Auður frá Hofi – 118 stig

Faðir: Hróður frá Refsstöðum
Móðir: Perla frá Hömluholti

Umsögn um afkvæmi: Auður frá Hofi gefur skarpleit hross, finleg og fótahá, með sterka baklínunni, lendin mætti vera jafnari. Afkvæmin eru hringeng og framgrípamikil og fara afar vel í reið, reist og hágeng, ein flugvökur hryssa er á meðal afkvæmanna. Auður hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og fjórða sætið.

Varða frá Vestra-Fífholti – 118 stig

Faðir: Sær frá Bakkakoti
Móðir: Von frá Vestra-Fífholti

Umsögn um afkvæmi: Varða frá Vestra-Fífholti gefur reist hross og fremur myndarleg með sterka yfirlínu. Þau eru eðlishágeng með mikið gangrými, einkar viljug og þjál; útgelslunarhross sem grípa augað. Varða hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og fimmta sætið.

Blæja frá Lýtingsstöðum – 117 stig

Faðir: Djáknar frá Hvammi
Móðir: Björg frá Kirkjubæ

Umsögn um afkvæmi: Blæja frá Lýtingsstöðum gefur svipfalleg hross með hátt settan háls og sterka yfirlínu í baki. Afkvæmin eru léttstígg, takthrein og hágeng klárhross með tölti, þau eru rúm og svifgóð á brokki, teygjugóð á greiðu stökki. Blæja hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og sjötta sætið.

Sunna frá Sauðanesi – 117 stig

Faðir: Glymur frá Innri-Skeljabrekku
Móðir: Minning frá Sauðanesi

Umsögn um afkvæmi: Sunna frá Sauðanesi gefur prýðilega reist hross, hlutfallarétt og yfirleitt myndarleg. Þau eru mjúk og hringeng, jafnvíg og þjál alhliða hross, úrvals ganghross eru í hópnum. Sunna hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og sjöunda sætið.

Raketta frá Kjarnholtum I – 116 stig

Faðir: Gláður frá Kjarnholtum I
Móðir: Hera frá Kjarnholtum I

Umsögn um afkvæmi: Raketta frá Kjarnholtum I gefur afar svifgóð hross, með reistan og finlegan háls og góða fótahæð. Þau eru skrokkmjúk og léttstígg með fallegar hreyfingar og afbragðs tölt en hrein úrvals hross eru á meðal afkvæmanna. Raketta hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og áttunda sætið.

Þórdís frá Leirulæk – 116 stig

Faðir: Ófeigur frá Þorlákstöðum
Móðir: Daladís frá Leirulæk

Umsögn um afkvæmi: Þórdís frá Leirulæk gefur hross með reistan og vel settan háls, sterka yfirlínu og öflugan lend; fótahá og gerðarleg. Þau búa yfir frábærri ganghæfni, mikilli skreflengd, háum hreyfingum og úrvalsgóðu tölti. Þórdís hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og níunda sætið.

Hvellhetta frá Ásmundarstöðum – 116 stig

Faðir: Adam frá Ásmundarstöðum
Móðir: Eva frá Ásmundarstöðum

Umsögn um afkvæmi: Hvellhetta frá Ásmundarstöðum gefur stór og myndarleg hross með langan og reistan háls. Þau eru sköruleg í framgöngu, rúm og skrefmikil með góðan fótahæð. Hvellhetta hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og tíunda sætið.

Nýey frá Feti – 115 stig

Faðir: Orri frá Þífu í Landeyjum
Móðir: Smáey frá Feti

Umsögn um afkvæmi: Nýey frá Feti gefur stólpamyndarleg hross; reist, lofthá og jafnvægisgóð.

Þau eru jafnvíg á gangi með virkjamikið skref, jafnlýnd og viljug. Nýey er rakin undaneldishryssa, hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og ellefta sætið.

Ópera frá Nýjabæ – 115 stig

Faðir: Hugl frá Hafsteinsstöðum
Móðir: Fiðla frá Nýjabæ

Umsögn um afkvæmi: Ópera frá Nýjabæ gefur reist, framfalleg og afar fríð hross, með breitt bak, góða fótahæð og sívalan bol. Þau eru mjúk og létt í hreyfingum, með háan fótahæð og mikla útgeislun. Þau eru fljót til, næm og glöð í lund. Ópera hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og tólfta sætið.

Heiðís frá Hólabaki – 112 stig

Faðir: Rökkvi frá Hárlaugstöðum
Móðir: Dreyra frá Hólabaki

Umsögn um afkvæmi: Heiðís frá Hólabaki gefur stórmyndarleg hross, jafnvægisgóð og fótahá. Þau eru hringeng, skrefmikil með háar hreyfingar og léttan vilja. Heiðís gefur ótvíræða gæðingskosti, hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og þrettánda sætið.

Lilja frá Kirkjubæ – 108 stig

Faðir: Hrynjandi frá Hrepphólum
Móðir: Leista frá Kirkjubæ

Umsögn um afkvæmi: Lilja frá Kirkjubæ gefur svifgóð hross, þurrbyggð og langvaxinn með grannan háls. Þau eru léttleikandi klárhross með tölti, svifmikil á brokki, reist og hágeng og fara afar fallega í reið. Lilja hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og fjórtánda sætið.

Höfundur er ráðunautur í hrossarækt.



Glúmur frá Dallandi

Einn stóðhestur hlaut fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi á ráðstefnu fagræðs í október en áður hefur verið fjallað um þá hesta sem hlutu afkvæmaverðlaun í sumar í blaðinu. Þetta er hesturinn Glúmur frá Dallandi en hann náði lágmarki til

Lífrænt Ísland



„Í flestum tilfellum eru færri aukefni í lífrænt vottuðum matvörum. Með því að velja lífrænt vottuð hráefni í auknum mæli og elda meira frá grunnni er hægt að minnka til muna það magn aukefna sem börn eru að innbyrða úr fæðu í skólanum,“ segir Anna María m.a. í greininni.

Er aukefnunum ofaukið?



Anna María Björnsdóttir.



Una Emilsdóttir.

Ég (Anna María) bjó lengi í Danmörku, en eftir að hafa flutt til Íslands fór ég að bera saman aukefni í íslenskum matvælum og dönskum. Ég kom auga á að íslenskar matvörur eru oftast ekki með fleiri aukefni en þær dönsku.

Danskir brauðostar innihalda ekki rotvarnarefni (e252) eða önnur rotvarnarefni, en íslenskir brauðostar innihalda margir nítítr og allir sem ég fann innihalda rotvarnarefni. Kotasæla í Danmörku inniheldur ekki rotvarnarefni en íslensk kotasæla inniheldur rotvarnarefni. Rifnir ostar í Danmörku innihalda fæstir aukefni en íslenskir rifnir ostar innihalda m.a. kekkjavarnarefni, rotvarnarefni og bræðslusölt. Þú finnur töluvert úrval af kjötáleggi eins og kæfu í Danmörku án rotvarnarefnisins nítítrís en það er aðeins ein íslensk kæfa sem ég fann án nítítrís. Mikið hefur verið rætt um nítítrí erlendis og verið er að takmarka notkun þess víða vegna krabbameinsvaldandi eiginleika efnisins. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) gerði úttekt á nítítri aukefnunum í matvörum á síðasta ári. Niðurstaðan var sú að fyrir alla aldurshópa í allri Evrópu stafar neytendum heilsufarsáhætta af núverandi magni nítítrís sem þeir verða fyrir úr matvörum.

Það er ekki tilviljun að Danir

séu búinir að fjarlægja þessi efni eða minnka þau allverulega úr dönskum matvörum. Samfélagið kallaði eftir því og umræða fór af stað um aukefni. Matvælaframleiðendur fóru því að fækka og taka út mörg aukefni, sem kemur svo í ljós að eru oft og tíðum óþörf og geta sum verið skaðleg eða óæskileg. Vel er hægt að framleiða brauðosta, kotasælu, rifinn ost og sum kjötálegg án nítítrís og margra þessara aukefna eins og mörg erlend matvælafyrirtæki hafa gert í áratugi, án þess að það valdi matareitrunum eða veikindum þeirra sem neyta slíkra matvæla, sé það aðeins gert með réttum hætti.

Aukefni í skólamáltíðum

Nýlega rýndi ég (Anna María) og stór hópur foreldra í kringum mig, í innihaldslýsingar á þeim mat sem verið er að bjóða upp á í mörgum leik- og grunnskólum landsins.

Fyrirtækin sem sjá um þessar skólamáltíðir eru með heimasíður þar sem innihaldslýsingar eru öllum aðgengilegar. Þar sem skólamáltíðir eru nú orðnar ókeypis er sérstaklega mikilvægt að vera vakandi fyrir því hvað börnin okkar eru að fá að borða í leik- og grunnskólum landsins, hvað sveitarfélögin og við sem skattgreiðendur erum að greiða fyrir.

Ég tók saman nokkur atriði úr samantekt okkar og setti saman í þennan pistil. Tek það fram að ég er að rýna í aukefnin, ekki næringarsamsetningu eða næringarinnihald matarins. Ekki eru öll aukefni talin óæskileg eða skaðleg. Lyftiduft, natron og sítrónusýra eru t.d. aukefni sem talin eru frekar meinlaus, en margir foreldrar í dag vilja minnka magn óþarfa aukefna sem börn eru að innbyrða í gegnum fæðu.

hamingju með þennan árangur. Hér á eftir er yfirlit yfir ættir Glúms og umsögn um afkvæmi.

Faðir: Glymur frá Flekkudal
Móðir: Orka frá Dallandi

Umsögn um afkvæmi: Glúmur frá Dallandi gefur hross um meðallag að stærð með myndarlegt höfuð og vel opin augu. Hálsinn er hvelfdur, mætti vera hærri settur en herðar eru háar og bógar skásettir. Bakið er burðugt og lendin öflug. Afkvæmin eru hlutfallarétt, jafnvaxin og sterklega gerð, þrekin á bolinn. Fætur eru öflugir, hófar efnisþykkir. Glúmur gefur rúm, skrefmikil og hágeng hross sem er yfirleitt fljót að ná jafnvægi á gangi, í meðallagi reist í reið. Þau eru rúm og takthrein á tölti, mættu vera svifmeiri og rýmri á brokki. Greiða stökkið er rúmt, hæga stökkið jafnvægisgott og takthreint. Glúmur gefur þrjú hross með sterka yfirlínu og virkjamikið skref, viljug og yfirveguð, hann hlýtur fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi.

Eins og staðan er í dag er magn aukefna í skólamáltíðum barna, sem fá máltíðir frá þessum fyrirtækjum, ansi mikið. Ekki eru allar máltíðirnar með mörg aukefni en hér eru dæmi um máltíðir með ansi mörg aukefni:

- Mexíkósúpa með 19 aukefnum
- Tómat súpa + meðlæti með 19 aukefnum
- Í eftirmiðdagskaffi hjá leikskólabörnum voru 10 aukefni í einni máltíð
- Í eftirmiðdagskaffi hjá leikskólabörnum voru 5 aukefni bara í brauðinu, en samtals í allri máltíðinni voru 13 aukefni
- Indverskur kjúklingaréttur með 21 aukefni + meðlæti = 26 aukefni
- Spergilkálsúpa + meðlæti með 17 aukefnum
- Lasagne með 13 aukefnum
- Lasagne + meðlæti = 17 aukefni
- Önnur Mexíkósúpa sem innihélt 16 aukefni, máltíðin öll = 18 aukefni
- Mexíkó tortilla pönnukökur + meðlæti = 14 aukefni
- Skyr og brauð = 11 aukefni
- Hrísgjónagrautur + meðlæti með 10 aukefni
- Egg á matseðli innihéldu rotvarnarefni
- Einnig var að finna stroganoff sem innihélt e621 sem er MSG

Skiptar skoðanir eru um MSG, en samkvæmt MAST er óþol við MSG vel þekkt. Þrátt fyrir að MSG flokkist sem „öruggt“ er það enn mjög umdeilt, enda ýmsar rannsóknir bent til neikvæðra áhrifa, til að mynda aukna hættu á efnaskiptaheilkenni og ofþyngd, (óháð heildarorkuinntöku og hreyfingu) og áhrif á örveruflóru í þörmum, en þörf er á ítarlegri rannsókn á mannfólki.

Þetta er eitt af þeim efnum sem vel væri hægt að sleppa úr skólamáltíðum barna.

Nírtí er aukefni sem er að finna víða í máltíðunum.

Á meðal þeirra aukefna sem er að finna í máltíðunum, eru t.d. E472b og E339 sem nýleg rannsókn í British Medical Journal sýnir að tengist aukinni tíðni hjartasjúkdóma. Töluvert af aukefnum í flokknum E400-E499 eru í skólamáltíðunum. Rannsókn á vegum Oxford Academic bendir til að slík aukefni (ýruefni, bindiefni, þykkingarefni) geti átt þátt í hækkandi tíðni bólgusjúkdóma í þörmum, eins og Crohn's sjúkdómnum. Niðurstöður annarrar stórrar rannsóknar í tímaritinu Nutrients sýndu að inntaka aukefna í matvælum var meiri á fyrsta æviskeiði meðal sjúklinga með Crohn's sjúkdóm, í samanburði við viðmiðunarahóp, og niðurstöður voru samhljóða á mismunandi landsvæðum og milli þjóðerna. Þessar upplýsingar auka vægi við þá tilgátu að slík aukefni séu umhverfisþættir sem ýta undir myndun bólgusjúkdóma eins og Crohn's sjúkdóms hjá viðkvæmum einstaklingum. Almenn neysla aukefna í mat var einnig algengari hjá sjúklingum með virkan Crohn's sjúkdóm, sem bendir til þess að slíkt mataræði geti hugsanlega stuðlað

að viðvarandi bólgu. Rannsóknir síðari ára hafa einnig bent til þess að aukefni í þessum sama ofangreinda flokki, geti raskað starfsemi og þéttni þekjufurmu í húð, öndunarferum og meltingarvegi. Í stuttu máli gerir það einstaklinga viðkvæmari fyrir utanaðkomandi ofnæmis- og örverum, sem getur hugsanlega leitt til langvarandi bólguástands (svokallaðrar Th2 bólgu), sem tengist astma og öðrum ofnæmissjúkdómum.

- *Una Emilsdóttir, sérnámslæknir í umhverfislæknisfræði tók saman þennan stutta kafla um ýruefni og er hann birtur með góðfúslegu leyfi hennar.*

Að telja þessi aukefni saman og sjá að eins árs börn á leikskóla geta verið að fá í sig 29 aukefni í samtals tveimur máltíðum á einum degi vekur mig til umhugsunar. Hvað þá þegar maður reiknar þetta saman fyrir heila viku, að eins árs börn geti jafnvel verið að fá í kringum 100 aukefni í líkama sína í gegnum fæðu bara á leikskólum. Eg set a.m.k. spurningarmerki við magnið af þessum aukefnum og hvort ekki sé kominn tími til að setja skýra stefnu og reglur um aukefni í skólamáltíðum fyrir börnin okkar. Ef við eigum þessi aukefni ekki heima í eldhúsinu okkar og myndum ekki nota þau sjálf, eiga þau þá erindi í skólamáltíðir barnanna okkar?

Mikið af matnum sem er á matseðlunum hljómar eins og frekar almennur matur sem er á boðstólum á íslenskum heimilum. Brauðið og áleggið er eitthvað sem fæst í matvöruverslunum og margir vanir að borða dags daglega. Það fær mann til að velja fyrir sér þessum „almenna mat“ sem við erum að borða, hvort ekki sé ráð að íslensk matvælafrýrtækni endurskoði aukefnanotkun. Sérstaklega þegar löndin í kringum okkur sýna að það er vel hægt að sleppa mörgum þeirra án þess að það komi niður á gæðum matarins.

Í flestum tilfellum eru færri aukefni í lífrænt vottuðum matvörum. Með því að velja lífrænt vottuð hráefni í auknum mæli og elda meira frá grunni er hægt að minnka til muna það magn aukefna sem börn eru að innbyrða úr fæðu í skólanum. Í Evrópu eru einungis leyfð 56 aukefni í lífrænt vottuðum vörum, sem öll eru af náttúrulegum uppruna. Í almennum vörum hins vegar (öllu öðru), eru 411 aukefni leyfð.

Hvaða aukefni eru leyfð í lífrænt vottuðum matvörum byggir á ákveðinni varúðarreglu um að fyrirbyggja hugsanlegt tjón á heilsu okkar og umhverfisins.

Neytendur og umhverfið fá sem sagt að njóta vafans ... ekki aukefnin.

Anna María er kvikmyndagerðarkona og verkefnastjóri hjá Lífrenu Íslandi og Una er sérnámslæknir í umhverfislæknisfræði við Holbæk Syhehus í Danmörku.



SERES 3
Luxury Rafmagnsbíllinn býður upp á ríkulegan staðalbúnað og frágang í hæsta gæðaflokki!

Verð 4.490.000,-
Við auglýsum svo sannarlega ekki "verð frá".

RAG
import - export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is

VIÐ AUGLÝSUM ALDREI „VERÐ FRÁ“



Sendum öllum fyrirtækjum og landsmönnum óskir um gleðileg jól og von um minni losun á komandi ári

Fyrirtæki	Losun tCO2i 2023	Breyting 22/23	%
1 Icelandair	1.114.297	162.725	17%
2 Alcoa	545.044	10.865	2%
3 Norðurál	515.782	2.531	0%
4 Elkem	423.147	-35.068	-8%
5 ISAL	319.994	5.311	2%
6 Eimskip	281.890	-24.426	-8%
7 Play	274.394	122.672	81%
8 Samskip	192.518	-21.954	-10%
9 PCC BakkiSilicon	148.294	-117.637	-44%
10 HS-Orka	92.064	-2.674	-3%
11 Brim	73.341	2.222	3%
12 Síldarvinnslan	67.580	-4.875	-7%
13 Orkuveita Reykjavíkur	51.820	2.620	5%
14 Landsvirkjun	44.348	2.226	5%
15 Samherji	43.332	5.620	15%
16 Ísfélag	42.706	7.364	21%
17 Bluebird	38.169	-28.043	-42%
18 Vinnslustöðin (2022)	35.208		
19 Eskja	21.978	-4.155	-16%
20 FISK	20.094	-1.670	-8%
Samtals:	4.346.000	83.654	2%

- Enn rís Hellnasker, enda hitamet slegið á jörðinni og 1,5°C hækkun hitastigs því miður að nást
- Bein losun 20 stærstu losunaryrirtækja landsins 4,3 milljónir tonna CO2i og 2% aukning
- Hagnaður fyrirtækjanna 110 milljarðar fyrir skatta og tjón umhverfis og samfélags 110 milljarðar
- Lélegt loftslagsbókhalð í umfangi 3, virðisdeðjunni, og aðeins 1% losunar bundin eða fönguð
- Meiri líkur á að AMOC veltihringrásin stöðvist með áframhaldandi aðgerðaleyssi í loftslagsmálum

Hellnasker
hugveita í sjálfbærni



CFMoto fjórhjól til afgreiðslu strax



CFMOTO 625
1.599.000,-
Án vsk. 1.289.516,-



CFMOTO 520
1.449.000,-
Án vsk. 1.168.548,-




CFMOTO 450
1.349.000,-
Án vsk. 1.087.203,-

Öll hjólin eru með beinni innspýtingu, rafmagnstýri, spili, dráttarkrók, handahlífum, háu og lágu drifi með læsingu. Vökvabremsum, álfelgum og eru tveggja manna T3 götuskráð.

Umboðsaðilar: **KS, Sauðarkróki. Suður England, Selfossi. Bikevík, Reykjanesbæ, AB varahlutir, Egilsstöðum. Bílaforritun North-East Akureyri.**



Nitro - Urðarhvarfi 4 - 557 4848
Nánari upplýsingar á nitro.is



Skipulögð skógrækt á sér meira en hundrað ára sögu.

Mynd / hgs

Ólafur Stephensen, gæðaskinn og jólatré

Því fer fjarri að allir bændur starfi við matvælaframleiðslu en búgreinar eins og hrossarækt, loðdýrarækt og skógrækt gegna mikilvægu hlutverki í íslenskum landbúnaði.

Í slenski hesturinn hefur til að mynda löngum verið kallaður þarfasti þjóinn, og þá ekki bara í búrekstri. Hann sá meðal annars um að sækja ljósmóðurina og draga kistuna til kirkju – þannig hefur hann í reynd fylgt manninum frá vöggu til grafar. Árið 1788 hvatti síðan Ólafur Stephensen stiftamtmaður landsmenn til að bæta hrossin með úrvali og setja sér stefnu í ræktunarmálum. Þar lýsti hann því meðal annars hvernig hross skyldu vera byggð svo ágætt gæti talist. Fyrsta kynbótasýningin var haldin fyrir tæpum 120 árum og hafa hrossabændur æ síðan haft það að leiðarljósi að bæta og efla íslenska hestakynið. Engum blöðum er um það að fletta að íslensk hrossarækt er á heimsmeðlikvarða en slíkt hefði ekki náðst, og væri ekki viðhaldið, nema fyrir metnaðarfulla hrossabændur og ástríðu þeirra að rækta betri og oflugri hross. Menningarverðmæti íslenska hestsins er bæði ómetanlegt og óumdeilt – hann er samofinn sögu okkar og menningu. Við berum ábyrgð á að halda vel utan um íslenska hrossastofninn og þar með standa vörð um hrossabændur til að efla frekar kynbætur, rannsóknir, þróun og ræktun íslenska hestsins.

Þrátt fyrir að loðdýraræktin sé langtung yngri en hrossaræktin þá eru gæði loðdýraræktunarinnar hárhendis þannig að eftir er tekið. Íslenskir loðdýrabændur hafa verið í efstu sætum skinngræða á heimsvísu. Því má meðal annars þakka ötulustu starfi loðdýrabænda, góðu hráefni í fóðri og ekki síst góðri umhirðu

dýranna. Loðdýraræktin hefur átt undir högg að sækja en það er mikilvægt að hafa í huga að ræktunin nýtir mikið til fisk- og sláturhúsaúrgang í fóðri sem leiðir til umtalsverðra áhrifa við að draga úr kolefnisspori landsins. Þannig er dregið úr losun með nýtingu á hráefni sem annars þyrfti að urða. Ávinningur af loðdýrarækt er mikill og gegna þar loðdýrabændur mikilvægu hlutverki í hringrásarhagkerfinu. Þess utan færumst við fjær náttúrunni þegar við umlykjum okkur gerviefnum. Loðfeldir, ásamt öðrum afurðum úr ríki náttúrunnar, ganga í samband við hana aftur að líftíma loknum en það gera gerviefnin ekki. Slíkt virðist gleymast oft í umræðunni.

Skipulögð skógrækt á Íslandi á sér meira en hundrað ára sögu og í henni liggja mikil tækifæri. Skógar gegna mörgum og fjölbreyttum hlutverkum og eitt þeirra er að stemma stigu við hraðfara loftslagsbreytingum sem stafa af uppsöfnun gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu. Skógarbændur hafa unnið þrekvirkni í að ná upp ræktun hér á landi og stuðla að frekari framleiðslu skógarafurða. Skógræktin skapar störf, eykur nýsköpun, eflir byggð og minnkar kolefnisfótspor innflutnings. Nauðsynlegt er að eiga skógarauðlindir til nytja og þar skipa skógarbændur lykilhlutverk. Gagnsemi skógræktar er raunveruleg – út frá svo ótal mörgum hliðum.

Þar sem senn líður að jólu er ekki seinna vænna en að hringja inn jólin með íslensku jólatré og njóta komandi vikna. Ég vil enn fremur nýta tækifærið og óska ykkur bændum og öllum hinum gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári. Í framtíð og nútíð ykkur falli í skaut – sá friður sem innleiðir jólin.

Höfundur er framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands.

Byggingarstjóri.



Ertu í byggingarhugleiðingum, eða kominn af stað með framkvæmdir? Tek að mér að vera byggingarstjóri á öllum byggingarstigum og vera tengiliður við byggingarfulltrúa fyrir ykkur. Hafið samband í síma 8523222 eða netfang: asgeirvil@gmail.com

Pistill formanns

Gott í skóinn?

Í óeiginlegri merkingu má kannski segja að íslenskur landbúnaður hafi um þessar mundir ekki hugmynd um hvaðan á hann stendur veðrið. Þegar veðurguðirnir spinna örlagaþræði okkar frá degi til dags eigum við hvorki möguleika á að panta blíðuhót né biðjast vægðar. Engin leið er að hafa áhrif á duttlunga þeirra. Það hefur lífríki jarðar væntanlega þurft að setta sig við allar götur frá því líf kviknaði fyrst á jörðinni, eða í u.þ.b. 3,7 milljarða ára. Það er býsna langur tími stöðugrar óvissu um það hvað morgundagurinn beri í skauti sér.



Trausti Hjálmarsson.

Þegar íslenskir stjórnmalaforingjar sitja á rökstólum á aðventunni og væntanlega yfir hátíðarnar til þess meðal annars að ráða ráðum sínum um framtíð íslensks landbúnaðar getum við hins vegar vissulega reynt að koma sjónarmiðum okkar á framfæri. Það er vænlegra til árangurs en bænarskjöl til veðurguðanna og við gerum okkar besta með röksemdum, tilmælum og óskalistum sem enginn veit samt hvort tekið verður tillit til.

Óvissan er álíka og hjá börnunum sem þessa dagana bíða í ofvæni eftir því að sjá hvort jólasveinninn hafi bænheyrð þau með gjöfinni sinni í skóinn. Ég á engan veginn von á því að út úr yfirstandandi stjórnarmyndunarviðræðum valkyrjanna, né heldur ef einhverjir aðrir taka við keflinu við smíði nýrrar ríkisstjórnar, komi það að bændur fái innflutta kartöflu í skóinn. En það er mikill munur á því að við fáum nammi sem endist okkur til að smjatta á í nokkrar mínútur eða eitthvað bitastætt sem er skuldbindandi til lengri framtíðar. Þannig gjafir koma reyndar sjaldnast frá jólasveinum og þess vegna er gott að vita til þess að engir slíkir virðast í hópi þeirra sem munu setja kúrsinn fyrir nýja ríkisstjórn og um leið ákvarða um framtíð landbúnaðarins í bráð og lengd.


„En það er mikill munur á því að við fáum nammi sem endist okkur til að smjatta á í nokkrar mínútur eða eitthvað bitastætt sem er skuldbindandi til lengri framtíðar ...“

Jólasveinaleikurinn með börnunum og þeningur þeirra fyrir morgundeginum er sannkallaður gleðigjafi. Hjá bændum snýst biðin eftir stefnu nýrra stjórnvalda í málefnum landbúnaðarins hins vegar upp á líf og dauða. Stundum jafnvel í eiginlegri merkingu þess hugtaks. Það er auðvitað fráleitt að nánast sé hægt að setja samasemmerki á milli óvissu barnanna og bændanna um hvað bíði þeirra í gluggakistunni þegar nýr dagur rennur upp.

Þessi dýrmæti undirstöðuáttvinnuvegur þjóðarinnar fær aldrei þrífist án þess að sitja að minnsta kosti við sama borð og landbúnaður nágrannaþjóðanna og um leið sama borð og landbúnaður víðast hvar í heiminum. Í þeim efnum er vissulega að ýmsu að hyggja. Ekki einungis tollvernd heldur líka t.d. gæðakröfum, umhverfisþáttum, efnahagsumhverfi okkar í samanburði við aðrar þjóðir o.m.fl. Allir þessir þættir og fjölmargir fleiri þurfa að vera í skónum, eða að minnsta kosti undir jólatrénu, þegar við hefjum viðræður við ný stjórnvöld um framtíð íslensks landbúnaðarins.

„Mun ný ríkisstjórn tolla?“ spurði framkvæmdastjóri Bændasamtakanna nýlega í ágætri grein á Visir.is þar sem Margrét Ágústa undirstrikaði mikilvægi þess að íslenskur landbúnaður nyti eðlilegrar verndar til þess að geta gegnt mikilvægu hlutverki sínu gagnvart fæðuöryggi þjóðarinnar. Ég ætla samt að leyfa mér að misskilja spurninguna og fullyrða það að ný ríkisstjórn mun langt í frá tolla lengi ef hún sniðgengur landbúnaðinn og kemur honum jafnvel að einhverju leyti í koll.

Hún kæmist aldrei upp með slíkt vegna þess að vilji þjóðarinnar stendur til annars. Það kemur mjög afdráttarlaust fram í umfangsmikilli könnun sem Gallup gerði m.a. fyrir Bændasamtökin í fyrri hluta nóvembermánaðar. 87,6% svarenda sögðust hafa mjög eða frekar jákvætt viðhorf til bænda. Í mínum huga er þetta ekki bara stór tala heldur risastór vísending um það hvernig íslenskur landbúnaður



Mynd / hgs

er samofinn menningu þjóðarinnar. Í svarinu er fólgin krafa um að samfélagið standi álíka vörð um rekstrarumhverfi landbúnaðarins eins og t.d. heilbrigðisþjónustu þess og velferðarkerfi. Þar er enginn afsláttur gefinn af miklum metnaði til þess að vera í fremstu röð.

Rökstólarnir sem stjórnmalamenn sitja á um þessar mundir skipta bændur miklu máli. Stefnan sem verður mörkuð verður að vera til langs tíma. Óvissan um hvað bíður okkar bændanna „í skónum“ nánast í fyrramálið er algjörlega óþolandi. Ég hef sagt það áður á þessum vettvangi að ég sé hjartsýnismaður að eðlisfari. Þess vegna trúir ég því ekki fyrir en ég tek á að ný ríkisstjórn muni ekki taka utan um landbúnaðinn eins og eitt af fjöreggjum þjóðarinnar. Á það mun fyrst reyna í stjórnarsáttmálanum og síðan í samningaviðræðunum sem fram undan eru um nýja búvörusamninga.

Bændasamtök Íslands lögðu á þessu ári mikla áherslu á að hefja þær viðræður sem fyrst og voru komin í ágætt talsamband um þau mál við fyrrverandi matvælaráðherra þegar ríkisstjórnin féll. Vonandi er að hægt verði að taka upp þráðinn strax að lokinni nýrri stjórnarmyndun. Búvörusamningar eru flóknir og varða þjóðarhag með ýmsu móti. Það yrði afleitt ef þá þyrfti að afgreiða í tímahraki og ekki síst vegna þess að atvinnugreinin í heild sinni er í mikilli þörf fyrir langþráð fast land undir fótum. Eitt af mörgum sem ofarlega er á baugi um þessar mundir og stjórnvöld hafa í hendi sér en ekki bændur er raforkuverð til bænda og þá auðvitað sérstaklega grænmetisbænda. Óvissan í þeim efnum er algjörlega út úr korti.

Meginmarkmið okkar í búvörusamningunum er auðvitað að festa í sessi til langs tíma viðunandi rekstrarumhverfi íslenskra bænda. Annað sérstakt keppikefli, og ekki síður mikilvægt, er að tryggja ungu fólki möguleika á að hefja búrekstur. Án eðlilegrar nýliðunar í bændastéttinni mun landbúnaðurinn aldrei þrífast svo ekki sé minnst á nauðsynlega nýsköpun og framsækni sem áreiðanlega mun fylgja nýrri þekkingu og nýju blóði í bændastéttinni.

Við höfum síðustu vikurnar lagt mikla áherslu á að kynna fyrir stjórnmalageiranum þau fjölmörgu grænu ljós og sóknarfæri sem þessa dagana blasa við íslenskum landbúnaði. Vonandi er að ný ríkisstjórn geri það að forgangsmáli að sleppa í þetta skiptið namminu og hvers kyns skyndiplástrum þegar hún skammtar okkur í skóinn. Óskalistinn okkar er einfaldur: Öryggi í stað óvissu.

Trausti Hjálmarsson, formaður Bændasamtaka Íslands.

Réttarfréttir:

Lykillinn að betri löggjöf fyrir fólk í landinu

Íslenskur landbúnaður hefur lengi verið hornsteinn samfélagsins. Þegar ný ríkisstjórn tekur við keflinu er brýnt að til staðar sé þekking á málefnum landbúnaðarins og að ný ríkisstjórn og allir kjörnir þingmenn skilji mikilvægi hans.

Enn fremur er mikilvægt að stjórnvöld meti áskoranir í landbúnaði og tryggja framtíðarhag greinarinnar. Löggjafi eiga áttu til að tryggja framfarir og bættar aðstæður fyrir landbúnaðarinn.



Katrín Pétursdóttir.

Vel ígrunduð ákvarðanatöku gegna lykilhlutverki í því ferli. Lögin eru ekki aðeins tæki til að takmarka heldur einnig til að veita rými fyrir ný tækifæri.

Meginmarkmið Bændasamtaka Íslands er meðal annars að beita sér fyrir bættari afkomu bænda og betri rekstrarskilyrðum í landbúnaði. Með þátttöku samtakanna í samráðsgátt stjórnvalda taka samtökin virkan þátt í að móta rekstrarumhverfi bænda. Samráðsgáttin er vettvangur fyrir almenning, hagsmunaaðila og aðra sérfræðinga til að hafa áhrif á stefnumótun, lög og reglugerðir fyrir gildistöku.

Samráðsgátt stjórnvalda er öflugt og mikilvægt verkfæri sem stuðlar að gagnsæi, lýðræðislegri þátttöku og bættari lagasetningu. Gáttin er ekki aðeins lýðræðislegt tæki heldur líka verkfæri sem á að tryggja að nýjar reglur séu skynsamlegar, framkvæmanlegar og þjóni almannahagsmunum.

A vettvangi OECD er samráð talið vera lykiltríði sem verkfæri fyrir stjórnvöld, ásamt t.d. mati á áhrifum, til að bæta gæði reglusetningar, stuðla að aukinni sátt og vitund hagsmunaaðila um lög, reglur og stefnur, færri brot á reglum þar sem aðkoma hagsmunaaðila stuðlar að farsælli innleiðingu og aukni gagnsæi.

Til að samráðsgáttin virki sem skyldi þarf þó að nýta hana rétt. Á 152. löggjafarþingi árið 2022 birtist bandormur á samráðsgátt stjórnvalda sem varð að lögum nr. 74/2022. Í nokkuð nýlegum úrskurði Héraðsdóms Reykjaness (mál nr. T-232/2024) var meðal annars fjallað um samráðsferlið sem átti sér stað við setningu laganna. Þrátt fyrir greinargóðar ábendingar frá Bændasamtökunum, sem bentu á óskýrleika forkaupsréttarákvæða í jarðalögum í samráðsferlinu, var ekki tekið tillit til þeirra. Í

úrskurðinum segir meðal annars: „Í raun þarf ekki að hafa fleiri orð um óskýrleika jarðalaga að þessu leyti, enda var í engu komið til móts við þessar ábendingar.“

Hér er pláss fyrir bætingar en einbeitem okkur nú að því að horfa á glasið hálfullt en ekki hálfómt og könnum tækifærin sem felast í notkun samráðsgáttarinnar. Samráðsgáttin er nefnilega ekki einungis vettvangur fyrir almenning, sérfræðinga og hagsmunaaðila til að koma ábendingum á framfæri heldur líka tæki stjórnvalda til að bæta gæði laga og reglugerða. Með vönduðum vinnubrögðum getur gáttin stuðlað að auknu traustu á stjórnvöld.

Lýðræði byggir á þátttöku almennings og í því að stjórnvöld taki ákvarðanir í samræmi við vilja þjóðarinnar. Í því samhengi gegnir samráðsgáttin lykilhlutverki sem vettvangur þar sem almennir borgarar geta tjáð sig, sérfræðingar miðla þekkingu sinni og hagsmunaaðilar koma athugasemdum á framfæri.

Lög og reglur verða oft tæknileg og krefjast oft dýpri sérþekkingar. Sérþekkingar sem til dæmis í tilvikum bænda liggja hjá bændum sjálfum og hagsmunasamtökum bænda. Gáttin opnar leið fyrir sérfræðinga og hagsmunaaðila til að leggja sitt af mörkum og aukið þannig gæði lagasetningar. Samráðsferli ætti að tryggja að þeir sem verða fyrir áhrifum af breytingum hafi rödd í ferlinu. Með því að virkja betur þekkingu þeirra sem löggin snerta er hægt að tryggja löggjöf sem er betur ígrunduð, sem nýtur víðtæks stuðnings þeirra sem löggin eiga að þjóna og eru jafnvel enn betur í framkvæmd.

Þegar við byggjum á lagalegum grunni, tryggjum gagnsæi og stuðlum að virku samráði, styrkjum við lýðræðið og réttaröryggi í landinu. Að nýta samráðsgáttina til fulls er ekki aðeins skylda stjórnvalda heldur einnig tækifæri til að móta betra samfélag fyrir alla.

Framtíð íslensks landbúnaðar ræðst af stefnu og framkvæmd ríkisstjórnarinnar. Vel mótað lagaumhverfi getur skapað rekstrarskilyrði þar sem landbúnaður dafnar.

Með því að tvíebla samráð við Bændasamtök Íslands og tryggja þátttöku þeirra í samráðsferli stjórnvalda styrkjum við enn frekar stöðir íslensks landbúnaðar og þannig tökum við stærra skref í að tryggja fæðuöryggi og matvælaöryggi á Íslandi.

Höfundur er löggjafi hjá Bændasamtökunum.

Harðskafi

Við sendum í einum grænum

<p>Mammut/Rafmagns/800 Kr 2.950.000 án vsk</p>	<p>Mammut/Perkins/800 Kr 3.460.000 án vsk</p>	<p>Mammut/Kubota/1200 Kr 4.230.000 án vsk</p>	<p>Mammut/Kubota/800/T Kr 3.890.000 án vsk</p>	<p>Kurlari RPM1000/25 Kr 1.165.000 án vsk</p>
<p>Mammut/Rafmagns/800 Kr 2.950.000 án vsk</p>	<p>Mammut/Perkins/800 Kr 3.460.000 án vsk</p>	<p>Mammut/Kubota/1200 Kr 4.230.000 án vsk</p>	<p>Mammut/Kubota/800/T Kr 3.890.000 án vsk</p>	<p>Kurlari RPM1000/25 Kr 1.165.000 án vsk</p>
<p>Mammut/Rafmagns/800 Kr 2.950.000 án vsk</p>	<p>Mammut/Perkins/800 Kr 3.460.000 án vsk</p>	<p>Mammut/Kubota/1200 Kr 4.230.000 án vsk</p>	<p>Mammut/Kubota/800/T Kr 3.890.000 án vsk</p>	<p>Kurlari RPM1000/25 Kr 1.165.000 án vsk</p>
<p>Mammut/Rafmagns/800 Kr 2.950.000 án vsk</p>	<p>Mammut/Perkins/800 Kr 3.460.000 án vsk</p>	<p>Mammut/Kubota/1200 Kr 4.230.000 án vsk</p>	<p>Mammut/Kubota/800/T Kr 3.890.000 án vsk</p>	<p>Kurlari RPM1000/25 Kr 1.165.000 án vsk</p>

www.hardskafi.is

Janúar 2025

Sími 555 6520

sala@hardskafi.is

Löggilding, skoðun og ísetningar á ökuritum og hraðatakörum

Við erum með nýjustu og fullkomnustu tæki sem boðið er upp á frá VDO til að mæla og stilla allar gerðir af digital og analong ökuritum

Endilega hafið samband og sjáið hvort við getum ekki leyst ykkar mál.
Ágúst Magni, sími 896 1083, agustm@vikverkstaedi.is, vikverkstaedi.is

Vík verkstaði

Einhella 6,221 Hafnarfirði

Með Delo 400 gengur allt smurt

Delo 400 SLK SAE 15W-40 er smuróla sem hentar fullkomlega fyrir landbúnaðarvélar og uppfyllir ströngustu losunarstaða.

Skannaðu QR kóðann fyrir allt úrval og söluastaði

Hringdu í vini og fáðu tilboð hjá okkur!
Síminn er 515 1100, eða á olis.is

olis

Af starfi NautBÍ

Í þessari grein ætla ég að fara yfir nokkur verkefni úr starfi deildar nautgripabænda innan Bændasamtakanna á árinu sem er að líða.

Veðurfar á árinu sem er að líða hefur ekki verið bændum hliðhollt. Eftir óveður sem gekk yfir í byrjun júní fylgdi sumar sem var bæði kalt og blautt víða um land. Á sumum svæðum kól mjög mikið af túnnum bænda auk þess sem bleytuð gerði bændum mjög erfitt fyrir með jarðrækt og önnur vorverk. Þetta hafði veruleg áhrif á heyskap og eru hey víða mun minni og lakari af gæðum en vanalegt er. Það er ljóst að þetta tíðarfar olli gríðarlegum kostnaði fyrir bændur, meðal annars í kaupum á heyi, endurrækt túna, afföllum á gripum og fleira. Þessu til viðbótar er ljóst að svona langvarandi erfiðar aðstæður valda miklu álagi hjá fólki. Því vil ég nota tækifærið og hvetja bændur til að huga að eigin líðan og gefa nágrönnum gaum.



Rafn Bergsson.

Því vil ég nota tækifærið og hvetja bændur til að huga að eigin líðan og gefa nágrönnum gaum ...

af því bili sem er til staðar tilkomið vegna þess hve mikið stuðningur ríkisins hefur dregist saman á framleiddan lítra.

Kyngreining á nautasæði

Í mars 2023 kom út skýrsla um kyngreint sæði í íslensku nautgriparækt. Niðurstöður skýrslunnar voru að það væri vel framkvæmanlegt að innleiða kyngreiningu á nautasæði í íslensku nautgriparækt. Í framhaldinu var stofnaður starfshópur til að vinna að málinu. Fyrstu verk hópsins voru að leggja mat á kostnað við kaup á vélum og meta þær framkvæmdir sem ráðast þyrfti í til að koma þeim fyrir. Einnig var hugað að rekstrarkostnaði og hversu mikið starfsfólk þyrfti. Síðar kom upp sá möguleiki að fá hingað til lands sérútbúna rannsóknarstofu á hjólum sem kæmi með starfsfólki og öllu sem til þarf. Niðurstaðan var að lokum sú að gengið var til samninga við STgenetics, um að koma hingað til lands og gera til að byrja með tilraun með kyngreint sæði. Bera á saman árangurinn af sæðingum með kyngreindu og hefðbundnu sæði og þegar niðurstöður tilraunarinnar liggja fyrir verður áframhaldið ákveðið. Þegar þetta er skrifað stendur kyngreining yfir á nautastöðinni á Hesti. Virkilega fagnaðarefni að þetta sé loks að raungerast.

Félagsstarf

Stjórn NautBÍ hefur á árinu haldið þrjú opna fundi í netheimum fyrir félagsmenn. Í apríl héldum við fund þar sem farið var yfir tillögur og ályktanir sem samþykktar voru á deildarfundum, einnig kynntum við

útfærslu á viðbótarfjármagni sem fékkst í sláturálag.

Í nóvember var haldinn fundur þar sem nýr verðlagsgrunnur í mjólk var kynntur og farið yfir þær forsendur sem stuðst er við í grunninum.

Nú í desember fengum við Jón Hjalta Eiríksson til að kynna skýrsluna „Samanburður á rekstrarhagkvæmni mjólkurframleiðslu á Íslandi með íslenskum og erlendum kúakynjum“.

Allir fundirnir tókust vel, góð mæting og málefnalegar umræður. Ég held að þetta sé form sem við eigum eftir að nýta meira í framtíðinni, enda einfalt að ná samtali og miðla upplýsingum til félagsmanna með þessum hætti.

Þann 4.–8. nóvember síðastliðinn tók ég þátt í fundarferð Bændasamtakanna um landið. Þessi fundarferð tókst mjög vel að mínu mati og ánægjulegt hversu margir gáfu sér tíma til að koma og taka samtalið. Takk fyrir það, bændur. Þó umræðurnar væru vissulega aðeins misjafnar eftir fundum og alls konar málefni rædd, þá voru þrjú atriði sem mér fannst alls staðar brenna á fólki. Það er afkoman, áhyggjur af nýlíðun og eignarhald á landi, þ.e. hvernig við tryggjum land til landbúnaðarframleiðslu.

Deildarfundur NautBÍ

Deildarfundur nautgripabænda BÍ verður haldinn 27.–28. febrúar næstkomandi. Opnað hefur verið fyrir framboð til setu á fundinum og innsendingu tillagna. Nánari upplýsingar má finna inn á bondi.is undir „Deildarfundir búgreina 2025“.

Kynningarfundur á fyrirkomulagi ýmissa þátta í tengslum við deildarfund nautgripabænda verður haldinn þann 7. febrúar klukkan 11.00 á Teams.

Framboðsfrestur fulltrúa er til 9. janúar. Kosning fulltrúa mun fara fram frá hádegi þann 15. janúar til hádegis þann 17. janúar. Ég hvet bændur til að bjóða sig fram til setu á deildarfundum og taka þátt í starfinu.

Að lokum óska ég kúabændum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Höfundur er formaður Nautgripabænda BÍ.



Jólaakveðja

Skógarbændur hafa alltaf nóg fyrir stafni. Eftir áætlanagerðir og grænt ljós frá sveitarfélagi um að ganga megi til verks, hefst hin eiginlega skógrækt með gróðursetningu með hressandi útiveru, í kaldranalegri íslensku náttúru.

Fyrstu árin eftir gróðursetningu er lítið annað að gera en að bíða, bera á áburð eða endurgroðursetja eftir atvikum. Við mannhæðarvöxt er komin þörf á að snyrta trén og tryggja einn þróttmikinn vaxtarsprota á hverju tré. Sú vinna er unnin með greinasög og skörpum klippum, sem verður staðalbúnaður bóndans hér eftir.

Um þetta leyti eru fyrstu jólatrén að slíta barrskónum. Stuttu síðar, þegar þröngt verður um vik vegna greinaflækju, er fyrsta alvöru inngripið. Þá eru lökustu trén felld og búið til smá andrými fyrir þau eftirstandandi. Við þá tiltekt mætti hafa lítils háttar hræfni fyrir kurl og jafnvel stöku girðingastaura ef efnið er ekki látið liggja í skógarbotninum. Á þessu stigi er komið skjól í og í nágrenni skóganna.

Á þessu vaxtarskeiði er tækifæri til að gera vistlegt inni í skóginum fyrir bæði tví- og ferfætlinga. Með greinasöginni má afkvista að neðan stöku tré og með því bæta aðgengi og greiða leið sólarljóss niður að jarðvegsgróðri. Þá nærast gras- og blómplöntur svo mjög að gnægð matar er fyrir spörfugla, já, og rjúpunna. Trén stækka sem aldrei fyrr

og handtök verkamannsins þyngjast þegar viðurinn verður stærri, þyngri og verðmætari. Þá sanna skógarstígarnir gildi sitt rækilega, sem hingað til hafa fyrst og fremst þjónað tilgangi eftirlits, sem einnig má kalla útivist.

Loks er það aðaluppskeran, nokkrum áratugum eftir gróðursetningu. Eitt sinn var það kallað rjóðurfelling, þegar öll trén af sambærilegri stærð voru höggvin en við það urðu til stórar eyður í hávöxnum skóginum.

Í dag heyrir slík skógrækt sögunni til því svokölluð sípekjuskógrækt er orðin viðtekin venja hjá skógarþjóðunum í kringum okkur. Í tilfelli íslenskra skógarbænda þýðir það að hægt er að rækta kröfuharðari tré, eins og eik og degli, undir skógarskerminum í skjóli og næringarríkari jarðvegi. Við slíkar aðstæður er meira að segja möguleiki að rækta digurbarkalegt birki, sem ekki hefði verið svo auðvelt á rýrum berangri í fyrri tíð.

Þegar hér er komið sögu, svona rúmlega hálfri öld eftir gróðursetningu, hefur skógurinn gefið og gefið af sér. Aðstæður til búskapar hafa stórbatnað. Búseta á áður rýrum svæðum er orðin vænleg því land sem áður var rýrt er nú kærkomið til kornræktar.

Ávinningur skógræktar er fyrir alla. Tilkostnaður í upphafi er sáralítill og skilar sér margfalt til baka. Útgjöld á upphafsárunum blikna í samanburði við allan þann fjárhagslega ávinning sem hlýst af timbrinu einu.

Skógrækt er gjarnan lofuð í hástert sem loftslagsaðgerð, en það er bara eitt af fjölmörgu.



Hjörtur Bergmann.

PAKKAJÓL

BENNA

Benni

Notaðir bílar

JÓLAPAKKI FYLGIR ÞESSUM BÍL

TOYOTA YARIS CROSS COMFORT

- Nýskráður 2023
- Bensín/rafmagn
- Sjálfskiptur
- Ekinn 91 þ.km.

Verð: 3.850.000 kr.

JÓLAPAKKI FYLGIR ÞESSUM BÍL

MG EHS LUXURY PLUG-IN HYBRID

- Nýskráður 2021
- Bensín/rafmagn
- Sjálfskiptur
- Ekinn 85 þ.km.

Verð: 2.990.000 kr.

Meira úrval á
notadir.benni.is

Bílabúð Benna
Krókhálsi 9
Reykjavík
590 2035

Notaðir bílar

BÆNDAGED

Geðorðin 10

- Hugsaðu jákvætt, það er léttara
- Hlúðu að því sem þér þykir vænt um
- Haltu áfram að læra svo lengi sem þú lifir
- Lærðu af mistökum þínum
- Hreyfðu þig daglega, það léttir lund
- Flæktu ekki líf þitt að öþörfu
- Reyndu að skilja og hvetja aðra í kringum þig
- Gefstu ekki upp, velgengni í lífinu er langlaup
- Finndu og ræktaðu hæfileika þína
- Settu þér markmið og láttu drauma þína rætast

baendaged.bondi.is

Fyrsta Bændablað ársins kemur út 9. janúar



Ef einhver lífvera hagnast af skógi, umfram aðra, þá er það blessaður Íslendingurinn, því í skjóli trjáa má styrkja mannsæmandi búsetu um land allt, stórefla fjölbreytta og kraftmikla matvælaframleiðslu og tryggja framleiðslu á þaulreyndasta byggingarefni allra alda, timbri.

Búgreinadeild skógarbænda hjá BÍ vinnur stutt og stöðugt að framþróun á ört stækkandi skógarauðlind fyrir bændur, en ekki síður landsmenn alla. Flókið regluverk á ýmsum sviðum getur torvelað starfið. Staðlaðar timburímyndir erlendra tískublaða hafa fælingarmátt sé ekki þekking og færni við að snúa þeim skilaboðum fólkinu til hagsbóta (hér er átt við gæða- og upprunastaðla (CE, FSC). Stjórnvöld eru í lykilstöðu núna

til að móta íslenskan landbúnað, íslenskt búsetumynstur og íslenska framtíð, eftir okkar höfði.

Harðgerð nytjatré hafa sannað sig á íslenskri grundu. Reynslumiklir skógarbændur hafa sannað sig við ræktun skóga. Traustir ráðunautar og kennarar á öllum skólastigum eru ávallt reiðubúnir að miðla af reynslu sinni og þekkingu og vinir okkar í Skandinavíu sömuleiðis. Það er svo margt sem deildin vinnur að á hverju einasta ári; fyrir skógarbændur, fyrir verðandi skógarbændur og síðast en ekki síst, fyrir framtíð Íslands.

Gleðileg jól og farsælt komandi vaxtarár.

Höfundur er formaður búgreinadeildar skógarbænda.



PowerXtreme
NEYSLUBATTERÍ
FYRIR HJÓLHÝSI

PowerXtreme X125
Battery 12,8V 125 Ah

- LiFePO4: the safest lithium technology**
Very low self-discharge, low maintenance & safe
- Extreme power**
150A continuous - 300A peak
- Sustainable**
More than 2000 cycles - completely recyclable
- Lightweight**
Only 14.8 kg - for caravans up to 2250 kg and campers
- Smart Bluetooth BMS & app**
Wireless information on your smart device including on/off function
- Simple installation**
Including pole set and practical mounting bracket

www.powerxtreme.eu

OKKAR VÖRUR



QUATTRO FÆRIHJÓL
FYRIR HJÓLHÝSI



Fellikassi



Veltigrind
fyrir Can Am



Gjafagrindur



Gjafagrindur ehf

- Stálsmiði
- Hjólhýsavörur

www.gjafagrindur.is

Miðás 22 L

Björgvin Óskarsson
Sí: 865-5646

 Gjafagrindur

Við munum hafa opið á laugardögum í desember á milli kl. 11 og 15
Vallarbraut.is Trönuhrauni 5

SOILS
Multihog

Vangaveltur um verðlagsgrundvöll

Í lok nóvember sl. stóðu Bændasamtökin fyrir kynningarfundum fyrir félagsmenn um nýjan verðlagsgrundvöll kúabús. Grundvöllurinn hafði þá þegar verið birtur í fundargerð verðlagsnefndar búvara, nánar tiltekið 385. fundar sem haldinn var 29. október sl.

Eldri verðlagsgrundvöllur kúabús tók gildi 1. janúar 2001 og miðaðist hann við 40 kúa bú með 188.000 ltr innlegg á ári. Undirritaður þekkir þann grunn og forsendur hans ágætlega, þar sem hann hafði það að hlutastarfi á nútæknideild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins árið 1998 að gera vinnuáætlingar hjá bændum vegna þeirrar endurskoðunar sem þá stóð yfir. Nokkur fjós sem mælingarnar fóru fram í eru enn í notkun, en ég hygg að þeim hafi öllum verið breytt í grundvallaratriðum síðan þá, yfirleitt í lausagöngu með mjaltþjóna. Ástæða er til að þakka fráfarandi verðlagsnefnd fyrir það frumkvæði að ráðast í endurskoðun grundvallarins, þó ég hafi ýmislegt við niðurstöðurnar að athuga.

Hagkvæm stærð og rekstur?

Um verðlagsgrundvöll kúabús segir í 8. gr. búvörulaga nr. 99/1993: „Ákvörðun um lágmarksverð mjólkur skal byggjast á gerð verðlagsgrundvallar fyrir bú af hagkvæmri stærð, með

framleiðsluástöðu þar sem tekið er mið af opinberum heilbrigðis- og aðbúnaðarkröfum og hagkvæmum framleiðsluháttum.“ Nýjasta verðlagsuppfærsla grundvallarins frá 2001 er frá í september 2024 og er heildarkostnaður við framleiðsluna samkvæmt honum 305 kr/ltr. Hinn nýi grundvöllur miðast við að þar sé 61 kú í 1.100 fermetra fjósi með mjaltþjóni og ársinnlegg sé 377.901 ltr. Samkvæmt nýjustu verðlagsuppfærslu nýja grundvallarins frá 2024, er heildarkostnaður við framleiðsluna reiknaður 306 kr/ltr, eða jafnmikið og á grundvallarþví með aldarfjórðungs gamlar forsendur. Samkvæmt forsiðufrétt Bbl. 5. desember sl. eru heildartekjur kúabænda nú um stundir að jafnaði 198,4 kr/ltr. Þegar ég sá þessa niðurstöðu komu í huga mér ljóðlínur Jónasar Hallgrímssonar, úr ljóði hans Ísland: „Hvað er orðið okkar starf í sex hundruð sumur? Höfum við gengið til góðs götuna fram eftir veg?“ Á þeim tíma sem liðinn er frá því að núverandi grundvöllur var tekinn í notkun hefur búum fækkað úr um 1.000 niður í rúmlega 450, meðalbúið hefur þrefaldast að stærð; farið úr rúmlega 100 þúsund lítra ársframleiðslu upp í um 330 þúsund lítra og meðalnyt kúnna hefur aukist um 30%. Í upphafi aldarinnar voru örfá mjaltþjóna, í dag fer 85% mjólkurinnar um slíkan búnað og allt tæknistig greinarinnar er mun hærra nú en þá. Er það virkilega þannig að þessi þróun hafi ekki skilað neinni hagræðingu? Hvað þýðir það fyrir íslenska mjólkurframleiðslu?

Ríflegur breytilegur kostnaður

Í áður nefndri fundargerð verðlagsnefndar eru helstu forsendur grundvallarins tundaðar. Þar kemur fram að vægi kostnaðarliða komu úr rekstrarverkefni RML sem byggir á gögnum frá 176 kúabúum árið 2022. Mitt bú er eitt af þeim, og þegar ég ber saman breytilegan kostnað á nýja grundvallarþvínu og mínu eigin, er hann 16% lægri hjá mér. Þetta tiltekna ár var þó rekstur búvéla verulega mikið hærri en bæði árin á undan og eftir, vegna mjög umfangsmikils viðhaldsverkefnis. Mitt bú hefur einnig nýtt verktöku í miklum mæli um langt árabli og einnig kaupir það mikla þjónustu á formi vélaleigu af búnaðarfélagi. Ég tel mig engan sérstakan rekstrarsnílling, en mér sýnist þó að þarna sé smurt heldur þykkt; að mínu mati er ekki eðlilegt að miða við meðaltal á breytilegum kostnaði heldur ætti að miða við besta þriðjung eða þar um bil, slíkt getur talist vera hagkvæmir framleiðsluhættir, í samræmi við lagabókstafinn.

Launaliðurinn

Forsendur launaliðar hins nýja grundvallar miðast við 2,4 ársverk, þar sem 80% launa eru miðuð við launaflokkinn „störf iðnaðarmanna og sérhæfðs iðnverkfólks (ÍSTARF95: 7) sbr. launarannsókn Hagstofunnar og 20% við störf yfirmanna framleiðslu- og rekstrardeilda í iðnaði (ÍSTARF95: 1222). Samkvæmt launarannsókn Hagstofunnar 2023 voru heildarlaun fullvinnandi iðnaðarmanna og

sérhæfðs iðnverkfólks 947 þús. kr á mánuði og heildarlaun yfirmanna framleiðslu- og rekstrardeilda í iðnaði 1.407 þús. kr á mánuði. Í framangreindri lagagrein búvörulaganna segir um laun bænda að „áætlað vinnuframlag skili endurgjaldi hliðstæðu og gerist hjá starfsstéttum sem bera sambærilega ábyrgð á rekstri og mæta hliðstæðum kröfum um viðveru og færni“. Nú er það auðvitað svo, að fáar ef nokkrar starfsstéttir standa kúabændum á sporði varðandi kröfur um viðveru og Klettafjallaskáldið Stephan G. lýsti kröfum til þeirra um færni betur en flestir aðrir fyrir einni og hálfri öld í stuttu kvæði. Þó ég sé að mestu leyti sammála þeirri nálgun varðandi launaliðinn sem gert er ráð fyrir, er hún alls ekki hafin yfir gagnrýni. Nú er það svo að við mjólkurframleiðsluna vinnur einnig talsverður fjöldi af ófaglærðu verkafólki sem nýtur ekki þeirra launakjara sem að framan er lýst. Bændasamtök Íslands gera kjarasamning við Starfsgreinasambandið um kaup og kjör starfsmanna sem vinna almenn landbúnaðarstörf á bændabýlum. Að mínu mati væri eðlilegt að starfsfólk á þeim kjörum sem þar er samið um hefði 10–15% vægi í launalið grundvallarins, á kostnað iðnaðarmanna og sérhæfðs verkafólks. Þá má einnig nefna sem dæmi að árið 2022 voru laun og launatengd gjöld hjá Hvanneyrarbúinu ehf. 32,5 milljónir kr við ca 540 þús. lítra mjólkurframleiðslu en í stofni nýja grundvallarins fyrir sama ár er gert ráð fyrir launakostnaði upp á 38,6 m.kr. vegna 377 þús. ltr. framleiðslu.

Á kynningarfundinum sem nefndur var í upphafi komu fram ábendingar um að ástæða væri til að endurtaka vinnuáætlingar í mjólkurframleiðslu, á borð við þær sem gerðar voru fyrir rúmlega aldarfjórðungi. Undir þau sjónarmið skal tekið hér.

Mikil fjárfesting – lítill framleiðsla

Nefndin metur fjárfestingu við nýtt fjós vera tæplega 260 m.kr. og geri ég ekki ágreining um það, þó að afskriftatímmin sé að mínu mati lengri en eðlilegt er, það gildir einnig um vélar. Forvitnilegt væri að fá nánari útlístin á vélaeign grundvallarbúsins, en það virðist ekki eiga félagsaðild að öflugum hreppabúnaðarfélagi sem starfrækt eru víða um land og eiga mörg hver öflugan tækjafloata, sérstaklega til jarðvinnslu og dreifingu búfjárburðar. Fljótt á lítið sýnist mér að mitt bú hafi aðgang að tækjum í gegnum búnaðarfélag sveitarinnar sem eru að stofnvirði um þriðjungur af tækjavegna grundvallarbúsins, en nýtingin margfalt betri og kostnaðurinn við notkunina þ.a.l. miklu lægri. Í heild eru verðmæti fastafjármuna grundvallarbúsins 382,9 milljónir, eða rúmlega 1.000 kr á hvern framleiddan lítra á ári. Þá er ótalin fjárfesting í jörð og ræktun, bústofni og síðast en ekki síst, blessuðu greiðslumarkinu. Að þessi mikla fjárfesting í aðstöðu og tæknibúnaði, auk árlegs launakostnaðar upp á tæpar 40 milljónir kr., skili síðan ekki nema 377 þúsund lítra innleggi er að mínu viti algerlega óásættanleg niðurstaða og má heita furðulegt hvernig nefndin getur komist að henni.

Áhættumatslíkan sem metur fjölda strokulaxa í ám



Árni Sv. Mathiesen.



Særos Eva Óskarsdóttir.




Jón Sch. Thorsteinsson.

burðarþoli og hámarkseldi frjórna laxa samkvæmt áhættumati erfðablöndunar, en útgefið burðarþol var þá 132.000 tonn, en hámarkseldi skv. áhættumati reiknaðist 71.000 tonn. Með lögunum árið 2019 var leitt í lög að eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti skyldi áhættumatið endurútféð. Síðast var áhættumat gefið út árið 2020, en þegar birta átti nýtt mat haustið 2023 var því frestað og hefur það ekki enn verið gefið út. Við uppfært áhættumat árið 2020 var hámarksliðmassi eldislax hækkaður í 106.500 tonn.

Líkan

Stuðst er við opinber gögn, auk vísindagreina sem birtust í Noregi (Skilbrei) varðandi sleppingar eldislaxa. Líkanið reiknar m.a. hlutfall endurheimtu úr strokum sem byggir á reynslu af fyrri sleppiaburðum í Noregi og nýlegum atburðum á Íslandi, en líkan Hafrannsóknastofnunar styðst við sömu gögn.

Samkvæmt tölum sem komu fram í svörum við fyrirspurn Gísla Ólafssonar á Alþingi haustið 2023, þá eru tilkynntar sleppingar 0,54



Mynd 2 sýnir áþengni í nokkrum ám vegna stroka á Vestfjörðum miðað við mismunandi framleiðslumagn (þúsundir tonna).

á hvert framleitt tonn af eldislaxi. Í gildandi áhættumati er fjöldi tilkynnta sleppinga margfaldaður með fjórum, sem er í samræmi við niðurstöður úr rannsóknnum Skilbrei í Noregi. Leyfilegt hámark framleiðslu á Vestfjörðum er 64.500 tonn og samkvæmt því þá má ætla að meðaltal árlegra sleppinga á Vestfjörðum verði um 139 þúsund laxar þegar framleiðsla nær hámarki. Á Austfjörðum er leyfilegt hámark framleiðslu 42 þúsund tonn, og því má ætla að meðaltal árlegra sleppinga á Austfjörðum verði um 91 þúsund laxar. Sleppingar eru dæmigerðir

gikk-atburðir (sjá mynd 1) þar sem mikill fjöldi sleppur í hvert sinn, en töluverður tími getur liðið á milli atburða.

Með því að byggja á reynslutölum frá Noregi og Íslandi megum við eiga von á því að þegar framleiðslan verður komin í hámark á Vestfjörðum, að yfir 200 fullorðnir laxar muni árlega leita í ár, yfirleitt innan sama ársins. Sömuleiðis má gera ráð fyrir að yfir 130 laxar sem sluppu þegar þeir voru gönguseiði, og eru að koma eftir vetrardvöl á hafi úti, gangi einnig upp í ár. Laxar sem koma eftir vetrardvöl koma flestir

eftir eins ár dvöl (50%), en geta þó skilað sér á þriggja ára tímabili eftir að þeir sluppu.

Niðurstöður

Líkanið er svokallað hermílikan sem byggir á því að herma eftir sleppingum í þúsund ár miðað við mismunandi framleiðslumagn á eldislaxi. Notað er spálíkan sem spáir fyrir um í hvaða ár laxar sem hafa sloppið munu leita, en líkanið notar m.a. gögn úr skýrslu Hafrannsóknastofnunar vegna sleppingar úr kvíum í Kvíngindal sumarið 2023.

Svo enn sé tekið nærtækt dæmi, þá er innlegg grundvallarbúsins eftir árskúna lægra en mitt bú hefur skilað undanfarna mánuði, úr rúmlega 50 ára gömlu fjósi með frekar lágu tæknistigi. Þessi niðurstaða leiðir fram til þeirrar afdrifaríku, og að mínu mati háskalegu niðurstöðu að á verðlagi dagsins í dag er framleiðslukostnaður nýja verðlagsgrundvallarbúsins á hverjum mjólkurlíttra HÆRRI en hann mælist í dag á gamla grundvallarbúinu, með forsendum frá síðustu öld. Að mínu mati fær það ekki staðist og það eru ótæk skilaboð út í samfélagið að greinin hafi engum árangri náð í baráttunni við framleiðslukostnaðinn í aldarfjórðung.

7.000 lítrar eftir árskú


Í ágætri skýrslu Snorra Sigurðssonar um fjósgerðir og mjaltatækni á Íslandi frá því í maí sl. kemur fram að meðalnyt úr mjaltþjónafjósum árin 2021–23 sé 6.635 kg á árskú, miðað við 97% mjólkurnýtingu eru það 6.260 ltr til innleggs, ívið meira en gert er ráð fyrir á grundvallarbúinu. Þegar litið er yfir niðurstöður skýrsluhalds nautgriparéktarinnar má sjá að um þessar mundir eru rúmlega 130 bú, eða um 30% allra búa, sem ná meðalnyt yfir 7.000 kg eftir árskúna. Á búum með einn mjaltþjón eru árskýrnar að jafnaði 60–70. Af þessu má draga þá ályktun að vel upp byggt bú í dag með einn mjaltþjón haldi 65 kýr sem hver og ein nái með góðri bústjórn að skila 7.000 lítrum til innleggs.

250 kr/ltr – ekki 306

Í ljósi alls þessa er það niðurstaða mín að stofn nýja grundvallarbúsins eins og hann er reiknaður 2022 ofmeti framleiðslukostnað um nálægt 50 kr/ltr. Að mínu mati er breytilegur kostnaður ofmetinn um 10% (miða á við besta þriðjung búanna), fastur

kostnaður er vanmetinn um 10% (afskriftir ofhægar) og launakostnaður ofmetinn um 5% (óflaglært verkafólk er hluti af vinnuaflinu). Miðað við þetta er heildarkostnaður við rekstur grundvallarbúsins 2022 rúmar 102 milljónir en ekki 105 milljónir eins og gert er ráð fyrir. Mestu munar þó um að innleggið er að mínu mati vanmetið um a.m.k. 20% frá því sem eðlilegt má teljast; mjaltþjónninn annar 65 kúm sem skila 7.000 ltr innleggi hver. Grundvallarbúið skilar því að lágmarki 455.000 lítrum í stað 377.000. Samkvæmt þessu er kostnaðurinn 226 kr/ltr. á stofndegi grundvallarins, sem er all jarri þeim 278 kr. sem verðlagsnefndin komst að niðurstöðu um. Á verðlagi dagsins gæti kostnaðurinn því verið nálægt 250 kr/ltr en ekki 306 kr/ltr. Munar þar mestu um að stýrivextir SÍ eru í dag 8,5% en voru 6% á stofndegi nýja grundvallarbúsins 1.12.2022, einnig hefur launavísitala hækkað um 12,6% frá þessum degi þar til nú. Bilið sem þarf að brúa frá núverandi afurðaverði yfir í kostnað grundvallarins er því nær því að vera 50 kr/ltr heldur en 106. Lækkandi vextir skipta þar höfuðmáli og er brynt að þeir lækki mikið og hratt. Það sem útaf stendur og hægt er að ná fram í næstu búvörusamningum er best varið til að stórauka fjárfestingarstuðning í greininni. Svigrúm á markaði held ég að sé lítið sem ekkert og það sem kann að vera þarf mjólkuriðnaðurinn nauðsynlega á að halda sjálfur til að sinna eigin endurnýjun sem rædd hefur verið svo árum skiptir. Mestu skiptir þó að bændur sjálfir grípi til þeirra aðgerða sem þarf til að ná fram nauðsynlegri framleiðniaukningu í greininni til að standa undir þeirri dýru framleiðsluástöðu og þeim háa launakostnaði sem hér er og mun verða í fyrirsjáanlegri framtíð.

Höfundur er kúabóndi á Ytri-Tjörnum í Eyjafirði.



Mynd 1: Tilkyntar sleppingar.

Við mat á hættu á erfða-breytingum í náttúrulega laxastofninum er byggt á að hún sé í réttu hlutfalli við sleppilaxa sem ganga í ár (en hlutfallið kallast ágengni). Áhættumat Hafrannsóknastofnunar miðar við að ágengni fari ekki yfir 4% í tilteknum ám.

Myndin sýnir í árafjölda hversu oft fjöldi eldislaxa fer yfir 4% í einstökum ám miðað við mismunandi framleiðslumagn í hermílikani Arev, þar sem hermt er yfir þúsund ára bil. X-ásinn sýnir framleiðslutonn í þúsundum á Vestfjörðum og Y-ásinn sýnir tilteknar ár. Rauði liturinn gefur til

kynna að fjöldi eldislaxa sé yfir 4% í tilteknum ám í 300 eða fleiri ár af 1.000, á meðan að græni liturinn gefur til kynna að eldislaxar séu sjaldan eða aldrei (50 ár eða sjaldnar af 1.000 árum) yfir 4% í tilteknum ám.

Myndin sýnir að allar árnar á myndinni fara einhvern tímann yfir 4% og flestar mjög oft, sérstaklega þegar hámarks framleiðslumagn er náð.

Á heimasíðu okkar, Arev.is, má finna ítarefni um málið en þar er listi yfir flestar ár og veiðivötn sem stafar hætta af vestfirsku eldi.

Höfundar eru starfsmenn Arev.

Hið rétta um raforkuna

Við hjá Landsvirkjun höfum bent á það í rúman áratug að nauðsynlegt sé að vinna meiri orku til að fylgja eftir vexti og framþróun samfélagsins og til að bæta raforkuöryggi.

Viðbrögð við þeim varnaðar-orðum voru lengst af lítil. Landsvirkjun hefur gert sitt besta, en mjög tafsamt leyfisveitingaferli er meðal þess sem hefur staðið okkur fyrir þrífum. Við erum núna fyrst að hefja framkvæmdir við Hvammsvirkjun, eftir hátt í þriggja áratuga undirbúning og fyrsta vindorkuver landsins rís loks við Vaðöldu, rúnum áratug eftir að fyrst var farið að huga að því.



Höður Arnarson.

Tvískiptur markaður

Á Íslandi er raforkumarkaður tvískiptur. Annars vegar stórnotendamarkaður, en 85% af þeirri raforku sem Landsvirkjun vinnur er seld þar. Þar eru gerðir samningar til langa tíma við fyrirtæki í alþjóðlegri samkeppni. Hins vegar er almenni markaðurinn þar sem ný smásöluvirkjartæki keppast um að selja heimilum og smærri fyrirtækjum orku til skamms tíma. Samkeppnislög heimila ekki langtímasamninga á

þeim markaði með sama hætti og á stórnotendamarkaði en neytendur hafa notið góðs af kvikum samkeppnismarkaði með stöðugu og lágu verði, hinu lægsta í Evrópu.

Landsvirkjun selur ekki orku til grænmetisbænda

Árið 2003 felldu ný lög niður þá skyldu Landsvirkjunar að sjá almenna markaðnum fyrir raforku. Þrátt fyrir það hefur Landsvirkjun aukið sölu inn á hann umtalsvert á síðustu árum og dregið úr sölu annars staðar. Raforkusala okkar til gagnvera er t.a.m. einungis um þriðjungur af því sem hún var árið 2022 því skammtímasamningar hafa ekki verið endurnýjaðir. Að gefnu tilefni er rétt að nefna að sú orka fer ekki í rafmyntagröft, heldur hátækniútreikninga og gagnavinnslu. Hlutdeild Landsvirkjunar á almenna markaðnum er nú orðin 52% og hefur vaxið úr 42% frá því fyrir fjórum árum. Önnur orkuvinnslufyrirtæki s.s. HS Orka, Orka náttúrunnar og Orkusalan hafa verið með um 60% hlutdeild sem hefur farið minnkandi og er nú komin í 48%. Smásöluvirkjartækin kaupa þessa orku og selja áfram.

Landsvirkjun er ekki með smásöluvirkjartæki, ólíkt öðrum framleiðendum. Við seljum því ekki raforku til garðyrkjubænda og sjáum ekki breytingar á samningum þeirra.



Búrfellsstöð um vetur.

Mynd / Landsvirkjun

Hins vegar get ég upplýst að verð á raforku í heildsölu hjá Landsvirkjun hefur að meðaltali hækkað um 11% milli árunna 2023 og 2024, sem jafngildir 5% raunhækkun.

50 þúsund fleiri á áratug

Á árunum 2010–2020 reisti Landsvirkjun þrjár af þeim 10 virkjunum sem fyrirtækið hefur byggt: Búðarhálsvirkjun, Þeistareykjavirkjun og Búrfells-virkjun II. Í grófum dráttum hélt orkuvinnslugeta þá í við eftirspurn, en þó bentum við sífellt á hvert stefndi. Hið sama hafa Landsnet, Orkustofnun og Samorka gert.

Það hefur einfaldlega ekki verið fjárfest nógu mikið í raforkukerfinu sem var byggt upp af miklum metnaði

og framsýni af þeim sem á undan okkur gengu. Flutningskerfið er ekki nógu öflugt og við höfum ekki getað hafið neinar framkvæmdir við stærri aflstöð síðustu ár, þrátt fyrir góðan vilja. Á sama tíma hefur íbúum landsins fjölgað um rúmlega 50 þúsund og þriðju orkuskiptin eru hafin.

Það er hverjum manni ljóst að þessi vöxtur og umbreytingar í samfélaginu krefjast meiri orku. Hún verður ekki sótt til núverandi stórnotenda og nýtt framboð kemur ekki inn í kerfið fyrir en síðla árs 2026 ef vel gengur með nýtt vindorkuver. Næstu ár verða því án nokkurs vafa erfið þar sem samkeppni um þá orku sem er í boði á almennum markaði mun vaxa. Tveggja ára seinkun á Hvammsvirkjun vegna tafa á síðustu

metrunum í leyfisferlinu mun reynast dýrkeypt.

Forgangsöröðun

Í endurnýjanlegu raforkukerfi eins og okkar þýðir ekkert að hækka verðið og búast við að framboð aukist. Það tekur þrjú til fimm ár að byggja virkjanir eftir að öll leyfi liggja fyrir. Þess vegna er mjög mikilvægt að það sé tryggt framboð í samræmi við þá eftirspurn sem er í samfélaginu.

Ráðherra veitti opnum viðskiptavettvangi með raforku á heildsölu-markaði starfsleyfi fyrir á þessu ári. Þar hafa öll raforkufyrirtækin tækifæri til að bjóða orku fyrir almennan markað og þar hefur Landsvirkjun tekið þátt. Samkvæmt raforkulögum og orkustefnu stjórnvalda skal ríkja samkeppni í vinnslu og sölu raforku. Aukin eftirspurn hækkar verð vöru, hvort sem sú vara er raforka eða agúrka og það er það sem hefur gerst.

Allt var þetta fyrirsjáanlegt. Það er hins vegar mín skoðun að í þessari þróun raforkumarkaðar þurfi að gæta að því að setja skýrar leikreglur og að þær séu til hagsbóta fyrir neytendur. Þar verða stjórnvöld að stíga inn í og móta reglurnar.

Við hjá Landsvirkjun erum reiðubúin að leggja okkar af mörkum, nú sem fyrir.

Höfundur er forstjóri Landsvirkjunnar.

Ef sker eða eyjar liggja fyrir landi manns á sá það er meginland á næst

Nú er að hefjast málsmeðferð á þjóðlendukröfum ríkisins í eyjar og sker. Þegar krafa ríkisins kom upphaflega fram setti ég fram gagnrýni á hana, m.a. í grein sem birtist hér 14. mars 2024.


Gagnrýnin sneri m.a. að því að krafa ríkisins virti ekki lagareglur um netlög, en einnig að fræðiskrif á sviði lögræði studdu ekki kröfurnar. Ekki væri tækt að varpa þjóðlendufræðum á landi yfir á eyjar á sker án ítarlegrar rannsóknar á löggjöf.

Ríkið endurskoðaði kröfugerð sína í haust og hefur m.a. ákveðið að falla frá kröfum í sker og eyjar innan netlaga meginlandsins og við þær örfáu eyjar sem ríkið vefngi ekki eignarréttarlega stöðu á.

Kröfur ríkisins ná hins vegar enn þá til fjölmargra eyja og skerja rétt utan landsteinanna, sem virðast augljóslega hafa tilheyrð tilteknum jörðum. En eru slíkar eyjar/sker eigendalaus? Hvernig getur staðist að það hafi verið lausung á eignarhaldi á slíkum nytjasvæðum s.l. 1000 ár? Við skoðum löggjafar er ljóst að svo er ekki. Eldri fræðiumfjöllun felur í sér áherslu á þýðingu netlaga, þ.e. eignarréttarlega stöðu þar sem land mætir hafi. Hins vegar er umfjöllun um stöðu eyja og skerja mun takmarkaðri.

Eignarréttarlegt skipulag jarða á þjóðveldisöld og Jónsbók

Þegar Landnáma er skoðuð er athyglisvert að sjá að landnám eyja er í raun sjaldan sérstaklega nefnt. Nýtingarhættir fyrri tíðar og hugmyndir um eignarrétt leiddu til þess að löggjöf þjóðveldisaldar, Grágás, þurfti að vera ítarleg um strandsvæði. Löggjöfin hafði einnig



Hluti af óteljandi eyjum Breiðafjarðar og kröfugerð ríkisins um þjóðlendu. Nýtingarhættir á strandsvæðum kölluðu á að löggjöf þjóðveldisaldar og Jónsbók gerðu grein fyrir eignarréttarlegri stöðu eyja og skerja með heildstæðum hætti.

Mynd / Skjaskot úr kortasjá Öbyggðanefndar

er fylgir, er meginland á næst, nema með lögum sé frá komið.

Orðið „þat“ vísar ekki til annars en eyja/skerja skv. eðlilegri orðskýringu og þ.a.l. að „það“ sé eign sem fylgir næstliggjandi meginlandi. Uppruni ákvæðisins í Grágás ber um að lokasetningin er sjálfstæð regla.

Gildandi réttur og tengsl við landamerkjalöggjöf

Ákvæðið er hluti af gildandi rétti og er nú að finna í lagasafni á vef Alþingis 2. kap. Rekabálks Jónsbókar.

Þjóðlendumál á landi hverfast að miklu leyti um það hvort landamerkjabréf hafi tilgreint land innan landamerkjabréfa. Önnur sjónarmið hljóta að eiga við þegar land liggur að sjó. Nefna má að bæði í Grágás og Jónsbók voru ákvæði um að ekki þyrfti að ganga á merki ef „firðir“ deildu landi. En ef eyjar lægju fyrir skyldi kveða á um það.

þá þýðingu að koma á skipulagi eignarréttar og samfélags í nýnumdu landi. Jónsbók sem tók gildi á 13. öld, hvíldi að verulegu leyti á Grágás. Sum ákvæði Jónsbókar eru enn þá í gildi. Mikilvægar nýttjar tengdust strandsvæðum svo sem reki og veiðar fiska, fugla, sela o.fl. Skipulag þess var hluti skipulags jarða. Einnig var viðskiptafrelsi ríkt, t.a.m. um tímabundna leigu á reka eða varanlega stofnun ítaka.

Í 56. kapitula Landbrögðisþátta Grágásar var fjallað um kaup á reka af landi manns. Löggjöfin varð að skýra hvað væri land manns svo ekki kæmi upp ágreiningur. Lokamálsgrein hefst svo: *Svo er og mælt ef sker eða eyjar liggja fyrir landi manns, og á sá maður það og reka þann er fylgir er meginland á næst, nema kaupum sé á annan veg komið.*

Ákvæðið verður einfaldlega skilið þannig að óvissa hafi verið eytt vegna tilefnis sem kom til umfjöllunar

Alþingis. Eyjar og sker undan landi væru eign þess aðila sem átti meginland næst. Eyjar/sker voru því ekki eigendalaus. Undantekning frá eignarhaldi næstu jarðar var auðvitað ef búið væri að selja eyju/sker frá jörð eða kveða á um skipti á eyjasvæðum með öðrum hætti.

Ákvæðið var tekið upp í Jónsbók. Þar var það tekið upp í 61. kap. Rekabálks, sem hafði yfirskriftina; Um viðreka og veiði fyrir utan netlög. Í því birtist að litid var á regluna sem almenna reglu um eignarrétt, en ekki sértækt ákvæði um reka. Til samhengis eru næstu setningar einnig teknar upp:

Ef víðr flýtur í netlögum, þann á rekamaðr. En ef útar er víðrinn, ok má þó sjá fisk á borði, þá á sá maðr, er jörð á, ok allt þat er þar flýtr. En fjörumadr þat, sem í netlögum er, hvárt sem net er lagit af landi eða skeri. Ef sker eða eyjar liggja fyrir landi manns, ok á sá þat ok reka þann,

Ákvæðin lýsa þeirri grunnhugmynd að eyjar á fjörðum tilheyrðu jörðum. Ekki þótti nein þörf á umfjöllun um eyjar úti fyrir jörðum að opnu hafi eða flóum. Þannig má álykta að mörk jarða við hafið voru skýrð í öðrum hlutum löggjafarinnar, þ.m.t. staða eyja og skerja úti fyrir landi.

Þegar litid er til landamerkjalaga, bæði hinnar eldri frá 1882 og yngri frá 1919, voru engar sérstakar kröfur gerðar um nákvæmni lýsinga um merki til hafnsins. Auðvitað gátu eigendur vísað til helstu eyja í landamerkjabréfum, en í ljósi Jónsbókarákvæðis um eignarréttarlega stöðu eyja við næstliggjandi meginland, var tæmandi talning óþörf.

Samhengi við þjóðlendukröfur í eyjar og sker

Setning þjóðlendlaga árið 1998 byggði á nauðsyn þess að leita upp eigendalaus svæði og lýsa yfir eignarrétti ríkisins á þeim. Ríkið átti ekki sjálfkrafa land sem var eigendalaus. Þegar staða eyja og skerja er skoðuð er ljóst að ákveðið var fyrir 1000 árum síðan að skýra eignarréttarlega stöðu eyja og skerja úti fyrir landinu. Það var gert þegar á þjóðveldisöld og staðfest með ákvæðum Jónsbókar, sem gilda í dag. Það er því ekki til staðar sambærileg óvissa um eigendalaus svæði og átti við á landi.

Eyjar og sker eru eign þeirrar jarðar/meginlands (getur verið ábylseyja) sem liggur næst, nema beinar heimildir séu um annað. Búið er að lýsa yfir eignarrétti á eyjum og skerjum með lögum. Mikilvægt er að landeigendur við sjávarsíðuna skoði kröfugerðina á heimasíðu Öbyggðanefndar. Þjóðlendukröfur um að eyjar og sker undan landi, en utan við 115 metra mörk nútímanetlaga, virðast ekki geta staðist.

Höfundur er lögmaður.



Hross um vetur.

Mynd / Jón Eiríksson

Við áramót

Við áramót er gott tilefni til að hyggja að þeim atriðum sem hæst ber í blóðnytjunum og hvað fram undan sé á þeim vettvangi landbúnaðarins.

Ísteka er lyfja- og líftækni-fyrirtæki sem skapar verðmæti með nýtingu hugvits og íslenskrar náttúru. Við framleiðsluna beitir fyrirtækið röð prótein-hreinsunar-aðferða og frostþurrkun með atbeina menntaðs og sérþjálfaðs starfsfólks síns. Hráefnið er fengið hjá bændum sem eru með hryssur í blóðnytjum samhliða framleiðslu hrossakjöts en kjötrframleiðsla af hrossum og blóðnytjarnar hafa átt samleið allt frá byrjun. Ísteka var stofnað árið 1990 en blóðnytjarnar eru eldri, söfnun blóðs úr íslenskum hryssum hófst seint á áttunda áratug síðustu aldar.

Hér er því um rótgróna landbúnaðargrein að ræða. Fyrst í stað var blóðið flutt lítt meðhöndlað til vinnslu erlendis. Nú er afurðin flutt fullunnin úr landi. Virðisaukinn af framleiðslunni hefur vaxið mikið í gegnum árin. Tekjur fyrirtækisins á árinu 2023 voru um 1,9 milljarðar íslenskra króna, allt hreinar gjaldeyristekjur. Gera má ráð fyrir að þær væru orðnar eitthvað hærri hefði ekki komið bakslag í vöxtinn vegna atvika sem upp komu árið 2021.

Brugðist hefur verið við þeim með ýmsum hætti en fjölmiðlaumfjöllun um téð atvik var þó oft og tíðum langt fyrir neðan allt sem sætta sig má við hvað kröfur um málefnalega og þekkingarmiðaða umfjöllun varðar. Ísteka var í ár og hefur verið um árabíl í hópi framúrskarandi fyrirtækja á lista Creditinfo. Á heimasíðu fyrirtækisins, www.isteka.is, er fjallað nánar um þessi atriði o.m.fl.

Útkoma ársins

Tekjur bænda af blóðnytjunum hafa vaxið ár frá ári og skipta þær nú sköpum hvað rekstrarafkomu fjölmargra búa varðar víða um land, auk þess að dýralæknar og margir fleiri hafa atvinnu af greininni auk vitaskuld starfsliðs fyrirtækisins.

Í ár var fjöldi blóðnytjahryssna 4.225 (4.088 í fyrra) en heildarfjöldi hryssna í stóðum bænda var 5.030 (4.748 í fyrra). Það er rétt tæplega 84% fyljun en forsenda þess að hryssur nýttist í blóðnytjunum er að þær séu fengnar. Hryssurnar fá við folum við náttúrulega pörun snemmsumars og fer blóðsöfnunin fram frá hásumri fram til í fyrstu viku október eða svo.

Hún stendur venjulega yfir í tólf vikur en mest má taka átta sinnum úr hverri hryssu en blóð er tekið einu sinni í viku á hverjum stað. Í ár var blóð tekið alls í um 25.500 skipti á um 100 starfsstöðvum. Fyljunin

var örlítið lægri í ár en meðaltal undangenginna ára, síðustu fimm árin var meðaltalið t.a.m. 85%. Þetta er betri frjósemi en almennt er í íslenska hrossastofninum og er þannig mikilvæg erfðauðlind. Frjósemi er enda lykileiginleiki í blóðnytjunum rétt eins og í öllum hrossabúskap.

Hinn lykileiginleikinn í blóðnytjunum er skiptafjöldinn sem hægt er að taka blóð úr hverri hryssu. Af lífeðlisfræðilegum ástæðum sem margt er á huldu um hvað orsakar, halda hryssurnar afar mislengi uppi styrk af hormóninu sem um ræðir í blóðinu. Mælingar hafa sýnt að jákvæð fylgni er á milli skiptafjöldans sem hryssur ná að gefa blóð með tilskildum styrk hormónsins og magns þess í blóði þeirra. Þetta hefur verið lagt til grundvallar í verðskránni, þ.e. verðgildi blóðsins hækkar með skiptafjöldanum.

Þetta hefur fært bændum mikinn tekjuauka. Ánægjulegt er að um erfðaeiginleika er að ræða og hafa bændur kynbætt stofn sinn m.t.t. þessa með góðum árangri, sjá nánar í greininni: „Efling eiginleikanna“ í 23. tbl. Bændablaðsins 22, er einnig að finna á heimasíðu Ísteka. Úrvalsgóðar hryssur, þ.e. hryssur sem ná að gefa nýtanlegt blóð í sjö til átta skipti eru í ár 57,8% af heildinni og hefur þeim fjölgað ár frá ári.

Útlit og horfur

Af framansögu má sjá að staðan hvað varðar gæði hryssustofnsins sem nýttur er í búgreininni, rekstrarafkomu bænda og Ísteka, er afar góð. Það er svo enn til að auka bjartsýni á framtíðarhorfurnar að umframeftirspurn er eftir framleiðsluvöru fyrirtækisins frá lyfjaframleiðslufyrirtækjum erlendis, enda um hágæðavöru að ræða.

Allar ógnir við blóðnytjabúskapinn aðrar en duttlungar náttúrunnar eru því af mannavöldum. Nú eru alþingiskosningar nýafstaðnar og stjórnarmyndunarviðræður standa yfir þegar þetta er ritið. Krafa fyrirtækisins á hendur nýrrar ríkisstjórnar er einföld; að hún viðhaldi og bæti eftir því sem aðstæður leyfa rekstrargrundvöll atvinnulífsins, það kemur öllum vel; atvinnulífinu, almenningsi og ríkissjóði. Einnig að hún virði ákvæði stjórnarskrárinnar um atvinnufrelsi og eignarrétt.

Því öll rök eru fyrir áframhaldandi tilvist þessarar búgreinar í landinu og allt bendir til að búpeningur í blóðnytjum eigi jafngott eða betra líf en annar búpeningur á landinu. Á það hefur ítrekað verið bent í ræðu og riti.

Lesendur góðir, megið þið njóta helgi hátíðanna og farsældar á nýju ári, með þökk fyrir liðið.

Höfundur er samskiptastjóri Ísteka.

Lífeyrissjóður
verzlunarmanna

Á live.is getur
þú nálgast nýtt
yfirlit í hverjum
mánuði

Vatnshitarar fyrir sumarhús



Ýmsar gerðir af vatnshiturum sem hita vatnið um leið og skrúfað er frá vatninu, spennu 220v til 380v afl 3200w til 24000w. Engin hitakútur lengur. Verð frá kr. 24.812.- til 281.292.-

Varmás
Markholt 2
Mosfellsbæ
sími 566 8144

Lífræn hreinsistöð



Fyrirferðarlítil með 25 ára ábyrgð
Engin rotpró eða hefðbundin siturlögn
Margar stærðir í boði
Tæming seyru á 3 - 5 ára fresti



IDNVER

Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

WPL
Diamond

Sólarorka – fortíð, nútíð og framtíð

Geislar sólarinnar voru í aldir nýttir til beinnar upphitunar húbýla. Elstu mínjar um slíkt eru frá 5. öld fyrir Krists burð.

Við uppgröft fundu fornleifafræðingar merki þess í grísku borginni Olynthus. Þar var bæjarskipulag og hönnun húsa á þann veg að allir íbúar höfðu aðgang

Róbert Pétursson.

ad sólargeislunum – sólarorkunni. Slíkt taldist þar til lýðræðislega mannréttinda. Götur sneru frá austri til vesturs eða frá norðri til suðurs en hönnun húsa bauð upp á að opna húsin mót sólu. Indíanasamfélög í suðvesturhluta Norður-Ameríku á 11. og 12. öld nýttu sér sólina til upphitunar. Þekktust eru samfélög Pueblo-, Anasazi- og Sinagua-indíána. Himnaborgin „sky city“ Acoma Pueblo var eitt þessara samfélaga með skipulag sem tryggði öllum íbúum jafna aðkomu að sólinni. Þessi nýting á sólarorkunni hefur verið kölluð „passív“ - bein / óvirki / tæknilaus sólarorka og það sem einkennir hana er einfaldleikinn og sjálfvirknin, engum hreyfanlegum hlutum, og enginn rekstrar- og viðhaldskostnaður. Til samanburðar er „aktív“ sólarorka talin virk – tækni-sólarorka, orka sem byggir á nútíma tækni. Sólarcelluplötur eru einföldustu dæmi um tæki til virkrar orkuöflunar.

Hinir svokölluðu „salt box“ bóndabæir í Nýja-Englandi í Bandaríkjunum eru nær nútímanum og vel kunnar, enda afbrigði þeirra enn þá í notkun. Þessi hús hafa stóra glugga mót sólu, rúðuglerið heldur sólarhitunum inni og húslögunin ver sig gegn ofhitun eða kælingu. Um er að ræða „passíva“ sólarorku án tækni. Segja má að þessar byggingar séu með fyrstu eiginlegu nútíma sólarhúsum byggðum á hitaöflun, kælingu og kuldaöflun. Á Íslandi glímdi landinn við kulda í aldir. Torfbæirnir voru nánast byggðir inn í hól til hitaainangrunar, eða sem jarðvegshjúpur.

Byggingarefnið var grjót, jarðvegur, torf og allur tiltækur trjáviður, en upphitað með skógarviði, lyng, mó og húsdýratæði. Sólín var ekki nýtt til upphitunar.

Með iðnbyltingunni á síðari hluta 19. aldar og nýjum orkugjöfum



„Vegna orkuslots og orkuverðs í heiminum í framtíðinni verða allar leiðir til orkuöflunar og sparnaðar nýttar,“ segir Róbert m.a. í grein sinni. Mynd / Matthew Henry

breyttist æði margt í heiminum. Sólarorkunni var að mestu vikið til hliðar því hún féll ekki að breyttum tímum. Hin nýja orka og tækni átti að leysa öll vandamál. Til Íslands barst iðnbyltingin í lok 19. aldar og í upphafi 20. aldar. Sú farsæla þróun leiddi af sér upphafið að velmegun á Íslandi, fyrstu raforkuverin, vélbátatúgerð og síðar beislun jarðhitans, þ.e. nýting náttúruauðlinda landsins. Kuldaheillur landans hvarf smám saman og í dag eru öll húbýli upphitad með jarðhita eða rafmagni allan sólarhringinn, allt árið um kring. Orkan var ódýr og lagði grunn að framförum og velmegun, en hér á landi hefur sólarorkan ekki verið nýtt að neinu ráði.

Nútið

Þegar rætt er um nýtingu sólarorku hér á landi, sjá flestir fyrir sér sólarcelluplötur á þökum sumarbústaða. Þannig nýting er kölluð „aktív“ – virk eða tækni-sólarorka. Sólarcellur eru safnað saman í sólarplötur, sem nýta sólarorkuna og birtuna til að framleiða rafmagn, sem síðar er notuð til raflysingar eða upphitunar.

Hér á landi eru þessar sólarplötur oftast neyðarúrræði þeirra sem hafa ekki rafmagn eða þurfa að sækja raforku langa leið með miklum stofnkostnaði. Afköst sólarplatananna byggist á magni sólargeisla og birtu, og réttum halla og stefnu að sólu. Hallinn á sólarcelluplötunum er bestur 2° umfram hnattstöðu, þ.e. 66° á Suðurlandi og 68° á Norðurlandi. Almennur þakhalli á Íslandi er nánast alltaf undir 30 gráður og hentar sá halli illa fyrir sólarcellur. Þegar ferðast er erlendis, eru sólarcelluplötur á húsbökum áberandi í sumum löndum. Þar er hnattstaðan hagkvæmari og þakhalli yfirleitt meiri. Notkun sólarcella þar er enn fremur almennt byggð á styrkjum frá ríkinu eða viðkomandi héraði, því orka er af skornum skammti, jafnvel skömmtuð, og orkuverð mjög hátt.

Nýting sólarorku í dag flokkast í tvær mismunandi greinar. Annars vegar í „passíva“ – óvirka-beina sólarorkuöflun og hins vegar í „aktíva“ – virka – tækni-sólarorkuöflun. Mikill munur er á hugmyndafræði þeirra, en sú beina byggist á því að nýta sólina beint til upphitunar en tækniorkan er í flestum tilvikum mun flóknari og

viðhaldsþrekkari. Fyrir Ísland hentar beina/óvirka sólarorkan betur en báðar aðferðirnar eru vel þekktar. Beina sólarorkan felur í sér að klófesta sólarorkuna beint t.d. gegnum glugga, hita upp innviði hússins og í sumum tilvikum að halda hitanum til seinni tíma nýtingar. Sólskálur tengdir húsunum gegna stóru hlutverki í að safna hitanum til dreifingar.

Af möguleikum tækni-sólarorkuöflunar eru sólarplötur til rafmagnsframleiðslu besti kosturinn fyrir Ísland. Heimsframleiðsla á sólarplötum vex með ótrúlegum hraða í dag og allar bjartsýnisspár til þessa hafa verið hálfdrættingar miðað við þróunina. Með aukinni framleiðslu hefur verið lækkað og sala aukist. Það virðist sem heimurinn hafi allt í einu áttað sig á sólarorkunni á ný, en orkukreppurnar eru auðvitað orsakavaldurinn. Sólarorkan er ókeyps öllum – enginn orkumælir – en það þarf að hafa fyrir því að klófesta hana. Nýting hennar verður örugglega ein af forsendum hönnunar í framtíðinni.

Orka framtíðar

Vegna orkuslots og orkuverðs í

heiminum í framtíðinni verða allar leiðir til orkuöflunar og sparnaðar nýttar. Mikill kraftur er í sólar- og vindorkurannsóknum, enda mikið í húfi fyrir orkusala, að nýta núverandi innviði og uppsetta orkumæla. Mesta sólarorkan er á heitustu svæðum jarðarinnar, í eyðimörkunum. Þau eru samt ekki bestu staðirnir til að reisa sólarorkuver vegna sandstorma og fjarlægðar frá innviðum. Margar þjóðir sem hafa góð sólarorkuskilyrði og innviði, hafa byggt, eða eru að byggja, stórar sólargeisla-móttökustöðvar. Núverandi framleiðsla er þó aðeins brotabrot af orkuþörfinni. Í framtíðinni mun sólarorkan samt spila stórt hlutverk. Að sama skapi mun hún hafa öflugna keppinauta. Jarðefnaorkan mun ekki hverfa á einni nóttu. Það mun taka marga áratugi. Spáð er að vindorkan muni taka hressilegan kipp næsta áratug, en það tekur áratug eða áratugi að hafa afgerandi áhrif. Kjarnorkan er óskrifað blað. Það vantar hreina kjarnorku. Orkukreppan mun vara lengi, og orkuverð í samræmi við það. Sólarorkustöðvar úti í geimnum þar sem sólin skín allan sólarhringinn er enn þá bara óraunhæfur draumur.

Orkuskortur og orkuverð leiðir af sér að í alvöru er verið að líta til „passívrar“ tæknilausrar nýtingar á sólinni sem einstaklingar og fyrirtæki geta nýtt sér án endurgjalds. Það er meira en nóg af gjaldfrjálsri sólarorku fyrir alla. Heildstæð sólarhús eru að byrja að sjást. Þá er ekki eingöngu hugsað til sólarinnar sem orkugjafa heldur er hugsað heildstætt til hússins, efnisvals, hitunar, kælingar, endurnotkunar, endingar og sparnaðar.

Ísland er í kaldtempraða beltinu og ekki á ákjósanlegasta hnattstað hvað sól snertir. Sólín mun samt geta hjálpað til sparnaðar, en mun sennilega ekki vera afgerandi í orkumálum hér á landi. Köldu svæðin og landsbyggðin ættu samt að horfa til sólarorku, vindorku eða varmaskipta í jörðu. Fyrir landið í heild eru bestu framtíðarkostirnir hitaveitur og fallvatnsorka í samvinnu við vindorku. Orkuskortur á Íslandi í dag á ekki að eiga sér stað, og kemur niður á afkomu núverandi, og ekki síður á komandi kynslóðir. Velmegun á Íslandi hefur alltaf fylgt orkunýtingunni, en orkukreppum fylgir stöðnun og atvinnuleysi.

Höfundur er arkitekt.

Eru áhrif koltvísýrings á loftslagið ofmetin?

Viðurkennt er að koltvísýringur (CO₂) getur fangað ákveðna tíðni varmaútgæslunar sem berst frá jörðinni. Þessi eiginleiki CO₂ hefur verið sannreindur með tilraunum og því ekki vísindalegur vafi um þetta atriði.

Það er hins vegar töluverð óvissa um afleiðingar sívaxandi magns CO₂. Til að spá um áhrifin hafa verið þróuð flókin líkön sem eiga að horfa til fjölmargra þátta. Líkönin virðast samt nær öll hafa ofspáð um hlýnun. Kannski vegna þess að líkönin byggja beinlínis á þeirri forsendu að aukin CO₂ valdi aukinni hlýnun. Loftslagið er gríðarlega flókið og óreiðukennt kerfi með marga áhrifaþætti svo sem skýjafar, hafstrauma, eldgos, sólvirkni svo fátt sé nefnt. Það verður því að fara varlega í að byggja stórar ákvarðanir á niðurstöðum loftslagslíkana.

Nýlega hafa birst vísindagreinar þar sem

reynt er að svara spurningunni hvort áhrif CO₂ í lofthjúpunum séu mettuð. Með metnun er hér átt við að hlutfall CO₂ í andrúmslofti verði svo hátt að ekkert af hitaútgæslun jarðar, sem CO₂ getur á annað borð fangað, komist út í geim.

Árið 2020 birtu Wijngaarden og Happer niðurstöður sínar á stærðfræðilegri nálgun á eiginleikum CO₂ til að finna þetta hlutfall. (Dependence of Earth's Thermal Radiation on Five Most Abundant Greenhouse Gases). Niðurstaðan bendir til þess að hlutfall koltvísýrings í lofthjúpunum sé nú þegar margfalt hærri en þarf til að grípa alla útgæslun á því tíðnisviði sem um ræðir. Höfundarnir telja jafnframt að þessar niðurstöður séu í samræmi við mælingar gervitungla á varmaútgæslun jarðar.

Árið 2024 birtu Kubicki, Koczyński og Młyńczak niðurstöður tilraunar til að mæla hve hátt hlutfall CO₂ þarf í andrúmslofti til að stöðva varmageislun á því tíðnisviði sem CO₂ getur fangað. (Climatic consequences of the process of saturation of radiation absorption in gases). Þeir notuðu varmageislagjafa og pípu með



Mynd / Matthias Heyde

andrúmslofti og breyttu magni CO₂ í pípunni meðan þeir mældu hve mikið af varmageislun komst í gegn. Niðurstöður þeirra gefa einnig til kynna að núverandi hlutfall CO₂ í lofthjúpunum sé verulega hærri en þarf til mettnar.

Sé það tilfellið að metnun CO₂ hafi löngu verið náð, er ljóst að frekari aukning á þessari lofttegund getur ekki leitt til meiri hlýnunar á loftslagi. Þá þarf að endurskoða þá kostnaðarsömu stefnu sem íslensk stjórnvöld hafa tekið upp í loftslagsmálum. Nóg er af öðrum krefjandi viðfangsefnum þar sem ekki ríkir vafi um ávinning. Þar nægir að nefna eflingu innviða, draga úr raunverulegri mengun

og efla viðnámsþrótt samfélagsins gegn hvers kyns áföllum, jarðhræringum, plágum og illviðrum.

Engin þjóð er komin lengra en Ísland í orkuskiptum. Á meðan aðrar þjóðir nálgast okkar árangur í því efni ættu stjórnvöld fremur að hlúa að því sem eykur hagsæld, frelsi og öryggi fólksins í landinu. Að lokum má nefna að þótt Ísland næði öllum loftslagsmarkmiðum stjórnvalda á morgun myndu áhrifin á loftslagið vera ómælanlega lítil, alveg óháð því hvort áhrif CO₂ eru mettuð eða ekki.

Höfundur er rekstrarhagfræðingur.

PORSCHE



Gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Við þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða
– starfsfólk Bílabúðar Benna.

Birt með fyrirvara um mynd- og textabreytingu.

Bílabúð
Benna

Porsche á Íslandi | Krókhálsi 9 | S: 590 2000 | benni.is | porsche.is | Opíð virka daga frá 9:00 til 17:00 og laugardaga frá 12:00 til 16:00

Loftslagsmál og orka

Í Bændablaðinu þ. 7. nóvember er fjallað um áform um uppbyggingu vindmyllugarðs með framleiðslu á rafeldsneyti í huga.

Fjarðarorka er með áform um uppbyggingu 570 MW vindmyllugarðs á Fljótsdalshéraði sem á að framléið rafmagn fyrir framleiðslu á 220 þús. t. af ammóníaki sem eldsneytis á skip ásamt áburðar-framleiðslu sem hliðarafurð. Virkjunarsvæðið nær yfir 87 ferkílómetra, beggja vegna Fljótsdals. Fjárfestir er Copenhagen Infrastructure Partners. Hér verður farið yfir forsendur slíkra framkvæmda og hvort þær séu réttlætanager.



Egill P. Einarsson.


Tölfræði orku

Árið 2023 var heildarorkunotkun í heiminum 180 þús. TWh og hefur 8-faldast með veldisvexti frá árinu 1950. Af heildarorkunni er 76,5% jarðefnaeldsneyti, 19,7% endurnýjanleg orka og 3,7% kjarnorka. Til samanburðar er orkunotkun Íslendinga 60 TWh og þar af 60% jarðhiti, 20% vatnsorka og 20% jarðefnaeldsneyti. Íslendingar eru í 22. sæti í heiminum í orkunotkun per mann en með hæsta hlutfall endurnýjanlegrar orku eða um 80%. Þessar tölur miðast við svokallaða frumorku.

Raforkuframléiðsla í heiminum nemur 30 þús. TWh eða um 1/6 af heildarorkunni og þar af eru 60% framleidd með jarðefnaeldsneyti, 30% með endurnýjanlegum orkugjöfum og 10% með kjarnorku.

Tafla 1. Samanburður á mismunandi eldsneyti

Eldsneyti	Orkupéttleiki MJ/kg	Ástand	Orkupéttleiki MJ/l	Nýtni %
Vetni	120	Gas	5,6 (700 bar)	48 (efnarafall)
Ammóníak	18,6	Vökvi	12,9	19
Metanól	22	Vökvi	17,4	16
Rafólía	45	Vökvi	36	16



Ísland framleiðir 20 TWh sem er 1/1.500 af heildarraforunni og eru í 1. sæti í raforkuframléiðslu á mann með 99% endurnýjanlega orku. Raforka er skilgreind sem unnin orka sem er mun verðmætari en frumorka. Við það að breyta frumorku í unna orku fást aðeins um 40% orkunnar.

Við útskipti af jarðefnaeldsneyti með rafeldsneyti sem framleitt er með rafmagni þarf að hafa þetta atriði í huga. Mikið orkutap verður í ferlinu þar sem unninni orku er breytt til baka í frumorku sem er

brennd með lágri nýtni. Því þyrfti að 10-falda raforkuframléiðslu í heiminum ef skipta ætti út öllu jarðefnaeldsneyti með rafeldsneyti. Ef rafmagn er hins vegar notað beint til að knýja farartæki þarf aðeins 1/4- 1/5 af þeirri raforku.

Skuldbindingar Íslands

Parísarsamkomulagið frá 2017 skuldbindur ríki heims til þess að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda til þess að halda hlýnun jarðar innan við 1,5 oC. Íslendingar fengu úthlutað losunarkvóta frá árinu 2020 sem felur í sér minnkun á losun um 29% til ársins 2030 m.v. losunina árið 2005. Skv. samningi ESB, Noregs og Íslands var síðar tekin ákvörðun um frekari samdrátt sem nemur 41% lækkun. Á línuritinu er sýnt hvernig þróunin verður

m.v. þessi áform og hvernig við höfum staðið okkur hingað til. Rauða súlan sýnir úthlutaðan losunarkvóta en bláa súlan raunverulega losun og gula súlan sýnir losun m.v. 41% samdrátt. Árin 2021–23 hafa Íslendingar staðið ríflega við skuldbindingar sínar. Miðað við framhaldið er árlegur samdráttur í losun 120 þús. t. kolefnisyrungs. Til viðmiðunar gæti árleg fjölgun rafbíla um 10 þús. árlega numið ¼ þessa magns en heildarbilaeign Íslendinga er um 300 þús. Með áframhaldandi rafvæðingu og tiltekt í sorpmálum, landbúnaði og fiskveiðum er vel mögulegt að standa við þessar skuldbindingar. Ríkisstjórn Íslands hefur einnig tekið ákvörðun um kolefnishlutleysi árið 2040.

Orkuskipti

Í mars 2022 var gefin út skýrsla á vegum Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins með heitinu „Staða og áskoranir í orkumálum“. Megin niðurstöður skýrslunnar eru nokkrar sviðsmyndir fyrir orkuöflun til árana 2040–2050 og er metið fyrir hvert tilvik hver aukningin þarf að vera í raforkuframléiðslu. Grunnsviðsmyndin krefst 13% aukningar raforkuframléiðslu og miðast við að uppfylla grunnþarfir íslensks samfélags og orkuskipti að hluta. Sú stærsta m.v. grunnþarfir samfélagsins, full orkuskipti á landi, sjó og lofti og þarfir stórnotenda á raforku og orkusækins iðnaðar og krefst 124% aukningar. Skýrsluhöfundar taka ekki afstöðu til þessara tillagna en fram kemur að ef stefnt er að áframhaldandi hagvexti og sókn í útflutningi sé nauðsynlegt að auka raforkuframléiðslu um 100 MW á ári næstu 20–30 árin.

Samtök atvinnulífsins hafa nýlega hleypt af stökunum vef sem sýnir ætluð áform um orkuskipti fram til ársins 2040 (orkuskipti.is) til þess að uppfylla þessi áform um kolefnishlutleysi og gera Ísland sjálfbjarga með eldsneyti. Skv. vefnum er nauðsynlegt að auka raforkuframléiðslu á Íslandi um 5 TWh til ársins 2035 og síðan um 16 TWh fyrir full orkuskipti. Núverandi framleiðsla raforku er 20 TWh þannig að um tæplega tvöföldun raforku er að ræða. Ekki kemur fram hvernig sú raforka yrði framleidd en líklegt að það yrði blanda af vatnsafls- og

vindorkuverum. Helstu rök fyrir þessari uppbyggingu er að gera Íslendinga óháða innflutningi á orku og spara gjaldehyri sem farið hefur í kaup og innflutning á jarðefnaeldsneyti með framleiðslu á rafeldsneyti. Innflutningur jarðefnaeldsneytis til Íslands nemur um 1,2 mill. t/ári og eru 62% vegna alþjóðaflugs, 18% vegna skipa, 15% vegna bílaumferðar og 5% vegna stærri tækja.

Rafeldsneyti

Í töflu 1 er yfirlit yfir helstu tegundir fyrirhugaðs rafeldsneytis. Vetni er grunnur fyrir allar aðrar tegundir og er hægt að nota það beint á brunahreyfil eða efnarafal. Þar sem það er í gasformi og er með minna orkuinnihald á líter en fljótandi eldsneyti hentar það síður þar sem rúmmál skiptir máli. Aðrar tegundir eins og ammóníak og metanól hafa herra orkuinnihald per líter en um helmingi minni en rafólía og eru fljótandi við flestar aðstæður. Framleiðsla vetnis er mjög orkufrek og við frekari vinnslu í aðrar tegundir lækkar heildarnýtni hratt eins og fram kemur í töflunni.

Hagkvæmni „grænnar“ orku

Við framleiðslu á „grænu“ eldsneyti ber að hafa í huga að verið er að umbreyta herra orkustigi í lægra. Raforka er hæsta stig orku og hægt er að nýta hana til að knýja vélar og rafbúnað beint að mestu án taps. Eldsneyti sem framleitt er með raforku inniheldur efnaorku sem er lægra orkustig. Við bruna eldsneytis myndast varmi sem notaður er til að knýja aflvélar. Aðeins um fjórðungur upprunalegu orkunnar nýtist í þessu ferli en afgangurinn breytist í glatvarma. Framleiðsla á vetni með rafgreiningu er mjög orkufrek og fyrir 1 kg af rafólíu þarf 22-24 kWh raforku. Til þess að framleiða eldsneyti fyrir 1 bensínþíl þarf raforku sem dugir til að knýja 4-5 rafbíla. Á meðfylgjandi mynd er sýnt hlutfall nýtanlegrar orku og glatvarma fyrir þessi orkustig. Þess ber að geta að ef vetni er notað á efnarafal er nýtni 2-falt meiri en fyrir annað rafeldsneyti.

Vindmylluvæðingin

Ef Íslendingar ætla að vera sjálfum sér nógir með rafeldsneyti þyrfti

Jólatilboð

20% Afsláttur

Harðir jólapakkar fyrir bílinn

Öll hleðslutæki á afslætti fram að jólum

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

Skorri ehf • Bíldshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • vefverslun: www.skorri.is

a.m.k. 16 TWh raforku eða 2000 MW sem samsvarar öllu uppsettu afli virkjana í dag. Þar sem vindmyllur eru með mun lakari nýtni en vatnsaflsvirkjanir þyrfti um 5000 MW af uppsettu vindafla eða 700-1.000 vindmyllur m.v. meðal nafnaköst vindmylla 5-7 MW.

Í undirbúningi er fjöldi verkefna fyrir vindmyllugarða og þar af eru 6 í umsagnarferli hjá Skipulagsgátt, samtals 1570 MW, sem samsvarar 2 Kárahnúkavirkjunum. Flest þessara fyrirtækja eru í eigu erlendra fjárfesta sem í mörgum tilfellum ráðgera útlutning á rafeldsneyti.

Slík dæmi eru fjölmörg en ekki hefur neitt þeirra verið samþykkt skv. núverandi leyfisferlum gegnum rammaáætlun og lögum um vindorku nema Búrfellslundur í eigu Landsvirkjunar. Umhverfis- og orkumálaráðherra hefur upplýst að til þess að flýta fyrir orkuskiptum geti ráðherra heimilað að tilteknum virkjunarkostum í vindorku verði vísað til frekari ákvarðanatöku í nærsamfélagi.

Á fundi á vegum Landverndar þ. 24. nóvember sl. þar sem fulltrúar allra flokka voru til staðar kom m.a. fram eftirfarandi:

- Marka þarf skýra stefnu á Alþingi Íslendinga um vindorku.
- Enginn orkuskortur er á landinu. Ef leyfðir verða vindmyllugarðar verði þeir á fáum og afskekktum svæðum.
- Vindorka verði innan rammaáætlunar og í opinberri



eigu. Sameiginleg áætlun verði um auðlindagjöld.

- Um vindorku gildi varúðarreglan. Skýr ákvæði um hvernig orkan verði nýtt.
- Vindorka er óafturkræf framkvæmd. Er skaðleg fyrir ferðaþjónustuna.

Enginn fulltrúi flokkanna lýsti yfir afdráttarlausum stuðningi við þá stórfelldu uppbyggingu sem Samtök iðnaðarins hafa kynnt og sjá má á vefnum orkuskipti.is.

Niðurlag

Til þess að fara í frekari orkuskipti í samgöngum og fiskiskipaflotanum eru allar líkur á að fram komi tækni til að knýja þessa þætti með rafmagni. Fara þarf varlega í uppbyggingu raforku til framleiðslu rafeldsneytis meðan enn er óljóst hver þörfin er í ljósi þróunar í nýtingu raforku beint. Með því að umbreyta dýrmætri raforku í lágorku eldsneyti er verið að sóa dýrmætri auðlind. Það er ljóst að það eina sem réttlætir

frekari raforkuframleiðslu er af fjárhagslegum toga og að tryggja raforku fyrir uppbyggingu stóriðju á sviði rafeldsneytis með útlutning í huga. Aðrar leiðir eru færar sem ætti að ihuga áður en farið er í þá vegferð.

Hvaða aðrir möguleikar eru í stöðunni? Þar sem staða okkar í loftslagsmálum er sterk m.v. flestar þjóðir með 80% orkunotkunar í endurnýjanlegri orku og 99% raforkuframleiðslu í endurnýjanlegri orku eru hæg heimatökin að minnka brennslu á olíuafurðum með rafvæðingu á bílaflotanum og notkun metans og lífeldsneytis í flutningabílum og fiskiskipum. Uppbygging vetnisframleiðslu er nauðsynleg til að anna þeim hluta sem ekki er hægt að fullnægja með þessu móti. Þetta er það sem fellur undir samfélagslega ábyrgð og gerð er krafa um. Hvað varðar flutningaskip og flugflotann er það sérstakt viðfangsefni sem við sem þjóð berum ekki ábyrgð á.

Höfundur er efnaverkfræðingur.

Nýtt

Rúmföt

handklæði og sængur

RÚMFÖT.IS

Nýbýlavegur 28 - Kópavogur - Sími 565-1025 - Email: rumfot@rumfot.is
Opíð 12-17.30 og 11-15.00 laugardaga.

Hjá okkur færðu jólagjöfina fyrir hestafólkið í þínu lífi

Endurnýtum og spörum með hringrásakerfi hestamanna á

Stallur.is

35% af bókun á stalli og smásölu út desember

CAT GC neyðarrafstöðvar 33 kVA - 1500 kVA



Hannaðar til að draga úr kostnaði og hámarka afköst

CAT GC neyðarrafstöðvar skila hinum þekktu afköstum CAT á meðan þær draga úr uppsetningar-, flutnings- og rekstrarkostnaði. Þær tryggja hagkvæmni og skilvirkni fyrir þig og þinn rekstur.

- Hleðslutæki
- Vatnshitari
- Hljóðeinangrun / veðurhlíf
- GCCP mælaborð
- Eldsneytistankur
- Sjálfvirk
- CAT RAM fjarlægsla / fjarstart
- Stuttur afgreiðslutími

Hafðu samband við **Sigurð Vilhjálmsson**, sölustjóra, í **590 5126** eða **sv@klettur.is**, fyrir nánari upplýsingar.



REYKJAVÍK — HAFNARFJÖRÐUR — AKUREYRI — 590 5100

NORAMAX S5

Frábær öryggisstígvél frá Nora!
SUPERIOR PROTECTION

Við leggjum áherslu á góða þjónustu við landsbyggðina.

KH VINNUFÖT
Réttu fötin fyrir þig!

Vefverslun: Khvinnufot.is

Nethylur 2a, 110 Reykjavík | khvinnufot.is

nora

- Einstaklega létt og slitsterkt PU.
- Nagla- og távörn.
- Frábært grip, vörn gegn m.a. olíu, fitu og mykju.
- Góð einangrun, halda hita vel í kulda.

Verð: 11.900 kr.

Öryggi: Fyrst og fremst

GOES TERROX 500L

Gæðahjól á góðu verði

1.199.000,-
Án Vsk. 966.953,-

Innsþýting, rafmagnstýri, spili, dráttarkrök og sætisbaki. Hátt og lágt drif með læsingu. CVT kúpling, 25" dekk, 14l. tankur. USB tengi, stuðarar Götuskráð T3b.

Umboðsaðilar: **Bikevík**, Reykjanesbæ.
KS, Sauðarkröki. Suður England, Selfossi.
Lyngás Hellu. AB varahlutir, Egilsstöðum.
Bílaforritun North-East Akureyri.

NITRO
Nitró - Urðarharvi 4 - 557 4848 - nitro.is

Bændablaðið kemur næst út
9. janúar

Unga fólkid skapar sitt eigið sjónpróf um frið, vináttu og samkennd

Um miðjan október síðastliðinn fengu nemendur 7., 8., 9. og 10. bekkjar Víkurskóla í Vík í Mýrdal „öðruvísi“ skemmtilega kennslustund í ritlist og skapandi skrifum.

Skrifum sem eru öðruvísi að því leyti að þeir setja sína hugleiðingu fram í það knappa form sem sjónpróf er. Þemað var friður, vináttu og samkennd. Þetta er töluverð áskorun fyrir bæði unglinga og fullorðna þar sem stafafjöldi hvers sjónprófs þarf að vera um það bil 80 bókstafir og að hámarki 86 svo lögun upprunalega sjónprófsins haldi sér.



Svavar Guðmundsson.

Þetta er þolinmæðisverk og verður að framkvæma af mikilli rósemi og einbeitingu. Þar stóð unga kynslóðin sig alveg einstaklega vel. Nemendur hlustuðu af mikilli athygli á kennarann og það var greinilegt að þeim fannst gaman að glíma við verkefnið. Svavar Guðmundsson var kennari á vinnustofunni, en hann er lögblindur, lögblinda er skilgreind sjón sem er minni en 10%. Í lok vinnustofunnar hafði unga fólkid mikinn áhuga á að vita hvernig hann sæi lífið og liti þess, og hvernig væri að vera með svo litla sjón, sköpuðust góðar og upplýsandi umræður um blindu og sjónskerðingu.

Sjónprófið, sem er notað sem grunnur, er upprunalega sjónprófið frá árinu 1851 eftir Þjóðverja og nefnist Scellen test. Það er víða enn í dag notað sem sjóntæknigrunnur til að meta og mæla sjón fólks. Lögun og útlit sjónprófsins er engin tilviljun, allt úthugað í samspili stærð bókstafa og fjarlægðar þess sem það les. Svavar hefur gefið út þrjár bækur sem innihalda hugleiðingar og heilræði



Nemendur Víkurskóla sem tóku þátt í kennslustund í ritlist og skapandi skrifum þar sem þau mótuðu sjónpróf.

Mynd / Aðsend

sem sett eru fram í því knappa formi sem sjónpróf er. Inni á vef Menntamálastofnunar, nú Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, má finna kennsluleiðbeiningar og hugmyndir um hvernig nota má bækurnar á fjölbreyttan hátt í skapandi skólastarfi.

Nemendurnir, með aðstoð íslenskukennara síns, bjuggu til sína hugleiðingu um þemað. Hún varð að innihalda 80–86 bókstafi eins og fyrir segir. Ásamt því eru nokkrar aðrar reglur

sem ber að varast sem Svavar útskýrði fyrir nemendum áður en þeir byrjuðu, t.d. hvernig á að telja stafina í síðustu 3 línunum o.fl. Nemendur fengu sent skapalón í tölvu sem Svavar hefur hannað til að setja stafina rétt inn í, þannig að hugleiðingin komi uppsett eins og sjónpróf. Og nú var komið að því að setja hugleiðinguna inn í sjónprófsformið sem nemendur höfðu skrifað deginum áður. Það er skemmt frá að segja að unga fólkid stóð



Sjónprófsgerðin er þolinmæðisverk.

sig stórkostlega og á tímabili mátti varla heyra saumnál detta svo áhugasöm voru þau að koma lífspeki sinni um þemað í sjónprófsformið. Nú eru merkingarþrungin sjónpróf um allan Mýrdalinn og ekki síst í grunnskólanum um FRIÐ, VINÁTTU OG SAMKENND.

Íslensku listaverkin eftir unga fólkid voru síðan afhjúpuð á degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember, sem jafnframt er kaffihúsakvöld skólans, fyrir foreldrum, kennurum og öðrum gestum til yndislesturs. Þess skal getið að verkefnið er styrkt af uppbyggingarsjóði Suðurlands.

ÍSLENSKA EROKKARMÁLOGDÝRMÆTIARFUR.

Höfundur var kennari á vinnustofunni.



Gylfi Björgvinsson, formaður Félags harmonikuunnenda í Reykjavík, spilar sjálfur lítið á harmoniku en berst fyrir að halda úti félagsstarfi fyrir þá sem hafa áhuga á hljóðfærinu.

Mynd / ál



Undir merkjum Félags harmonikuunnenda í Reykjavík starfar 20 manna hljómsveit sem æfir vikulega yfir veturinn.

Mynd / Sigurður Harðarson

Félagsstarf:

Staða harmonikunnar sterk

– Vikuleg böll og hátíð á sumrin

Félag harmonikuunnenda í Reykjavík heldur úti starfi fyrir harmonikuunnendur, sama hvort þeir spila eða ekki, ásamt því sem stór hljómsveit starfar undir merkjum félagsins.

Gylfi Björgvinsson tók við formennsku í Félagi harmonikuunnenda í Reykjavík (FHUR) í vor. Hann segist ekki spila mikið á harmoniku sjálfur, en sé flinkur á önnur hljóðfæri eins og munnhörpu. Það komi ekki að sök, enda hlutverk formannsins svo miklu meira en hljóðfæraleikur og mikið starf sem þarf að sinna.

Stærsti viðburðurinn í starfi FHUR er harmonikuhátíð sem er haldin árlega að Borg í Grímsnesi. Félagið stendur jafnframt fyrir

harmonikuböllum einu sinni í mánuði í samkomusal eldri borgara í Stangarhyl 4. „Þessi böll hafa verið þung í rekstri og það er nokkuð ljóst að það verður einhver breyting á,“ segir Gylfi. Mætingin hefur verið dræm og verður fyrsta ballið eftir áramót, þann 10. janúar, prófsteinn á framhaldið. „Félagið berst í bökkum. Við erum í vandræðum af því fólkid er að eldast svo mikið og margir að falla frá og ekki nógu mikil endurnýjun.“

Hljómsveitin æfir vikulega

Gylfi segir stöðu harmonikunnar sterka en vandamálið sé að harmonikuleikurum er að fækka og þeir eru að verða fullorðnari.

„Ég á mína ósk um að harmonikan haldi velli og þessi starfsemi verði áfram og við berum þroska til þess að aðlaga þetta að færra fólk. Auðvitað vonar maður að áhugi ungs fólks á nikkunni aukist, en þetta stefnir óneitanlega ekki í þá átt,“ segir Gylfi.

Stofnað af Karli Jónatanssyni

Fjöldi félaga í FHUR er í kringum 180. Þar af eru 20 einstaklingar sem taka þátt í vikulegum æfingum með hljómsveitinni. Gylfi hvetur harmonikuleikara til að ganga til liðs við hljómsveitina og byrja að æfa, en hann segir alla geta tekið þátt. „Fólki er raðað upp eftir kunnáttu og fær aðstoð frá kunnáttufólki.“

Félag harmonikuunnenda í Reykjavík var stofnað af Karli Jónatanssyni árið 1977. Hann var fær harmonikuleikari og tónlistarkennari og frumkvöðull í félagstarfi í kringum hljóðfærið. Gylfi segir að FHUR sé elsta og stærsta harmonikufélag landsins.

FHUR er eitt af tveimur sambærilegum félögum á höfuðborgarsvæðinu, en hitt heitir Harmonikufélag Reykjavíkur, sem var einnig stofnað af Karli Jónatanssyni árið 1986. Gylfi segir að í gegnum tíðina hafi ekki verið mikið samstarf á milli þessara félaga, þó það hafi aukist í seinni tíð. Harmonikufélög má finna víða um land sem standa saman að Sambandi íslenskra harmonikuunnenda.

Hipparnir spiluðu ekki á nikku

Gylfi er alinn upp í Fljótunum í Skagafirði og segir að á flestum bæjum hafi tíðkast harmonikuspil í einhverri mynd. „Harmonikan var í áratugi eina hljóðfærið sem var spilað á um sveitir landsins,“ segir hann.

Vinsældir harmonikunnar voru mjög miklar þangað til að þær dölðu eftir miðja síðustu öld. „68 kynslóðin spilaði ekki á nikku og hipparnir gerðu það ekki heldur,“ segir Gylfi. Hann segir áhugann á hljóðfærinu hins vegar hafa tekið kipp þegar harmonikuleikarinn Reynir Jónasson spilaði með Bubba Morthens á níunda áratugnum.

/ál

Flekkur kom úr langferð á jólaföstu

- Góður fulltrúi íslensku sauðkindarinnar

Hér á bæ fæddist svartfleckóttur lambhrútur 14. maí 2021, fremur smár tvílembingur undan ánni Syllu 15-555.



María Dóra Þórarinsdóttir.

Faðirinn var Skandall 19-035, bæði vel ættuð, m.a. út af þekktum kynbótahrútum frá Hesti, Bjarnastöðum og Haukatingu. Í október var Flekkur seldur út á Reykjanes-skaga ásamt fleiri lömbum. Nú á jólaföstu gerðist svo þetta, rúmlega þrem árum síðar:



Þorvar Ingi heldur á Flekk nýfæddum á Morastöðum 14. maí 2021. Mynd / M.D.P.



Flekkur í Fjárdal 12. desember 2024, kominn úr löngu ferðalagi. Mynd / Brynjólfur H. Áspósson.

Þann 12. desember hringir til okkar Ólafur R. Dýrmondsson, fjáreigandi í Reykjavík og markavörður Ingólfsskrár, og spyr hvort við söknum fullorðins, flekkótt hrúts með bæjarnúmer Morastaða á lambamerki, ekkert fullorðinsmerki sé í honum. Hrútin hafi Brynjólfur H. Áspósson fjáreigandi í Fjárdal fundið fyrir um daginn við vörslugirðingu Norðurhólfs, norðan Suðurlandsvegur, nánar tiltekið á bakka Fossvallaár nyrðri um tvo kílómetra ofan Lögbergsbrekkunnar. Eftir spjall við Ólaf og hringingar suðureftir fundum við út að núverandi eigandi væri með kindur í Grindavík og í kjölfarið komst hann í samband við Brynjólf sem hafði þá flutt þann flekkóttu niður í Fjárdal. Þar var hrúturinn feginn að fá hey og vatn þangað til eigandinn sótti hann.

Flekkur var greinilega kominn úr langferð um fjöll og hraun, orðinn aflagður og haltur. Hann hafði sést í sumar við kirkjuna í Krýsuvík, þá kominn austur fyrir Grindavíkurhólfið, og fengum við þær upplýsingar frá þeim Ólafi og Brynjólfi, sem eru kunnugir víða á svæðinu, að sennilega hafi Flekkur lagt að baki allt að 50 kílómetra. Ólafur, sem er fjallskilastjóri fyrir Reykjavík og Kópavog, fékk þær ábendingar frá

útivistarfólki í haust að flekkóttur hrútur hafi sést við mynni Jósefsdals um miðjan nóvember og aftur í skarðinu á milli Sandfells og Selfjalls, austur af Heiðmörk, í lok nóvember. Í bæi skiptin var leitað án árangurs. Að áliti þeirra félaga hefur Flekkur sennilega haldið lengi í norðaustur, meðfram Kleifarvatni, um Lönguhlíðar, hugsanlega um Brennisteinsfjöll, síðan um Grindaskörð út eftir Bláfjöllum allt til Vífilsfells. Ef til vill fór hann norður Jósefsdal. Úr skarðinu á milli Sandfells og Selfjalls, töluvert vestar, telja þeir fullvíst að Flekkur hafi farið um Lakheiði svo til beint til norðurs þangað til vörslugirðingin stöðvaði för höfðingjans.

Var ekki Flekkur einfaldlega að sýna þá visku og ratvísi sem íslenska sauðkindin er þekkt fyrir? Allavega erum við Ólafur sammála um að hann hafi verið á leiðinni norður að Morastöðum og í æskuhagana í Eyrarfjalli, nú kominn á fjórða vetur. Skemmtilegt jólaeðvintýri í hugum okkar.

Höfundur er bóndi á Morastöðum í Kjós



Hátíðlegar sósur fyrir rétta bragðið



Náttúruleg hráefni

- Án MSG
- Án pálmolíu
- Lágt kolefnisspor

TAKK!

Um leið og við óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári viljum við hjá Veldix þakka ykkur innilega fyrir frábærar móttökur.

Veldix hefur vaxið fram úr björtustu vonum, þökk sé ykkur.

Ekki er skipulögð viðvera hjá okkur á milli jóla og nýárs en síminn hjá okkur verður opinn alla daga fyrir afgreiðslu.

23. des LOKAÐ
24. des LOKAÐ
27. des LOKAÐ
30. des LOKAÐ
31. des LOKAÐ


VELDIX
IÐNAÐARGAS

547 5577 / sales@veldix.is



Hvatningarverðlaun skógræktar 2025:

Tilnefningar óskast

Hvatningarverðlaun skógræktar verða veitt öðru sinni á alþjóðlegum degi skóga 21. mars næstkomandi. Verðlaunin eru veitt árlega til að hvetja til dáða einstaklinga, hópa, fyrirtæki, félög eða stofnanir sem vinna óeigingjarnt starf í þágu skógræktar á Íslandi.

Að verðlaununum standa Skógræktarfélag Íslands, Land og skógur og Bændasamtök Íslands.

Tilnefningafrestur er til 14. febrúar. Tilnefningu má fylla út á vef Skógræktarfélags Íslands:

skog.is/hvatningarverdlaun-skograektar

Ef þú þekkir einhvern eða einhverja sem eru að gera virkilega góða hluti innan skógræktar og eiga hvatningu skilið – endilega sendu inn tilnefningu!




BÆNDAGED
Geðorðin 10

- Hugsaðu jákvætt, það er léttara
- Hlíðu að því sem þér þykir vænt um
- Haltu áfram að læra svo lengi sem þú lifir
- Lærðu af mistökum þínum
- Hreyfðu þig daglega, það léttir lund
- Flæktu ekki líf þitt að óþörfu
- Reyndu að skilja og hvetja aðra í kringum þig
- Gefstu ekki upp, velgengni í lífinu er langhlaup
- Finndu og ræktaðu hæfileika þína
- Settu þér markmið og láttu drauma þína ræstast

baendaged.bondi.is

Jólaötturinn:

Særður fram úr myrkviðum aldanna

– Kötturinn sem hélt fólki við efnið á aðventunni

Steinunn Ásmundsdóttir

steinunn@bondi.is

Íslenski jólaötturinn var næstum horfinn úr menningunni fyrir um hálfri öld þegar hjón austur á Héraði ákváðu að við svo búidd mætti ekki standa og særðu hann á ný úr myrkviðum aldanna.

Elsta þekktu íslenska heimild um jólaöttinn er frá því um miðja 19. öld, úr Breiðdal. Hann er einn þeirra jólavætta sem taldar eru eiga sér rætur í heiðni og eru sagnir af áþekkingum verum til um alla Evrópu-álfa og víðar og um þær getið strax á 15. öld eða fyrr.

Líkum hefur verið leitt að því að hlutverk jólaöttarinn hafi einkum verið að halda fólki að þeim verum sem þurfti að inna af hendi fyrir jól, svo sem að þrjóna og vinna fatnað fyrir hvern og einn svo hann „færi ekki í jólaöttinn“. Jólaötturinn sum sé refsar fólki ef það stendur sig illa við jólaundirbúninginn, t.d. með því að éta jólamat þess, gera því aðra skráveifu eða jafnvel éta fólkið og sá sem enga nýja flík fær fyrir jólin er sagður „fara í jólaöttinn“. Það gat líka gerst hjá þeim sem fékk enga jólagjöf og jafnvel líka fyrir þann sem síðastur var í sparifötin á aðfangadagskvöld.

Jólaötturinn er ekki einn um að hafa gert okkur lífið hér á Íslandi leitt, heldur eru sagnir af ýmsum kattættuðum skrímslum, svo sem skoffíni, skuggabaldri, finngálkni og urðarketti, en jólaökisinn mun kominn út af ætt hins síðastnefnda.

Jólaötturinn hefur oft staðið þjóðinni nær en um þessar mundir enda hlutverk hans orðið óljósara í breyttu samfélagi.



Jólaötturinn varð líka vart í jólaokrautskassa í afvikinni geymslu fyrir nokkru síðan, heimafólki til skelfingar. Mynd / sá



Jólaötturinn á Egilsstöðum er á þriðja metra og lífgar upp á miðbæ Egilsstaða. Hann er einkennismerki Jólaöttarinn, jólamarkaðar sem haldinn hefur verið í desember í 17 ár. Mynd / Ingibjörg Jónsdóttir



Jólaökettir Eddu og Hlyns á Miðhúsum fengust í ýmsum stærðum og einnig sem jólaokraut og barnmælur. Þau eru hætt framleiðslunni en enn fást kettir af lager hjá Húsi handanna. Mynd / sá



Ljósum prýddur jólaökettur á Lækjartorgi í Reykjavík. Mynd / sá



Vigalegur jólaökettur á Ráðhústorgi á Akureyri. Mynd / Visit Akureyri



Jólaöketturinn þekktist ekkert þá, svona eins og hann gerir í dag. Þannig að ég lífgaði hann við hér fyrir austan hjá okkur.

Hann var eiginlega orðinn útdauður úr þessu jólastressi sem var þá.

Edda lýsir því hvernig jólaöketturinn hafi spilað stórt hlutverk hjá fólki í gamla daga. „Lýsingin á honum er náttúrlega ekki skemmtileg,“ heldur hún áfram. „En svo kom að því að börn máttu aldrei vera hrædd og þá dagaði hann eiginlega uppi. Allir jólasveinarnir orðnir rauðir og hræðilegir. Þessi gamla bændamenning var eiginlega að týnast. En svona kom þetta nú til og mér fannst ég satt að segja vera að bjarga jólaökettinum,“ segir Edda hlæjandi og bætir við að við eigum ekki að gleyma því sem jólahaldið snerist um í „den“.

Jólaöketturinn má ekki deyja

Eik fór að framleiða jólaöketti úr tré og handmála, í ýmsum stærðum. Sá stærsti hefur svo trónað í miðbæ Egilsstaða fyrir hver jól í áraraðir, ein og hálf mannhæð og upplýstur í skammdeginu. Edda segir þó ekki rétt hlutföll í honum enda hafi hann verið smíðaður af öðrum. Eik framleiddi einnig pínulitla ketti sem nælur og jólaokraut. Jólaökettir Eddu og Hlyns seldust strax eins og heitar lummur og gera enn.

Edda, sem var um tíma formaður Landssamtaka skógareigenda, kom líka með hugmyndina að Jólamarkaði



Edda Björnsdóttir og Hlynur Halldórsson á Miðhúsum á Fljótsdalshéraði endurvöktu deyjandi jólaökettinn fyrir hartnær hálfri öld þegar þeim fannst íslenskar jólahefðir eiga orðið í vök að verjast. Síðan hefur kisi styrkt stöðu sína með hverju árinu. Mynd / Fjölfr. Björn Hlynsson

Jólaöketturinn sem haldinn var í 17. sinn á Egilsstöðum um miðjan desember. Miðhúsa-jólaöketturinn er einmitt einkennismerki markaðarinn.

„Jólaöketturinn má ekki deyja. Íslendingar stökkva alltaf á allt sem kemur einhvers staðar að og mér fannst bara vera komið of mikið af innfluttu glingri. Því varð jólaöketturinn til hjá okkur og hann kom ekki fram með neinum látum. Fólk hefur margt ekki nein tengsl við söguna, það skynjar ekki að gamli tíminn á alltaf að tengjast aðeins inn í nútímann til að viðhalda hefðum, þekkingu og vera bara þjóð!“ segir Edda ábúðarfull.

Hún talar líka um hversu nútíminn sé fullur af æpandi litum, blikki og glimmeri sem stingi í augu, æpandi og skrækjandi. Áður fyrr hafi litir verið mildir og lágstemmdir, meira að segja litirnir á gömlu jólasveinunum. „Okkar menning var ekki þannig. Við vorum bara látaus og lifðum á okkar náttúru. Það er alveg ótrúlegt hvað Íslendingar þeirra daga féllu vel inn í sína náttúru og umhverfi. En það er ekki lengur og mér leiðist það. Jólafigúrurnar okkar eru ekki lengur hæglátar í menningunni eins og þær voru. Þær lágu svona meira í loftinu en að þær væru að trana sér mikið fram.“

Jólasveinar komu sjóleidis

Þau Hlynur og Edda hafa framleitt fleira sem tengist gömlum hefðum jóla. Laufabrauðshnífarnir frá Eik eru sérlega flottir en ekki lengur fáanlegir. Þeir eru í laginu eins og laufbláð, flugbeittir enda úr skurðstofustáli, með birkihandfangi og í leðurslíðri. Einnig laufabrauðspressur sem hafa gamla sýrutunnulokið sem fyrirmynd. Hús handanna á Egilsstöðum hefur annast sölu á gripum frá Eik.

Edda rifjar upp að á Eskifirði, þar sem hún ólst upp, hafi jólasveinarnir komið af sjó, enda flest þar sjávarhengt. „Þeir komu róandi á skinnbátum og grófu þá í fjörunni við lendingu. Ég man að sem krakkar vorum við að grafa í sandinn til að leita að bátunum. Þetta var skemmtileg menning. Svo breyttist þetta þegar kaninn kom með allt sitt glimmer og sterkrauða jólasveininn,“ segir hún.



Eitt árið fannst jólaöketturinn óvænt í Bónuspoka þar sem hann hafði hreiðrað um sig og var að éta sig inn í nykneyptan hamborgarhrygg. Mynd / sá

Aðspurð hvort hún haldi að Fljótsdalshéraði beri gæfa til að varðveita jólaökettinn segist hún ekki viss um að svo sé, en vonandi verði héraðið þó vörsluadili jólaökettarinn um langa framtíð.

Á Miðhúsum fannst árið 1980 silfursjóður, 43 silfurmunir, sem að langmestu leyti er frá víkingaöld og þótti merkur fornleifafundur. Þau Edda og Hlynur eru frumkvöðlar í íslenski bændaskógrækt og voru meðal fyrstu bændu sem gerðu samning við Héraðs- og Austurlandsskóga. Þau fengu Landbúnaðarverðlaun árið 1996.

Listamenn tekið köttinn að hjarta

Fleiri hafa orðið til þess að gera jólaökettinum hátt undir höfði í list sinni, þ.á m. Jóhannes úr Kötlum í ljóðinu Jólaökettinum sem lýsir vel fyrir hvað jólaöketturinn stendur, Guðrún Sigurðardóttir, listakona á Egilsstöðum, sem hannaði á sínum tíma m.a. borðbúnað og kertastjaka með kettinum atarna, Hekla Íslandi og Erlingur Jóhannsson fyrir Glóð/Konukot. Að ógleymdum risaköttunum á Ráðhústorgi Akureyrar og Lækjartorgi Reykjavíkur.

Þeir sem vilja vita meira um jólaökettinn ættu að kynna sér fróðlega grein Hrefnu S. Bjartmarsdóttur þjóðfræðings um Jólaökettinn, uppruna hans, ættir og hlutverk, sem birtist í Bændablaðinu árið 2016 og má finna á veraldarvefnum.



„... Heimsins þagna harmakvein ...“

Orðsins list kemur að þessu sinni frá Jóhannesi úr Kötlum.

Jóhannes Bjarni Jónasson var fæddur árið 1899, á Goddastöðum í Laxárdal í Dölum en ólst frá barnæsku upp í Ljárskógaseli í sömu sveit. Hann stundaði nám við lýðskólann í Hjarðarholti á árunum 1914 til 1916, tók kennarpróf árið 1921 og stundaði kennslu við ýmsa skóla í Dalasýslu frá 1917 til 1932. Hann flutti suður til Reykjavíkur árið 1932 og kenndi einn vetur við Austurbæjarskólann en einbeitti sér síðan að ritstjórn og ritstjórn, fyrst í Reykjavík og síðan í Hveragerði, en fluttist aftur til Reykjavíkur 1959 og bjó þar til æviloka.

Jóhannes var formaður Félags byltingarsinnaðra rithöfunda 1935 til 1938. Dvaldist sumrin 1939 og 1940 á Kili sem eftirlitsmaður sauðfjársjúkdómanefndar. Jóhannes var virkur í starfi Sósíalístaflokksins og var alþingismaður Reykvikinga 1941. Þá var hann umsjónarmaður við Skagfjörðsskála Ferðafélags Íslands í Þórsörk á sumrum 1955 til 1962. Jóhannes var virkur baráttumaður í Samtökum hernámsandstæðinga.

Hann kvæntist 24. júní 1930 Hróðnýju Einarsdóttur og voru börn þeirra Svanur, Inga Dóra og Þóra.

Fyrsta ljóðabók Jóhannesar, BÍ bí og blaka, kom út 1926 og tók hann sér þá skáldanafnið Jóhannes úr Kötlum. Skammt frá Ljárskógaseli, þar sem hann ólst upp, rennur áin Fáskrúð og eru þar Katlar þeir sem hann kenndi sig við. Hann var eitt helsta skáld sinnar samtíðar og mjög afkastamikill höfundur. Eftir hann liggja 20 ljóðabækur og 5 skáldsögur. Hann þýddi fjölda bóka, ritaði greinar í blöð og tímarit og flutti erindi um stjórnmál og menningarmál.

Ljóð Jóhannesar hafa mörg orðið fólki tön og tónlistarfólki uppspretta og lifa mörg þeirra laga góðu lífi meðal þjóðarinnar. Þá las hann ljóð sín gjarnan á plötur sem gefnar voru út eftir andlát hans. Jóhannes var margverðlaunaður fyrir verk sín og m.a. tilnefndur til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs.

Um jól grípa margir í kverið Jólin koma sem fyrst var gefið út árið 1932 og síðan margútgefið og á ýmsum tungumálum. Þar er að finna ýmis kjarnmikil jólaljóð, m.a. Grýlukvæði og Jólaveinarnir, þar sem Jóhannes lýsir íslensku jólaveinunum þrettán. Með þessu ljóði má segja að hann hafi sett í fastar skorður nöfn jólaveinanna og þá röð sem jólaveinarnir fylgja



Jóhannes úr Kötlum.

þegar þeir halda til manna. Bókin var myndskreytt af Tryggva Magnússyni og teikningar hans af íslensku jólaveinunum höfðu sitt að segja um hvernig fólk sá þá fyrir sér á fyrri hluta 20. aldar.

Jóhannes úr Kötlum lést árið 1972. /sá

Hátíð fer að höndum ein

*Hátíð fer að höndum ein,
hana vér allir þrýðum.
Lýðurinn tendri ljósinn hrein,
líður að tíðum,
líður að helgum tíðum.*

*Gerast mun nú brautin bein,
bjart í geiminum víðum,
ljómandi kerti á lágri grein,
líður að tíðum,
líður að helgum tíðum.*

*Sæl mun dilla silkirein
syninum undurfríðum,
leið ei verður þá lundin nein,
líður að tíðum,
líður að helgum tíðum.*

*Stjarnan á sinn augastein,
anda mun geislum blíðum,
loga fyrir hinn litla svein,
líður að tíðum,
líður að helgum tíðum.*

*Heimsins þagna harmakvein,
hördum er linnir stríðum,
læknast og þá hin leyndu mein,
líður að tíðum,
líður að helgum tíðum*

*Jóhannes úr Kötlum. Ort við forni viðlag úr fórum
Grunnavíkur-Jóns (1705–1779), Hátíð fer að höndum ein.*



Hér má sjá eina af dráttarvélunum á dagatalinu, Zetor 25A, árgerð 1960. Myndina tók Gunnar Jónsson. Fyrsta Zetor-dráttarvélin kom til landsins 1948. Til hægri má sjá Saurbæ í Eyjafjarðarsveit þar sem Búsaga hefur aðstöðu.



Eyjafjörður:

Gamlir Zetorar á nýju dagatali

Fallegar myndir af Zetor-dráttarvélum á Íslandi frá síðustu öld þrýða nýtt dagatal Búsögu, búnaðarsögusafns Eyjafjarðar á bænum Saurbæ.

Heiðurinn af dagatalinu á formaður stjórnar Búsögu, Sigurður Steingrímsson, sem naut aðstoðar góðs fólks við gerð dagatalsins. „Þetta er dagatal til að hengja upp á vegg. Auk mynda og fræðslu um Zetor-dráttarvélar, sem tengjast myndunum í hverjum mánuði, og almennrar fræðslu um þema dagatalsins, koma fram í dagatalinu helstu hátíðisdagar. Einnig eru upphafs dagar gömlu mánaðanna birtir, en þeir sjást nú æ sjaldnar,“ segir Sigurður.

Búsaga er áhugamannafélag, sem var stofnað árið 2011 en byggði á eldri félagsskap um varðveislu dráttarvéla. Markmið félagsins eru meðal annars að hvetja bændur og aðra til að farga ekki munum



Sigurður Steingrímsson, formaður fimm manna stjórnar Búsögu, með nýja dagatalið fyrir árið 2025, sem hefur gengið mjög vel að selja.

Myndir / Aðsendar

í þeirra eigu sem kunna að hafa varðveislugildi með tilliti til búnaðarsögunnar.

Auk þess að leitast við að varðveita safngripi sem félaginu eru afhentir og safnið telur hafa varðveislugildi og ekki síður að standa fyrir sýningum eða kynningum á safngripum.

„Búsaga er með aðstöðu í útihúsum að Saurbæ í Eyjafjarðarsveit samkvæmt samingi við sveitarfélagið. Húsnæðið var mjög illa farið þegar Búsaga flutti starfsemi sína þangað, hélt hvorki vatni né vindi. Margir félagar í Búsögu hafa unnið gríðarmikið sjálfbodastarf við endurbætur á húsnæðinu og notið stuðnings og velvildar sveitarfélagsins, verktaka og fyrirtækja í Eyjafirði, sem allir eru mjög þakklátir fyrir,“ segir Sigurður.

Nýja dagatalið, sem kostar 3.000 krónur, er hægt að panta í gegnum netfangið busaga@simnet.is og í síma 894-9330 eða með skilaboðum á Facebook (Búsaga – búnaðarsögusafn Eyjafjarðar).

/mhh

Magnús Leópolðsson lögg. fasteignasali

FASTEIGNAMÍÐSTÖÐIN

Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001

Áhugaverðar jarðir

JARDIR.IS

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is

ÓDÝR

gleraugu umgjörð og gler

Gleraugu með glampa og rispuvörn **19.900 kr.**
Sérsmíðum samdægurs í styrk +/- 6,0 með cyl. til 2,0

Margskipt gleraugu **39.900 kr.**
Margskipt gler frá Essilor (afgreiðslutími +/- tvær vikur)

Hamrahlíð 17
Hús Blindrafélagsins
Sími • 552-2002

OPTIC
REYKJAVÍK
SJÓNTÆKJAVERSLUN

HESTAMENN

PÚSLMOTTUR

★★★★★

Minni slyshætta Auðvelt að leggja Bætt hljóðvist Aukin þægindi Minna álag

HESTHÚS.IS
INNRETTINGAR & GÖLFEFNI

SAGUSTU INTERNATIONAL

S. 893-9919

LED perur fyrir Flúrlampa!

3 Stærðir - Allar perur : **Verð kr. 1.500**

- 60 CM LED pera 9w - 4000K hvít
- 120 CM LED pera 18w - 4000K hvít
- 150 CM LED pera 22w - 4000K hvít

SMH Gróðurhús ehf.
Sími: **866-9693**
Facebook: Gróðurhús SMH ehf

Þriggja arma LED ljós sem skrúfast í venjuleg perustæði og hentar vel í stærri byggingar og skemmur
80W - 8000 Lúmen. **Verð kr. 8.000**

Vélaskólinn

Talsett Vinnuvélanámskeið á netinu

www.velaskolinn.is

Bækur:

Besta gjöfin

Í jólabókaflóðinu sem nú stendur sem hæst kennir ýmissa grasa. Þar innan um stínga nýir höfundar upp kollinum og er frumraun margra afar áhugaverð. Nú er tíminn til að heimsækja allar helstu bókabúðir landsins og stínga nefnu niður í sem flestar þeirra bóka sem hafa verið gefnar út nýverið. Ævisögur, rómansar, þrillerar, fræðirit og hetjusögur af ýmsum toga gleða landsmenn, sem ef til vill vita ekki í hvorn fótinn þeir eiga að stíga. Allt eru þetta gluggar nýrra gátta, eins og karlinn sagði, og því um að gera að demba sér inn í næsta ævintýri. /sp

Præðir í lífi Bertu og Præðir fléttast



Elínborg Angantýsdóttir, höfundur bókanna Præðir í lífi Bertu og Præðir fléttast, er að stíga sín fyrstu skref sem rithöfundur, en hefur áður skrifað ljóð og hugleiðingar gegnum árin. Ritstíll hennar hefur verið líkt við bækur Guðrúnar frá Lundi, en Elínborg lýsir lífi og búskaparhátum í sveit um miðja öld á einlægum og rómantískum hátt.

Præðir í lífi Bertu er persónuleg og innileg lesning, lífssaga konu sem hnýtt er við íslenskt mannlíf sjötta áratugarins. Aðalsögupersónan, konan, hefur að skrásetja sögu sína með það fyrir augum að vinna sig úr djúpstæðum sálarháská. Þetta er saga sársauka og gleði, sigra og ógna þar sem einlæg frásögn fangar lesandann jafnframt því sem hann kynnist lífi áratuganna áður.



Præðir fléttast er sjálfstætt framhald bókanna Præðir í lífi Bertu. Þetta er saga full af þrá, hindrunum og leit að tilgangi, en Berta er einstæð móðir sem gengið hefur í gegnum erfiðan skilnað og er að fóta sig á nýjan leik. Snúin fjölskyldubönd koma við sögu, áföll og þau hjartans mál sem gefa lífinu lit. Bækur Elínborgar má fá í verslunum Pennans Eymundsson víða um land. /sp

Horfin býli og huldar vættir



Horfin býli og huldar vættir í Snæfjalla- og Grunnnavíkurbæjum hinum fornu er nafn nýrrar bókar eftir Ólaf J. Engilbertsson.

Í Snæfjallahreppi og Grunnnavíkurbæjum urðu mikil umskipti á 20. öldinni, að því er kemur fram í kynningu. Um aldamótin 1900 var mannlíf í miklum blóma á þessu svæði og íbúafjöldinn umtalsverður á landsmælikvarða. Síðasti bóndinn flutti í burtu 1995. Í bókinni er að finna frásagnir sem þræða hina horfnu byggð, allt frá landnámi til síðustu ábúenda. Fjöldi mynda prýðir verkið.



Íbúafjöldi reis og hneig

„Árið 1703 voru átta býli í byggð á Snæfjallaströnd með samtals 147 íbúum, þar af fimm ómögum.“ segir Ólafur. „1801 voru býlin jafnmörg, en íbúum hafði fækkað niður í 130. Í flestum tilvikum var tví- eða þríbýli og á einum stað, Unaðsdal, var fjórþýli, svo bæirnir voru í reynd 20. Íbúafjöldinn á Snæfjallaströnd fór eftir það ört hækkandi og voru þar yfir 300 manns um aldamótin 1900, þegar árabáttautgerð var í hvað mestum blóma. Árið 1910 var íbúafjöldinn hins vegar kominn niður í 223 og um 1930 var 21 bær í byggð í Snæfjallahreppi með um 150 íbúa. Á þessum árum og fram eftir fjórða áratugnum fór fólk svo ört fækkandi og fjölskyldur fluttu í burtu, einkum af ytri Ströndinni. Gamlar kostjardir fóru þá í fyrsta sinn í eyði og í ritinu er lögð áhersla á að bregða ljósi á hvernig umhofs var um og eftir 1930 þegar hinar miklu umbreytingar urðu og ásynnd Strandarinnar breyttist.“ segir hann.

Byggt er á upplýsingum í bókinni Undir Snjáfjöllum eftir Engilbert S. Ingvarsson sem Snjáfjallasetur gaf út 2007.

Hvarf eins og dögg fyrir sólu

Á ytri Ströndinni í landi Sandeyrar og Snæfjallastaðar var skv. Ólafi talsverð þurrabúðabyggð um aldamótin 1900. Þegar mest var bjuggu þar fjórtán fjölskyldur í litlum kotum með lítið undirlendi, en gjöful fiskimið skammt undan landi. Kristján Jónsson frá Garðsstöðum ritaði ítarlega um búendur og bátformenn þar árið 1901 í Ársrit Sögufélags Ísfirðinga. Í Grunnnavík var uppgangur í útgerð eftir aldamótin og fram yfir 1950.

Þorvaldur Thoroddsen segir í Ferðabók sinni rétt fyrir aldamótin 1900 að kotahverfi sé niðri við sjóinn í Grunnnavík. Um 80 manns eru þá taldir eiga þar heimili. Jóhann Hjaltason skrifar 1949 að þarna sé snotur byggð og að bæirnir standi þar þétt. Byggðin var þá kölluð Í Víkinni og voru íbúarnir enn um 70.

„Ljóst er að þarna var vísir að þéttbýliskjarna sem hvarf nánast eins og dögg fyrir sólu á rúmum áratug. Byggð hélst áfram í blóma á innri Snæfjallaströnd, þó býlum fækkaði. Með samgöngubótum og Inn-Djúpsáætun var reynt að sporna gegn því að byggðin legðist í eyði, líkt og raunin varð á með Grunnnavík haustið 1962. Þróunin varð þó ekki umflúin og síðasti bóndinn hvarf af Ströndinni haustið 1995. Síðan hefur einungis verið fólk þar á sumrum, líkt og í Grunnnavík og á Höfðaströnd, utan ábúenda í Æðey sem dvelja þar meira og minna allt árið.“ segir Ólafur. /sá

Hvíti Ásinn



Jóhanna Sveinsdóttir er ein nýrra höfunda nú í ár en frumraun hennar, barna- og unglingabókin Hvíti Ásinn, er æsispennandi og vel skrifuð. Lesendur kynnast unglingstúlkunni Íðunni sem býr ásamt föður sínum utan við samfélagið í Noregi en þarf að flýja um miðja nótt til Íslands.

Þar kynnist hún uppruna sínum og tekst á við þroska og þrautir sem flétta saman norræna goðafræði og Íslendingasögurnar á snilldarlegan hátt. Líkt og aðrir unglingar þarf Íðun að æfa samskipti sín við jafnaldrar og trú á sig sjálfa og eigin styrk – en í þessu tilfalli er um æsispennandi atburðarás að ræða sem kynnir til leiks persónur sem allir kannast við ef vel er að gáð.

Lesendur geta til dæmis velt því fyrir sér hver Valtýr skólastjóri raunverulega er og hvers vegna hann er einhentur. Eða hvers vegna Íðun hefur sterkari skilningarvit en aðrir. Hvíti Ásinn er svo sannarlega ein þeirra bóka sem getur höfðað til allra aldurshópa og Jóhanna Sveinsdóttir höfundur sem vert er að fylgjast með í framtíðinni.

Bókin er gefin út af Sölu, en samnefnd bókabúð er við Hverfisgötu 89–93 og afar ánægjulegt að líta þar við í jólaösinni. Hvíta Ásinn má einnig finna t.d. hjá Forlaginu og Pennanum Eymundsson. /sp



Íslandshvalir í máli og myndum



Út er komin bókinn Ísland of the Whales, eftir Eline van Aalderink. Hún er íslensk-hollenskur sjávarlíffræðingur og sérfræðingur í vistfræði sjávarspendýra og sjöfugla. Eline starfar á Íslandi, m.a. sem rannsóknasamhæfingastjóri og leiðsögumaður fyrir ferðapjónustufyrirtæki sem sérhæfa sig í hvala- og lundaskoðun.

Ísland of the Whales er líklega fyrst og fremst stíluð á ferðafólk, áhugasamt um hvalaskoðun og verndun hvala við Ísland. Bókin er á ensku, prýdd sterkum ljósmyndum og teikningum höfundar, og er sumpart eins og persónulegt samtal höfundarins við lesandann. Höfundur fjallar um vísindalegar staðreyndir og athuganir ásamt persónulegum og listrænum hugleiðingum. Bókin er aðgengileg og léttleikandi, þrátt fyrir þungan undirtón þar sem lesandinn er brýndur til umhugsunar um umhverfismál og náttúruvernd.

Fjallað er um vænlegar hvalaskoðunarslóðir, hvalahljóð, hnúfubak, höfrung, hnísu, steypireyði, búrhval, andarnefju, háhyrning, grindhval, langreyði og hrefnu í máli og myndum. Lýsing er á hverri hvalategund fyrir sig, m.a. stærð og lengd, atferli og sérkenni, dýpt köfunar og lengd, æti og hvar og hvenær má vænta þess að sjá hverja tegund. „Þessi bók er tilraun til að hvetja til breytinga,“ skrifar höfundur í formála. „Að búa til ölduhreyfingu sem gefur til baka til hafnsins og óvenjulegra íbúa þess. Þetta er óður til ótrúlegrar aðlögunarhæfni hverrar tegundar, æðruleysi hvers stofns og sérstöðu hvers og eins þeirra, allt samofið byltingarkenndum vísindum, heillandi staðreyndum og óumflýjanlegum tilfinningum sem þessar töfraverur vekja með okkur.“

Höfundur gefur út. Bókin er 96 síður, prentuð í Bretlandi og fáanleg m.a. í bókaverslunum, sem hjá höfundi á tinyblowseverywhere@gmail.com. Höfundur heldur jafnframt úti Instagram og TikTok á tinyblows.everywhere. /sá



Blákápa



Ljóðabókin Blákápa er þriðja ljóðabókin sem Félag ljóðaunnenda á á Austurlandi gefur út með ljóðum eftir Braga Björnsson (1929–2011) frá Surtstöðum í Jökulsárhlíð. Hefur Magnús Stefánsson, í samvinnu við börn Braga, valið til birtingar um 260 ljóð úr safni stílabóka höfundar. Bókin er 270 síður.

M.a. er í bókinni að finna nokkur ljóð og þulur sem Bragi orti fyrir börn og fullorðna um dýrin í sveitinni og ýmislegt sem þar gerðist og tengdist fjölskyldu hans. Annars eru yrkisefnin fjölmörg og fjölbreytt.

Bragi var afkastamikill og gott ljóðskáld og voru vísur og ljóð hans helsta hugðarefni. Hann var lengst af kunnari fyrir lausavísur sínar enda voru þær honum mjög tamar í daglegum samskiptum við vini og kunningja. Auk eigin vísunagerðar var Bragi forfallinn lausavísnaafnari og skrifaði hjá sér allar þær vísur sem hann heyrði og mat prenthæfar og gjarnan tilefni þeirra ef það lá fyrir.

Í Blákápu kennir ýmissa safaríkra grasa og er þar m.a. eftirfarandi ljóð:


Aðfangadagskvöld

Er klukkan hringja kvöldsins helgi inn
kyrrð og friður taka alger völd
og jólastjarnan sendir geislann sinn
í sveit og borg – til allra þetta kvöld.

Og það er fagnað jafnt í hreysi og höll,
hjörtun fyllast bæn og þakkargjörð,
ef þannig hug við temdum okkur öll
hans ædsta hugsjón myndi sigra á jörð.

Því hann sem fæddist fyrstu jólum á
og friðarbirtu mannkyninu gaf,
hann veitir lífdrykk öllum enn sem þá
ótæmandi náðarbikar af.

Á kirkjustökum kvikna jóla ljós,
við kærleik hjartans þyrnir verður rós.





Peir eru vígalegir jólasveinarnir í Dimmuborgum.

Mynd / Markaðsstofa Norðurlands

Á döfnni í desember

Uppákomur og skemmtanir eru árvissir viðburðir um þetta leyti og ýmislegt áhugavert á döfnni í kringum landið. Jólamarkaðir, leiksýningar, skautasvell og tónleikahald er einungis lítið brot af því sem hægt er að njóta á þessum ævintýralegasta tíma ársins og ekki má gleyma jólasveinunum sem geta stungið upp kollinum alveg óvænt. Hér má finna ýmislegt sem allir aldurshópar geta glatt sig við.

/sp

Norðurland

Heimsókn í Jólagarðinn á aðventunni kemur öllum í jólaskapið. Aðeins um 10 mínútna akstur frá Akureyri. Opnið alla daga fram að jólum frá 12–21.

12., 19. og 23. des. verður örnámskeið í JóláNidra í Vökulandi Eyjafjarðarsveit sem byrjar stundvíslega kl. 18.30 til kl.19.15 Stakur tími kr.2500, öll þrjú skiptin 7000 kr. og skráning með skilaboðum í s. 6630498.

12.–23. des. Á aðventunni verða Jólasveinarnir í Dimmuborgum á sveimi og taka á móti gestum við hellismunnann sinn á milli klukkan 11 og 13. Sex ára börn og eldri greiða 2.000 kr. en miðasala er á Tix.is.

19. des. Á Amtsbókasafninu eru allir velkomnir að koma og perla eitthvað jólalegt frá klukkan 16–18. Frítt er í strætó og allir strætisvagnar stoppa í miðbænum í 300 metra fjarlægð frá safninu.

19. des. verður árlegt jólabingó í Reykjavíðarskóla milli kl. 17–19, spjaldið kostar 1.000 kr. og enginn posi.

20. des. Akureyri ÍBA verður 80 ára 20. desember næstkomandi og er stefnt á að halda íþróttahátíð laugardaginn 7. desember í Boganum frá 13:00 til 17:00. Hátíðin verður með veglegasta móti og taka öll aðildarfélag bandalagsins þátt í fögnuðinum. Vegleg dagskrá verður í boði fyrir gesti og frítt inn fyrir alla. Íþróttafélagin á Akureyri bjóða upp á öflugt íþróttalíf og á hátíðinni fá bæjarbúar að kynna og upplifa þær íþróttgreinar sem stundaðar eru innan aðildarféлага ÍBA. Skemmtikraftar verða á svæðinu og varningur í boði fyrir gesti.

20. des. Jóláopnun í Skriðu, Eyrargötu á Patreksfirði. Opnið verður á prentverkstæðinu kl.16 og hægt að versla ýmsar handgerðar gjafir frá Skriðu fyrir jólin. Heitt á könnunni og piparkökur.

Jólamarkaður Helga og Beate í Kristnesi, Eyjafirði svikur engan, en hann er opinn frá kl. 13–17 frá og með 18. des. til jóla.

Höfuðborgarsvæðið

Jólaljóssaskreyttur Fjölskyldu- og húsdýragarður býður gestum í heimsókn en kvöldopnanir eru alla adventuna. Opnið verður til kl. 20 föstudaga til sunnudaga frá 29. nóvember til jóla. Hefðbundinn opnunartími er annars alla daga frá kl. 10 til 17 og þá gildir hefðbundinn aðgangseyrir19.–20. des.



Jólamarkaðurinn og Jólaskógurinn í Heiðmörk er opinn allar adventuhelgar 2024, kl. 12.00-17.00.

23. nóv.–20. des. Jóla-listasalur Mosfellsbæjar er opinn frá kl. 9–18 og 12–16 þar sem yfir 50 listamenn sýna og selja list sína.

20. des Snjóboltastríð kl 19:00 að Arnarhóli við Lækjargötu

Jólamarkað er að finna við Austurvöll, en opnunartímar hans eru 19.–20. des.: 16–20, 21–22. des.: 12–21 og 23. des.: 14–23.

Jólábærinn Hafnarfjörður opnar Jólaborpið gestum á föstudögum frá kl. 17–20 og um helgar frá kl. 13–18. Kaffihúsið í Hellisgerði verður opnið á opnunartíma Jólaborpsins og alltaf til kl. 20 þau kvöld auk þess sem Hjartasvellið á Ráðhústorginu verður opnið fimmtudaga–sunnudaga til 23. desember, svo og tívolí við Venusarhúsið, Strandgötu 11.

Vesturland

27. nóv.–21. des. Jólamarkaður í Loppusjoppunni, Nesvegi 13 Stykkishólmi. Opnið miðviku- og föstudaga á milli kl 14–18 og laugardaga kl 12–15. Hægt er að versla eða selja það sem tengist jólonum á markaðnum.

21. des. Með adventudagskrá Snæfellsjökulsþjóðgarðs má gera sér dagamun, en boðið verður upp á barnastund með jólaívaði auk adventugöngu með landverði í Djúpalóni. Frekari upplýsingar má finna á www.snaefellsjokull.is.

Suðurland

19–22. des. Listasafn Árnesinga býður gestum sínum upp á ýmiss konar sýningar sem gaman er að kíkja á og næra andann í miðri jólaöð. Þar er um auðugan garð að grejsja, skemmtilegar tengingar lista og vísinda.



Adventugarður Reykjanesbæjar er opinn allar helgar í desember frá kl. 14–17 og á Þorláksmessu frá kl. 18–21. Þar má finna Adventusvellið sem er opnið föstudaga frá kl. 16–21, laugardaga kl. 12–21 og sunnudaga frá kl. 12–19.

Austurland

19. des. Á Vopnafirði verður jólabingó Kiwanis kl. 20:00 í Miklagarði.

Finnsstaðir og Leikfélag Fljótshéraðs bjóða upp á jóla- og ævintýrastemningu á Finnsstöðum alla laugardaga á adventunni frá kl. 15–17. Teymt verður undir ungum knöpum, grillaðir sykurlúðar í skóginum, kakó og mikið fjör jólasveina og fleiri ævintýrapersóna.

Eignatorg býður sérhæfða þjónustu við verðmöt og sölu á bújörðum og öðru landi, með eða án rekstrar.

Við byggjum á áralangri reynslu á því sviði.

Björgvin Guðjónsson, búfræðingur og löggiltur fasteignasali, s. 510-3500 eða 615-1020,

bjorgvin@eignatorg.is



Led-lýsing í allar landbúnaðarbyggingar og iðnaðarhúsnæði

Tri-proof ljós - Ufo ljós 60° og 90° fyrir meiri lofthæð.



KAUPLAND

www.kaupland.is
sími 8449484

Jólagjöfin í ár!



Vandaðar bækur sem fást í öllum helstu bókaverslunum landsins.

LÍF OF EIGNIR ERU Í HÚFI



Er nægur og greiður aðgangur að slökkvivatni við býlið þitt?

Slökkvítæki þarf að yfirfara og endurnýja í samræmi við ráðleggingar framleiðanda

Eldvarnateppið er ómissandi í eldhúsinu



Jólageit IKEA gleður hjórtu fólks á mismunandi hátt.

Mynd / sp

Jólahæfðir:

Fórn vetrarsólstaða

Víða um heim koma geitur fyrir í trúarbrögðum og eru heiðnar norrænar jólahæfðir þar ekki undanskildar, þegar geitum er gjarnan fórnað í kringum vetrarsólstöður.

Í goðafræðinni þekkjum við hafra Þórs, þá Tanngríóst og Tanngrísi, sem bjuggu yfir þeim eiginleika að lifna við þótt þeim væri slátrað og ekki er ósennilegt að skandinavíska jólageitin eigi uppruna sinn í geithöfum Þórs, ekki síst þegar kemur að fórn og endurfæðingu. Í Noregi er jólageitin þekkt fyrir að hafa sama innræti og íslenski jólakötturinn, jólavættur sem refsar þeim sem ekki fá nýja flik. Svenska jólageitin (Julbock) er hins vegar á báti við jólasveinana okkar alíslensku sem í dag koma gjöfunum á rétta staði og hafa staðið sína plikt síðan á 19. öld. Áður var þarlend jólageit víst ósýnileg vera sem sá um að hafa yfirsýn yfir að hlutirnir gengju nú fyrir sig eins og þeir ættu að gera, og enn eldri sögulegar heimildir eru fyrir því að Julbock hafi ekki verið neitt sérlega vel innrættur, heldur reikaði um landið á jólanótt, krafðist fórna og hræddi kristna menn.

Fórnir vetrarsólstaða

Líkt og höfrum Þórs var fórnað og þeir lifnuðu við, þótt við hæfi að fórna geitum gjarnan í kringum vetrarsólstöður. Tenginguna mætti mögulega finna í fornri sænskri venju, Juleoffer, eða jólafórn. Þar

er manneskju klæddri geitaskinni slátrað á táknaðan hátt og vaknar aftur til lífsins að morgni líkt og við vetrarsólstöður, þar sem á sólstöðunótt fer sólin í gegnum sína eigin endurfæðingu, ef svo má segja.

Ekki má svo gleyma kölska sjálfum sem hefur haft orð á sér fyrir að hafa geitaklaufir í stað fóta – en til viðbótar við sagnfræðilegar tengingar við vetrarsólstöður lýstu sannkristnir menn því yfir langt fram á 17. öld að jólageit yrði að fórna því í henni byggi djöfullinn.

IKEA-geitin brennd – hópur

En nóg um það. Við Íslendingar eigum okkar jólageit sem flestir þekkjast, reyndar af sænskum ættum, um tíu metra háa og svipaðri að þyngd í tonnum. Sögur fara af því að geitin, sem er sett fyrir framan IKEA-verslunina hérlandis, sé eina IKEA-skrautgeit veraldar, en slíkar skreytingar fyrirfinnst ekki í grennd við aðrar IKEA-verslanir utan landsteinanna. Þetta er áhugaverður möguleiki sem helst þá í hendur við eina „IKEA geitin brennd“-hópin sem er á Facebook.

Sá hópur sér fyrir sér að geitin muni standa í ljósum logum þann 20. desember en vetrarsólstöður hefjast akkúrat þann dag. Í hópunum eru yfir 4.000 manns, þar af heilir 467 sem ætla að mæta á staðinn. Hvernig þeir ætla að fara leynt er óráðin gáta eins og er – en næsta víst er að gæsla er á staðnum. /sp

Gleðileg rauð slaufa

Prjónuð slaufa úr DROPS Cotton Merino, sem hægt er að nýta sem pakkaskraut, hárskraut, jólaskraut eða hvað sem er. Stykkið er prjónað frá hlið að hlið í klukkuprjóni með i-cord og tvöföldu prjóni. DROPS Design: Mynstur cm-156.

Stærð: Breidd = ca 11 cm, hæð = ca 9 cm.

Garn: DROPS Cotton Merino (fæst hjá Handverkskúnst).

- 50 gr litur 06, kirsuberjarauður.
- 1 slaufa er ca 17 grömm.

Prjónar: nr. 3 - eða þá stærð sem þarf til að 20 lykkjur og 44 umf með klukkuprjóni verði 10 x 10 cm.

Fylgihlutir: Næla eða snúra til að festa slaufuna með.

SLAUFU - STUTT ÚTSKÝRING Á STYKKI:

Stykkið er fyrst prjónað fram og til baka sem ein lengja í klukkuprjóni með i-cord í hvorri hlið. Síðan er uppfitjunarkanturinn saumaður við affellingarkantinn. Síðan er prjónað miðjuband í tvöföldu prjóni – miðjubandið er fest utan um sjálfa slaufuna. Í lokin er saumað niður næla eða snúra þrædd í gegnum miðjubandið á bakhlið á slaufunni þannig að hægt sé að festa slaufuna eða hnýta hana fasta.

KLUKKUPRJÓN MEÐ 2 LYKKJUR I-CORD Í HVORRI HLIÐ:

UMFERÐ 1 (= ranga): Lyftið 1 lykkju af prjóni eins og prjóna eigi brugðið með þráðinn framan við stykkið, prjónið 1 lykkju slétt, * prjónið 1 lykkju slétt, sláið 1 sinni uppá prjóninn, lyftið 1 lykkju af prjóni eins og prjóna eigi brugðið *, prjónið frá *-* þar til 3 lykkjur eru eftir á prjóni, prjónið 1 lykkju slétt, lyftið 1 lykkju af prjóni eins og prjóna eigi brugðið með þráðinn framan við stykkið, prjónið 1 lykkju slétt.

UMFERÐ 2 (= rétta): Lyftið 1 lykkju af prjóni eins og prjóna eigi brugðið með þráðinn framan við stykkið, prjónið 1 lykkju slétt, * sláið 1 sinni uppá prjóninn, lyftið 1 lykkju af prjóni eins og prjóna eigi brugðið, prjónið uppsláttinn og lyftu lykkjuna slétt saman *, prjónið frá *-* þar til 3 lykkjur eru eftir í umferð, sláið 1 sinni uppá prjóninn, lyftið 1 lykkju af prjóni eins og prjóna eigi brugðið, lyftið 1 lykkju af prjóni eins og prjóna eigi brugðið með þráðinn framan við stykkið, prjónið 1 lykkju slétt.

UMFERÐ 3 (= ranga): Lyftið 1 lykkju af prjóni eins og prjóna eigi brugðið með þráðinn framan við stykkið, prjónið 1 lykkju slétt, * prjónið uppsláttinn og lyftu lykkjuna slétt saman, sláið 1 sinni uppá prjóninn, lyftið 1 lykkju af prjóni eins og prjóna eigi brugðið *, prjónið frá *-* þar til 1 uppsláttur er eftir og 3



DROPS DESIGN®
www.garnstudio.com

lykkjur, prjónið uppsláttinn og lyftu lykkjuna slétt saman, lyftið 1 lykkju af prjóni eins og prjóna eigi brugðið með þráðinn framan við stykkið, prjónið 1 lykkju slétt.

EFTIR UMFERÐ 3: Endurtakið síðan umferð 2 og 3.

TVÖFALT PRJÓN:

UMFERÐ 1 (= rétta): * Lyftið fyrstu / næstu lykkju yfir á hægri prjón eins og prjóna eigi brugðið með þráðinn framan við stykkið, prjónið 1 lykkju slétt *, prjónið frá *-* út umferðina, snúið.

UMFERÐ 2 (= ranga): * Lyftið fyrstu / næstu lykkju yfir á hægri prjón eins og prjóna eigi brugðið með þráðinn framan við stykkið, prjónið 1 lykkju slétt *, prjónið frá *-* út umferðina, snúið.

EFTIR UMFERÐ 2: Endurtakið umferð 1 og 2.

SLAUFU: Fitjið upp 19 lykkjur á prjóna 3 með DROPS Cotton Merino. Prjónið KLUKKUPRJÓN MEÐ 2 LYKKJUR I-CORD Í HVORRI HLIÐ – lesið útskýringu að ofan. Prjónið þar til stykkið mælist 22 cm. Munið eftir að fylgja uppgefni prjónfestu.

Fellið af. Saumið affellingarkantinn við uppfitjunarkantinn – saumið lykkju fyrir lykkju, þannig að það myndast hringur (passið uppá að réttan sé út, þ.e.a.s. að það sé brugðin klukkuprjóns-lykkja í hvorri hlið innan við i-cord kanta). Saumurinn er staðsettur fyrir miðju á bakhlið á slaufunni.

MIÐJUBAND: Fitjið upp 10 lykkjur á prjóna 3 með DROPS Cotton Merino. Prjónið TVÖFALT PRJÓN framan og til baka – lesið útskýringu að ofan. Þegar miðjubandið mælist 6 cm, prjónið allar lykkjur slétt saman 2 og 2 = 5 lykkjur. Fellið af. Leggið miðjubandið utan um slaufuna þannig að slaufan sé bundin saman í miðju. Saumið uppfitjunarkantinn við affellingarkantinn (saumurinn á að vera aftan á slaufunni).

FRÁGANGUR: Saumið nælu eða þræðið snúru í gegnum miðjubandið aftan á slaufunni til að festa slaufuna með.

Prjónakveðja, Stelpurnar í Handverkskúnst
www.garn.is

Okkar bestu óskir um gleðileg jól og gæfuríkt komandi ár.
Þökkum fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða, megi þau verða jafn ánægjuleg á nýju ári.

Handverkskúnst
www.garn.is
Hraunbæ 102a, 110 Reykjavík - sími 888-6611

Barbora hlaut umhverfisverðlaun

Barbora Fialová hlaut umhverfisverðlaun Bláskógabyggðar 2024.

Verðlaunin voru afhent í Héraðsskólanum á Laugarvatni 30. nóvember sl. Verðlaunin fær Barbora fyrir störf sín í þágu sveitarfélagsins en hún hefur unnið mikið og flott starf innan veggja Bláskógaskóla á Laugarvatni.

Þar hefur hún unnið ötullega að umhverfismálum, m.a. í gegnum kennslu í útinámi, þar sem nemandur eru í miklum tengslum við náttúruna og umhverfi sitt. Útinámið tengir Barbora einnig við svokallaða dyggðakennslu, sem hún innleiddi í skólakerfið á Laugarvatni. Hún hlýtur einnig þessi verðlaun fyrir störf sín fyrir „Planet Laugarvatn“ en hún hefur til dæmis staðið fyrir sorptífludegi á Laugarvatni og eflt fólk til útivistar með alls konar viðburðum, líkt og ratleikjum. /mhh



Barbora Fialová ásamt Ásgerði Magnúsdóttur, formanni umhverfisnefndar, og Kamil Lewandowski, fulltrúa í umhverfisnefnd Bláskógabyggðar, þegar verðlaunin voru afhent. Mynd / Aðsend

*Óskum landsmönnum öllum
gledilegra jóla og farsældar
á nýju ári*



BYKO
GERUM PETTA SAMAN


LANDSTÓLPI

 **KRAFTVÉLAR**


STREYMI
heildverslun
20 ára

 **FLÓRA**
GARÐYRKJUSTÖÐ




LÍFLAND

PÓR 

VHE
HUGVIT Í VERKI

Magnús Leópolðsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMÍÐSTÖÐIN 

Röggi ehf.


REYKJABÚÍÐ
- SÍÐAN 1947 -

 **VÉLAVAL**
www.velaval.is

 **VAGNAR & ÞJÓNUSTA**


FÓÐURBLANDAN
...gæði í hverri gjöf!

FRAKTLAUSNIR

Sprettur
ÁBURÐUR


LímtreVírnet

RAG
import - export 

N1


ÍSFUGL


VÍKURVAGNAR EHF.



Völvuspá Bændablaðsins:

Ár umbreytinga og innsæis

Eins og siður er kastaði völva Bændablaðsins beinum sínum og opnaði fyrir flæði þess kynngikrafts sem komandi ár ber í skauti sér. Þetta ár felur í sér trú á sjálfan sig, aðlögunarhæfni og skref áfram á nýjar slóðir. Þó við förum stundum aftur á bak eða í hring skal förinni heitið áfram. Samkvæmt kínverskum merkjum hefur nú braut sína ár Snáksins.

Snákurinn, sem táknar visku, glæsileika og dulúð er oft talinn tákn umbreytingar, innsæis og aðlögunarhæfni. Hann skiptir um ham, skilur hinn gamla eftir sem þjónar honum ekki lengur. Árið 2025 skulum við Íslendingar taka hann til fyrirmyndar og losa okkur við allt það sem er okkur ekki til góðs og taka í gagnið það sem hentar okkur heldur.



Vatnsberi

Komandi ár auðveldar vatnsberanum að glæða hugsjónir sínar eldi og hrinda þeim í framkvæmd. Mikil áhersla er lögð á að hann sé opinn fyrir nýjum uppgötunum og sé óhræddur við að kafa djúpt innra með sér. Nýsköpun og hugrekki haldast í hendur hérna og innri styrkur nauðsynlegur til að ná langþráðum markmiðum. Andleg upplifun kemur vatnsberanum á óvart og færir honum nýja sýn á lífið. Hann ætti að nýta þessa reynslu til þess að koma jafnvægi á andlega velferð sína. Árið 2025 mun veita vatnsberanum ný tækifæri á vinnumarkaði, þar sem hæfileikar hans verða taldir ómissandi við framkvæmd stórrar ákvörðunar. Þetta er grunnur að framtíðarárangri enda árið í heild jákvætt þegar kemur að framgangi vatnsberans í starfi. Fjármálin munu styrkjast í kjölfarið og leiðin einungis upp á við ef teknar eru ábyrgar ákvarðanir. Ástarmálin verða bæði spennandi og yfirvegð, hversu sérkennilega sem það kann að hljóma. Þeir vatnsberar sem eru í sambandi sjá nýja fleti á sínum heittelskaða sem kveikir í þeim og finna enn fremur fyrir trausti og ró. Einhleypir vatnsberar hins vegar þurfa að opna hjarta sitt ef þeim á að verða eitthvað ágengt en vera viss um að framhaldið sé í samræmi við eigin þarfir.



Fiskur

Fiskurinn ætti að nýta fyrstu mánuði ársins til að skoða nýja fjárfestingarmöguleika og hvernig verkefni utan vinnu geta orðið stærri hluti lífs hans. Ný tækifæri, ábyrgð og þekking eru lykilorðin hérna auk þess sem fiskurinn er hvattur til þess að halda ró sinni ef vel á að fara. Stórar ákvarðanir tengdar tilfinningalegri reynslu koma upp á yfirborðið og þarfnast lausnar. Þetta verður ár þar sem fiskurinn tekur á nýjum verkefnum og veldur meiri ábyrgð. Hann þarf að hafa í huga að þó nú sé tími til að treysta á innsæið er traust á aðra einnig mikilvægur þáttur. Þetta ár krefst þess nefnilega að fiskurinn skipuleggi nánustu framtíð með mun meiri skýrleika en áður og nú er bara að rífa upp blað og penna og hugsa stíft. Andlega heilsubót þarf að hafa í forgrunni og þarf fiskurinn að þróa dýpri skilning á sjálfum sér. Kafa djúpt og vinna úr sársaukafullum málefnum. Fyrirgefa sjálfum sér og fyrirgefa öðrum. Biðjast fyrirgefningar á þeim málum sem hafa plagað hann og hann þarfnast lausnar á. Það mun losa um heilmargt. Þegar kemur að málum hjartans er fiskurinn að ganga inn í tímabil sem snertir hann djúpt. Þeir sem eru í sambandi munu dýpka tengslin og sameiginlegar ákvarðanir verða afdrifaríkar. Einhleypir fiskar munu svo kynnast ást sem byggir á djúpum tilfinningum og tengslum sem aldrei fyrr. Einhverjir kynnast manneskju sem kemur þeim virkilega á óvart en kenna fisknum ýmislegt um sjálfan sig.



Hrútur

Árið 2025 verður fyrir hrútana ár þróunar, sérstaklega í tengslum við vinnu og persónulegan vöxt. Ný tækifæri eru á hverju strái sem hann er hvattur til að grípa eftir bestu getu, óhræddur við útkomuna. Heilt yfir verður hrúturinn bæði sjálfstæðari og öruggari á nýju ári en nokkurn tíma áður. Gott er að nýta orkuna til að hrinda í framkvæmd þeim verkefnum sem hafa legið ofan í skúffu, en hrútnum er mikilvægt að hafa í huga að hann verður að vera á góðum stað innra með sér áður en hann hefst handa. Það er nokkuð áhugavert hversu mikill andlegur vöxtur verður hjá hrútum á komandi ári, sérstaklega þegar kemur að sjálfinu og hvernig hann tæklar átök og nýjar áskoranir. Þetta er ár dýpri skilningar á eigin þörfum, en sú þekking mun koma sér vel þegar það kemur að því að bæta tengslin við aðra. Rétt er að bæta fyrir gömul brot. Þegar kemur að atvinnumálunum mun hrúturinn hljóta aukna ábyrgð og í framhaldinu tekur hann stór skref fram á við, mögulega ákvörðun um einhvers konar breytingu á starfsferlinum. Ástin er svolítið upp og niður, enda eru hæðir og lægðir alls staðar í lífinu. Hrútar í sambandi geta átt von á því að fara í gegnum einhvers konar þolraun og þá er mikilvægt að traust og skilningur sé hafður í fyrirrúmi. Einhleypir hrútar eiga það til að vera svolítið áhrifagjarnir og verða að muna að hægja aðeins á sér. Ástin gæti birst þar sem þeir eiga síst á von ...



Naut

Nú er komið að því að nautið taki ábyrgð á eigin vexti og velferð. Of margir í nautsmerkinu eru sérhlífir að eðlisfari en nú er virkilega kominn tími til að standa á lappir. Stöðugleiki, skýr stefna og ákvarðanir eru allt möguleikar sem hanga í loftinu og nautinu munu bjóðast alls kyns ný tækifæri ef það heldur rétt á spöðunum, hvort sem er í vinnu eða einkalífi. Nautið er einnig hvatt til þess, enn eina ferðina, að hreyfa sig og huga að eigin heilsu ... svona í alvörunni. Komandi ár kallar á það að skoða hvernig það getur orðið betri útgáfa af sjálfu sér. Með það í huga getur nautið þurft að takast á við alls kyns tilfinningar og áskoranir, en með sjálfstrausti og þrautseigju má nýta þær til að öðlast meiri andlegan styrk. Fjárhagslegur stöðugleiki verður í fyrirrúmi og peningarnir streyma inn jafnt og þétt. Ný verkefni eða atvinna geta skotið upp kollinum og rétt að grípa það sem þykir ákjósanlegt. Nautið þarf þó að gæta jafnvægis á öllum vígstöðvum svo undirstöðurnar haldist. Þegar kemur að ástarsamböndum þarf nautið að muna að það megi stundum setja í fimmta gir svona til gamans. Sambönd munu styrkjast og fá nýja dýpt á árinu, markmiðasetning er þörmögð og gefur aukinn stöðugleika. Einhleyp naut ættu að vera opin fyrir nýjum möguleikum sem munu koma á óvart og veita þeim varanleg tengsl.



Tvíburir

Nú er að ganga í garð ár sem krefst þess að tvíburinn nýti innsæi sitt og er því hvattur til að skoða nýjar leiðir í lífinu. Honum getur fundist hann vera að stíga inn í óvissu, en þarf að hafa í huga að þetta ár mun styrkja persónulegan þroska hans og kynna honum ný sjónarmið. Þetta er ár sem býður upp á miklar breytingar fyrir tvíburann ef hann er opinn fyrir því. Þegar kemur að atvinnumálunum opnast tækifæri til að nýta hæfileika tvíburans á annan hátt en áður – ef hann er tilbúinn til að aðlagast breytingum og fara út fyrir þægindarammann. Innri vöxtur er öllum hollur, ekki síst tvíburanum sem ætti að æfa sig á því að líta inn á við aðeins oftar og stilla hugann. Hann má þó ekki glata þeirri ástríðu sem býr innra með honum en þarf þó að kunna að beina þeim tilfinningum í réttar áttir. Tvíburinn getur tekið gleði sína því ýmsar dyr munu opnast honum á komandi ári auk þess sem hann fær viðurkenningu á því að hann sé á réttri leið. Ástarmálin ganga í gegnum breytingar sem valda bæði spennu og stressi en það er lítið hægt að gera í þeim málum nema að sleppa tókunum. Þarna er lyklatríðið að finna jafnvægi milli tveggja aðila og með góðum og rólegum samræðum mun það ganga eftir. Einhleypir tvíburar geta átt von á því að ástvinur úr fortíðinni leiti þá uppi en þeir ættu þá að einbeita sér að kynnast manneskjunn á nýjan hátt.



Krabbi

Árið 2025 er árið sem krabbinn ætti að staldra við og kanna tilfinningar sínar á öllum vígstöðvum. Nú er að hefjast tímabil þar sem hann verður að hugsa meira um sjálfan sig og innri líðan – en einnig hvernig hann getur tengst öðrum betur með því að sleppa tókunum. Þetta ár krefst þess að krabbinn taki ábyrgð á þeim þáttum sem hann hefur stjórnað, viti hvað hann vill sjálfur vinna með í sínu lífi og gæti þess að leyfa fjölskyldu og ástvinum að vera enn mikilvægari í sínu lífi. Krabbar ættu að einbeita sér að persónulegri heilsubót og fara í gegnum andleg ferðalög sem tengjast fortíðinni. Þetta ár er gott til að vinna úr gömlum og erfiðum sársauka sem hefur áður hamlað honum. Krabbar munu þurfa að taka ákvörðun hvert þeir virkilega vilja stefna í lífinu. Hver eru næstu skref og hvort þeir séu á réttri hillu. Atvinnumálin eru á góðu róli og getur krabbinn nýtt hæfileika sína til þess að takast á við meiri ábyrgð. En hann þarf líka að spyrja sjálfan sig hvort hvort hann vilji meiri ábyrgð eða aftur – hvert hann stefnir í lífinu. Ástin mun krefjast þess af krabbanum að hann taki afdrifaríkar ákvarðanir í samböndum. Opni sig meira og leyfi tilfinningum að flæða með það fyrir augum að heiðarleiki og traust sé algert. Einhleypir krabbar munu eiga von á góðu síðla árs í óvæntum kringumstæðum og eru beðnir að hafa í huga láta ekki ótta við breytingar stoppa sig. Frjósemi er í kortunum.



Ljón

Komandi ár leyfir ljóninu að láta ljós sitt skína sem aldrei fyrr, en það mun hafa veruleg áhrif til góðs, sér örlítið að óvörum. Þetta verður ár þar sem ljónið getur náð mikilvægum áföngum í bæði atvinnu og persónulegu lífi, sérstaklega þegar það nýtir styrkleika sína við að leiða aðra. Að sama skapi er þetta ár þar sem ljónið tekur á móti nýjum verkefnum og ábyrgð, en nýtir einnig tækifærin sem eru við hendi. Árið 2025 mun krefjast mikils vinnuframlags, sem leyfir ljóninu að opna nýjar dyr, auka tekjur sínar eða bæta stöðu sína í atvinnulífinu. Árið er því mjög í hag, spennandi og fullt af möguleikum. Árið 2025 verður einnig ár sjálfsþekkingar og verður ljónið að viðurkenna fyrir sjálfum sér hversu mikil áhrif það hefur á umhverfi sitt, bæði til góðs og miður góðs. Ljónið verður að taka í sátt bæði sína eigin styrkleika og veikleika og nýta þá á jákvæðan hátt auk þess að sýna ýtrasta heidarleika við sína nánustu. Hreinskilni og fyrirgefning ættu að vera ljóninu ofarlega í huga yfir næstu mánuði enda öllum gott að gera hreint fyrir sínum dyrum. Ástarmálin koma sterk til leiks með óvæntar tilfinningar og breytingar í kjölfarið. Styrking tengsla er í forgrunni og einhleyp ljón ættu að hafa heppnina með sér þegar fer að vora – svona ef þau eru í makaleit. Ljónið er þó sátt með sjálfu sér, sáttara en oft áður og ætti að nota tímann til að hlúa að sjálfu sér.



Meyja

Meyjan þarf nú í byrjun árs að leggja sjálfri sér línurnar því við tekur árangurstengd vinna, bæði á vinnustað og í einkalífi. Mikilvægt verður að hafa þolinmæði og útsjónarsemi að sjónarmiði ef vel á að takast til því þetta verður ár endurskipulagningar og aðlögunar í mörgum þáttum lífsins. Á árinu 2025 mun meyjuni gefast ný tækifæri á vinnumarkaðnum, sem krefjast þess að hún sé tilbúin að leggja hart að sér. Þetta verður í kjölfarið einnig ár bættrar fjárhagsstöðu og upphaf ýmissa nýrra verkefna sem henta betur styrkleikum hennar. Fyrir þær meyjur sem eru við nám verður 2025 þeim mjög árangursríkt. Eitthvað þarf meyjann að stíga út fyrir þægindarammann yfir árið og þarf að gæta þess að innri ró ríki við þær aðstæður. Hvíld er meyjuni alltaf kostur og ætti hún að reyna til hins ýtrasta að hvílast meira en hún gerir nú. Ástarmálin verða eitthvað rokkandi og krefjast þess að meyjann geri sitt til þess að jafnvægi verði að minnsta kosti innra með henni. Það er mikilvægt að hún sé opin fyrir breytingum og festist ekki í smáatriðunum. Þetta á við bæði þær meyjur sem eru í samböndum og þær einhleypu. Óvæntur snúningur verður hjá mörgum meyjum í lok árs sem kemur skemmtilega á óvart.



Vog

Nú gengur í garð mikilvægur tími í lífi vogarinnar þegar kemur að samskiptum og þeim tengslum sem er verið að byggja upp. Þetta er eitt stærsta tímabil í lífi vogarinnar hvað varðar sambönd til framtíðar og því mikilvægt að vanda valið vel á sínum samferðamönnum. Jafnvægi eykst á milli vinnu og félagslífs og ætti vogin að velta fyrir sér þeim möguleika að vera tilbúnari að hlusta á aðra og nýta þá sinn dýpri skilning til eigin þarfa. Hæfileikar sem tengjast samvinnu og samspili við aðra er í forgrunni á nýju ári. Öll tengsl sem viðkoma nýjum verkefnum eða vinnusamböndum, styrkjast og ýta undir áframhaldandi árangur. Betra jafnvægi verður í fjármálum en oft áður, þar sem aukinn stöðugleiki er í kortunum. Ástin spilar einnig stórt hlutverk hjá voginni árið 2025. Hún ætti að leggja áherslu á að efla sambönd, bæði ástar og vináttu, en eins og fram hefur komið er þetta ár, ár tengsla hjá voginni. Aukin tengslamyndum getur leitt til ástarsambanda í einhverjum tilvikum og munu þau sambönd byggjast upp á sterkum grunni. Þær vogir sem eru nú þegar í sambandi gætu þurft að ganga í gegnum ákveðna endurskoðun, sem mun veita meiri dýpt og innri samhljóð. 2025 er ár þar sem vogin ætti að nýta innsæi sitt og andlega getu til að sjá hvaða þarfir eru henni mikilvægar í lífinu. Nú er tíminn til að losa sig við allt yfirborðslegt og skoða raunverulegar tilfinningar og tengsl. Vogin verður að hlusta betur á innri rödd sína og tryggja að hún sé á réttu braut til að finna innri frið.



Sporðdreki

Árið 2025 er sérstaklega spennandi fyrir sporðdrekan, þar sem mikil breyting og nýjar áherslur munu lita næstu mánuði. Hann mun þurfa að takast á við mikilvægar ákvarðanir sem tengjast bæði persónulegum og fjárhagslegum mállefnum, stíga út úr þægindarammanum og næra sjálfan sig á annan hátt en áður. Þetta er ár nýrra tækifæra hjá sporðdrekanum og því þarf hann að vera tilbúinn til að breyta því sem ekki hefur virkað hingað til. Sporðdrekanum þykir oft of mikils krafist af sér í vinnunni en þeir sporðdrekar sem kjósa að standa undir meiri ábyrgð hljóta mikinn ávinning. Þetta er árið sem verður þeim til láns á framabrotinu. Fjármálin verða heldur óljós í byrjun árs en fjárhagslegur vöxtur helst í hendur við stöðugleika og framsækni. Ástarmálin munu krefjast mikils hugrekks. Fyrir þá sporðdreka sem eru í sambandi, þá er árið 2025 árið til að vinna með djúpar tilfinningar sem hafa verið bælar niður og byggja í kjölfarið upp meira traust. Lítið verður um að vera hjá einhleypum sporðdrekanum sem ættu að nota næstu mánuði til þess að vinna í sjálfum sér. Eitthvað verður þó um að örvar Amors skjóti þá í rassinn og neyði þá til að opna hjarta sitt – jafnvel þótt það sé óþægilegt. Þetta verður ár sem kallar á miklar breytingar. Sporðdrekin þarf að skoða fortíðina, læra af henni og nýta sér til framdráttar. Þróa nýjan skilning á eigin tilfinningum og hvernig þær móta líf hans.




Bogmaður

Komandi ár verður bogmanninum aðeins erfiðara en það sem er að ljúka en mun þó verða honum til góðs. Árið veitir honum mikilvæga innsýn í persónulegan vöxt og skilning á hvers hann er megnugur. Miklar breytingar eru í kortunum og þótt þær séu örlítið ógnvekjandi opna þær þó dyr tækifæra, ástríðu og nýrra hugmynda. Mikilvægt er að bogmaðurinn fylgi hjarta sínu en hafi einnig þolinmæði til að takast á við þau verkefni sem eru í vændum. Árið 2025 kallar á nýjar hugmyndir og framþróun á vinnustað. Ef bogmanninum þykir vinnuumhverfi sitt ekki lengur nægilega gefandi, getur hann þurft að taka róttæka ákvörðun til breytinga, helst ekki síðar en á fjórða mánuði ársins. Þetta getur valdið honum óstöðugleika í fjármálum sem má halda í skefjum með varkárni og góðri ráðgjöf. Bogmaðurinn ætti heilt yfir að einbeita sér að persónulegri velferð sinni og innri vexti. Rýna í það sem hefur ekki fengið að komast upp á yfirborðið og þróa með sér nýja hugsun og skilning. Þetta mun verða honum til góðs bæði í einkalífi og almennum samskiptum. Lítil lognmolla verður í ástarmálum bogmannsins þó að það sé á jákvæðari nótum en margt annað á árinu. Heitar tilfinningar verða allsráðandi og þeir bogmenn sem eru í sambandi munu þurfa að endurskoða ásamt maka sínum hvað framtíðin ætlar þeim. Einhleypir bogmenn verða að vera opnir fyrir nýjum tækifærum, en ekki er mælt með því að stofna of geyst til nýrra sambanda. Mikil frjósemi er í loftinu og því vert að gæta þess að sýna ábyrgð.



Steingeit

Árið 2025 krefst þess að steingeitin skoði styrk sinn og hvernig hún getur lagt meira af mörkum til að styrkja sinn innri kjarna í stað þess að hjakka í hjólfari vonleysis. Þetta er ár til að byggja upp sjálfsmýndina, vinna með gamlan sársauka og reyna að rífa ofan af öllum sárnum. Þau gróa. Í kjölfarið verður framtíðin bjartari og aukin áhersla á sjálfsvitund og sjálfstæði munu verða steingeitinni til góðs. Stórar ákvarðanir þarf að taka á árinu hvað varða persónulega þætti, ný markmið eru við sjóndeildarhringinn og vinna þarf að langvarandi áformum. Steingeitin er eitt þeirra merkja sem þarf hvað helst að vinna í sjálfri sér þetta árið en hún þarf þó einnig að gæta þess að hvílast reglulega og sinna persónulegum þörfum. Álag verður í vinnu fyrri hluta árs, en aukinn stöðugleiki yfir undir langtímamarkmið og gefur nýja möguleika á að bæta fjárhagslega stöðu steingeitarinnar. Töfrar ástarinnar láta ekki steingeitina ósnortna og mun hún öllum að óvörum taka einhver skref sem hún hefði sjálf ekki getað séð fyrir. Traust og staðfesting á tengslum eru lykilordin hérna bæði fyrir þá sem eru í sambandi og þær steingeitur sem eru einhleypar ættu að vera opnar fyrir örvum ástarinnar á óvæntum stöðum. Árið verður jákvætt í heild sinni svo framarlega sem hvíld, vinna í sjálfnu og vinnuframlag hafa jafnt vægi á vogarskálunum.




Naðurvaldi


Stjörnufræðingar víða um heim, bæði hjá NASA og eins og lesa má á vefsíðu Stjörnufræðivefsins, vilja meina að í raun séu stjörnumerkin þrettán. Kemur það til vegna stöðu mönduls jarðar, eða pólveltunnar sem tekur um 26.000 ár og því eru stjörnumerkin sem sjá má á himni ekki lengur á sama stað og fyrir þúsundum ára. Upphaflega höfðu Babylóníumenn stjörnumerkin þrettán talsins og var naðurvaldi, stjörnumerki á miðbaug himins, eitt þeirra. Myndgerð naðurvalda er maður haldandi á höggormi, samanber grísku goðsögnina um guðinn og lækinn Asklepios. Er naðurvaldi ríkjandi frá 30. nóvember til 17. desember, þekktur fyrir eigingirni og öfundusýki, en einnig er hann litríkur og skemmtilegur persónuleiki auk þess að vera afar vel gáfum gæddur. Ef honum væri úthlutað varanlegt sæti meðal merkjanna myndu sæti hinna skarast sem svo svarar; **Vatnsberi** 16. febrúar til 12. mars, **Fiskar** 12. mars til 18. apríl, **Hrútur** 18. apríl til 14. maí, **Naut** 14. maí til 21. júní, **Tvíburi** 21. júní til 20. júlí, **Krabbi** 20. júlí til 10. ágúst, **Ljón** 10. ágúst til 16. september, **Meyja** 16. september til 31. október, **Vog** 31. október til 23. nóvember, **Sporðdreki** 23. nóvember til 29. nóvember, **Naðurvaldi** 29. nóvember til 18. desember, **Bogmaður** 18. desember til 19. janúar, **Steingeit** 19. janúar til 16. febrúar. Eins og kemur hér glögglega fram eru tímatöl stjörnumerkjanna þrettán ekki jöfn að lengd, líkt og þau tólf sem nú ríkjá – en í þeim virðist sólin ríkjá um mánuð í senn.



1 10 sexhyrningar
 Þessir 10 sexhyrningar líta allir eins út við fyrstu sýn, en þeir eru það ekki. Það eru bara tveir og tveir eins, 5 pör af tveim eins sexhyrningum. Getur þú parað þá saman?



2 Eldspýtnafiskur
 Getur þú fært til þrjár eldspýtur svo fiskurinn syndi í hina áttina?



3 Er hér allt í rugli?

Getur þú fundið 15 fuglanöfn í þessu stafarugli?

S	I	I	A	I	L	Ó	M	U	R	O	T	Á	H	N	O	Ú
M	T	K	Ó	Í	J	T	Æ	Ö	M	Í	P	F	U	Ð	I	Í
Á	L	P	A	B	I	U	R	O	J	X	B	R	Á	I	A	M
Á	S	X	J	U	J	R	P	N	Í	K	O	U	G	Ó	F	Ö
J	Ú	P	T	Ö	P	T	L	F	J	I	U	Í	L	F	P	F
P	L	O	R	Ó	F	Ö	E	H	Ð	Ý	J	Ð	K	Ó	Ú	E
G	A	H	N	Ö	Á	N	D	Ú	O	Ð	I	Ð	T	J	N	E
H	Ú	A	Y	L	S	D	B	E	J	E	P	O	L	Ð	Ó	T
M	M	H	V	Ó	D	T	A	Í	H	V	B	O	U	D	Ý	I
F	A	R	K	X	D	Ú	U	Ý	U	Ð	B	Æ	N	E	V	V
U	R	U	V	P	Ý	Ú	Á	R	H	P	R	V	D	G	M	E
Í	Í	G	G	Y	N	Á	Ú	J	P	R	Æ	M	I	L	P	B
P	U	T	Á	L	U	F	P	Ú	Í	V	A	Ý	Í	J	R	L
R	E	U	Æ	Á	A	B	I	P	R	L	P	F	E	M	S	O
Á	R	Í	Æ	N	D	Í	Ý	A	M	I	F	Í	N	Ý	P	J
G	L	Ó	Ð	I	N	S	H	A	N	I	T	S	Ý	E	Ú	R
K	A	D	K	I	A	V	Ý	A	Ú	V	F	A	P	P	Ð	E

*Óskum landsmönnum öllum
 gleðilegra jóla og farsældar
 á nýju ári*



Vélabásinn:

Ekkert kjaftæði hér

– Prufuakstur á Dacia Duster

Bændablaðið fékk til prufu nýjan Dacia Duster í Extreme-útfærslu. Hér er á ferðinni jepplingur sem er fær í flestan sjó á hagstæðum kjörum.

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Þessi nýjasta kynslóð Dacia Duster er orðin áberandi aðlaðandi að utan. Allar línur eru orðnar skarpari og minnir framendinn aðeins á Jeep Grand Cherokee. Hann er kubbslegur og stuttur og er hátt undir lágsta punkt.

Innréttingin er meira og minna öll úr dökku og hörðu plasti og heyrir tómahljóð hvar sem bankað er. Þrátt fyrir ódýr efni hefur mikið verið lagt í hönnunina og innréttingin aðlaðandi á að líta. Þá er ekki ósennilegt að hart plasti sé endingargott og þægilegt í þrifum.

Lúill en nothæfur snertiskjár

Framan við öikumanninn er skjár sem sýnir það helsta sem viðkemur akstrinum. Í miðju innréttingarinnar er nokkuð lítill snertiskjár, en stýrikerfið er með skýrri og aðlaðandi valmynd sem er erfitt að hallmæla. Á skjánum eru mikilvægir flýtihnappar alltaf aðgengilegir, eins og fyrir hita í sætum og stýri. Hægt er að tengja símann þráðlaust með Android-Auto og Apple CarPlay og næst sambandið hratt og örugglega við upphaf hverrar ökuferðar. Extreme-útgáfan af Duster er með myndavélar á öllum hliðum og nálægðarskynjara að framan og aftan, á meðan Expression-útfærslan er eingöngu með bakkmyndavél og bakkskynjara.

Neðan við skjáinn er renna af raunverulegum tókum þar sem hægt er að stjórna miðstöðinni. Á milli sætanna er snúningstakki þar sem valið er á milli akstursstillinga, ýmist fyrir torfærur eða akstur á malbiki við ólíkar aðstæður. Framan við miðjustokkinn eru bakki og hilla. Þar er þetta sama sleipa og harða plast og annars staðar í innréttingunni sem verður til þess að allt sem er geymt þar rennur til þegar tekið er af stað. Í þessum bíl er engin þráðlaus hleðslustöð fyrir síma en nokkur USB-C hleðslutengi.

Í píláranum vinstra megin í stýrinu eru takkar til að stjórna hraðastillingum og hægri megin eru hnappar til þess að fletta í gegnum akstursstóluna í skjánum framman við öikumanninn. Að auki við þessar tvær hefðbundnu stangir aftan við stýrið er þriðja stöngin sem hefur að geyma hnappa til að stjórna útvarpinu.

Sæti mjúk en vantar stuðning

Framsætin eru mjúk en ekki nema í meðallagi þægileg þar sem það skortir víða á stuðning, eins og við mjóbak. Að auki við hinar hefðbundnu stillingar, eins og að færa sætið fram og aftur og breyta hallanum á bakinu, getur bílstjórnin hækkað og lækkað sessuna. Það er sennilega óþarft að taka fram að allt er þetta gert handvirkt.

Áklæðið á sætunum er dökkt og skilja minnstu matarleifar eftir áberandi bletti, sem er reyndar auðvelt að ná úr með rakri tusku. Rýmið í aftursætunum er með besta móti og ættu þrír fullorðnir að geta setið þar án vandræða. Skottið er rúmgott og þegar aftursætin eru lögð niður eru þau svo gott sem flöt og flútt við gólfíð í skottinu.



Nú er Dacia Duster ekki bara hagstæður jepplingur sem ræður vel við torfærur, heldur er hann einnig orðinn sérlega aðlaðandi á að líta.

Myndir / ál



Á þessum bíl eru 217 millimetrar undir lágsta punkt, sem er sambærilegt og hjá alvöru jepjum.



Innréttingin er úr hörðu og ódýru plasti en smekklega hönnuð.



Plássíð í aftursætunum er til sóma.



Hérna er hægt að hlaða miklum farangri.

Skotthlerinn er stór og er neðri hlutinn í sömu hæð og gólfíð.

Ekki allir fjórhjóladrifnir

Duster fæst sjálfskiptur en þá er hann eingöngu framhjóladrifinn. Bíllinn í þessum prufuakstri er með sex gíra beinskippingu og drifi á öllum hjólum. Kúplingsfetillinn er léttur og er sex þrepa gírkassinn lipur í notkun þó hann verði seint kallaður sportlegur.

Nú hafa dísilvélarar dottið út af sakramentinu og verða allir nýir Dusterar með bensínveilar hér eftir, ýmist með tvinnkerfi eða léttu tvinnkerfi (e. mild hybrid). Fjórhjóladrifnu og beinskíptu bílarnir eru með síðarnefnda kerfinu.

Hestöflin 130 skila bílnum áreynslulaust að umferðarhraða. Togið er þökkalegt miðað við að þetta sé bensínhreyfill og er það sennilega tvinnkerfinu að þakka þar sem lítill rafmagnsmótor styður

við aðalvélin á lægri snúningum. Ökumaðurinn þarf því ekki að hræra stanslaust í gírkassanum í innanbæjarakstri, þó þetta jafnist ekkert á við dísilbíla. Á móti kemur að bensínveilin er sérlega þýð með lágmarks titring og hávaða.

Eins og gengur og gerist í nýjum bílum í dag kemur viðvörunarhljóð þegar ekið er yfir hámarks hraða. Þar sem Dacia er dótturfyrirtæki Renault er sama kerfið í Duster og í Renault Scenic sem var fjallað um í síðasta blaði, það er hnappur í mælaborðinu til þess að slökkva á pípinu. Undirritaður átti sig ekki á því strax að það er hægt að stilla hvað þessi takki gerir og slökkti því óafvitandi á akstursaðstöð og fleiri öryggiskerfum í leiðinni.

Hafi ökumaðurinn ekki drepið á öllum kerfum er þægilegt að njóta stuðnings akstursaðstöðarinnar, en hún grípur inn í þegar óviljandi er ekið yfir hvíta línu. Hraðastillirinn í Duster er af gamla skólanum, en

hann bregst ekki við þegar bíllinn fyrir fram hægir á sér og heldur ekki við þegar ekið er niður brattar brekkur.

Að lokum

Samkvæmt framleiðanda á bensín-eyðslan að vera í kringum sex lítra á hverja hundrað kílómetra, en í þessum prufuakstri sýndi akstursstólvan sjö lítra í blönduðum aðstæðum. Bíllinn er ekki stór, eða 4.343 millímetra langur, sem gerir hann tæpum fjórum sentímetrum lengri en Toyota Corolla hlaðbakinn.

Duster er hins vegar áberandi hár og kraftalegur í samanburði við jepplinga af svipaðri stærð, eins og Hyundai Tucson, Nissan Qashqai eða Kia Sorento. Flestir aðrir jepplingar í þessum stærðarflokki eru eins og upphækkaðir fólkubílar á meðan Duster er eins og samanskroppinn fjallajeppi. Þá eru 217 millímetrar undir lágsta punkt, sem er svipað

og hjá Toyota Land Cruiser 250. Þessir bílar munu því eflaust halda áfram að sjást í röðum á vinsælustu áfangastöðunum á hálendi Íslands, enda Duster með allt til slíkra ferðalaga.

Að mati þess sem þetta ritar er Duster einn besti bíllinn sem hefur komið á markaðinn á undanförunum misserum, en hér tekst framleiðandanum að bjóða upp á fallett ökutæki á hagstæðu verði, með öflugan drifbúnað og mikið rými fyrir farþega og farangur. Framleiðandinn er ekki með neitt kjaftæði.

Dacia Duster í Expression-útfærslu kostar frá 5.990.000 krónum á meðan Extreme-útgáfan sem ritað er um hér kostar 6.390.000 krónur. Aðurnefndir bílar eru báðir beinskíptir með fjórhjóladrifi. Sjálfskiptur og framhjóladrifinn Duster í Extreme-útfærslu kostar 6.290.000 krónur. Öll verð eru með vsk. Nánari upplýsingar fást hjá BL, umboðsaðila Dacia á Íslandi.



Fylgist með lífi bænda á samfélagsmiðlum Bændablaðsins

Fjölskyldan nýtur þeirra forréttinda að búa í tengingu við náttúruna og dýrin.

Myndir / Aðsendar

Bóndinn:

Á kafi í hrossarækt

Pau Hannes og Ástríður á Ási 2 víla ekki margt fyrir sér. Húsdýrin, sem eru allt frá naggrísunum upp í hross, virðast fjölga sér ódfluga. Við gefum þeim hjónum orðið og í framhaldinu verður hægt að fylgjast með fjölskyldunni á Instagram-reikningi Bændablaðsins á næstu dögum.

Pau Hannes Brynjar Sigurgeirsson og Ástríður Magnúsdóttir hófu að rækta hross fyrir þrettán árum síðan og hrossaræktin fór ört stækkandi. „Við létum það ekkert stoppa okkur að vera landlaus og fengum að hafa hrossin hjá foreldrum Hannesar á Varmalandi í Skagafirði ásamt því að leigja landskika hingað og þangað um landið. Fyrir rúnum tveimur árum gáfumst við upp á því að vera með hrossin í fjórum hesthúsum í Hafnarfirði og ekkert beitiland fyrir þau yfir sumartímann. Við vorum svo lánsöm að detta niður á jörðina okkar, Ás 2, sem við leigðum fyrsta árið, 2022, á meðan við seldum eignir okkar í bænum svo við gætum keypt jörðina,“ segir Ástríður.

„Það var alltaf draumurinn að búa í sveit og ala börnin okkar upp við þau forréttindi í tengingu við náttúruna og dýrin. Svo spilaði það líka stóran þátt að stelpurnar okkar voru í leik- og grunnskólanum á Hólum í Hjaltadal á meðan Ástríður stundaði BS-nám í hjálfun og reiðkennslu við háskólann þar,“ segir Hannes. Að þeirra mati er ekki hægt að líkja saman litlum skólum úti á landi við stóru skólana í bænum. „Úti á landi verður allt svo miklu persónulegra og dásamlegt fyrir börnin að alast upp með börnum sem eru með svipuð áhugamál og það er bara töff að mæta í hestaskóm eða reiðúlpunni í skólann.“

Hvenær hófu ábuendur búskap og hvers vegna? Árið 2022 vorum við komin á kaf í hrossarækt og draumurinn var alltaf að flytja í sveit og fá sér geit og jafnvel fleiri dýr.

Býli, gerð bú, staðsetning og stærð jarðar? Jörðin Ás 2 í Ásahreppi eru rúmir 250 ha, þar er stunduð hrossarækt, fjár- og geitfjárbúskapur fer einnig ört stækkandi.

Ábuendur, fjölskyldustærð (og gæludýr)? Hannes Brynjar og Ástríður ásamt börnunum Viktoríu Huld, 11 ára, Kötlu Dís, 8 ára og Brynjar Bjarma, 2 ára. Svo býr hér líka hestasjúk frænka, hún Snæfríður Ásta, 17 ára. Til viðbótar eigum við líka 10 hunda sem eru stór partur af okkar fjölskyldu.

Fjöldi búfjár? Við erum með um 100 hross, 40 kindur (sem fjölga ört – ekki fyrir það hvað er mikið upp úr þeim að hafa heldur finnst okkur brasið í kringum þær mjög skemmtilegt), 5 geitur, 10 hunda, 15 hænur, 2 kalkúna, 5 kanínur og 6 naggrísi, þetta er sannkallaður dýragarður hjá okkur.

Hvers vegna veljið þið þessa búgrein? Fyrst og fremst er það brennandi áhugi okkar á hrossum og ræktun. Svo höfum við virkilega gaman af bæði kindunum og geitum en því miður þá er staðan þannig í landbúnaði að það er afar lítið upp úr þeim að hafa. Við horfum því meira á það sem áhugamál en vonandi eru hjartari tímar fram undan hvað það varðar.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Hann hefst á morgungjöf í hesthúsinu, síðan borðaður morgunmat og börnunum komið í skólann. Hannes fer í vinnuna en við rekum einnig smíðafyrirtæki Karniss ehf. Ástríður fer í hesthúsið að temja og þjálfa. Við borðum saman hádegismat, svo er haldið áfram með það sama þar til Brynjar Bjarmi er búinn í leikskólanum. Eftir það eru unnin önnur störf sem er hægt að hafa hann með í. Stelpurnar fara oftast í hesthúsið eftir skóla og þjálfa hestana sína. Eftir kvöldmat komum við börnunum í háttinn og förum svo í járnningar og önnur bústörf fram eftir kvöldi.



Viktoria Huld teymir undir systkinum sínum.



Ungviðrið á góðri stund.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Skemmtilegast er þegar folöldin fæðast og þegar við sjáum markmiðin okkar verða að veruleika, sama hver þau eru. Leiðinlegast, ætli það sé ekki þegar traktorinn er bilaður eða fastur.

Hvað er það jákvæða við að vera bóndi? Það eru forréttindi að vera með dýrunum, þau hafa góða nærveru, eru miklir karakterar sem okkur þykir afar vænt um.

Hverjar eru áskoranirnar? Ætli helsta áskorunin sé ekki bara að taka sér frí. Það er ekkert grín að finna einhvern til að sjá um búíð ... eða bara að leyfa sér að setjast fyrir framan sjónvarpið á kvöldin þegar maður veit að maður geti verið að vinna áfram.

Hvernig væri hægt er gera búskapinn ykkar hagkvæmari? Það skiptir miklu máli að einblína á gæði hrossa fram yfir magn. Að auka tekjur með fjölbreyttari þjónustu, eins og t.d. ferðaþjónustu sem við stefnum á að gera.

Hvernig sjáið þið landbúnað á Íslandi þróast næstu árin? Það verða að vera róttækar breytingar til þess að bændur geti lifað af vinnunni sinni, bændur verða að fá meira fyrir vöruna sína. Eins og staðan er í dag eru það milliliðirnir sem græða á vörum bænda. Þetta er sorgleg staða því ef það er ekkert upp úr landbúnaðinum að hafa er engin forsenda fyrir því að fólk slíti sér út í þessum störfum.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Þegar við vorum nýflutt festi Hannes dráttarvélina í drullu og bað Ástríði að koma og draga sig upp á hinni dráttarvélinni. Hún þurfti að byrja á því að banka upp á hjá nágrannanum og fá hann til að kenna sér að kveikja á dráttarvélinni til þess að geta farið og aðstoðað Hannes.

Sérstærð þjónusta að þínum þörfum

ALLT

FASTEIGNASALA



Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is



Páll Þorbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.
Sími: 560-5501
Netfang: pall@allt.is

Nú er ekkert mál að steypa í frosti og gera alla jarðvinnu!

Þíðir 40-80cm niður í frost á dag



WWW.FRERI.IS
419-0120 FRERI@FRERI.IS



NÆSTU NÁMSKEIÐ
9. Jan '25
13. feb '25
20. mars '25

Verkleg kennsla í Reykjavík, Akureyri og Sauðárkróki

Upplýsingar og skráning inn á www.aktu.is

AKTÚ
ÖKUSKÓLI
Ökuskóli allra landsmanna

VETRARSÓL er umboðsaðili

STIGA

Gulltryggð gæði

40 ár á Íslandi

STIGA ST5266 P

Hágæða snjóblásarar Fjölbreytt úrval

Askalind 4 | Kópavogi | Sími 564 1864 | vetrarsol.is

VETRARSÓL

Matarkrokurinn:

Einfalt og gott um jólin

Hafliði Halldórsson
hafliði@icelandiclamb.is



Allir vilja hafa hlutina eftir sínu höfði um jólin og hefðirnar í flestum fjölskyldum ráða því hvað fer á hátíðarborðið, a.m.k. hvað aðalatriðin varðar.

Það er helst að ögn af tilraunamennsku fái rými í forréttum, meðlæti og eftirréttum, sem ég ætla að bjóða upp á að þessu sinni, eða vonandi. Margt af þessu má vel geyma í kæli dögum og jafnvel vikum saman og minnka þannig álagið á þeim sem sjá um eldamennskuna. Forréttir og eftirréttir eru líka tilvaldir í jólaboðið í hlaðborðsútgáfum.

Hvað varðar stórsteikur úr lambi, nauti, grís, kalkún og villibráð vil ég alltaf ráðleggja notkun á kjöthitamælum til að minnka líkur á mistökum sem þannig getur sparað lesendum stórfé, svo ekki sé minnst á öll vonbrigðin.

Fyrir ögn meira af jólamat þá er vert að benda á hugleiðingar um hangikjöt í jólamatinum sem birtust í blaðinu 21. nóvember sl.

Gleðilega hátíð!

Forréttir – smáréttir

Egg með rækjusalati og piparrót

5 harðsoðin egg
50 g pillaðar rækjur
3 msk. majones
1 tsk. dijon sinnep
½ tsk. rifin piparrót
1 msk. saxað ferskt dill
Til skrauts pillaðar rækjur

Skerið eggin í tvennt fyrir miðju og skerið ögn af báðum endum til að eggjið geti staðið. Blandið öllu öðru saman í gott salat og smakkið til með salti og sitrónusafa. Setjið salat ofan á eggin og skreytið með rækjum.

Egg með grásleppuhrognum og graslauk

5 harðsoðin egg
Grásleppuhrogn
1 msk. saxaður graslaukur

Skerið eggin í tvennt fyrir miðju og skerið ögn af báðum endum til að eggjið geti staðið. Setjið hrogn og graslauk á eggin.

Sveitapaté með pistasíum og hrærðum krækiberjum

1,1 kg grísakjöt
230 g grísalífur
1 laukur saxaður
2 hvítlauksgeirar saxaðir
70 g hveiti
2 egg
20 g salt
1 dl rjómi
½ dl koníak
½ tsk. timían
½ tsk. mulinn negull
½ tsk. mulið broddkúmen
½ tsk. mulið allrahanda
100 g pistasíur, grófskornar

Lykilatriði hér er að halda öllum hráefnum köldum á meðan unnið er. Hakkið kjöt og lifur og blandið vel saman í skál ásamt saltinu. Bætið því næst kryddi, rjóma, eggjum, pistasíum og koníaki við og hrærið saman. Setjið í form og bakið í vatnsbaði á 160 °C þar til kjarnhiti nær 65 gráðum. Berið fram með hrærðum krækiberjum.

Hrærð krækiber 200 g frosin krækiber ½ dl rauðvinsedik 1½ dl strásykur

Hrærið varlega saman og geymið í kæli yfir nótt. Þessi ofureinfalda uppskrift er tilbrigði við sænska aðferð þar sem týtuber eru framreidd á sama hátt.



Kaldar sósar á jólaborðið

Hunangssinnep
2 dl Dijon sinnep
1 dl fljótandi hunang
1 tsk. eplaedik

Blandið saman og smakkið til með salti. Tilvalið með grófnu kjöti og paté.

Hindberjasósa
100 g frosin hindber
½ dl eplaedik
1 dl matarolía
2 msk. fljótandi hunang
Salt

Setjið berin, edik og hunang í matvinnsluvél og maukið, hellið olíunni í mjörri bunu saman við, smakkið til með salti. Tilvalið með grófnu kjöti og paté.

Meðlæti með jólasteikinni

Sultaðar gulrætur með eldipipar og fennel

500 g gulrætur
2,5 dl vatn
2,5 dl eplaedik
320 g sykur
½ tsk. þurrkaðar eldipiparflögur
2 tsk. fennelfræ

Skerið gulrætur í hæfilega bita og sjóðið þar til eru mjúkar, kælið og setjið í hreinar krukur. Sjóðið upp á vatni, ediki, sykri og kryddinu, kælið og hellið yfir gulræturnar og lokið.

Sultaðar rauðrófur

500 g rauðrófur
2,5 dl vatn
2,5 dl rauðvinsedik
320 g sykur
1 appelsína, börkur skorinn í strimla og safinn
1 kanilstöng
1 stk. stjörnuanis
1 tsk. salt

Skolið og burstið rauðrófurnar vandlega og fjarlægjið alla mold, sjóðið í 20–30 mín. eftir stærð, þar til eru mjúkar, hellið vatninu af, kælið og skrelið. Skerið í sneiðar eða teninga að vild, og setjið í hreinar krukur. Blandið öllum öðrum hráefnum í pott og látið suðuna koma upp. Takið af hitanum og látið bíða í nokkrar mínútur áður en leginum er helli í krukurnar. Lokið og geymið í kæli í a.m.k. 3 daga áður en þið notið rauðrófurnar.

Bakaðir laukar

10 litlir laukar
2 msk. smjör
2 msk. olía
Timjan kvistan
Salt

Skerið rótina af laukunum, rífið stóra örku af álpappír, setjið allt hráefnið í miðjuna og lokið vandlega. Bakið á 150 °C í 30 mínútur, leyfið að kólna og fjarlægjið svo hýðið. Geymist vel í kæli í nokkra daga.

Sultaður rauðlaukur

2–3 rauðlaukar
2 dl vatn
2 dl rauðvinsedik
200 g sykur
2 tsk. rósapipar heill
1 tsk. svartur pipar heill

Skrælið og saxið laukinn eða skerið í strimla og setjið í hreina krukku. Sjóðið upp á hinum hráefnunum og hellið yfir laukinn.

Brúnkál

500 g hvítkál
2 msk. smjör
1 dl þurrk hvítvín (eða mysa)
3 msk. hvítvinsedik
½ dl ljóst síróp
1 kanelstöng
1 lárviðarlauf
1 stjörnuanis
2 negulnaglar
Salt
Hvítur pipar

Skerið kálið í strimla, bræðið smjör í víðum potti og bætið kálinu í ásamt víni, ediki, sírópi, kanel, lárviðarlaufi, stjörnuanis og negul. Sjóðið á hægum hita undir loki í 1–½ klst. og hrærið reglulega í svo að brenni ekki. Smakkið til með salti og hvítum pipar og berið fram heitt.

Rauðkál með sólberjasafa

1/2 rauðkálshaus
2 dl rauðvinsedik
2 dl sólberjasafi
2 dl sykur
2 stk. lárviðarlauf
1 kanilstöng
1 tsk. salt
2 msk. smjör

Skerið kálið í þunna strimla, setjið allt hráefnið í pott og sjóðið við vægan hita í 1 klst.



Regnbogagulrætur
300 g regnbogagulrætur
1 msk. smjör
1 tsk. sykur
1 msk. ólífuolía

Skrælið og skerið gulræturnar í hæfilega stærð, setjið í eldfast form ásamt hinum hráefnunum og lokið með álpappír. Bakið í ofni á 130 °C í 30 mínútur eða þar til gulræturnar eru eldaðar í gegn. Berið fram með vökvanum úr forminu, ferskum kryddjurtum og ögn af sjávarsalti.

Hasselback-kartöflur

Kartöflur
Smjör
Salt
Hvítlaukur

Veljið kartöflur af þeirri stærð sem hentar ykkur, skolið og skerið ofan í kartöflurnar með beittum hnif með jöfnu millibili en varist að fara alveg í gegn. Setjið í eldfastan bakka, saltið og setjið ríflega af smjöri yfir ásamt þunnt sneiddum hvítlauk, eldið í ofni á 180 °C þar til kartöflurnar eru eldaðar í gegn og ausið reglulega smjöri yfir á eldunartímanum.

Crème Brulée

1/2 l rjómi
75 g sykur
1 vanillustöng, klofin að endilöngu
160 g eggjarauður

Setjið rjóma og sykur í pott ásamt vanillu og sjóðið upp á, takið af hitanum og látið kólna um nokkrar gráður. Setið eggjarauður í víða skál og þeytið viðstöðulaust á meðan rjómanum er bætt saman við í skömmtum, lítið fyrst og

síðan má auka magnið eftir því sem líður á. Setjið í eldfastar skálar og bakið í vatnsbaði við 120 °C í um 40 mínútur. Þegar eftirrétturinn er borinn fram, stráðið ögn af hrásykri yfir og brennið með gasloga.

Hvít súkkulaðikaka með appelsínukremi

300 g smjör
400 g hvít súkkulaði
300 g sykur
80 g hunang
200 g rjómi
180 g hveiti
6 egg

Bræðið smjör í potti, setjið rjóma, sykur og hunang í annan pott og hitið að suðu. Setjið súkkulaði í stóra skál og hellið vel heitu smjörunu yfir og hrærið saman. Bætið rjómaþöndunni saman við, því næst eggjum og síðast hveitinu. Bakið í ofnskúffu með bökunarpappír undir á 130 °C í 50 mínútur. Kælið kökuna, skerið í passlega bita og berið fram með appelsínukreminu.

Appelsínukrem

1 appelsína
1 sitróna
100 g sykur
2 heil egg
50 g kalt smjör í bitum

Við notum ysta lagið af berkinum á ávöxtunum, rífið af með finu rifjárn og setjið í víða skál, kreistið safann og setjið í skálina ásamt sykri og eggjum. Þeytið viðstöðulaust yfir vatnsbaði þar til blandan þykknar. Takið af hitanum og þiskið smjörunu saman við og kælið.



HUGARÍÞRÓTTIR

Jólin komu snemma fyrir norðan

Það mátti greina spennu og tilhlökkun í augum Þingeyings sem óðamála sagði umsjónarmanni tíðindi þegar fundum bar saman fyrir skemmstu á Laugaveginum.



Björn Þorláksson.

„Veistu nú hvað?“ sagði sá þingeyski hraðmæltur. „Það er búið að endurvekja keppnisbriddslífið í Þingeyjarsveit,“ sagði hann og augun ljómuðu af tilhlökkun. „Jólin koma snemma þetta árið,“ bætti hann við.

Hjá forystu Bridge-sambands Íslands varð Matthías Imsland framkvæmdastjóri til svara þegar Briddspáttur Bændablaðsins kannaði málið betur. Matthías staðfesti að Þingeyingar væru sannarlega komnir aftur af stað í reglulegri keppnisspilamennsku eftir langt hlé. Fylgdi sögunni að menn hygðust uppfæra tól sín og tæki til briddsiðkunar.

Það er ekki á hverjum degi sem svo ánægjulegar fréttir berast af okkar ástkæru hugaríþrótt.

Spila öll fimmtudagskvöld

Með rannsóknarblaðamennsku að vopni settist umsjónarmaður upp í bíl og ók norðaustur til fundar við Harald Bóasson sem leggur hinu endurvakta briddsstarfi Þingeyinga til húsnaði. Um 400 kílómetrum síðar var lagt fyrir utan Dalakofann í Reykjadal. Í héraðsbúðinni,



Það er hér sem ævintýri þingeyskra spilara eiga sér stað. Í Dalakofanum hjá Halla Bó. Myndir / BP



sem jafnframt er veitingastaður, treysta nú þingeyskar briddskempur heit sín í spiliinu. Hittast og spila öll fimmtudagskvöld klukkan 20.

„Og það er nú bara þannig að stundum koma menn að spila við okkur alla leið frá Akureyri og jafnvel Dalvík,“ sagði Haraldur og var þá skúbbinu náð!

Umsjónarmaður tók mynd af Halla Bó og Dalakofanum hans.

Kvaddi, þakkaði og ók aftur suður.

Á leiðinni rifjaðist upp að þegar ég var krakki var spilaður bridds í öllum sveitum. Mun sú tíð renna aftur upp?

Mörg jólamót fram undan

Briddspætti Bændablaðsins er kunnugt um fjögur briddsmót sem fram fara um jól og áramót. BR og BH halda mót að venju á höfuðborgarsvæðinu sem og Bridgefélag Akureyrar. Þá heldur Norðurljósaklúbburinn mót á Internetinu á nýársdag. Nánari upplýsingar á Facebook-síðu BSÍ og bridge.is.

Umsjónarmaður óskar lesendum gleðilegra jóla og áramóta með þökk fyrir gefandi samskipti á árinu sem er að líða!

Umsjón: Björn Þorláksson, bjornthorlaksson@gmail.com



Erfinginn:

Arnór Elí

Nafn: Arnór Elí Þórarinsson.

Aldur: Verð 4 ára á gamlársdag.

Stjörnumerki: Steingeit.

Búseta: Skeiða- og Gnúpverjahreppur.

Skemmtilegast í skólanum: Að leika.

Áhugamál: Bílar, fótbolti.

Tómstundaiðkun: Almennur gauragangur.

Uppáhaldsdýrið: Nashyrmingur.

Uppáhaldsmatur: Grjónagrautur með blóðmör.

Uppáhaldslag: Maðurinn með hattinn, Breiðablik (Herra Hnetusmjör) og nýi Fjölnir (Kristmundur Axel) og gamli Fjölnir (Jónsi í Svörtum fötum).

Uppáhaldslitur: Blár.


Uppáhaldsmynd: Harry Potter.

Fyrsta minningin: Þegar ég beit bróður minn.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert: Þegar ég fór til Danmerkur og sá risaeðlurnar.


Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór: Torfærumaður, handboltamaður, körfuboltamaður og fótboltamaður.

Viltu taka þátt? Hafðu samband. sigrunpeturs@bondi.is



Nýr heimsmeistari í skák

Nýr heimsmeistari í skák var krýndur 12. desember síðastliðinn. Hann heitir Dommaraju Gukesh og er frá Indlandi.




Hermann Aðalsteinsson.

Hann er átjándi heimsmeistarinn í skák frá upphafi og er á sínu átjándi aldursári. Gukesh lagði fráfarandi heimsmeistara, Ding Liren frá Kína, að velli 7,5 - 6,5 með sigri í síðustu skákinni.

Fyrir fram höfðu flestir spáð Gukesh nokkuð öruggum sigri gegn Ding þar sem sá síðarnefndi hafði ekki sýnt góða frammistöðu við skákbordið að undanförunu og raunar mjög slaka miðað við að hann væri sitjandi heimsmeistari. Því kom það öllum á óvart þegar Ding vann fyrstu einvígisskákina í nóvember, þegar einvígið hófst. Eftir það jafnaðist taflíð og Gukesh landaði titlinum fyrir rest.

Skákstigalega séð er Gukesh númer 5 í heiminum og Ding númer 22. Magnus Carlsen er enn þá kóngurinn, enda langstígahesti skákmaður heims og líklegt að hann verði það eitthvað áfram.



Hvítur á leik og mátar í tveim leikjum. Þrautin í dag er í léttari kantinum. Hvítur á leik og þarf að passa sig á að gera svartan ekki patt. Ke2 !!!...og svartur á bara einn leik. Kg1 Df2 mát !

Þess má geta að sá sem þetta skrifar er númer 91.699 á heimslistanum. Ef lesendur Bændablaðsins luma á



Heimsmeistarinn indverski, Dommaraju Gukesh, en hann er einungis átján ára gamall.

áhugaverðum skákum geta þeir haft samband.

Umsjón: Hermann Aðalsteinsson, lyngbrekkur@simnet.is

SUDOKUÞRAUTIR

Létt

	6	3	4			8	2	7
	4			2	8	3		
8	9				3			
4		7	8					6
1	3	9	6					
			1			9	5	4
6		8		7				9
9					4	6	1	3
		4		5	6			7

Miðlungs

		2	1					3
3								8
	9	1						
	8		9				2	5
	6							
				8				7
9						7		2
			1	4				
4			3	7		6	8	

Þung

		9			5	7		
5							6	8
								1
4	1				2			3
8	2		7	4				6
			8					
			1					
7	6		9			2		
		1	2					5

Þyngst

		1			4	5		
			5	3	6			
			8			2		
6				4				
	5		8	2				7
3		2			7			
4				7				
1							8	5
		3						6

Setja skal inn tölur frá 1-9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

Stjörnuspa

Vatnsberinn hefur gjarnan verið tvístigandi í lok árs og velt fyrir sér hvort hann hafi uppfyllt allar þær kröfur sem hann hefur gert á sjálfan sig yfir liðna mánuði. Hann þarf ekki að óttast þetta árið, hlutirnir eru nákvæmlega eins og þeir eiga að vera. Hlappatölur 15, 33, 5.

Fiskurinn nýtur sín afar vel um þessar mundir, vitandi að hann er „on top of the world“. Fjárhagur hans hefur vænkast á árinu, vinnuumhverfi er stöðugt og fjölskyldumeðlimir á góðum stað. Hann veit að hann á ró skilið í hjarta og skal njóta meðan á nefinu stendur. Hlappatölur 3, 11, 4.

Hrúturinn hefur sjaldan fundið fyrir jafnmikilli pressu að standa sig. Hann hefur átt það til í gegnum lífið að elta aðra og helst láta aðra ákveða allt fyrir sig en njóta góðs af... en nú eru þeir tímar liðnir. Ábyrgð, ákvarðanataga og jafnvægi eru einkunnarorðin hér. Hlappatölur 2, 88, 91.

Nautið þarf að setjast niður og skipuleggja líf sitt eina ferðina enn. Það er viturlagast eins og staðan er núna að skrifa niður þá þætti sem þarfnast skipulagningar, í hvaða röð sem er og setja svo listann í rétta röð. Taka eitt skref í einu og muna að það er alveg nóg. Hlappatölur 2, 24, 28.

Tvíburinn er glaður og ánægður með sig og má vel vera það. Hann hefur staðið sig vel í þeim efnum sem standa honum næst og hlotið aðdáun – jafnvel meiri en hann telur vísa. Tvíburinn þarf að huga að andlegri heilsu um þessar mundir og gæta þess að ofkeyra sig ekki. Hlappatölur 1, 7, 56.

Krabbinn ætti að hvílast eftir bestu getu og hugsa um þá fjölskyldumeðlimi sem hvað minnstir eru að líkama eða sál. Krabbinn sér fram á ár breytinga, nokkur stórvægileg atriði verða þar hátt á baugi og þarf því – enn og aftur að hvílast. Hlappatölur 23, 22, 1.

Ljónið baðar sig í ljóma sinna nánustu, hvort sem er á vinnustað eða í hópi vina og kann því að sjálfsgöðu ekki illa. Það þarf þó að leyfa öðrum að standa í sviðsljósinu stundum og best væri að hafa í huga að leyfa öðrum að skína til jafns við það sjálf. Honum eru allir vegir færir. Hlappatölur 3, 66, 5.

Meyjan er á þroskabraut hvað varðar sjálfstæði sitt og getu. Henni hefur tekist að yfirstiga ýmis ljón á veginum undanfarið og oftast en ekki komið sjálfri sér á óvart. Þessi braut heldur áfram út næsta ár og því skal hún muna að að hika er sama og tapa. Hlappatölur 91, 11, 22.

Vogin þarf að taka sig taki og sjá kosti sína fremur en galla. Hún er eitt stjörnumerkjanna sem ber af hvað varðar bæði innri og ytri ró og fegurð en þarf stundum að trúá betur á sjálfa sig. Vog – þú ert mikils verð og dáð, treystu því. Hlappatölur 15, 28, 23.

Sporðdrekinn hefur verið óvenju hljóðlátur og spekingslegur síðastliðnar vikur og hefur verið að velta fyrir sér ýmsum breytingum á högum sínum. Ýmis tækifæri spretta upp á næstunni sem hann þarf að vera vel vakandi fyrir og grípa eftir bestu getu. Hlappatölur 23, 15, 43.

Bogmaðurinn hefur látið lítið fyrir sér fara að undanfögnu og ætti því að leyfa sér að sletta vel úr klaufunum um áramótin. Jafnvel líka á komandi ári! Stjörnurnar eru honum hliðhollar við hvers konar uppátæki og um að gera að leika lausum hala. Hlappatölur 41, 45, 17.

Steingeitin lítur yfir árið sem er að líða og veltir fyrir sér hvaða breytingum hún á von á þegar nýir tímar ganga í garð. Einhverri ákvörðun er hún að velta fyrir sér og eina leiðin er að taka af skarið þótt ógnvænlegt virðist í fyrstu. Hlappatölur 3, 13, 31.



Álft er stærsti fuglinn okkar. Fullorðin álft getur orðið 10 kg og vænghafið 2,2–2,4 metrar. Þó nokkuð af fuglum halda sig herna allt árið en engu að síður er álftin að mestu farflugl. Þeir fuglar sem yfirgefa landið á haustin halda sig á Bretlandseyjum yfir vetrarmánuðina. Fuglarnir sem þreyja þórrann halda sig á tjörnum, ám og vötnum sem ekki frjósa. Vetursetufuglarnir eru aðallega á Suðurlandi og í Mývatnssveit. Á sumrin er álftin hins vegar dreifið um allt land og sækir helst í vötn og tjarnir í votlendi. Álftin er eini fuglinn af svanaættinni sem verpir herna á Íslandi og er hún því auðþekkjanleg frá öllum öðrum íslenskum fuglum.

Mynd og texti / Óskar Andri Víðisson

Tíska:

Jólaflöt á grænum nótum

Vistvænt jóladress er eitthvað sem ætti að vera efst á listanum um þessar mundir, enda hjá of mörgum orðin áskorun að standast linnulaust aðráttarafi neysluhyggjunnar.

Nú þegar hátíðarblær jólanna ætti að umlykja okkur vill bera við að hraðtíska og fjöldaframleiðsla hins ýmiss varnings varpi skugga á hinn sanna kjarna árstíðarinnar. Innan um verslunaróreiðuna skín nefnilega í blik af töfrum sem býður okkur að enduruppögva gleðina sem stafar af ígrunduðu vali og felur í sér þá breytingu sem við viljum sjá. Kaupum vandað, endurnýtum og látum gott af okkur leiða af bestu getu.

Með kolefnissporið bak við eyrað

Eins og staðan er núna er víst of seint að ætla sér að versla mikið yfir netið en fyrir þá sem eiga leið út fyrir landsteinana má leita fanga á ferðalaginu. Ef svo vill til að einhver eigi leið um Kanada, má athuga verslun sem kallast **Wild Rose & Sparrow**. Eigendurnir eru gott dæmi um leiðendur sjálfbærrar tísku, en öll starfsemi Wild Rose & Sparrow, þar á meðal höfuðstöðvar, verkstæði og hönnunarstofa, knúin áfram af 100% endurnýjanlegri orku. Á vefsíðu þeirra kemur m.a. fram að þeir kolefnishlutleysi hverja sendingu sem frá þeim fer og gæti

þess að framleiða afar lítið magn fatnaðar í einu. Einnig er einstakt úrval fállegra kjóla í hinum ýmsu litum á verðbilinu 30–40 þúsund krónur.

Í Los Angeles-ríki Bandaríkjanna má finna lítið fjölskyldurekið fyrirtæki sem heitir **Miracele Eye**. Þar sitja við saumana fjórar konur og einn karlmaður, öll af suður-amerísku bergi brotnu og öll afar handlagin. Fjölskyldan nýtir hágæða efnisstranga sem hafa orðið afgangsjá hinum ýmsu

verksmiðjum í gegnum tíðina, alveg frá sjöunda áratugnum og upp úr. Í versluninni má því finna mikið úrval af skemmtilegum samfestingum og kjólum sem eiga það sameiginlegt að gleðja bæði þann sem þeim klæðist en einnig aðra viðstadda.

Verðlagið er að sama skapi ekki óskemmtilegt, eða í kringum 30 þúsund krónurnar. Fyrir áhugasama má kíkja á vefsíðuna www.shopmiraceleeye.com en hún er ansi líflæg.

Hátíðarklæði finnst víða

Fyrir þá sem eiga ekki heimangengt má líta sér nær. Nytja- og endursöluverslanir hafa rutt sér til rúms víða um land og þar má finna bæði gull og ýmsar gersemar ef vel er leitað. Yfir netið er hægt að gera góð kaup, meðal annars á samfélagsmiðlum, en þar má finna ýmsa hópa endursölu, til að mynda hópinn „**Merkjavara fót, skór & aukahlutir á Facebook**“ fyrir þá sem vilja vandaða vöru. Á höfuðborgarsvæðinu eru svo verslanir sem

Hér má sjá dæmi um hönnun frá fyrirtæki **Miracele Eye** á milli tvíburasystranna sem kynna tísku **Wild Rose & Sparrow**.

Kolefnishlutleysi

Parísarsamkomulagið skilgreinir kolefnishlutleysi þannig að jafnvægi sé náð milli losunar gróðurhúsalofttegunda frá manngerðum uppsprettum og bindingu þannig að nettó útstreymi þeirra sé jafnt núlli.

hafa skemmtilegt úrval „vintage“ fatnaðar, t.a.m. hin sígilda verslun **Spútnik** sem hefur verið starfandi í áraradír og **Wasteland** sem bættist við fyrir ekki löngu. **Aftur** er klassísk og vönduð verslun sem einnig hefur verið rekin í áraradír, stofnuð í Reykjavík árið 1999, en allar hennar vörur eru bæði hannaðar og framleiddar á Íslandi. Aftur hefur alla tíð nýtt endurnunninn textíl í hönnun sína og hver flík er því bæði tímalaus og einstök.

Fyrir neytendur sem vilja láta sérstaklega gott af sér leiða má ekki gleyma **Elley**, verslun á Seltjarnarnesi, sem er alfarið rekin í sjálfbogaðastarfi og rennur allur ágóði sölu hennar óskiptur til Kvænnaathvarfsins, en einnig er hægt að leigja þar hátíðarklæði.

Til viðbótar er dýrindis fatamarkaður í **Konukoti**, Eskihlíð 2–4, alla laugardaga árið um kring á milli kl. 12–16 og rennur allur ágóði sölnunnar til starfsemi Konukots.

Gleðileg jól.
/sp



Málning og Húsviðhald ehf

Málarar, múrarar og smiðir geta bætt við sig verkum hvar sem er á landinu.

Spörtlun, málning, múr, smíði, þakskipti, innahússfrágangur. Tökum einnig að okkur vinnu hjá byggingaverktökum og fleira.

Rúnar Eldjárn Jóhannsson
múrari s. 774-3800

Ágúst Fjalar Jóhannsson
málarameistari s. 774-3833
malningoghusavidhald.is



Pug-rakki og Griffon-rakki til sölu á gott heimili. Uppl í s. 566-8417.



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérþöntunarþjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is Opið frá kl.13-16.30.

Smáauglýsingar

Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni: www.bbl.is/smaauglysingar

Verð: Textaauglýsing kr. 2.650 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 6.250 texti + mynd.

Skilafrestur: Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.


Sími: 563-0300 Netfang: augl@bondi.is



Yndisleg Jack Russel Terrier-tík (3 mánaða) leitar að framtíðarheimili. HRFÍ ættbók, örmerkt og bólusett. Nánari uppl. Lilja s. 820-6511.



Dagatal fyrir árið 2025 með myndum af eyfirskum brúm. Fáanlegt hjá undirrituðum. Verð kr. 3.000 Er staðsettur á Akureyri en sendi hvert sem er að viðlögðu sendingargjaldi Póstsins. Pantanir í s. 864-8417 (e. kl. 15) og á hallmundsson@gmail.com Arnór Bliki Hallmundsson.



Með ævistarfi sínu lagði Þorkell grundvöll að því ævintýri sem íslensk hrossarækt er nú orðin. Með ræktendum og samstarfsfólki setti hann hástöfum hestamennskunnar þá traustu hornsteinina sem þeir hvíla nú á. Bókin fæst í öllum betri bókabúðum og hjá höfundu, s. 844 5758.



Til sölu snjósleði. Arctic Cat 440, árgerð 2003, keppnisleði með raceheddum, keppnisfjöðrun og negldu belt. Tilboð óskast. Upplýsingar í s. 770-1756.



Leiðtogafundurinn í Höfða í Reykjavík árið 1986 – raunhönnuð lýsing á atburðarásinni og andrúmsloftinu vafin inn í sendibréfaástarsögu. ÁSTARSAGA fæst á www.ordlist.is og hjá s.asmundsdottir@gmail.com



20 feta einangraður skrifstofugámur frá Stólpar. Klár til notkunar með rafmagnstengingum og rafmagnsofni. Lítur vel út. Verðhugmynd kr. 1.700.000- Netfang: maggi.dadason@gmail.com s. 864-6463.

Jesús sagði:
„Sjá, ég er með yður alla daga allt til enda veraldar.“
Matt. 28.20

biblian.is

Infrarauður klefi, 150x120x200 sm. (BxDxH) og er með halogenljós, bæði að utan og innan ásamt útvarpi m/blátannartengingu m/fjarstýringu, kolefnahitaplötum og hreinsibúnaði. Viður er þöll (hemlock). Klefinn er mjög auðveldur í samsetningu. Orkunotkun er 2.100w.

Rafmagnspotturinn HYDRO. Stærð 200x200x95. Verð kr. 850.000, m/loki, tröppu, síu ofl.

GODDI.IS
Auðbrekku19,
200 Kópavogi,
S. 544-5550

Sendum okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár með þökk fyrir samstarfið á líðandi ári.

ZETOR

3XT

www.3xt.is

UMHVERFIS STOFNUN

Vilt þú verða landvörður?

Námskeið fyrir verðandi landverði fer fram 30. janúar - 2. mars 2025

Um námskeiðið:

- Þátttaka veitir réttindi til að starfa sem landvörður
- Kennir í fjarnámi, fyrir utan eina staðlotu sem er vettvangsferð
- Þau sem ljúka námskeiðinu ganga fyrir við ráðningar í störf landvarða

Skráning hefst 2. janúar 2025 kl. 10

Sjá nánar á ust.is/landvardanamskid



Viðgerðir á kerrum og mikið úrval vara- og aukahluta.

Úrvalið hefur aldrei verið meira.

AL-KO QUALITY FOR LIFE

UNSIINN

Schmidt FAHRZEUGBAU

Margar gerðir af þýskum eins og tveggja öxla kerrum. Skoðuðu úrvalið á www.brimco.is eða kíktu í heimsókn.

BRIMCO

Hestakerrur fyrir 2, 3 og 5 hesta.

EFRIBRAUT 6 - 270 MOSFELLSBÆ
SÍMI: 894 5111 - www.brimco.is



Hilltip Icestriker 900-1600L
Salt og sanddreifari í tveim stærðum fyrir stóra pallbíl og minni vörubíla. Rafdrifinn 12V.



Hilltip Icestriker 380-550L
Salt og sanddreifarari í tveim stærðum, fyrir minni pallbíl. Rafdrifinn 12V.




Hilltip Icestriker 600 TR
Rafdrifinn kastdreifari fyrir dráttarvélar m/öflugum efnisskömmtunarbúnaði.



Hilltip Snowstriker VP
Fjölplogur fyrir pallbíl, minni vörubíla og jeppa. Fáanlegur í 185-240 cm breidd.



Hilltip Snowstriker SP
Snjótonn fyrir pallbíl, minni vörubíla og jeppa. Fáanleg í 165-240 cm breidd.



Hilltip Fjölplogur MVP
Fjölplogur fyrir ameríska pallbíl t.d. RAM 3500, GMC 3500 og FORD 350.



A Wendel ehf.
Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík,
S:551 5464 - wendel@wendel.is
www.wendel.is

Er um með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar

S: 527 2600

Vélavit
Sala - Þjónusta
www.velavit.is




Verðskráin fyrir 2025 er lent á www.ljardalur.is Kr. 100.000 í afslátt fyrir þá sem forpanta. 30%staðfestingargjald. Frí kapalsköfla fyrir allar pantanir í desember. Arnar@ljardalur.is s. 849-3480.



Þessi tæki eru til sölu: Volvo FH500HP árgærd 2013, ekinn 668.000 km. Verð 3.500.000 kr. Tengivagn árgærd 2015. Verð 1.500.000 kr. Volvo FH kranabíll. 36 tonn mtr. árgærd 2006, ekinn 358.000 km. Verð 7.000.000 kr. Uppl. gefur: asgeir@flotgolf.is



Dagatal Búsögu 2025 með fallegum myndum og fræðandi texta. Verð 3.000 kr. Greiðslubeiðni birtist í heimabanka. Sendum hvert á land sem er og kostnaður aðeins burðargjald samkvæmt gjaldskrá Íslandspósts. busaga@simnet.is - s. 894-9330.



Buggy bíll, erum með frábæran POLARIS RZR 64 XP4 1000 EPS árg 2023 buggýbíl til sölu, tilvalinn í sveitina eða bústaðinn, hvort sem um er að ræða bíl í girðingavinnu, smalamennskur eða bara fara um landið með fjölskylduna. Á bílnum er pallur, tilvalinn fyrir fjárhundana, girðingaefnið eða uppgjafarfé í göngum. Verð kr. 3.990.000. Frekari upplýsingar: Kári Þorbergsson s. 849-0511 eða karinnehf@hotmail.com @ Kári Rafn Þorbergsson.



Til sölu trésmíðavélar: Kantpressa, fræsari, límpressa, afréttari, þykktarhefill, spónsuga, tveggja blaða sög, sleðasög, bandpússvél, bandsög, tappavél og rúlluborð. Óska eftir tilboði í allt eða staka hluti. hulda83@internet.is - s. 868-7463.



HEYNET og annar búnaður fyrir menn og dýr. Mikið úrval heyneta og fúðurpoka. Sérniðum eftir óskum. Gæðanet, endingargott og sterkt. Venjuleg og hægfóðurs net. Stórnet yfir heyrúllur og bagga fyrir útinganginn. Fúðurkoddar og fúðurtröskur, bæði hægt að fúðra frá jörðu, hengja upp í stíu eða kerru. Reiðstígvél, reiðskór og útivistarskór í miklu úrvali frá þekktum merkjum. Leggihlífar í mörgum stærðum og breiddum. Fatnaður frá Horka. Eðal hnakkar úr gæðaleðri, beisli, múlar, hálskringir og fleira áhugavert. Allt af eitthvað spennandi með sérstöðu að bætast inn hjá okkur. Pantanir í netfang: heynef@heynef.is eða s. 860-5558. HEYNET & HORKA - sparaðu TÍMA, PENINGA og HEY Surtlugata 1, 110 Reykjavík. Ópið 14-19 / eða eftir samkomulagi. www.heynef.is / www.facebook.com/heynef.gjafanet



VOLVO FH 500 HP 6X4 RIGID Kassi SKAB • 9.000 mm langur • 2.600 mm háir að innan • Algólf • Thermo king T800-50 kælivél • Sparklistar soðnir við gólf og upp að neðri bindirenum • Veggir 40 mm • Gafl 80 mm • Pak 80 mm • Gólf 80 mm • Hurðir 1+3 5.000 mm opnun • Samlitur húsi bíls • LED lýsing í kassa • Lyfta Palfinger 3.000 kg með stálblaði 2.400 mm langt • Bindirennur í 950 og í 1.600 mm hæð. Bindihringir 4+4 í gólf. Nýskráning 9/2020 díslakstur 273.000 km. Næsta skoðun 2025 Litur: Rauður, S. 660-5606 Arnþór.



Lambheldu hliðargrindurnar. 420 x 110. Möskvar 15x10. Frá kr. 29.900 +vsk. Lamasett kr. 3.990 +vsk. S. 669-1336 og 899-1776, Aurasel.



Pakkajól Benna - Mitsubishi EclipseCross, 4x4, árgærd 2022, sjálfskiptur, ekinn 92.000 km. Verð kr. 3.490.000 - notadir.benni.is - s. 590-2035.




Óskast til kaups: Toyota Corolla, RAV, Hilux og Hiace. Mega vera bilaðir eða í ýmsu ástandi. Uppl. Dogbjartur80@gmail.com eða í s. 896-5001.



Jeep Wrangler X, 6cyl 4l. Sjálfskipting, bensín, árg. 2006. Ekinn 78.000 mílur. Verð kr. 2.980.000. Uppl. í s. 895-9979.



Til sölu Nilfisk SC1500 skúringavél. Upplýsingar í s. 775-6080.



Ford F-350 7.3L Dually Pickup. Árgærd 2002. Ekinn 286.000 km. Tilboð óskast. Uppl. í s. 770-1756.



Til sölu gólfslípivélar. Upplýsingar í s. 775-6080.



Til sölu byggingarkrani. Upplýsingar í s. 775-6080.



Man TGA 26.440 kranabíll með sturtupalli, árg 2007. Ekinn 348.000 km. Sjálfskiptur, loft aftan og framman, gámalásar. Atlas krani 240.2E. 24 tm. 6 í glussa, 2 í hand. Rótor. Annar krani í varahluti fylgir. Bíll í góðu standi. Verð kr. 9.700.000 +vsk. Upplýsingar í s. 892-3042.



Desembertilboð á Weckman rúlluvögnum. Burðargeta/hlasspyngd 13 tonn. Pallur stærð 2,46 x 9,0m. Verð áður kr. 2.630.000 +vsk. Tilboð kr. 2.500.000 +vsk. H. Hauksson ehf. | www.hauksson.is | S. 588-1130 | hauksson@hauksson.is



New Holland T5.120, árg. 2019, notkun 2.450 vst. Flott vél og gott viðhald. Verð kr. 9.990.000 +vsk. Upplýsingar í s. 480-0000. Aflvelar.is



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantíð tíma. Brimco ehf. Efribraut 6, Mos. S. 894-5111. Ópið kl. 13-16.30 - www.brimco.is



Glæsilegur Volvo XC90 dísl 5/23 ekinn 24.000. Vel útbúinn 7 manna inscription. Verð kr. 12.990.000. Skoða upptöku. S. 896-5001 dagbjartur80@gmail.com



Áramótatilboð

Kuhn og Vélfang ehf. bjóða viðskiptavinum sínum 15% afslátt af öllum Kuhn hey- og jarðvinnutækjum og 5% afslátt af rúlluvélum til 05. janúar 2025



Tryggðu þinn ávinning og veldu réttu vélina fyrir næsta sumar

Sláttuvélar		Fjöldi	Vinnslu	Þyngd	Afl	Verðlistaverð		Tilboðsverð	
Tegund	Útbúnaður	diska	breidd m	kg	þörf hö	án vsk	með vsk	án vsk	með vsk
GMD 310	Diskasláttuvél með reindrifi	8	3,10	711	56	2.053.000	2.545.720	1.745.000	2.163.800
GMD 3511	Bein driftenging með vökvafjöðrun	8	3,51	950	49	2.764.000	3.427.360	2.349.000	2.912.760
GMD 4011	Bein driftenging með vökvafjöðrun	9	4,0	1085	55	3.257.000	4.038.680	2.768.000	3.432.320
GMD 4015	Bein driftenging með vökvafjöðrun	9	3,95	1150	55	3.439.000	4.264.360	2.923.000	3.624.520
GMD 4411	Bein driftenging með vökvafjöðrun	10	4,4	1120	61	3.381.000	4.192.440	2.874.000	3.563.760
GMD 310 F	Framsáttuvél	8	3,1	1010	43	3.175.000	3.937.000	2.699.000	3.346.760
GMD 3525 F	Framsáttuvél	8	3,5	1180	49	4.048.000	5.019.520	3.441.000	4.266.840
GMD 8730	Sambyggð sláttuvél (3 stk)	21	8,2-8,8	2648	122	8.401.000	10.417.240	7.141.000	8.854.840
GMD 9530	Sambyggð sláttuvél (3 stk)	23	9,1-9,5	3405	135	10.853.000	13.457.720	9.225.000	11.439.000
GMD 10030	Sambyggð sláttuvél (3 stk)	24	9,5-9,9	3530	141	11.421.000	14.162.040	9.708.000	12.037.920
FC 3515D	Med knosara og vökvafjöðrun	8	3,5	1620	85	4.816.000	5.971.840	4.094.000	5.076.560
FC 3125 DF	Framsáttuvél m/ knosara og vökvafj.	7	3,1	1320	68	4.169.000	5.169.560	3.544.000	4.394.560
FC 3525 DF	Framsáttuvél m/ knosara og vökvafj.	8	3,5	1390	77	4.583.000	5.682.920	3.896.000	4.831.040
FC 8830 DF	Sambyggðar m/ knosara og vökvafj.	21	8,75	4420	191	13.143.000	16.297.320	11.172.000	13.853.280
FC 10030DF	Sambyggðar m/ knosara og vökvafj.	24	9,93	4650	221	14.674.000	18.195.760	12.473.000	15.466.520
FC3561TLD	Dragtengd með knosara, hliðartengd	8	3,5	2280	90	5.859.000	7.265.160	4.980.000	6.175.200
BKE 250	Hagasláttuvél með kefli og vökvafærslu	2,5	710	54	1.715.000	2.126.600	1.458.000	1.807.920	
BP30	Hagasláttuvél með kefli og vökvafærslu	3,03	920	78	2.054.000	2.546.960	1.746.000	2.165.040	
BPR 305	Hagasláttuvél fram- og afturvél	3,03	1100	100	2.718.000	3.370.320	2.310.000	2.864.400	

Heytætlur		Fjöldi	Vinnslu	Þyngd	Afl	Verðlistaverð		Tilboðsverð	
Tegund	Útbúnaður	arma	breidd m	kg	þörf hö	án vsk	með vsk	án vsk	með vsk
GF 502	4 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	6	5,4	505	20	1.425.000	1.767.000	1.211.000	1.501.640
GF 642	6 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	6	6,4	840	30	2.146.000	2.661.040	1.824.000	2.261.760
GF 6503	6 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	6	6,5	950	30	2.453.000	3.041.720	2.085.000	2.585.400
GF 7903	8 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	5	7,8	1150	40	3.213.000	3.984.120	2.731.000	3.386.440
GF 7903T	8 stjörnu dragtengd á vagni	5	7,8	1515	40	4.180.000	5.183.200	3.553.000	4.405.720
GF 8703	8 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	6	8,7	1430	55	3.625.000	4.495.000	3.081.000	3.820.440
GF 8703 T	8 stjörnu dragtengd á vagni	6	8,7	1810	50	4.410.000	5.468.400	3.749.000	4.648.760
GF 10803	10 stjörnu lyftutengd m/ vökvaflutning	6	10,8	1675	55	4.809.000	5.963.160	4.088.000	5.069.120
GF 10803T	10 stjörnu dragtengd á vagni	6	10,8	1980	55	5.427.000	6.729.480	4.613.000	5.720.120
GF 13003	12 stjörnu lyftutengd	6	13,0	2050	80	6.879.000	8.529.960	5.847.000	7.250.280
GF 13003T	12 stjörnu dragtengd á vagni	6	13,0	2800	80	7.686.000	9.530.640	6.533.000	8.100.920
GF 15003T	14 stjörnu dragtengd á vagni	6	15,0	3220	90	9.400.000	11.656.000	7.990.000	9.907.600



Múgavélar		Fjöldi	Fjöldi	Vinnslu	Þyngd	Verðlistaverð		Tilboðsverð	
Tegund	Útbúnaður	arma á stj	tinda á arm	breidd m	kg	án vsk	með vsk	án vsk	með vsk
GA 3006M	Einnar stjörnu lyftutengd	9	3	286	882.000	1.093.680	750.000	930.000	
GA 4201	Einnar stjörnu lyftutengd m/ velthiöxli	11	4	560	1.532.000	1.899.680	1.302.000	1.614.480	
GA5031T	Einnar stjörnu dragtengd m/ velthiöxli	15	4	860	2.414.000	2.993.360	2.052.000	2.544.480	
GA 7501+	2ja stjörnu miðjumúgavél m/ velthiöxli	11	4	6,8-7,5	1590	4.433.000	5.496.920	3.768.000	4.672.320
GA 8131	2ja stjörnu miðjumúgavél m/ velthiöxli	12	4	7,1-8,0	1930	5.639.000	6.992.360	4.793.000	5.943.320
GA8731	2ja stjörnu miðjumúgavél m/ velthiöxli	13	4	7,7-8,6	2250	6.464.000	8.015.360	5.494.000	6.812.560
GA9531	2ja stjörnu miðjumúgavél m/ velthiöxli	15	4	8,4-9,3	1932	6.973.000	8.646.520	5.927.000	7.349.480
GA 13031	4ra stjörnu miðjumúgavél m/ velthiöxli	11	4	8,4-12,5	5100	12.074.000	14.971.760	10.263.000	12.726.120
GA 6002	2ja stjörnu hliðarmúgavél 1 eða 2 múgar	10	3	3,0-5,8	1120	3.376.000	4.186.240	2.870.000	3.558.800
GA 7932	2ja stjörnu hliðarmúgavél 1 eða 2 múgar	12	4	4-7,65	1620	4.711.000	5.841.640	4.004.000	4.964.960
GA 9032	2ja stjörnu hliðarmúgavél 1 eða 2 múgar	15	4	4,6-8,8	1621	5.511.000	6.833.640	4.684.000	5.808.160
GA 8830	2ja stjörnu hliðarmúgavél 1 eða 2 múgar	13	4	8,8	2640	6.962.000	8.632.880	5.918.000	7.338.320

Herfi, tætarar og sáðvélar		Vinnslu	Þyngd	Aflþörf hö.	Verðlistaverð		Tilboðsverð	
Tegund	Útbúnaður	breidd m	kg	lág. - hámark	án vsk	með vsk	án vsk	með vsk
HRB302D	Rótherfi með jöfnunarb. og gaddakefli	3,0	1170	60-140	2.536.000	3.144.640	2.156.000	2.673.440
HR 304D	Rótherfi með jöfnunarb. og gaddakefli	3,0	1295	80-190	2.959.000	3.669.160	2.515.000	3.118.600
HR 3004D	Rótherfi með jöfnunarb. og gaddakefli	3,0	1390	80-250	3.078.000	3.816.720	2.616.000	3.243.840
HR 3504D	Rótherfi með jöfnunarb. og gaddakefli	3,5	1635	90-250	3.504.000	4.344.960	2.978.000	3.692.720
HR 4004D	Rótherfi með jöfnunarb. og gaddakefli	4,0	1850	100-250	3.915.000	4.854.600	3.328.000	4.126.720
HR3030	Rótherfi með vökvast. vinnsludýpt	3,0	1679	80-240	4.232.000	5.247.680	3.597.000	4.460.280
HR3530	Rótherfi með vökvast. vinnsludýpt	3,5	1783	90-250	4.834.000	5.994.160	4.109.000	5.095.160
HR4030	Rótherfi með vökvast. vinnsludýpt	4,0	1949	100-260	5.481.000	6.796.440	4.659.000	5.777.160
HR5030R	Rótherfi með vökvast. vinnsludýpt	5,0	3170	-350	7.990.000	9.907.600	6.792.000	8.422.080
HR6030R	Rótherfi með vökvast. vinnsludýpt	6,0	3485	-350	8.990.000	11.147.600	7.642.000	9.476.080
EL92/180	Jardtætarei	1,8	525	51-100	1.537.000	1.905.880	1.306.000	1.619.440
EL92/230	Jardtætarei	2,3	605	58-100	1.642.000	2.036.080	1.396.000	1.731.040
EL122/250	Jardtætarei, gaddakefli kr. 370.000 án vsk	2,5	955	65-125	2.148.000	2.663.520	1.826.000	2.264.240
EL122/300	Jardtætarei, gaddakefli kr. 440.000 án vsk	3,0	1105	75-125	2.357.000	2.922.680	2.003.000	2.483.720
EL162/300	Jardtætarei með gaddakefli "packer"	3,0	1711	90-165	3.105.000	3.850.200	2.639.000	3.272.360
EL282/400	Jardtætarei með gaddakefli "packer"	4,0	2565	130-270	5.715.000	7.086.600	4.858.000	6.023.920
PRE300	Premia 300 korn- og grassáðvél	3,0	780	l frábox, herfi	3.009.000	3.731.160	2.558.000	3.171.920
	Grasfræbox innifalið	3,0						

Sambyggðar rúllu- og þökkunarvélar		Verðlistaverð		Tilboðsverð	
Tegund	Útbúnaður	Sópvinda	Dekkjastærð	án vsk	með vsk
i-BIO	Rúllur og þakkar í sama hófi.netb.búnaður, 14 hnifar, stíflulosunarbúnaður og IntelliWrap	2,3 m	500/45-22,5	12.924.000	16.025.760
i-BIO OC23	23 hnifar annars sami búnaður og að ofan	2,3 m	500/45-22,5	13.454.000	16.682.960
	Plast- og netbindibúnaður KUHN i-BIO+, bindur með tveimur hefðbundnum 750 mm plastfilum			980.000	1.215.200
FBP3135-23	23 hnifar,sjálfv.smurkerfi, tandem 500/45-22,5 vökvastíflulosun, IntelliWrap og CCI 800 stjórn.	2,3 m	500/45-22,5	17.200.000	21.328.000
	Plast- og netbindibúnaður, bindur með tveimur hefðbundnum 750 mm plastfilum 3D (þrívíddar) þökkunarbúnaður sem ásamt plastbindibúnaði sparar plast um allt að 30%			16.340.000	20.261.600
VBP7160-23	23 hnifar,sjálfv.smurkerfi, tandem 600/50R-22,5 vökvastíflulosun, IntelliWrap og CCI 800 stjórn. Plast- og netbindibúnaður, bindur með tveimur hefðbundnum 750 mm plastfilum 3D (þrívíddar) þökkunarbúnaður sem ásamt plastbindibúnaði sparar plast um allt að 30%	2,3 m	500/45-22,5	21.020.000	26.064.800
				19.969.000	24.761.560

Vertu klár – veldu KUHN

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Óseyri 8 • 603 Akureyri

Vélfang ehf. áskilur sér rétt til breytinga á verði og búnaði fyrirvaralaust. Verð miðast við gengi EUR 149 og gerður er fyrirvari um ásláttarvillur.




AL-KO 760.4 TE LED
Verð kr. 425.000,-



AL-KO 700.4 E LED
Verð kr. 385.000,-



AL-KO 560 II Snowline
Verð kr. 185.000,-



AL-KO 620 II Snowline
Verð kr. 235.000,-



AL-KO ST 4048 Rafhlöðu
Verð kr. 115.000,-



AL-KO 46E Snowline rafmagns
Verð kr. 57.000,-



Mikið úrval af snjóblásurum



TRAUSTUR SAMSTARFSADILI
Selfossi | Akureyri | Garðabæ
Sími 480-0000 | www.aftvelar.is



STARTARAR OG ALTERNATORAR Í MIKLU ÚRVALI



RAFGEYMAR OG RAFBÚNAÐUR FYRIR DRÁTTAR- OG VINNUVÉLAR.



ÁSCO
BÍLARAFMAGN

Glerárgata 34b, 600 Akureyri • S4611092 • asco@asco.is



Fáðu að vita verðið áður en þú pantar í appinu. Auðvelt og fljótt. Taxi Service Iceland á playstore - TaxiCaller í Appstore s. 588-5500.

Let's eat grandma!



Let's eat, grandma!
Punctuation Saves Lives.

Vantar þig prófarkalestur? Tek að mér að lesa yfir texta af öllum gerðum. Hafðu samband - prentvilla@gmail.com



Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L 170 cm x B 200 cm x hæð 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratækur á þrjá vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. www.hak.is s. 892-4163 hak@hak.is



Harðfiskur í lausu til sölu. 4 kg í kassa. Heildsöluverð. Vestfirski harðfisksalan. S. 483-3548.



Vélavit ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ dísilvélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3, Garðabæ. Upplýsingar í s. 527-2600.



Sliskjur úr áli, fyrir lyftara og brettatjaka. Fyrir lyftara: L 100 cm x B 42 cm. par. Burðargeta á par: 7.200 kg. Fyrir brettatjaka: L 100 cm. x B 70 cm. 1 stk. Burðargeta: 2.000 kg. Hákonarson ehf. s. 892-4163. netfang: hak@hak.is www.hak.is



Pakkajól Benna – Kia Niro Luxury Phev, bensín/rafmagn, árgærd 2017, sjálfskiptur. Ekin 126.000 km. Verð kr. 2.490.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíl og vinnuvélar. Sjálfsgandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163, hak@hak.is



Kornvalsar frá SIPMA í Póllandi. https://www.sipma.pl/produkt/zgniatacz-z-ziarna/ Frábærir valsar í mörgum útfærslum. Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163, netfang hak@hak.is



Ljárdalur HT16. Þyngd 1,6 tonn. Búnaður: Sveigjanleg bóma, breikkanlegur undirvagn, mekanískt hraðtengi, 40cm tennt skófla og glussastýrður þumall. Verð kr. 1.990.000 +vsk. Arnar@ljardalur.is s. 849-3480.



Klaufskurðarbásar frá Póllandi. Margar útfærslur á mjög góðum verðum. Hákonarson ehf. www.hak.is s. 892-4163. Netfang- hak@hak.is



Bjónusta Genie og JLG vinnulyftur. Kem á staðinn og græja málið. Slönguviðgerðir, olíuskipti, rafgeymar og varahlutir. Snögg og vönduð þjónusta. GIZMO viðhaldsþjónusta s. 772-7722.



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Argo-Watt) með AVR spennujafnara eða án hans. AVR tryggir örugga keyrslu á öllum rafbúnaði. Mjög mörg, stór kúabú eru með þennan búnað. Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.



Leirulæk • 311 Borgarnes
sími 8687204 • www.myranaut.is

Fyllum á frystinn fyrir veturinn. Bragðgott og meyrnt nautakjöt, 1/8 hluti, um 20 kg. Hakk, gúllas og steikur. www.myranaut.is



Lyftaragafflar til að skrúfa fasta á skóflur. Burðargeta á pari: 680 kg og 1500 kg. CE vottaðir og CE merktir. Öryggisstrappar fylgja. Passar á flestar skóflur. Til á lager. Hákonarson ehf. S. 892-4163 / netfang- hak@hak.is



Backhoe fyrir dráttarvélar og hjóla-skóflur. Margar stærðir. Gröfudýpt 1,3–4,2 metrar. Margar stærðir af skóflum og öðrum aukabúnaði. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is




Gólfhiti, gólfgræsing fyrir 16 mm rör. Ryklaus gólfhitafræsing, verð á fermetra kr. 4000 +vsk. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir stærð verkefnis. Tilboð og upplýsingar á https://www.golfgræsing.is s. 892-0808 - Oliver.



Glussadrifnir jarðvegsborar. Á traktora og allt að 60 tonna grófur. Margar stærðir og gerðir af borum. Margar festingar í boði. https://www.diggaeurope.com/ Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163. Netfang-hak@hak.is




Innihæruer fyrir haugkjallara. Rafdrifnar (3 fasa) eða glussadrifnar. Vinnudýpt 130 cm eða meira. Einnig hægt að fá hræurnar glussadrifnar með festingum fyrir gálga á liðléttingum. Hákonarson ehf. www.hak.is Uppl. í s. 892-4163, hak@hak.is



Ljárdalur HT10. Þyngd eitt tonn. Búnaður: breikkanlegur undirvagn, mekanískt hraðtengi, glussastýrður þumall og 40 cm tennt skófla. Verð kr. 1.590.000 +vsk. Arnar@ljardalur.is s. 849-3480.




Sjálfsogandi dælur frá Japan (Koshin). Fyrir vatn, skolp, mjög óhreint vatn (trash). 2", 3", 4". Original Honda vélar með smurolíuöryggi. Hákonarson ehf. S. 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Einföldu fjárgrindurnar. Krækt án aukahluta. Breidd 180 cm x 90. Verð frá kr. 9.900 til 11.900 +vsk. S. 899-1776 og 669-1336. Aurasel.

**Við þökkum
viðskiptin og
verkefnin á árinu
sem er að líða**




Gleðileg jól



og farsælt komandi ár



VETRARTÆKI
- Mikið úrval á lager -



Fjölplogar f/ smærri vélar
Breidd 1,5m, m/3p tengi
Breidd 2m, m/3p tengi



Fjölplogur PUV3300
Með stjórnbúnaði. Án festiplötu
Breidd 3,3m, án festiplötu



Fjölplogur PUV „M“ Diagonal
Með stjórnbúnaði. Án festiplötu
2,6 m og 3,0 m



Fjölplogur PUV - Heavy Duty
Með stjórnbúnaði. Án festiplötu
3,6 m og 4,0 m

Festiplötur:

Slétt plata	3-punkta
EURU/SMS	EURO stór
JCB 3CX hrað	CASE 580SR

Slitblöð

Eigum á lager slitblöð og bolta í flestar gerðir plöga



Salt- og sanddreifari
HZS-10, 1 m³, glussadrifin,
með klumpabrytót og tjakk



Salt- og sanddreifari
EPT15, 1,5 m³, rafstýrður, 12V



TRAUSTUR SAMSTARFSADILI

Selfossi | Akureyri | Garðabæ
sími 480-0000 | www.aflvelar.is

SMÍÐUM FRÁ GRUNNI OG GERUM VIÐ

**ALLAR GERÐIR
TJAKKA**



VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is



Nýr Kempf 2 öxla malarvagn
Sérsmíðaður fyrir 3 öxla dráttarbíla..
Hardox 450, 8 mm botn og 5 mm
hliðar. Alcoa Durabright felgur,
Skúffa og grind heitsprautuzinkað,
(tvöföld grind) 6 þrepa sturtutjakkur,
sem gefur ca: 53 gráða halla,
seglyfirbreiðsla. Th. Adolfsen ehf.
S. 898 3612 - thadolfs@gmail.com



Gámarampar á lager. Heitgalvani-
serað stál. Burðargeta 8.000 kg.
Stærð 130 cm x 210 cm x 16 cm.
Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla.
Hákonarson ehf. hak@hak.is
s. 892-4163. www.hak.is



Kíktu á nýja heimasíðu okkar á
www.ferrozink.is. og tölvupóstur á
ferrozink@ferrozink.is



Glussadrifnar gólfhræverur. Vinnu-
dýpt 1,9 m. Stærð á skrúfu 48 cm.
Rotor 12 kW. Glussaflæði 75 L/
mín. 20 m af glussaslöngum fylgja.
Mesta hæð frá gólfi 2 m. Burðarvirki-
Heitgalv./SS stál. Hákonarson ehf.
S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is



Ljárdalur HT20. Þyngd 2tonn.
Kubota-mótor. Búnaður: Sveigjanleg
bóma, breikkanlegur undirvagn,
mekanískt hraðtengi, 40 cm skófla,
glussastýrður þumall, hitari í húsi.
Arnar@ljardalur.is s. 849-3480.



Háprýstidælur fyrir verktaka og
bændur. Rafdrifnar, traktors-
drifnar, glussadrifnar, bensin eða
dísil. Margar stærðir, allt að 700
Bar. Einnig öflugir vatnshitara fyrir
háprýstidælur. Vandaður búnaður
frá Comet - www.comet-spa.com
Hákonarson ehf. hak@hak.is
www.hak.is s. 892-4163.



Pakkajól Benna - KGM Rexton
Adventure, 4x4, árgerð 2023,
sjálfskiptur, ekinn 56.000 km.
Verð kr. 8.990.000 – notadir.benni.is –
s. 590-2035.



Prýstisett fyrir neysluvatn. Til á lager
230 V, 12 V, 24 V. Einnig dælur með
3 fasa. Mjög öflug sjálfsoagandi dæla.
Dæluhjól úr kopar og öxull úr ryðfriú
stáli. 24 L eða 60 L tankur úr ryðfriú
stáli. Stillanlegur prýstingur. Hentar
vel fyrir sumarhús, ferðapjónustu og
báta. Hákonarson ehf. S. 892-4163,
netfang- hak@hak.is

**Flytjum inn (og getum reist) iðnaðarhús
af öllum stærðum og gerðum.**

Upplýsingar á vegr.is og í síma 898-5463



Desembertilboð á girðingarefni.5
strengja tünnet. Verð áður kr.
15.900 m/vsk. Tilboð kr. 14.455
m/vsk. 6 strengja tünnet. Verð
áður kr. 18.500 m/vsk. Tilboð kr.
16.820 m/vsk. Motto gaddavír.
Verð áður kr. 4.900 m/vsk. Tilboð
kr. 4.455 m/vsk. Iowa gaddavír.
Verð áður kr. 9.100 m/vsk. Tilboð
kr. 8.270 m/vsk. H. Hauksson ehf.
| www.hhauksson.is | S. 588-1130
| hhauksson@hhauksson.is



Desembertilboð á snjóskóflum með
vængjum frá HW í Finnlandi. Breidd
265 cm + 100 cm vængir með 4 m
rúmmál. Verð áður kr. 1.610.000
+vsk. Tilboð kr. 1.530.000 +vsk.
Breidd 275 cm + 100 cm vængir með
5 m rúmmál. Verð áður kr. 1.895.000
+vsk. Tilboð kr. 1.790.000 +vsk. -
H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Sliskjur úr áli fyrir vinnuvélar,
fjór hjól ofl. Lengdir 1,6 m, 2 m,
2,1 m, 2,5 m, 3 m, 3,5 m, 4 m 4,5
m, 5 m. Burður fyrir par 1,5 tonn
til 80 tonn. Einnig gúmmíklæddar
að ofan fyrir valtara. Mjög
hagstæð verð. Hákonarson
ehf. Netfang- hak@hak.is -
s. 892-4163. www.hak.is



Klósettælar fyrir kjallara. Inntak
fyrir vask, sturtu og þvottavél. Mótor
staðsettur fyrir utan votrymi. Margar
stærðir sem henta fyrir íbúðar- og
atvinnuhúsnæði. Mjög öflugur og
vandaður búnaður. Frárennsli, 32
mm. Hákonarson ehf. S. 892-4163,
hak@hak.is, www.hak.is

Óska eftir

Kaupi vínplötur. Staðgreidd stór
plötusöfn. Ólafur S. 784-2410,
olisigur@gmail.com

Óska eftir framdrifstraktor, 80 hestöfl
+/- . Upplýsingar í s. 894-9249,
Ragnar.




LAUSNIR Á GÁTUM

1

10 Sexhyrningar

Þeir sem eru alveg eins eru:


- 1 og 8
- 2 og 9
- 3 og 6
- 4 og 7
- 5 og 10



2

Eldspýtnafiskur

Pú tekur næstu þrjár
eldspýtnar, sem eru
gráar á myndinni og
færir þær efst, þá syndir
fiskurinn í hina áttina.



3

Er hér allt í rugli?

Nei, hér er ekki allt í rugli,
það eru 15 órugluð fuglanöfn.
Þau eru: álka, heiðlöra, hrafn,
kjói, lómur, lundi, maríuerla,
óðinshani, rita, rjúpa, spói,
súla, uglá, urtönd og þröstur.





Holda
KALKÚNN

REYKJABÚIÐ

- SÍÐAN 1947 -

Íslenskur kalkúnn
í veisluna





LANDSTÓLPI



Landsnet hf.
Bıldudal - Tengivirki



Skipalyftan ehf.
Vestmannaeyjum - Iðnaðarhúsnæði



Landsnet hf. - Alverk
Njarðvíkurheiði - Tengivirki og spennahús - "Í vinnslu"




Kælivélar ehf.
Þorlákshöfn - Iðnaðarhúsnæði



Rifós hf.
Lóni í Kelduhverfi - Kerjahús



Langanesbyggð
Þórshöfn - Atvinnuhúsnæði - "Í vinnslu"



Orkuvirki ehf.
Ásbrú - Spennavirki fyrir gagnaver - "Í vinnslu"



Laxar fiskeldi ehf. - Alverk
Þorlákshöfn - Skemma - "Í vinnslu"




Háafell ehf.
Nauteyri - Seiðaelði



ESJ Vörubílar ehf.
Selvík 1 - Viðbygging



The Hive ehf. - Alverk
Járnsléttu 2 - Iðnaðarhúsnæði - "Í vinnslu"




Landsnet hf.
Vegamót - Tengivirki



Fura
Hringhella 3 - Endurbygging endurvinnsluhúss



Terra
Berghella 1 - Endurbygging á sorpflokkun



Rifós hf.
Kópaskeri - Núverandi hús lengt um 300m²

*Við hjá Landstólpa erum stolt af verkunum okkar árið 2024. Þökkum fyrir ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða og óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.
Jólaþakveðja, starfsfólk Landstólpa*